



STOFNAÐ 1944

Ársskýrslur ÍBA 2012-2013



Íþróttamaður Akureyrar 2012
Arna Sif Ásgrímsdóttir.



Íþróttamaður Akureyrar 2013
Hafdis Sigurðardóttir.



Íþróttamenn Akureyrar 2012.



Heiðursviðurkenningar frá íþróttaráði Akureyrarbæjar 2012: Anna Hermannsdóttir, Kári Árnason, Hanna Dóra Markúsdóttir og Magnús Jónatansson.

Ársskýrslur ÍBA 2012-2013

Efnisyfirlit

60. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar	2
Ársskýrsla 2012-2013 Íþróttabandalag Akureyrar	6
Skipting Lottó-fjárveitingar vegna barna og unglingastarfs	8
Bílaklúbbur Akureyrar. Ársskýrsla 2012-2013-2013	11
Íþróttfélagið Eik. Ársskýrsla 2012-2013	14
Golfklúbbur Akureyrar. Ársskýrsla 2012-2013	19
KKa akstursíþróttafélag. Ársskýrsla 2012-2013	27
Hamrarnir. Ársskýrsla 2012-2013	30
Knattspyrnufélag Akureyrar. Ársskýrsla 2012-2013	32
Léttir hestamannafélag. Ársskýrsla 2012-2013	41
Karatefélag Akureyrar. Ársskýrsla 2012-2013	44
Kraftlyftingafélag Akureyrar. Ársskýrslur 2012-2013	46
UMF Narfi. Ársskýrsla 2012-2013	50
Nökkvi félag siglingamanna á Akureyri. Ársskýrsla 2012-2013	52
Sundfélagið Óðinn. Ársskýrsla 2012-2013	56
Skautafélag Akureyrar. Ársskýrsla 2012-2013	60
Skotfélag Akureyrar. Ársskýrsla 2012-2013	70
Fimleikafélag Akureyrar. Ársskýrsla 2012-2013	73
Íþróttfélagið Draupnir. Ársskýrsla 2012-2013	78
Svifflugfélag Akureyrar. Ársskýrsla 2012-2013	83
Íþróttfélagið Akur. Ársskýrsla 2012-2013	86
Ungmennafélag Akureyrar. Ársskýrsla 2012-2013	89
Íþróttfélagið Þór. Ársskýrsla 2012-2013	102
Akureyri handboltafélag. Ársskýrsla 2012-2013	124
Íþróttabandalag Akureyrar. Ársreikningur 2012-2013	126
Lög Íþróttabandalags Akureyrar	130



Stofnað 1944

60. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar

60. ársþing ÍBA var haldið á Hótel KEA þann 25. apríl 2012
kl. 18:00 að viðstöddu fjölmenni.

Fyrir þinginu lá eftirfarandi dagskrá:

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta, ritara og varamanna þeirra.
4. Ársskýrslur stjórnar og sérráða ræddar, svo og reikningar þeirra og atkvæði greidd um þá.
5. Fyrri umræða um lagabreytingar ef fyrir liggja. Þriggja manna laganefnd kjörin til að athuga breytingar fyrir framhaldsfund.
6. Ræddar tillögur og mál, sem fyrir liggja.
7. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun.
8. Kosnar þrjár þriggja manna þingnefndir.
9. Fyrirlestur um fíkniefnamál – Kári Erlingsson RLA.

ÞINGHLÉ

10. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
11. Kosningar og tilnefningar.
 - a. Tilnefningar í sérráð ÍBA.
 - b. Kosinn formaður ÍBA.
 - c. Kosnir þrír menn í stjórn ÍBA og þrír til vara.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna.
 - e. Kosið í nefndir er þingið ákveður.
 - f. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.
12. Önnur mál.
13. Þingslit.

1. Þróstur Guðjónsson, formaður ÍBA setti ársþingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Minntist hann látinna félaga og bað fulltrúa að votta þeim virðingu með því að rísa úr sætum.

Gengið var síðan til dagskrár.

2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar:

Formaður lagði fyrir þingið tillögu um Kristján Kristinsson, Rannveigu Oddsdóttur og Árna Óðinson. Var tillagan samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingforseta, þingritara og varamanna þeirra.

Formaður lagði til að þingið kysi Unnstein E. Jónsson til þingforseta og Sigurð K. Harðarson til þingritara og var tillagan samþykkt samhljóða.

4. Ársskýrslur stjórnar og sérráða.

Formaður flutti ársskýrslur stjórnar ÍBA 2010 og 2011 reifaði starfsemi bandalagsins, sagði frá fjölda

stjórnar- og formannafunda og því, sem helst hefði gerst.

10 stjórnarfundir og fjórir formannafundir voru haldnir á tímabilinu. Talaði um að formannafundir mættu vera betur sóttir. Vék að nýrri aðstöðu TBA, Akurs og Eikar í Íþróttahúsi Glerárskóla. Benti á hve nauðsynlegt væri að fjárhagsáætlanir félaganna stæðust. Kom inn á afmælisár Akureyrar og hvatti félögin til að leggja sitt af mörkum til að gera það, sem eftirminnilegast.

Hvatti þingfulltrúa að lokum til að kynna sér prentaða ársskýrslu ÍBA og félaganna, sem góða heimild um blómlegt íþróttastarf á Akureyri.

Gjaldkeri ÍBA, Magnús Gauti Gautason skýrði síðan reikninga ÍBA. Niðurstaða þeirra er jákvæð um kr. 952.200 fyrir árið 2010 og um kr. 2.589.428 fyrir árið 2011. Helsta ástæða lítills hagnaðar árið 2010 er kostnaður vegna ársþings, sem þá var haldið og útgáfu skýrslu. Kostnaðarhækkunarir hafa orðið vegna vísitölu og samningsbundinna launahækkana.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslurnar.

Páll Jóhannesson, ritari Þórs bað um orðið og talaði um vandræði íþróttafélaganna vegna þess að Akureyrarbær hefði einhliða fellt úr gildi ákvæði í rekstrar-samningum um vísitölubætur.

Íþróttafélögin hefðu ítrekað gert athugasemdir við bæjaryfirvöld en án árangurs og ekkert hefði um málið heyrst frá stjórn ÍBA. Hvatti hann félögin til að standa saman um málið.

Dýrleif Skjöldal frá sundfélaginu Óðni, spurði hvar hægt væri að komast yfir framkvæmdaáætlun íþróttamála á Akureyri frá 2006.

Formaður ÍBA svaraði því til að skýrsluna væri hægt að nálgast á skrifstofu ÍBA.

ÍBA hefði beitt sér í vísitölumálinu en hins vegar væru rekstrarsamningar félaganna beint við Akureyrarbær og án aðkomu ÍBA.

Sigfús Helgason, formaður Þórs þakkaði ársskýrslu og reikninga og það, sem vel hefði verið gert. Það væri ljóst að rekstur ÍBA gengi vel.

Kristján Kristinsson, formaður kjörbréfanefndar steig í pontu og fór yfir niðurstöður nefndarinnar um lögmæti þingfulltrúa, áður en greidd voru atkvæði um ársskýrslur og reikninga og gerði smávægilegar athugasemdir við kjörbréf einstakra félaga.

Var gert stutt hlé á þinghaldi meðan skorið var úr um vafaatriði.

Skýrslur og ársreikningar ÍBA voru síðan bornir undir atkvæði og hvort tveggja samþykkt samhljóða.

5. Fyrri umræða um lagabreytingar og kjör þriggja manna laganefndar.

Varaformaður ÍBA, Haukur Valtýsson kynnti tillögur um breytingar á lögum bandalagsins en sjö breytingar eru lagðar fyrir þingið auk einnar breytingar á lögum um val íþróttamanns Akureyrar.

6. Ræddar tillögur og mál, sem fyrir liggja.

a. Breyting er lögð er fram á 6.gr. laga um íþróttamann Akureyrar þannig að í stað „..... í lok desember ár hvert“ komi „..... fyrir lok janúar næsta árs“ Þessari breytingartillögu er vísað til allsherjarnefndar til umsagnar.

b. Tillaga frá Sundfölaginu Óðni um breytingu á reglugerð um Akureyrarmet þannig að erlendir ríkisborgarar með íslenska kennit. geti keppt og fengið skráð Akureyrarmet.

Tillögunni er vísað til allsherjarnefndar til umsagnar.

c. Tillaga frá Fimleikafélagi Akureyrar um að aðgerðir félaganna vegna innheimtu æfingagjalda verði samræmdar og Akureyrarbær komi að þessari innheimtu.

Vangoldin æfingagjöld eru verulegt vandamál hjá FIMAK.

Tillögunni er vísað til allsherjarnefndar til umsagnar.

7. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun.

Gjaldkeri ÍBA kynnti fjárhagsáætlun bandalagsins en hún er fyrir hvort árið 2012 og 2013:

Rekstrartekjur

Rekstrarframlag Akureyrarbæjar	9.330.000,-
Lottó frá ÍSÍ	8.400.000,-
Framlag frá ÍSÍ	1.200.000,-
Framlag frá Getraunum	700.000,-
Tekjur samtals krónur	19.630.000,-

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	4.237.000,-
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.150.000,-
Lottóúthlutun til aðildarfélaga	9.100.000,-
Annar rekstrarkostnaður	5.197.000,-
Gjöld samtals krónur	19.684.000,-

Enginn tók til máls um fjárhagsáætlunina og var henni vísað til fjárhagsnefndar.

8. Kosnar þrjár þriggja manna þingnefndir.

Allsherjarnefnd: Jónsteinn Aðalsteinsson, Björn Snær Guðbrandsson, Margrét Ólafsdóttir

Fjárhagsnefnd: Halla Halldórsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Viðar Jónsson

Laganefnd: Þorsteinn Hjaltason, Andrea Þorvaldsdóttir, Jósep Sigurjónsson

Ávörp gesta.

Til máls tók Helga Steinunn Guðmundsdóttir, ritari stjórnar ÍSÍ og flutti þinginu kveðjur forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ. Sagði frá 100 ára afmæli ÍSÍ í sumar og að því tilefni yrðu viðburðir á vegum sambandsins og gefið út sérstakt afmælisrit og frímerki tileinkað sambandinu. Hún óskaði einnig Akureyringum til hamingju með sitt 150 ára afmæli.

Helga Steinunn minnti á að 2012 er Ólympíuár og talaði um undirbúning leikanna og væntingar til íslensku keppendanna, sem þátt taka.

Hún minnti á ferðasjóð ÍSÍ, sem aðeins annar broti af kostnaði félaganna vegna ferðalaga.

Framlag ríkisins í sjóðinn hefur farið sílækkandi að raungildi undanfarin ár og var krónur 51 milljón árið 2011. Árið 2012 mun það hins vegar hækka í 64 milljónir. Þessi hækkun er til komin vegna þrýstings frá ÍSÍ. Minnti á hve mikilvægt gagn upplýsingakerfið Felix er í þessu sambandi fyrir ÍSÍ ásamt starfsskýrslum félaganna.

Helga hvatti félögin eindregið til góðra skila á starfsskýrslum og að nýta starfsmann ÍSÍ á Akureyri, sér til aðstoðar.

Í lok ræðu sinnar kallaði hún á Hermann Sigtrygsson, heiðursfélaga ÍSÍ og ÍBA og færði honum að gjöf afmælissrit ÍSÍ frá ritnefnd sambandsins.

Bæjarstjóri Akureyrar, Eiríkur Björn Björgvinsson tók að því búnu til máls og færði ÍBA kveðjur bæjarstjórnar og þakkaði gott samstarf.

9. Fyrirlestur um fíkniefnamál – Kári Erlingsson frá Rannsóknarlögreglunni á Akureyri.

Kári flutti þinginu fróðlegar fyrirlestur, þar sem hann ræddi notkun fíkniefna, útlit þeirra og einkenni neytenda og sýndi myndir af tækjum og tólum til neyslunnar.

Talaði um aukinn áróður og aukna markaðssetningu, sem hann sagði áberandi.

Sagði kanabiseftni ræktuð á ýmsum stöðum á landinu og stundum með fullkomnum tækjum. Ræddi um lyf, sem ganga kaupum og sölum, þróuninni hér á svæðinu og afbrot henni tengdri. Sagði frá aðstöðu RLA og mannafla hér á Norðurlandi. Sagði nokkuð vel búið að deildinni hér en verkefnið væru næg.

ÞINGHLÉ

10. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðslur.

Fjárhagsnefnd: Halla Halldórsdóttir skýrði frá umræðu nefndarinnar um fjárhagsáætlun og að hún legði ekki til breytingar. Mælti með að áætlunin yrði samþykkt.

Þingforseti bar fjárhagsáætlunina því upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd: Björn Snær Guðbrandsson fór yfir niðurstöður nefndarinnar.

Fyrir henni lágu þrjú mál.

a. Breyting á 6. gr. reglugerðar um Íþróttamann Akureyrar.

Nefndin leggur til að þessi breyting verði samþykkt

og var hún því borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða af þingfulltrúum.

b. Tillaga frá Sundfélaginu Óðni um breytingu á reglugerð um Akureyrarmet.

Nefndin bendir á að ekki halda öll félögin utan um met af þessu tagi en gerir sér grein fyrir að fyrir að skýrar reglur þurfi að vera til staðar.

Nefndin leggur til að tillögunni sé vísað til stjórnar ÍBA, sem semji reglugerð er taki á málinu og hafi um reglugerðina samráð við aðildarfélög ÍBA.

Til máls um tillöguna tók **Hans Rúnar Snorrason, gjaldkeri FIMAK**.

Taldi hann of strangt ef erlendir keppendur gætu ekki orðið Akureyrarmeistarar og vill að erlendir keppendur með íslenska búsetu og kennit. séu gjaldgengir.

Dýrleif Skjöldar, Sundfélaginu Óðni svaraði og ítrekaði að tillagan snerist aðeins um Akureyrarmet en ekki Akureyrarmeistaratitla.

Sigfús Helgason, formaður Þórs studdi tillöguna og taldi að skrá þyrfti öll Akureyrarmet, þar sem keppt væri til þeirra en misjafnt væri hvernig félögin héldu utan um skráninguna.

Tillaga allsherjarnefndar var síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

c. Tillaga frá Fimleikafélagi Akureyrar um innheimtu æfingagjalda.

Nefndinni er ljóst að málið er vandasamt og vandmeðfarið. Þarna sé um félagslegt vandamál að ræða, sem þarfnist aðkomu ÍBA og Akureyrarbæjar.

Leggur nefndin til að málinu verði vísað til stjórnar ÍBA, sem verði falið að komast að því hve stórt vandamálið sé hjá aðildarfélögunum.

Í kjölfarið þurfi að móta farveg fyrir félög, sem eiga við þetta að etja.

Sigfús Helgason, form. Þórs tók til máls og kvað þetta mikið vandamál hjá félögunum og nauðsynlegt að taka á því. Börn ættu ekki að þurfa að hrökklast úr íþróttum vegna vangetu foreldra til að greiða æfingagjöld.

Erla Ormarsdóttir, framkv.stjóri FIMAK sagði vanskil æfingagjalda alltof mikil. Sagði vanskil æfingagjalda færast yfir á næsta ár og hækka gjöld iðkenda þess árs að sama skapi.

Tillaga allsherjarnefndar var síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Laganefnd: Þorsteinn Hjaltason fór yfir störf nefndarinnar.

Ekki er um að ræða megin breytingar á lögum ÍBA en verið er að gera þau aðgengilegri.

Nauðsynlegt er samt að staldra við nokkur atriði:

Gr. 4 og 6. Þar er visst ósamræmi um hver geti vísað félögum úr ÍBA og hver geti veitt þeim upptöku.

Laganefnd vill að bæði vald til upptöku félaga, sem og brottvísunar verði hjá stjórn ÍBA.

Skoða þarf líka áfrýjunarleiðir þessara úrskurða stjórnar bandalagsins.

Gr. 12. Þarf ákvæði um setningar laga.

Laganefnd leggur til að ofangreindum atriðum verði vísað til stjórnar ÍBA til frekari skoðunar og samræmingar.

Sigfús Helgason tók til máls og kvaðst geta fallist á fram lagðar tillögur um lagabreytingar en var samt ekki sáttur við breytingu á 16. gr. um fækkun formannafunda úr fjórum í tvo.

Taldi að formenn ættu að sjá sóma sinn í að mæta á boðaða fundi hjá ÍBA og að fækka þeim væri aðeins undanlátsemi.

Þorbjörn Guðrúnarson í stjórn KA tók undir með Sigfúsi. Veik að lagabreytingunum og styður hugmyndir laganefndar.

Viðar Sigurjónsson sviðsstjóri ÍSÍ sagði nefndir hafa fulla heimild til að koma með breytingar á fram lögðum tillögum og að allir þingfulltrúar hefðu heimild til að koma að störfum nefnda.

Lög ÍSÍ þyrfti að hafa til hliðsjónar við lagasetningar eða breytingar og passa að ekki yrði þar misræmi.

Þorsteinn Hjaltason sagði frá að þessi þáttur hefði verið til umræðu hjá nefndinni, þ.e. hvort hún hefði rétt til að leggja til breytingar á þeim lagagreinum ÍBA, sem engar tillögur hefðu komið fram um að breyta.

Dýrleif Skjöldal kvaddi sér hljóðs og lagði til að þar sem talað væri um sérráð í lögum ÍBA, yrði það nafn fellt út þar sem engin slík væru til staðar innan bandalagsins.

Þröstur Guðjónsson útskýrði að samkvæmt lögum ÍSÍ bæri að hafa þetta í lögum ÍBA.

Að umræðum loknum voru breytingar laganefndar bornar undir atkvæði.

a. Breyting á 6.gr. um brottvísun félaga úr ÍBA

a. Samþykkt samhljóða.

b. Breyting á 5. tl. 12. gr.

b. Samþykkt samhljóða.

c. Breyting á 1. tl. 15. gr.

c. Samþykkt samhljóða.

Að því búnu voru breytingar laganna með breytingatillögum laganefndar bornar undir atkvæði og samþykktu þingfulltrúar þær samhljóða.

11. Kosningar og tilnefningar.

Í uppstillinganefnd sátu: Kristján Kristinsson frá Bíla-klúbbi Akureyrar, Gunnar Gíslason frá UFA og Andrea Þorvaldsdóttir frá Létti

a. Tilnefningar í sérráð ÍBA

Ekki er um tilnefningar hér, þar sem sérráð eru engin starfandi innan ÍBA

b. Kosinn formaður ÍBA.

Formaður uppstillinganefndar, Kristján Kristinsson kvaddi sér hljóðs og fór yfir störf nefndarinnar.

Nefndin gerir að tillögu sinni að Þröstur Guðjónsson verði endurkjörinn formaður ÍBA

Þröstur Guðjónsson bað um orðið og kvaðst hafa ákveðið að gefa kost á sér til endurkjörs en líka að þetta yrði sitt síðasta tímabil, sem formaður ÍBA.

Tillaga uppstillinganefndar um Þröst Guðjónsson,

sem formann ÍBA næstu tvö árin var síðan samþykkt samhljóða.

c. Nefndin gerir tillögu um aðalstjórn þannig:

Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir

Tillaga nefndarinnar var samþykkt samhljóða.

d. Nefndin gerir tillögu um varastjórn þannig:

Áslaug Kristjánsdóttir, Hörður Sigurharðarson, Ármann Ketilsson

Tillaga nefndarinnar var samþykkt samhljóða

e. Kosning tveggja skoðunarmanna

Tillaga uppstillinganefndar um þá Svein Pálsson og Guðmund B. Guðmundsson var samþykkt samhljóða.

f. Engin tilnefning var í nefndir

g. Kosningu fulltrúa á þing ÍSÍ var vísað til stjórnar ÍBA.

12. Önnur mál

Dýrleif Skjöldal bað um orðið undir þessum lið og

minnti á afmæli Sundfélagsins Óðins en félagið verður 50 ára nú í ár.

Dýrleif sagði frá tilurð félagsins og flutti stutt ágríp af sögu þess.

Kvað ritnefnd starfandi við að skrifa sögu Óðins og bað þingfulltrúa um sögur og sagnir úr félagsstarfi Óðins ef þeir kynnu einhverjar.

13. Þingslit

Nýkjörinn formaður, Þróstur Guðjónsson þakkaði traust það er þingfulltrúar sýndu honum og samstarfið á liðnum árum.

Hvatti félögin til að koma myndarlega að afmæli Akureyrarbæjar á árinu.

Þakkaði þingfulltrúum setuna og starfsmönnum þingsins sitt framlag og sleit því síðan um kl. 21:30.

Sigurður K. Harðarson, þingritari



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar

Ársskýrsla 2012

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var 2. maí 2012. Stjórnin var kosin til tveggja ára og skipti með sér verkum samkvæmt eftirfarandi:

Formaður Þröstur Guðjónsson
Varaformaður Haukur Valtýsson
Gjaldkeri Magnús Gauti Gautason
Ritari Margrét Ólafsdóttir

Varamenn í stjórn Áslaug Kristjánsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Ármann Ketilsson.

Stjórnarfundir á árinu 2012 voru 12 frá maí til áramóta og formannafundir voru 2.

Aðstaða aðildarfélaga ÍBA

Nokkrar breytingar urðu á æfingaaðstöðu hjá aðildarfélögum bandalagsins. Keiludeild Þórs fékk fasta æfingaaðstöðu í Keiluhöllinni. Draupnir stofnaði júdódeild og flutti í Brekhöllina, líkamsræktarstöð við Skólastíg og jafnframt var Júdódeild KA lögð niður. KA stofnaði badmintondeild þegar Tennis- og badmintonfélagið gekk til liðs við félagið. Deildin fékk inni í Íþróttahöllinni fyrir æfingar. KFA þarf stærri og betri aðstöðu og hefur verið að leita eftir henni.

Fræðsla

Á fyrri formannafundi ÍBA hélt Erlingur Jóhannsson, prófessor og deildarforseti Íþróttar-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar HÍ fyrirlesturinn „Hreyfing íslenskra unglunga og brottfall úr íþróttum“

Á seinni formannafundi ársins kom Sonja Sif Jóhannsdóttir sem er fulltrúi Lyfjaeftirlits ÍSÍ á Akureyri og hélt erindi um lyfjaeftirlit í íþróttum.

Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarbæjar og 100 ára afmæli Íþróttasambands Íslands stóð ÍBA fyrir málþingi í nóvember og var Ágúst Þór Arnason deildarformaður lagadeildar Háskólans á Akureyri, fenginn til að stýra þinginu. Fyrirlesarar og erindi á málþinginu voru eftirtalin:

Ellert Örn Erlingsson MSc. Íþróttasálfræði, Forstöðumaður íþróttamála á Akureyri: Upplifun og reynsla barna af íþróttum

Þórdís Gísladóttir lektor, Sviðsstjóri Íþróttasálfræðisviðs HR, Þjálfari hjá Frjálsíþróttadeild ÍR: Sjálfboðaliðar, undirstaða íþróttastarfs á Íslandi.

Sonja Sif Jóhannsdóttir master í íþróttar- og heilsufræði: Allt skiptir máli: Fyrirmyndir í einu og öllu..

Dr. Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor við Íþróttasálfræðasetur Háskóla Íslands: Aðlögun barna og unglunga að þjálfun: Orsakar álagið brottfall?

Mæting á málþingið var þökkalega góð, þó að nokkuð hafi vantaði upp á mætingu þjálfara og nefndarmanna aðildarfélaga ÍBA.

Á afmælisári Akureyrarbæjar lagði stjórn ÍBA áherslu á við aðildarfélögin að taka þátt í hátíðarhöldum bæjarins t.d. með því að tengja uppákomur afmælinu og halda á lofti þannig starfsemi sinni. Í tilefni af þessum tímamótum gaf ÍBA út nýjan kynningarbækling um starfsemi aðildarfélaga ÍBA.

Frá verkefnum stjórnar

Breyting var á stjórn Afrekssjóðs Akureyrarbæjar í kjölfar þess að ný reglugerð um sjóðinn var samþykkt. Eftirtaldir sitja í stjórn sjóðsins frá ÍBA: Haukur Valtýsson, Sonja Sif Jóhannsdóttir og Friða Pétursdóttir. Aðrir í stjórn frá ÍBA eru: Tryggvi Gunnarsson formaður ÍBA og Erlingur Kristjánsson.

Ellert Örn Erlingsson tók til starfa sem Íþróttafulltrúi Akureyrarbæjar á miðju ári 2012. Stjórn ÍBA bauð hann velkominn til starfa og í framhaldi voru haldnir nokkrir fundir með Ellerti. Farið var yfir tímaúthlutanir í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar og tilhögun á þeirri vinnu en einnig var nokkuð rætt um mismunandi og misgóða aðstöðu hinna ýmsu íþróttagreina til að stunda sína íþrótt.

UFA óskaði eftir fundi með stjórn ÍBA um aðkomu við að halda Unglingalandsmót UMFÍ 2015 hér á Akureyri, sem haldið er árlega um verslunarmannahelgina en Ungmennafélagið fékk mótinu úthlutað.

ÍBA tilkynnti ÍBA seinni hluta árs að allir rekstrar- samningar verði endurskoðaðir á næstunni og vinna við þá samninga færi þegar í gang.

Skipuð var nefnd sem sá um undirbúning og framkvæmd athafnar í tilefni af vali á Íþróttamanni Akureyrar og undirritun styrktarsamninga.

Nefnina skipuðu Margrét Ólafsdóttir ritari ÍBA formaður og með henni voru, Fanney Valsdóttir KA, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir UFA og Haraldur Ingólfsson Þór.

Fyrir valinu sem Íþróttamaður Akureyrar var Arna Sif Ásgrímsdóttir Þór/KA

Þröstur Guðjónsson, formaður



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar

Ársskýrsla 2013

Stjórnin hélt 20 stjórnarfundum og 3 formannafundum á árinu 2013.

Fræðsla

Í lok janúar var haldinn fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri. Fyrirlesturinn var á vegum UMFÍ og ÍSÍ og fjallaði um ánægju í íþróttum. Flytjandi var Viðar Halldórsson lektor við Háskóla Íslands. Þarna kom margt áhugavert er varðar íþróttastarf hér á Akureyri en mæting var frekar döpur.

Á formannafundum er það orðin venja að fá aðila til að flytja erindi sem tengjast íþróttastarfsemi og rekstri íþróttafélaga. Eftirfarandi erindi voru flutt á formannafundum ársins 2013.

Ellert Örn Erlingsson: Fræðsluerindi og fundir, markmið og tilgangur.

Þorsteinn Hjaltason: Tryggingar og bætur er varða slys tengd íþróttaiðkun.

Jóhannes Bjarnason: Aukið hreyfingaleysi barna- og unglunga.

Bjarni Jóhannesson: Afreksiþróttasvið við VMA og MA.

ÍBA stóð fyrir málþingi, með svipuðu sniði og fór fram í nóvember 2012, um forvarnir í íþróttaiðkun barna og unglunga og fór það fram í nóvember 2013. Stjórnandi málþingsins var eins og árið áður Ágúst Þór Árnason deildarframaður lagadeildar HA.

Erindi fluttu:

Sigríður Björnsdóttir framkvæmdastjóri: Kynferðisofbeldi í íþróttum.

Jóhanna Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur: Tóbaksneysla, áhrif.

Stefán Ólafsson sjúkráþjálfari: Íþrótt- og álagsmeiðsli.

Örvar Ólafsson: Hlutverk þjálfara í lyfjæftirlitskerfinu.

Aðstaða aðildarfélaga ÍBA

Úrbætur á íþróttaaðstöðu aðildarfélaganna árið 2013 voru þessar helstar.

Nýr gervigrasvöllur var byggður og tekinn í notkun í byrjun júní á útsvæði KA.

KFA flutti í Sunnuhlíð 12 í mun stærra rými og betri aðstöðu.

UFA er komið í betri æfingaaðstöðu í Boganum, sem felst í aðgengi að grassvæði.

Miklar framkvæmdir eru hafnar á aðstöðu Siglinga-klúbbsins Nökkva með flutningi efnis úr Vaðlaheiðargöngum og lofar það góðu.

ÍBA hefur viðrað þá hugmynd að kanna möguleika á að

bæta aðstöðu svokallaðra bardagaíþróttar, en óviða er gert ráð fyrir þessum íþróttum í íþróttamannvirkjum hér í bæ.

Á þessu ári var gengið frá samningi milli Þórs og UFA sem er viðauki við rekstrarsamning Þórs og Akureyrarbæjar varðandi nýtingu á frjálsíþróttasvæðinu, þar sem ÍBA var falið að halda utan um þann samning.

Frá verkefnum stjórnar

Á formannafundi í lok febrúar var farið yfir hugsanlega þátttöku aðildarfélaga í 27. Landsmóti UMFÍ á Selfossi 4. - 7. júlí 2013. Stjórn ÍBA var falið að skipa nefnd til að halda utan um verkefnið og var skipuð 5 manna nefnd sem Áslaug Kristjánsdóttir í varastjórn ÍBA fór fyrir. Á landsmótinu voru keppendur frá aðildarfélögum ÍBA sextíu og níu og telst góð og árangur var góður.

Stjórn ÍBA hefur ítrekað reynt að koma af stað ritun Íþróttasögu Akureyrarbæjar, þar sem sagan spannar yfir 100 ár. Þetta hefur ætíð stoppað á fjáröflun fyrir verkið.

Fulltrúar ÍBA sóttu Íþróttaping ÍSÍ sem fram fór í apríl.

ÍBA hefur lagt áherslu á að aðildarfélög haldi aðalfundi og skili inn ársreikningum og áætlunum árlega. Einnig hefur stjórn ÍBA óskað eftir boði á aðalfundi aðildarfélaganna og lagt sig fram um að eiga fulltrúa á fundunum.

Á árinu voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn ÍBA.

Á árinu sótti ÍBA um aðild að UMFÍ ásamt öðrum Íþróttabandalögum. Umsóknin er í skoðun nefndar á vegum stjórnar UMFÍ.

Eins og áður stóð ÍBA að vali á Íþróttamanni Akureyrar 2013 og í nefndinni sátu undir stjórn Margrétar Ólafsdóttur ritara ÍBA: Haraldur Ingólfsson SA, Hrefna G. Torfadóttir KA og Jón Ólafur Sigfússon Létti. Tekið var upp samstarf við ÍRA á svipuðum nótum og var fyrir nokkrum árum þegar ÍRA veitti viðurkenningar og styrki. Athöfnin fór fram í Hofi og eftirtaldir styrktaraðilar voru: Akureyrarbær, TM, Blómaval, Bjartur, Forlagið, FA, FÍ og Sportver.

Fyrir valinu sem Íþróttamaður Akureyrar var Hafdís Sigurðardóttir UFA.

Lokaorð

Á Akureyri er ein besta íþróttaaðstaða á Íslandi og þó víða væri leitað miðað við íbúafjölda. Verkefnið að halda úti öflugum íþróttar- og æskulýðsstarfi er veigamikil. Allir sem koma að verkefninu eru að mestu sjálfbóðaliðar í íþróttahreyfingunni hér í bænum og er þátttaka þeirra einstök. Vilji og skilningur bæjaryfirvalda vinnur vel með hreyfingunni.

Einu verðum við að gæta að, en það er að missa ekki tökin á verkefnum. Freistingar eru allt í kringum okkur. Eins og áður hefur verið sagt þá er það ljóst að íþrótt- og æskulýðsstarf, í því umfangi sem það er í dag og ef að umfangið eykst, þá er brýnt að efla samstarf stjórna, nefnda, foreldra og bæjaryfirvalda. Stefnan skal tekin á eflingu tómstunda og forvarna.

Stjórn ÍBA þakkar gott samstarf við Viðar Sigurjónsson starfsmann ÍSÍ á Akureyri. Einnig þakkar stjórnin samstarfið við Akureyrarbæ og alla þá sem af fúsum og góðum vilja hafa lagt lið við starf ÍBA.

Þróstur Guðjónsson, formaður



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar

Skipting Lottó-fjárveitingar vegna barna og unglिंगastarfs

Félag	2010	2011	2012	2013
Bíla klúbbur Akureyrar	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%
Fimleikafélag Akureyrar	15,09%	17,88%	19,22%	18,31%
Golfklúbbur Akureyrar	3,24%	3,27%	2,53%	2,52%
Hestamannafélagið Léttir	5,27%	4,63%	4,16%	3,36%
Íþróttafélagið Akur	1,00%	1,40%	1,88%	1,95%
Íþróttafélagið Draupnir	0,00%	0,00%	0,86%	1,94%
Íþróttafélagið Eik	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%
Íþróttafélagið Þór	21,47%	19,87%	19,58%	18,81%
Karatefélag Akureyrar	0,00%	1,82%	1,46%	1,65%
KKA Akstursíþróttafélag	1,00%	1,00%	1,41%	1,00%
Knattspyrnufélag Akureyrar	22,27%	24,08%	22,44%	24,10%
Kraftlyftingafélag Akureyrar	0,00%	0,00%	0,49%	1,00%
Nökkvi félag siglingamanna á Akureyri	1,00%	2,45%	2,66%	3,35%
Skautafélag Akureyrar	6,32%	4,66%	6,40%	4,44%
Skiðafélag Akureyrar	4,71%	4,13%	4,79%	4,38%
Skotfélag Akureyrar	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%
Sundfélagið Óðinn	6,03%	6,25%	5,23%	5,55%
Svifflugfélag Akureyrar	1,00%	0,41%	0,00%	1,00%
Tennis- og badmintonfélag Akureyrar	1,00%	1,00%	0,51%	0,00%
Ungmennafélag Akureyrar	6,60%	3,15%	2,31%	2,63%
Ungmennafélagið Narfi	1,00%	1,00%	1,04%	1,00%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Upphæð	8.438.164	9.443.269	11.093.674	12.316.553

Fréttapunktur frá ÍSÍ

Íþróttapeningur ÍSÍ

Íþróttapeningur ÍSÍ fór fram á Icelandair Hótel Reykjavík Natura dagana 19.-20. apríl 2013. Ólafur E. Rafnsson var endurkjörinn forseti sambandsins. Aðrir í stjórn voru kjörnir Gunnar Bragason, Lárus L. Blöndal, Sigríður Jónsdóttir, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson og Jón Gestur Viggósson. Í varastjórn voru kjörnir Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Á. Ingvarsson og Gunnlaugur Júlíusson.

Forsetaskipti

Þann 19. júní 2013 varð Ólafur E. Rafnsson forseti ÍSÍ bráðkvaddur í Sviss, þar sem hann sinnti embættisstörfum sem forseti FIBA Europe. Skyndilegt fráfall hans var mikið áfall fyrir ÍSÍ og alla íþróttahreyfinguna en mestur er þó missir eiginkonu hans og barna. Útför Ólafs fór fram frá Hallgrímskirkju þann 4. júlí að viðstöddu fjölmenni. Íþróttafólk sársambanda ÍSÍ stóð heiðursvörð fyrir utan kirkjuna á meðan kistan var borin út.

Við fráfall Ólafs tók Lárus L. Blöndal varaforseti við embætti forseta ÍSÍ, eins og lög ÍSÍ kveða á um og Ingi Þór Ágústsson 1. varamaður tók sæti í stjórninni.

Heiðurshöll ÍSÍ

Árið 2013 voru fjórir útnefndir í Heiðurshöll ÍSÍ. Á 71. Íþróttapeningi ÍSÍ í aprilmánuði voru Sigurjón Pétursson frá Álafossi, Jóhannes Jósefsson og Albert Guðmundsson útnefndir og á hófi Íþróttamanns ársins í desember 2013 var Kristín Rós Hákonardóttir útnefnd.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2013 voru 67 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins. Núverandi ríkisstjórn hækkaði framlag til sjóðsins á Fjárlögum Alþingis 2014 um 15 m.kr. og verður því framlag í sjóðinn vegna ársins 2014 samtals 85 m.kr.

Fjármögnun sársambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sársambanda ÍSÍ. Upphæð styrksins var 40 m.kr. á árinu 2007, 60 m.kr. á árinu 2008, 70 m.kr. árið 2009, 63,7 m.kr. árið 2010, 61,8 m.kr. fyrir árið 2011, 60,5 m.kr. fyrir árið 2012 og 70 m.kr. fyrir árið 2013. Framlag fyrir árið 2014 verður 85 m. króna.

Samningar við Ólympíufjölskyldu

Þann 28. desember 2013 voru undirritaðir samstarfssamningar á milli ÍSÍ og þeirra fjögurra fyrirtækja sem staðið hafa að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ undanfarin ár. Það eru

fyrirtækin Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor. Hafa þau öll samþykkt að vera samstarfsaðilar ÍSÍ fram yfir Ólympíuleikana í Río árið 2016.

Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSÍ, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Heimasíða ÍSÍ

Slóðin á heimasíðu ÍSÍ er sem fyrr www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig með Fésbókarsíðu.

Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ heldur utan um tölfraði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórntæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar ÍSÍ á landsvísi. Bæði 1. og 2. stig ÍSÍ hafa verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn.

Vinna við gerð námsfnis fyrir 3. stig þjálfaramenntunar er langt komin og er hún m.a. unnin í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Undirbúningsvinna fyrir þjálfaramenntun 4. og 5. stigs sem er á háskólastigi er þegar hafin.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru um 120 talsins. Sársambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardags forseta Íslands, ásamt UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Háskólanum í Reykjavík.

Fræðsluefni ÍSÍ

ÍSÍ hefur gefið út fjölbreytt fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttapátttöku. Þetta efni má nálgast á heimasíðunni og í útrentuðum bæklingum sem nálgast má á skrifstofunni. Á heimasíðunni er einnig að finna annað efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSÍ stendur fyrir ýmsum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á hverju ári.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um 40% endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2014 sendir ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni; Vetrarólympíuleikana í Sochi í Rússlandi og Sumarólympíuleika ungmenna í Nanjing í Kína.

Ólympíudagurinn – árlegur viðburður

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim 23. júní, ár hvert. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands skipulagði í samstarfi við sambands- og samstarfsaðila sína heila viku af íþróttatengdum viðburðum, „Ólympíuviku ÍSÍ“. Sambandsaðilar ÍSÍ buðu upp á íþróttakynningar fyrir börn sem voru þátttakendur á sumarnámskeiðum vikuna 24. – 28. júní. Í boði voru keilubrautir, skylmingar, kynning á frjálsíþróttum, hafnabolti, heimsóknir á landsliðsæfingar kvennalandsliðsins í knattspyrnu o.fl. Auk þess heimsóttu Ólympíufarar ÍSÍ íþróttafélög og frístundaheimili. Frekari upplýsingar og fróðleik má finna á heimasíðu Ólympíudagsins á www.olympiuleikar.com.

Úthlutun styrkja

Á árinu 2013 úthlutaði Afrekssjóður ríflega 85 m.kr. og Styrktarsjóður ungtra og efnilegra úthlutaði 10 m.kr.

Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna ásamt þjálfarastyrkjum til einstaklinga.

Almenningsíþróttir

Mikil þátttökaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu“, er heilsu- og hvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði, það er vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur eða frá 5.-25. febrúar og grunnskólakeppni sem stendur yfir í tvær vikur eða frá 5.-18. febrúar. Framhaldsskólakeppni Lífshlaupsins fór fram 3. – 16. október 2013.

Hjólað í vinnuna stendur yfir í þrjár vikur eða frá 7. – 27. maí nk.

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fer fram í 25. sinn 14. júní 2014.

Hjólað í skólann er haldið í september 2014.

Göngum í skólann er haldið 3. sept.-1. okt. 2014.

Hreyfitorg er nýtt verkefni sem fór í loftið í september 2013. Hreyfitorg er gagnvirk vefsíða sem er ætlað að stuðla að aukinni hreyfingu landsmanna. Hlutverk vefsins er að brúa bilið á milli þeirra sem leita eftir þjónustu fyrir sig eða aðra (notenda) og þeirra sem standa fyrir hreyfitalboðum (þjónustuaðila). Kynntu þér málið á www.hreyfitorg.is.

Sjálfbóðaliðavefurinn „Allir sem einn“ er nýr vefur sem var tekinn í notkun á síðasta Íþróttþingi ÍSÍ. Megin markmið með sjálfbóðaliðavefnum er að skapa vettvang fyrir sjálfbóðaliða til þess að halda utan um sitt framlag hvort sem það er unnið í þágu íþróttahéraða, sersambanda, félagsliða eða ÍSÍ. Einnig er markmiðið að fá yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfbóðaliðar vinna innan íþróttahreyfingarinnar. Slóðin á vefinn er www.isi.is/sjalfboðaliðavefur.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sersambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspar og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar, en þar er einnig góð aðstaða til fundarhalda. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemina.

Lyfjamál

Alls voru tekin 89 sýni á árinu 2013, þar af 46 sýni í keppni eða 52%. Lyfjapróf voru tekin í 15 íþróttagreinum. Fjögur sýni reyndust jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 17 sýni fyrir aðra. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflökkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, www.lyfjaeftirlit.is.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2013 fyrir **15. apríl nk.** Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is.

Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

Smáþjóðaleikarnir á Íslandi 2015

Sextánda Smáþjóðaleikarnir verða haldnir á Íslandi 1.-6. júní 2015 og verður það í annað sinn sem leikarnir verða haldnir hér á landi. Á leikunum etja níu smáþjóðir kappi; Andorra, Ísland, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Mónakó, San Marínó og Svartfjallaland. Gert er ráð fyrir því að heildarfjöldi keppenda verði um 800 en reikna má með 1.500 erlendum þátttakendum, að meðtöldu fylgdarfólki. Keppt verður í 11 íþróttagreinum og fer keppni í þeim að mestu fram í Laugardalnum. Áætluð þörf sjálfbóðaliða er ríflega 1.200 manns en skráning sjálfbóðaliða til verkefnisins hefst í aprílmánuði 2014. Áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með á heimasíðu leikanna www.iceland2015.is og skrá sig til þátttöku í þessu spennandi verkefni.

Íþróttakonur og íþróttamenn ársins 2013

Þann 28. desember 2013 hélt ÍSÍ hóf sitt, þar sem val sersambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2013 var tilkynnt, í Gullhömrum í Grafarholti. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2013 lýst.



Stofnað 1974

Bíla klúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2012



FÍA NES 2012 Akureyri

Stjórnarmenn B.A 2012 eru þessir;

Kristján Þ Kristjánsson, formaður
Garðar Sigurðsson, varaformaður
Þórður Helgason, Gjaldkeri
Björgvin Ólafsson, aðst. gjaldkeri
Grétar Óli Ingþórsson, fjölmiðlafulltrúi
Anton Ólafsson, ritari
Stefán Örn Steinþórsson, meðstjórnandi
Sigurður Ágústsson, eignavörður
Jónas Freyr Sigurbjörnsson, Húsvörður

Þann 27. maí 2012 var ánægjulegt blað brotið í sögu Bíla-klúbbs Akureyrar þar sem formleg opnun fór fram á akstursíþróttasvæði okkar ofan Akureyrar að Hlíðarfjalls-vegi. Voru það þeir Eiríkur Björn Björgvinsson bæjar-
stjóri, Kristján Þ. Kristinnsson formaður B.A og Oddur Helgi Halldórsson sem klipptu á borðan við það tilefni.

Þetta árið fluttist allt mótorsport B.A á svæðið og er það frábær áfangi að fyrsta hluta uppbyggingar á svæðinu sé lokið, þar með er hægt að keppa í öllu okkar sporti á svæðinu þó að við þröngan kost búi, framtíðar bílaplan er



Vígsla á svæði 2012

tilbúið og fyrsti áfangi að ökubrautum sem notaðar eru við kennslu nemaenda í Ökuskóla Ö3 eru tilbúnar, þessar framkvæmdir gera það að verkum að hægt er að keppa á bílaplaninu í götuspyrnu, drift, burnout og Auto-x.

Bíladagar fóru fram í sautjanda sinn í Júní að venju og tókst vel upp með að halda þá alla í fyrsta sinn á svæðinu fyrir utan hina árlegu þjóðhátíðar bílasýningu sem fram fór í Boganum 17. Júní, gestir Bíladaga voru til fyrirmyndar og fannst það alger bylting að geta verið á tjaldsvæði okkar og allir viðburðir haldnir á svæðinu, þó svo töluvert sé í land með framkvæmir til að viðunandi aðstaða verði til allra keppnisgreina.

Mótorsportið gekk vel þetta árið og ber þar hæst að nefna FIA NES norðurlandamótið sem fram fór í Ágúst á svæði okkar, var lokaumferð Íslandsmótsins í torfæru



Lokahóf 2012

samkeyrt við þá keppni, keppnin var tveggja daga mót og komu 6 erlendir keppendur frá norðurlöndum til keppni, Úrslit mótsins urði Íslendingum í hag og var það hinn alkunni keppandi Ólafur Bragi Jónsson frá Egilsstöðum sem stóð uppi sem sigurvegari báða dagana og varð þar með Íslandsmeistari og Norðurlandameistari 2012.

Fornbíladeild félagsins var virkilega virk á árinu og fór í margar skemmtilegar ferðir sem voru til dæmis ferð á Tröllaskaga sem farinn var í samfloti með Fornbílafélagi Íslands, var það virkilega skemmtileg ferð og fjölmenn.

Einnig fór deildin eins og alltaf á Landsmót Fornbíla-eigenda sem haldið er ár hvert í lok júní á Selfossi, hópur bíla fór frá Bíla klúbb Akureyrar í samfloti þangað og höfðu allir mikið gaman af.

Lokahóf Akstursíþróttasambands Íslands var haldið á Akureyri í lok október þar sem krýndir voru allir Íslands-
mestarar ársins í Mótorsporti.

Stjórn Bíla klúbbs Akureyrar



Stofnað 1974

Bíla klúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2013

Aðalfundur Bílasklúbbs Akureyrar var haldinn 15. febrúar 2013 í Rósenborg.

Stjórn Bílasklúbbs Akureyrar 2013;

Einar Gunnlaugsson, formaður
Ásgeir Bragason, varaformaður
Páll Steindór Steindórsson, gjaldkeri
Halldór Hauksson, ritari
Grétar Óli Ingþórsson, fjölmiðlafulltrúi

Árið 2013 var viðburðarríkt að því leyti að töluverð ágreiningur varð um rekstrarfyrirkomulag félagsins og úr varð að töluverð breyting varð á stjórn félagsins á aðalfundi, fækkað var stjórnarmönnum og deildir félagsins gerðar í staðin virkari og ábyrgari fyrir keppnishaldi.

Ný stjórn einbeitti sér enn frekar að halda utan um beinan rekstur félagsins og náðist einstakur árangur í fjárhag félagsins á árinu svo framtíðin er björt svo líklega verður hægt að taka næsta skref í frekari uppbyggingu á svæðinu í formi fleiri keppnisbrauta 2015.

Þess má geta að nýtt Akstursíþróttasvæði sem Bíla klúbbur Akureyrar er að byggja upp er einstakt í sinni röð vegna þess fjölbreytileika sem það býður uppá, það að hafa svæði sem býður uppá svokallað blautt sport; torfæru, sandspyrnu, drulluspyrnu, rallykross á sama svæði og haldnar eru malbikskeppnir, spyrnukeppnir, drift, auto-x og gokart og ekki má gleyma kennslubrautum fyrir Ökukennslu til ökunáms Ö3 er alveg einstakt á heimsmælikvarða og engin spurning að þetta er og verður enn frekari þáttur í betri búsetuskilyrðum á Akureyri og nágrenni.

Tæplega 500 nemendur fóru í Ö3 Ökuskóla á brautum félagsins á árinu og verða þeir enn fleiri á komandi árum, ef þessara brauta nyti ekki við þá þyrftu þessir nemendur að sækja þennan áfanga á höfuðborgarsvæðið.

Átjándu Bíladagar Bílasklúbbsins voru haldnir 13. til 17. júní að venju og þess má geta að Skeljungur HF kom virkilega sterkt inn sem helsti styrktaraðili félagsins og voru bíladagar nefndir Shell Bíladagar 2013, var þetta ómetanlegur styrkur fyrir félagið til að gera hátíðina enn betri og stærri sem sýndi sig í nýju aðsóknarmeti og virkilega ánægðum keppendum áhorfendum og bæjarbúum.

Fjöldi keppenda á bíladögum var virkilega góður þar sem 126 keppendur mættu til leiks.

Æfingarsvæði var opið allan sólarhringinn til æfinga fyrir gesti og varð það til þess að lítið var um ónæði og hávaða af völdum gesta bíladaga í bænum.

Gestir hátíðarinnar gengu vel um svæðið og bæinn



Shell bíladagar 2013

almennt og fékk B.A góð ummæli frá lögreglu, Akureyrarstofu og fleiri aðilum sem komu að hátíðinni.

Spyrnudeild hélt 3 Götuspyrnur og 2 sandspyrnur á árinu, fjöldi keppenda var virkilega góður og ánægjulegt var að sjá hvað unglingsflokkar í sandspyrnu voru áberandi og er það markmið félagsins að standa við bakið á yngstu keppendunum og fjölga greinum sem þeir geta tekið þátt í.

Grétar Óli Ingþórsson varð Íslandsmeistari í flestum greinum sem hann tók þátt í sem voru sandspyrna og götuspyrna og setti hann þar ný íslandsmet í öllum flokkum sem hann tók þátt í og var hann kjörinn Akstursíþróttamaður Bílasklúbbsins 2013 og var hann tilnefndur til Íþróttamans Akureyrar fyrir B.A 2013

Jeppadeild hélt hina árlegu Greifatorfæru í ágúst og fór þar Akureyringurinn Elmar Þór á Heimasætunni með sigur af hólmi.

6. keppendur fóru til Skien í Noregi í FIA NES norðurlandamótið sem haldið var í september var það enn og aftur okkar sigursæli Íslendingur Ólafur Bragi Jónsson sem fór með sigur af hólmi þar og varð Norðurlandameistari í Torfæru 2013.

Nýstofnuð deild nefnd auto-x hélt drift, auto-x og gokart keppnir sumarssins og tókst það mjög vel þó við séum nýgræðingar í þessum greinum, drift keppni okkar er orðin partur af Íslandsmótinu og er haldin á Bíladögum ár hvert.

Fornbíladeild félagsins tók við framkvæmd Hátíðar bíla-sýningu Bílasklúbbsins í Boganum 17. júní og fórst þeim það virkilega vel úr hendi, aðsókn sló öll fyrri met og sýningartæki voru vel valinn og umgengni og framkvæmd sýningarinnar til fyrirmyndar.

Fornbíladeildin hélt 49 fundi á árinu og farið var í



Svæði 2013



Sumar undirbúningur 2013

margar styttri ferðir og bílum stillt upp til sýningar eins og á Fiskidaginn mikla, Mærudaga, og Handverkshátíðina svo fátt eitt sé nefnt.

Hópferð var farinn að venju af félagsmönnum B.A á Fornbílámót Íslands á Selfossi í lok Júní, í þá ferð fóru hátt í 20 fornbílar sem allflestir eru virkilega aldraðir og elstu bílar sem fóru voru framleiddir fyrir 1950.

Fornbíladeildin tók að sér skemmtilegt verkefni á árinu sem var að með bíla sína í þáttum sem gerðir voru um sönn íslensk Sakamál og var það skemmtileg tilbreyting fyrir félagið.

Stórt skarð var höggvið í félagið þann 5. ágúst 2013 þegar flugslys varð á brautinni okkar og lést þar gjaldkeri félagsins Páll Steindór Steindórsson ásamt Péttri Róbert Tryggvasyni.

Páll hafði unnið virkilega gott starf á þeim stutta tíma sem hann starfaði sem gjaldkeri félagsins og á hann stórt hrós skilið fyrir þann árangur sem hann náði að vinna fyrir félagið og er hans sárt saknað.

Félagsmenn eiga hrós skilið fyrir hárrétt viðbrögð við þennan hörmulega atburð og stóðu allir þeir sem að komu að sig einstaklega vel að bjarga því sem bjargað varð, einn maður lifði slysið af og telst það kraftaverki næst miðað við aðstæður sem þarna voru.

Félagið ákvað í samstarfi við Tengir HF að brjóta ísinn strax og ákveðið var að halda minningarmót í september um þá Pál og Pétur og allur ágóði af mótinu rennur í sjóð

sem félagið heldur utan um og verður notaður til styrktar þeim félagsmönnum og aðstandendum sem gætu þurft á stuðningi að halda í framtíðinni. Mót þetta verður árlegur viðburður um ókomna framtíð og sami háttur hafður á að allur ágóði rennur í sjóðinn.

*Einar Gunnlaugsson
Formaður Bilaklúbbs Akureyrar*



Sönn sakamál



Stofnað 1978

Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2012

Aðalfundur félagsins var haldinn 17. maí 2012.

Í aðalstjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Haukur Þorsteinsson, formaður

Ragnheiður Austfjörð, varaformaður

Björgvin Jónsson, ritari

Stefán Jónsson, gjaldkeri

Kristinn Örn Jónsson, meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Aðalheiður Gísladóttir

Guðrún Helgadóttir

Valdimar Sigurðsson

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir.

Starfsemi félagsins

Starfsemi félagsins á árinu var með hefðbundnum hætti.

Haldnir voru 9 stjórnarfundir á árinu.

Formaður sat formannafundi Í.B.A.

60. Ársþing ÍBA var haldið 25. apríl, fulltrúar félagsins voru Haukur Þorsteinsson, Ragnheiður Austfjörð og Guðrún Helgadóttir.

Í tilefni 150 ára afmælis Akureyrar var félaginu boðið ásamt öðrum félögum og samtökum á Akureyri að kynna starfsemi sína í Rósrnborg 15. september, Haukur og Ragnheiður Austf. sáu um þessa kynningu. Í tilefni afmælisársins voru íþróttafélög hvött til að standa fyrir einhverjum viðburði, snemma á árinu stóð til að Akur og Eik héldu saman bccíamót. En því miður varð það ekki að veruleika, þótt hugur okkar í Eik stæði til þess.

Í september s.l. var haldið námskeið í fararstjórn á

Akureyri á vegum ÍSÍ í samstarfi við ÍBA og sótti undirritaður þetta fróðlega námskeið.

Formannafundur Í.F. var haldinn þann 26. október í Reykjavík, Á fundinum voru tekin fyrir þau mál sem eru efst á baugi hjá Í.F. Einnig skýrðu fulltrúar aðildarfélaganna frá starfsemi síns félags. Haukur formaður sat fundinn f.h. félagsins.

Vorfagnaður Eikar var haldinn á Botni í Eyjafjarðarsveit í tengslum við aðalfund félagsins þann 17. maí. En það er oftast árviss viðburður í starfsemi félagsins þar sem félagarnir koma saman og fagna árangri og um leið lokum vetrarstarfsins. Við það tækifæri voru afhentir tveir farandbikarar, þ.e. hvatningabikar Eikar sem Magnús Ásmundsson hlaut fyrir góða ástundun og mestu framfarir á árinu. En Í.S.Í. bikarinn hlaut Elma Stefansdóttir fyrir langa og farsæla veru sína í félaginu og einnig fyrir góða mætingu og ástundun.

Æfingar á boccía yfir veturinn voru sem fyrr á mánuðögum, fimmtudögum og laugardögum í Íþróttahúsi Glerárskóla. Sundæfingar voru á laugardögum í Glerár-sundlaug yfir vetrartímann. Æfingar í frjálsum íþróttum voru á þriðjudögum eða miðvikudögum, stærsta hluta ársins á Þórsvelli og Boganum.

Þjálfarar sem störfuðu hjá félaginu á árinu voru sem fyrr, Fylkir Þór Guðmundsson, Anna Einarsdóttir, Egill Þór Valgeirson og Aðalheiður Gísladóttir.

Íþróttaráð Akureyrar hélt að venju hóf milli jóla og nýárs til heiðurs þeim íþróttamönnum sem urðu Íslandsmeistarar á árinu. Íslandsmeistarar Eikar voru Elma Berglind Stefansdóttir, Heiðar Hjalti Bergsson, Hörður Þorsteinsson, Kristín Ólafsdóttir Smith, Kristófer Fannar Sigmarsson Magnús Ásmundsson, María Dröfn Einarsdóttir, Stefanía Daney Guðmundsdóttir og Vignir Hauks-son.

Á undanförunum árum hefur oft verið rætt um að bjóða félögum sem áhuga hafa upp á golfæfingar, í nóvember s.l. var ein æfing og kynning á íþróttinni í aðstöðu Golfklúbbs Akureyrar í Íþróttahöllinni. Þeir sem mættu höfðu greinilega mjög gaman af þessu og nú er verið að ráðgera framhald þessa máls.

Við höfum oft rætt um hvernig við getum fengið fleiri til að ganga í félagið og æfa þær íþróttir sem við bjóðum upp á. En þá kemur alltaf upp sú umræða að kynna þurfi félagið miklu betur en gert hefur verið hingað til og eflaust er eitthvað til í því. Þá kom upp sú hugmynd að félagið kæmi sér upp facebook síðu, okkur var tjáð af góðum kunnáttumanni að það væri mjög góð og áhrifarík leið til að kynna félagið og kostnaður enginn. Á s.l. ári var síðan útbúinn



Heiðar Hjalti Bergsson og Valdimar Sigurðsson á Norðurlandsmóti 2012, þeir unnu brons.

facebook síða og tekin í notkun og nú hvet ég alla að kynna kynna sér síðuna og vera dugleg auglýsa félagið.

Íþróttamót innanlands

Slippmótið sem er innanfélagsmót Eikar í boccía var haldið þann 4. febrúar í íþróttahúsinu á Hrafnagili. heiti mótsins er vegna stuðnings Slippsins við það í formi verðlauna og viðurkenninga. Félagar í Kiwanisklúbbunum Kaldbak sáu um dómgæslu á mótinu, keppendur á mótinu voru 35.

Úslit mótsins voru þau að í sveitakeppni varð I sveit í 1. sæti, hana skipuðu Jón Óskar Ísleifsson, Sigfús Jóhannesson, Matthís Ingimarsson.

Í 2. sæti varð E sveit, hana skipuðu Héðinn Jónsson og Guðmundur Adólfsson.

Í 3. sæti varð C sveit, hana skipuðu Hörður Þorsteinson, Magnús Ásmundsson og Júlíus G. Fossberg Leósson.

Í einstaklingskeppni varð Matthías Ingimarsson í 1. sæti, Kristín Ólafsdóttir 2. sæti og Heiðar Hjalti Bergsson 3. sæti.



Stefanía Daney Guðmundsdóttir sópar að sér verðlaunum á Íslandsmóti í frjálsum íþróttum

Íslandsmót Í.F. í boccía, sveitakeppni, var haldið í Laugasrdalshöll 31. mars og 1. apríl, keppendur félagsins voru 31. Íslandsmeistarar í 2. deild varð Eik-C, sveitina skipuðu Kristín Ólafsdóttir, Magnús Ásmundsson og Vignir Hauksson. Í 3. sæti varð Eik- E, sveitina skipuðu Bára Sigurðardóttir, Nanna Kristín Antonsdóttir og Nanna Haraldsdóttir.

Íslandsmót Í.F. í frjálsum íþróttum, innanhúss, var haldið í Reykjavík 30. mars, keppendur félagsins voru 6 og eftirtaldir aðilar unnu til verðlauna í sínum flokki. Heiðar Hjalti Bergsson varð í 1. sæti í langstökki, 3. sæti í 60 m. hlaupi og kúluvarpi, Kristín Ólafsdóttir 2. sæti í 60 m. hlaupi og langstökki en 3. sæti í kúlufarpi. Elma Stefánsdóttir í 2. sæti í 60 m. hlaupi og kúluvarpi og 1. sæti langstökki, María Dröfn Einarsdóttir varð í 1. sæti, flokki ungvænna í 60, 200, og 400 m. hlaupi, og langstökki. Kristófer Fannar Sigmarsson keppti í flokki ungarla, hann varð í 1. sæti í 60 og 200 m. hlaupi, langstökki, hástökki, kúlumvarpi, 2. sæti í 400 m. hlaupi. Stefania



Keppendur, þjálfarar o.fl. á góðri stundu að loknu móti

Daney Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari í fl. 15-16 ára í 60, 200, og 400 m hlaupi, langstökki, kúluvarpi.

Hængsmótið var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri 28.-30. apríl. Þetta var í 30. skiptið sem Lionsklúburinn Hængur á Akureyri hefur staðið fyrir þessu mjög svo vinsæla móti.

Í sveitakeppni í boccía tóku 30 félagar þátt og 25 þeirra kepptu einnig í einstaklingskeppni. En að þessu sinni tókst okkar félögum því miður ekki að vinna til verðlauna.

Norðurlandameistaramót í boccía bæði einstaklings- og sveitakeppni var haldið í Reykjavík dagana 12. og 13. maí af Íþróttasambandi fatlaðra. Keppendur voru 79 frá öllum norðurlöndunum. Heiðar Hjalti var valin af ÍF til keppni fyrir Íslands hönd í sveitakeppni, en sú sveit náði því miður ekki að vinna til verðlauna. Félagið sendi tvo dómara á sinn kostnað á mótið, það voru Kiwanisfélagarnir Höskuldur Stefánsson og Þorgeir Jóhannsson.

Íslandsmót í frjálsum íþróttum utanhúss var haldið á Laugardalsvelli 9. júní, keppendur félagsins voru 5 og eftirtaldir aðilar unnu til verðlauna í sínum flokki. Kristín Ólafsdóttir varð í 1. sæti í 100 m. hlaupi og langstökki og 2. sæti í kúluvarpi, Heiðar Hjalti Bergsson varð í 1. sæti í 100 m. hlaupi og 2. sæti í langstökki og kúluvarpi, Kristófer Fannar Sigmarsson varð í 1. sæti í 100, 200 og 400 m. hlaupi, langstökki (**íslandsmet**), hástökki, kúluvarpi og spjótkesti. María Dröfn Einarsdóttir varð í 1. sæti í 100, 200 og 400 m. hlaupi og langstökki. Stefania Daney Guðmundsd. varð í fyrsta sæti í 100, 200 og 400 m hlaupi (íslandsm), einnig í langstökki og kúluvarpi (íslandsmet).

Íslandsmót Í.F. í boccía í einstaklingskeppni var haldið á Ísafirði 11.-13. október, Íþróttafélagið Ívar á Ísafirði sá um framkvæmd mótsins í samvinnu við boccianefnd Í.F. og voru keppendur félagsins 24. Í 2. deild varð Vignir Hauksson í 2. sæti, í 4. deild varð Kristófer Fannar Sigmarsson í 2. sæti og María Dröfn Einarsdóttir í 3. sæti, í 5. deild varð Baldvin Steinn Torfason í 3. sæti og í 7. deild varð Hörður Þorsteinsson í 1. sæti.

Norðurlandsmótið átti að halda á Akureyri 18. nóvember af Íþróttafélaginu Akri. En vegna mikillar snjókomu og ófærðar varð að aflýsa mótinu og færa það fram yfir áramótin. 2012/2013. Það var síðan haldið 2. mars sl. í Íþróttahöllinni á Akureyri.

Íþróttamót erlendis

Á árinu tók engin keppandi frá félaginu þátt í íþróttamóti erlendis.

Fjáröflun

Fjáröflun félagsins var með hefðbundnum hætti þ.e. með félagsgjöldum, og sölu jólakorta. En æfingagjöld voru ekki innheimt á árinu m.a. vegna veglegra styrkja frá Samherja hf, Þroskahjálpi á N.E., Lionsklúbbi Akureyrar o.fl. aðilum, einnig fékk félagið úthlutað styrk úr ferðasjóði ÍSÍ. Þessir styrkir koma sér ákaflega vel fyrir félagið, en þó fyrst og fremst fyrir alla þá sem æfa og keppa fyrir félagið. Því þeir koma í stað innheimtu æfingagjalda og einnig getur félagið greitt verulega niður ferðakostnað keppenda á íþróttamót.

Lokaorð

Kæra íþróttafólk, árangur ykkar á árinu 2012 var mjög góður þegar á heildina er litið, sérstaklega var árangur

ykkar sem æfa og keppa í frjálsum íþróttum glæsilegur. Á tveimur frjálsíþróttamótum, bæði úti og inni, unnust tugir verðlauna m.a. voru sett nokkur Íslandsmet. En hafið það ávallt hugfast kæru félagar að kjörorð okkar er og hefur alltaf verið það sama, að stærsti sigurinn sé er að vera með.

Að síðustu vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, keppendum, þjálfurum og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu og ekki síst fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem stutt hafa starfsemi félagsins á einn eða annan hátt með ómetanlegri sjálfboðavinnu og fjárframlögum.

Haukur Þorsteinsson, formaður



Stofnað 1978

Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2013

Aðalfundur félagsins var haldinn 25. maí 2013

Í aðalstjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Haukur Þorsteinsson, formaður.

Ragnheiður Austfjörð, varaformaður

Kristinn Örn Jónsson, ritari

Stefán Jónsson, gjaldkeri

Sigurjón Hilmar Jónsson, meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Aðalheiður Gísladóttir

Guðrún Helgadóttir

Elma Berglind Stefánsdóttir

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir:

Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir

Starfsemi félagsins

Starfsemi félagsins á árinu var með mjög hefðbundnum hætti.

Haldnir voru 9 stjórnarfundir á árinu.

Formaður sat formannafundi Í.B.A.

Sambandsþing Í.F. var haldið 9. mars á Hótel Sögu í Reykjavík. Fulltrúar Eikar voru Aðalheiður Gísladóttir, Haukur Þorsteinsson og Stefán Jónsson. Þess má geta að við upphaf þings Í.F. hvað sér hljóðs Hafsteinn Pálsson formaður almennings- íþróttasviðs ÍSÍ og fundarstjóri á þingi Í.F. og bað fyrir kveðjur frá forystu Í.S.Í og afhenti 2 gullmerki þess. Þau hlutu Jóssep Sigurjónsson formaður Íþróttafélagsins Akurs á Akureyri og Haukur Þorsteinsson formaður Íþróttafélagsins Eikar á Akureyri.

Vorfagnaður Eikar var haldinn á Botni í Eyjafjarðarsveit



Davíð Brynjólfsson og Kristófer Fannar Sigmarsson á Slippmóti 2013. Þeir unnu gull í sveitakeppni.

í tengslum við aðalfund félagsins þann 25. maí. En það er oftast árviss viðburður í starfsemi félagsins þar sem félagarnir koma saman og fagna árangri og um leið lokum vetrarstarfsins. Við það tækifæri voru afhentir tveir farandbikarar, þ.e. hvatningabikar Eikar sem Hörður Þorsteinsson hlaut fyrir góða ástundun og mestu framfarir á árinu. En Í.S.Í. bikarinn hlaut Nanna Kristín Antonsdóttir fyrir langa og farsæla veru sína í félaginu og einnig fyrir góða mætingu og ástundun.

Æfingar í boccía yfir veturinn voru sem fyrr á mánu-

dögum, fimmtudögum og laugardögum í Íþróttahúsi Glerárskóla. Sundæfingar voru á laugardögum í Glerár-sundlaug yfir vetrartímann. Æfingar í frjálsum íþróttum voru á þriðjudögum eða miðvikudögum, stærsta hluta ársins á Þórsvelli og í Boganum.

Í allnokkur ár var búið að ræða þá hugmynd að bjóða upp á golfþjálfun t.d. í samstarfi við Golfklúbb Akureyrar. Þau gleðilegu tíðindi gerðust í sögu félagsins s.l. sumar að boðið var í fyrsta skiptið upp á þjálfun í golfi, sem þó nokkuð margir félagar nýttu sér, og vonandi verður framhald á þeirri þjálfun næsta sumar.

Egill Þór Valgeirsson þjálfari Eikar fór á vegum Í.F. til Írlands á námskeið í golfi fyrir fatlaða.

Þjálfarar sem störfuðu hjá félaginu á árinu voru sem fyrr, Fylkir Þór Guðmundsson, Anna Einarsdóttir, Egill Þór Valgeirsson og Aðalheiður Gísladóttir.

Á fyrri hluta ársins var ákveðið að kaupa nýja íþróttagalla á alla keppendur, þjálfara og fararstjóra og stjórnarmenn sem það vildu. Samið var við Henson í Reykjavík um að hanna nýtt og breytt útlit á búninginn, sem samanstóð af stakk, buxum og bol sem voru síðan merkt lógói og nafni félagsins og nafni eiganda. Mikil almenn ánægja ríkti meðal félagsmanna með hönnun, litaval og útlit.

Frjálsíþróttanefnd Í.F. stóð fyrir opnum æfingabúðum í Boganum á Akureyri 1.-3. nóvember. Alls tóku 10 frjálsíþróttamenn af landinu þátt og þar af voru 5 frá Eik, það voru. Héðinn Jónsson, Kristófer Fannar, María Dröfn, Matthías Sveinn og Stefanía Daney ásamt þjálfara sínum sem er Egill Þór Valgeirsson.

Íþróttabandalag Akureyrar (IBA) og Íþróttaráð Akureyrar (IRA) hafa ákveðið að taka upp til endurskoðunnar og breytinga reglur um húsaleigu- og æfingastyrki til handa aðildarfélögum IBA, þessari endurskoðun var ekki lokið fyrir áramót.

Þann 30. desember 2013 barst félaginu bréf frá Akureyrarbæ þar sem sagt er upp rekstrarsamningi sem gerður var við félagið í ársbyrjun 2006 til ársloka 2008 en síðan var hann framlengdur í 2 ár, eftir það hafa greiðslur borist árlega en án gildandi samnings. Vonir standa til þess að nýr samningur verði að veruleika sem fyrst.

Íþróttaráð Akureyrar (IRA) hafði í mörg undanfarinn ár verið með veglegt hóf milli jóla og nýárs m.a. til heiðurs þeim íþróttamönnum sem voru landsliðsmenn eða urðu Íslandsmeistarar á árinu. En nú gerði IRA þá breytingu að tengja þennan viðburð við útnefningu á íþróttamanni Akureyrar sem fram fór í Hofi 20 janúar 2014. Þar var Eik afhent viðurkenningaskjal með nöfnum þeirra sem urðu Íslandsmeistar hjá félaginu á árinu, en það voru Kristófer Fannar Sigmarsson. María Dröfn Einarsdóttir og Stefanía Daney Guðmundsdóttir.

Íþróttamót innanlands

Norðurlandsmótið sem halda átti á Akureyri 18. nóvember 2012 af Íþróttafélaginu Akri var aflýst vegna mikillar snjókomu og ófærðar og var það fært fram yfir áramótin. 2012/2013. Það var síðan haldið 2. mars af Akri í Íþróttahöllinni á Akureyri. Keppendur Eikar voru 32. Úrslit voru eftirfarandi



Nanna Haraldsdóttir, Elma B. Stefánsdóttir og Kristín Ólafsdóttir á Slippmóti 2013. Þær unnu silfrið í sveitakeppni.

Í flokki hreyfihamlaða varð A sveit Eikar í 3. sæti, hana skipuðu Heiðar Hjalti Bergsson og Valdimar Sigurðsson.

Í flokki þroskaheftra varð F sveit Eikar í 1. sæti, hana skipuðu Matthías Ingimarsson og Telma Axelsdóttir.

Í flokki BC 1-4 varð Karl Guðmundsson í 2. sæti.

Slippmótið sem er innanfélagsmót Eikar, í boccía var haldið þann 23. mars. í íþróttahúsinu á Hrafnagili. heiti mótsins er vegna stuðnings Slippsins við það í formi verðlauna og viðurkenninga. Félagar í Kiwanisklúbbunum Kaldbak sáu um dómgæslu á mótinu, keppendur voru alls 35.

Úslit mótsins voru þau að í sveitakeppni varð J sveit í 1. sæti, hana skipuðu Kristófer Fannar Sigmarsson og Davíð Brynjólfsson.

Í 2. sæti varð D sveit, hana skipuðu Elma Stefánsdóttir, Kristín Ólafsdóttir og Nanna Haraldsdóttir.

Í 3. sæti varð C sveit, hana skipuðu Guðmundur Adólfsson, Helgi Jóhannsson og Nanna Kristín Antonsdóttir.

Í einstaklingskeppni varð Hörður Þorsteinsson í 1. sæti, Vignir Hauksson 2. sæti og Sigfús Jóhannesson 3. sæti.

Íslandsmót Í.F. í boccía, sveitakeppni var haldið í Laugasrdalshöll 20.-21. apríl, keppendur félagsins voru 29. Úrslit hjá Eik

Í 1. deild varð sveit Eikar í 3. sæti, hana skipuðu Baldvin Steinn Torfason, Hörður Þorsteinsson og Kristófer Fannar Sigmarsson.

Íslandsmót Í.F. í frjálsum íþróttum, innanhúss var haldið í Reykjavík 19. apríl, keppendur félagsins voru 6 og eftirtaldir aðilar unnu til verðlauna í sínum flokki.

Heiðar Hjalti Bergsson varð í 6. sæti í 60 m. hlaupi og 4. í kúluvarpi.

Kristín Ólafsdóttir 5. sæti í 60 m. hlaupi og langstökki.

María Dröfn Einarsdóttir varð í 1. sæti, í 60 og 400 m. hlaupi, 2. sæti í 200 m. hlaupi og langstökki.

Kristófer Fannar Sigmarsson varð í 1. sæti í 60, 200 og 400 m. hlaupi, langstökki, hástökkiog kúluvarpi.

Stefanía Daney Guðmundsdóttir varð í 1. sæti í 400 m. hlaupi 2. sæti í 60 og 200. m hlaupi og langstökki og 3 sæti í kúluvarpi.

Héðinn Jónsson varð 8. í langstökki, 10. sæti í 60 m. hlaupi 12. í 200 m. hlaupi og 6. í 400 m. hlaupi.

Hængsmótið var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri 3.



Helgi Jóhannsson, Guðmundur Adólfsson og Nanna Antonsdóttir á Slippmóti 2013. Þau unnu brons í sveitakeppni.



Sigurvegarar í einstaklingskeppni á Slippmóti 2013. fv. Vignir Hauksson silfur, Hörður Þorsteinsson gull og Sigfús Jóhannesson brons.

og 4. maí. Þetta var í 31. skiptið sem Lionsklúburinn Hængur á Akureyri hefur staðið fyrir þessu mjög svo vinsæla móti.

Í sveitakeppni í boccía tóku 32 félagar þátt og 24 þeirra kepptu einnig í einstaklingskeppni. En að þessu sinni tókst okkar félögum því miður ekki að vinna til verðlauna.

Íslandsmót í frjálsum íþróttum utanhúss var haldið á Kaplakrikavelli 9. júní, keppendur félagsins voru 3 og eftirtaldir aðilar unnu til verðlauna í sínum flokki.

Kristín Ólafsdóttir varð í 3. sæti í 100 m. hlaupi og langstökki, 2. sæti í 200 m. hlaupi og 9. í kúluvarpi.

Kristófer Fannar Sigmarsson varð í 1. sæti í 100, 200 og 400 m. hlaupi, langstökki, og kúluvarpi, (keppti sem gestur í spjótcasti).

Stefanía Daney Guðmundsd. varð í 1. sæti í kúluvarpi, 2. sæti í 100, 200 og 400 m hlaupi og langstökki.

Íslandsmót Í.F. í boccía í einstaklingskeppni var haldið á Sauðárkrók 24.-27. október, Íþróttafélagið Gróska í Skagafirði sá um framkvæmd mótsins í samvinnu við boccianefnd Í.F. og voru keppendur félagsins 25.

Í 3. deild varð Kristófer Fannar Sigmarsson í 1. sæti.

Héðinn Jónsson varð í 3. sæti í 5. deild.

Stefanía Daney Guðmundsdóttir 2. sæti í 7. deild.

Norðurlandsmót 2013 var haldið 7. desember á Sauðárkrók. Íþróttafélagið Gróska í Skagafirði sá um mótið að þessu sinni, keppendur Eikar voru aðeins 23 að þessu sinni.

Í flokki hreyfihamlaðra varð sveit Eikar í 2. sæti, hana skipuðu Heiðar Hjalti Bergsson og Valdimar Sigurðsson.

Sveit þroskaheftra varð í 1. sæti, hana skipuðu Héðinn Jónsson og Baldvin Steinn Torfason.

Íþróttamót erlendis

Norræna barna- og unglingamótið fór fram í Danmörku 28. júlí- 3. ágúst 2013. Skipuleggjandi mótsins var Íþróttasamband fatlaðra í Danmörku en Íþróttasamband Íslands sá um skipulagningu hér á landi og val á þátttakendum á mótið. Hámarksfjöldi frá Íslandi voru 15 keppendur og stefnan sett hreyfihamlaða unglinga á aldrinum 12-16 ára. Í.F. valdi m.a. Stefaníu Daney Guðmundsdóttur frá Eik til að keppa í frjálsum íþróttum á mótinu og stóð hún sig þar mjög vel. Egill Þór Valgeirsson þjálfari Eikar var einn af fararstjórum Í.F. Þess má geta að þeir sam valdir eru til fararinnar greiða að hluta ferða- og þátttökukostnað en Í.F. að hluta.

Evrópoleikar Special Olympic 2014 fara fram í Antwerpen í Belgíu 13.-20. september 2014 og dagana 9. - 13. september tekur Ísland þátt í vinabæjardagskrá. Vina-bær Íslands er Kortrijk.

Special Olympic nefnd Í.F. hefur þegar valið keppendur til þátttöku. Frá Eik voru valin í frjálsar íþróttir Stefanía Daney Guðmundsdóttir og Kristófer Fannar Sigmarsson, einnig hefur Í.F. beðið Egil Þór Valgeirsson þjálfara Eikar að vera í fararstjórn.

Fjáröflun

Fjáröflun félagsins var með hefðbundnum hætti þ.e. með félagsgjöldum, og sölu jólakorta. En æfingagjöld voru ekki innheimt á árinu m.a. vegna veglegra styrkja frá Samherja hf, Þroskahjálpi á N.E., Lionsklúbbi Akureyrar o.fl. aðilum, einnig fékk félagið úthlutað styrk úr ferðasjóði ÍSÍ. Þessir styrkir koma sér ákaflega vel fyrir félagið, en þó fyrst og fremst fyrir alla þá sem æfa og keppa fyrir félagið. Því þeir koma í stað innheimtu æfingagjalda og einnig getur félagið greitt verulega niður ferðakostnað keppenda á íþróttamót.

Lokaorð

Kæra íþróttafólk, árangur ykkar á árinu 2013 var mjög góður þegar á heildina er litið, sérstaklega var árangur ykkar sem æfa og keppa í frjálsum íþróttum glæsilegur. Á tveimur frjálsíþróttamótum, bæði úti og inni, unnust tugir verðlauna m.a. voru sett á þeim nokkur Íslandsmet. En hafið það ávallt hugfast kærufélagar að kjörorð okkar er og hefur alltaf verið það sama, að stærsti sigurinn sé er að vera með.

Að síðustu vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, keppendum, þjálfurum og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu, og ekki síst fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem stutt hafa starfsemi félagsins á einn eða annan hátt með ómetanlegri sjálfboðavinnu og fjárframlögum.

Haukur Þorsteinsson, formaður



Stofnað 1935

Golfklúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2012

Stjórn starfsárið 2011-2012

Aðalstjórn

Formaður: Sigmundur Ófeigsson, eitt ár
Varaformaður: Halla Berglind Arnarsdóttir, fyrra ár
Ritari: Ingi Torfi Sverrisson, fyrra ár
Gjaldkeri: Jón Steindór Árnason, fyrra ár
Meðstjórnandi: Örn Viðar Arnarson, fyrra ár

Varamenn í stjórn

Gunnar Vigfússon, fyrra ár
Guðlaug M. Óskarsdóttir, seinna ár

Skýrsla formanns

Góðir félagar, ég vil bjóða ykkur öll velkomin hingað að Jaðri á aðalfund GA.

Mig langar að biðja GA félaga að rísa úr sætum og minnast fallinna félaga. Eftirtaldir GA félagar og starfsmenn létust á árinu.

Golfklúbbsfélagar

Karólína Guðmundsdóttir lést 16. desember 2011
Jón Ásgeir Blöndal lést 23. desember 2011
Erlingur Aðalsteinsson lést 23. janúar 2012

Starfsmaður GA frá 2006

Arnór Jón Sveinsson lést 3. janúar 2012

Kæru GA félagar, mér er bæði ljúft og skylt að þakka samstarfsfólki, nefndarmönnum sem og öðrum GA félögum gott samstarf síðastliðið ár. Með samhentum átaki höfum við lyft grettis taki við völinn okkar að Jaðri. Umhirða, umgengni og allur aðbúnaður hefur breyst mikið og er GA til sóma. Þetta hefði ekki áunnist nema með miklu og óeingjörnu sjálfböðastarfi, öflugu fólki í nefndum sem og góðu starfsfólki að ógleymdum jákvæðum GA félögum.

Okkur stjórnarmönnum varð það ljóst strax síðastliðinn vetur að mikið verk væri fyrir höndum til að vinna upp það áfall sem GA varð fyrir árið 2011 er völlurinn kom nánast óleikhæfur undan vetri. Við ákváðum að fara í viðhorfskönnun og kanna hug GA félaga til þess sem betur mætti fara og hverjir áherslupunkturarnir ættu að vera. Þetta tókst afar vel, góð þátttaka var í könnuninni og voru niðurstöður könnunarinnar ásamt tillögum okkar til úrbóta kynntar á fjölmönnum, almennum félagsfundum þann 18. febrúar sl.

Strax var hafist handa og ráðist í verk sem hægt var að vinna að vetri til. Vallarnefnd ásamt vallarstjóra og starfsmönnum fósraði völinn vel um veturinn. Vetur kon-



ungur var með mildara móti og má segja að náttúran hafi unnið með okkur. Kom því völlurinn vel undan vetri og var hann kominn í gott stand í lok apríl en byrjað var að spila (inn á sumarflatir) þann 20. apríl og er golfvertíðin sem nú er að ljúka sú lengsta sem við höfum átt hér að Jaðri, þar sem spilað er allan tímann inn á sumarflatir. Völlurinn var opinn í rétt tæpa sex mánuði á árinu en honum var lokað 18. október.

GA félager eru nú 672 og fjölgun milli ára var 30. Þetta er næst mesti félaga fjöldi frá upphafi. Þátttaka í mótum var mun meiri en árið áður og fleiri gestir komu og spiluðu völinn en árið áður. Það er ánægjulegur áfangi sem við höfum náð með þessari þróun því aukið tekjuflæði er jú forsenda þess að rekstur GA sé heilbrigður og góður. Rekstur klúbbsins einkenndist af mikilli framkvæmdagleði, við jukum tekjurnar verulega á liðnu ári eða um 14 milljónir króna. Þessi tekjuaukning var öll nýtt til framkvæmda á vellinum sem og í önnur verkefni sem lágu fyrir s.s. viðhald tækja, farið var í framkvæmdir við fráveitu og hitaveitu ásamt fleiri verkefnum. Það er okkar mat að ekki þurfi að fara í jafn fjárfrekar framkvæmdir og eigum við von á því að tekjuaukningin haldi og það verði því allnokkur rekstrarbati á komandi ári.

Okkur stjórnarmönnum var það ljóst í upphafi að við yrðum að vinna Jaðri sess í hugum golfara svo sókn var okkar vörn við áföllum fyrra árs. Áhersla var lögð á umgengni og vallarumhirðu sem og var mikil áhersla lögð á stígagerð og að loka sárum sem fyrri framkvæmdir höfðu haft í för með sér. Allar þær framkvæmdir sem við stóðum að reyndum við að haga þannig að þær trufluðu spilamennsku sem minnst. Það er okkar mat að þokkalega hafi til tekist en auðvitað er það félaga GA að dæma það sem og gesta sem spiluðu Jaðar í sumar.

Okkar félagar, sérstaklega unglingarnir voru duglegir að keppa í sumar á mótum á vegum GSÍ. Vísa ég hér í skrif unglunga og afreksnefnda hér síðar í skýrslunni en þar eru helstu afrek talin upp en stærstu sigrar sumarsins voru þeir að við eignuðumst íslandsmeistara í sveitakeppni eldri kyllinga karla. Sveitin lagði sveit GR í úrslitaleik á Flúðum í ágúst.

Sveitakeppni drengja 15 ára og yngri var haldin hér að Jaðri í ágúst og þar fékk A sveit GA silfur og sveit unglunga 16-18 ára varð í 3. sæti á Hellishólum.

Akureyrarmótið var á sínum stað um miðjan júlí og var mjög góð þátttaka í ár eða tæplega 200 manns sem tóku þátt í 12 flokkum fullorðinna og 3 flokkum unglinga.

Akureyrarmeistarar voru þau Örvar Samúelsson og Stefanía Kristín Valgeirsdóttir.

Að lokum vil ég endurtaka þakkir mínar til allra GA félaga sem og starfsmanna klúbbsins. Fyrir mig hefur þetta verið lærdómsríkt og skemmtilegt ár.

*Takk fyrir
Sigmundur Einar Ófeigsson*

Skýrsla Vallarnefndar

Árið 2012 var okkur heldur betra en 2011 og úr varð lengsta golfsumar GA. Opnað var inn á sumarflatir 20. apríl, voru kylfingar á því að völlurinn hafi verið í betra formi við opnun heldur en í lok síðasta tímabils. Gott veðurfar yfir sumartímann, ásamt mildu hausti hefur hjálpað mikið til við að loka sárum og þétta grassvörðin á flötunum.

Vinnudagur var þann 5.maí þar sem margir mættu og skiptu með sér hinu ýmsu verkum.

Árið 2012 var framkvæmdaglatt og afkastamikið.

Strax um veturinn var farið í stígagerð frá 18.teig að 16.teig og stigur gerður frá 5. teig að 6. flöt. Möl var sett í læk á 2. og 3.braut.

Ný flöt á 4. braut var svo tekin í notkun í vikunni fyrir Arctic Open og er álit flestra að vel hafi tekist til. 13. flöt var loksins kláruð og fengu kylfingar að spila inn á hana á haustmánuðum.

Nokkrir teigar voru lagaðir og endurnýjaðir eins og nýr gulur teigur á 12. braut, gulur teigur á 18. braut breikkaður og hvítur teigur á 6.braut. Glompur á 6. og 7. voru lagfærðir og gamalli glompu á 15. braut lokað.

Vökvunarkerfi var bætt við á teiga 6,12,13 og 15. Sáð var í 20.000m² á þökuræktarsvæðinu sunnan æfingasvæðis. Byrjað var á nýjum brautum norðan vallarins og er búið að sá í allt svæðið fyrir utan flatirnar tvær, áætluð opnun þess svæðis er árið 2015.

Golfklúbburinn fjárfesti í valtara fyrir flatirnar og stórbætti hann yfirborð flatanna. Einnig var keyptur vinnubíll fyrir starfsmenn.

Vallarnefnd og vallarstjóri vill þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg fyrir vel unnin störf og vonandi sjáumst við sem flest að ári.

Skýrsla kappleikjanefndar

Opnunarmót sumarsins var 20. apríl, þá var haldið hér styrktarmót í tengslum við kaffihlaðborð unglingaráðs á sumardaginn fyrsta.

Síðasta mót sumarsins var svo haldið laugardaginn 29. september, má því segja að mótasumarið 2012 hafi verið langt og gott. Tekjur af mótum voru nettó rétt um 7 millj.

Flestum mótum er stíllt þannig upp að þau hafi sem minnst áhrif á almennt spil GA félaga og gesta, ræst út að

morgni dags frá 9 – 13. Nokkur mót eru þó það stór að loka þarf velli á meðan á móti stendur.

Nokkur smærri mót voru haldin í maí og júní. Vanur óvanur, Sumargleðin styrktarmót unglingastarfs, Nettó miðnætur unglingamót, Peng's Open. Arctic Open var haldið 28.-30. júní sérstaklega er fjallað um það hér á eftir.

Akureyrarmótið var á sínum stað um miðjan júlí og var mjög góð þátttaka í ár eða tæplega 200 manns sem tóku þátt í 12 flokkum fullorðinna og 3 flokkum unglinga.

Akureyrarmeistarar voru þau Örvar Samúelsson og Stefanía Kristín Valgeirsdóttir.

Öll úrslit einstakra flokka í Meistaramótinu er að finna www.golf.is

Í júlí voru bæði kvennamót Volare og Herramót Rub23

Viðmiðunarmót LEK var haldið hér helgina 21.-22. júlí og er það í 1. sinn í mörg ár sem viðmiðunar mót er haldið á Akureyri, tókst það með ágætum.

Ágúst mánuður var með hefðbundnu sniði en það er okkar stærsti mótamánuður, þar eru nokkur stórmót sem haldin eru á hverju ári, Verslunarmannahelgarbomban, Hjóna- og parakeppni GA, Lostætis og Hótel Akureyrar, Mitsubishi Open og Bautamótið. Einnig var hér haldin sveitakeppni drengja 15 ára og yngri, þar urðu okkar drengir í 2. sæti

September var með sín föstu mót, firmakeppni og bændaglímu, liðakeppnin AM AM, Greifamótið lokamótið í unglingamótaröð norðurlands og lokamót Norðurlandsmótaraðar meistaraflokkskylfinga. Auk þeirra móta sem eru upp talin í þessari samantekt þá var haldin hér fjöldi fyrirtækjamóta bæði stór og smá.

Holukeppnin var spiluð í allt sumar og eins og fyrri ár var mikil og góð stemming í þeirri keppni.

Vill stjórn GA þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum, sjálfboðaliðum og starfsfólki sem komu að mótahaldinu á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra störf.

Úrslit allra móta GA er að finna á www.golf.is og www.gagolf.is undir fréttir.

Skýrsla Arctic open nefndar

Arctic Open mótið var haldið dagana 28. – 30. júní.

Það er viku seinna en verið hefur mörg undanfarin ár. Sú ákvörðun var tekin sl. vetur að seinka mótinu um eina viku í þeirra von að völlurinn væri kominn í betra ástand. Það gekk ágætlega eftir og skartaði völlurinn sínu fegursta á meðan mótinu stóð og veður var með ágætum.

Að venju hófst undirbúningur strax að loknu mótinu 2011 en aðal vinna við skipulag og sölu á mótið fór fram frá ársbyrjun og fram í maí. Gengið var frá samningum



*Akureyrarmeistarar Örvar
Samúelsson og Stefanía Kristín
Valgeirsdóttir*

við helstu samstarfsaðila en þeir voru Ícelandair og Flugfélag Íslands eins og mörg undanfarin ár. Einnig náðust samningar við Sun Mountain í Bandaríkjunum og gáfu þeir öllum keppendum golffatnað í teiggjöf. Þeir sendu hingað sína fulltrúa til að afhenda gjafirnar og fylgjast með mótinu. Mikill áhugi er hjá forstjóra Sun Mountain að tengjast mótinu til frambúðar og standa vonir til að samningar þar að lútandi verði undirritaðir í vetur. Það verður mjög mikil lyftistöng fyrir mótið gangi það eftir og mun hjálpa mikið við að kynna mótið meðal kylfinga í Bandaríkjunum.

Þátttakendur á mótinu voru 150 þar af 30 útlendingar. Arctic open nefndin er nokkuð sátt við þessa þátttöku en stefnan er sett á 170 – 180 keppendur á næsta ári. Vonandi verða erlendir þátttakendur fleiri þá en mjög mikið er nú spurt um mótið, bæði hér hjá klúbbum og hjá söluaðilum.

Eins og svo oft áður þurfti að leggja nótt við dag síðustu daga fyrir mót til að tryggja að allir hlutir væru í fullkomnu lagi. Fjölmargir GA félagar hjálpuðu til við undirbúning og framkvæmd mótsins og er þeim þakkað kærlega fyrir þá framgöngu. Framkvæmd mótsins tókst í alla staði vel og var klúbbum til mikils sóma.

Á mótinu var efnt til söfnunar til styrktar góðu málefni. Að þessu sinni var ákveðið að styrkja Hetjurnar, félag aðstandenda langveikra barna á Norðurlandi. Söfnuðust sex hundruð tuttugu og sex þúsund krónur meðal þátttakanda á mótinu og fyrirtækja á Akureyri. Þessi fjárflyunarleikur hefur mælst vel fyrir og voru þátttakendur ánægðir með að geta látið gott af sér leiða með þessum hætti. Einnig styrkir hann ímynd golfsins og Golfklúbbsins.

Tekjur af mótinu voru rúmar 3,5 milljónir en gjöld tæpar 2,7 milljónir. Hagnaður af mótinu nam því rúmum 800 þúsund krónum. Inn í gjaldalið er um 700 þúsund króna kostnaður vegna aðflutningsgjalda og virðisaukaskatts af teiggjöfunum frá Sun Mountain. Þetta eru gjöld sem klúbburinn á í raun ekki að greiða þar sem um gjafir frá Sun Mountain er að ræða. Nú er unnið að því að fá þetta leiðrétt og takist það mun það breyta uppgjöri mótsins.

Það er mat Arctic Open nefndarinnar að bjartir tímar séu framundan og að allar aðstæður séu til staðar til að efla mótið á næstu árum. Það er nauðsynlegt að vinna markvisst að kynningu á mótinu, ekki síst erlendis, og nýta þannig þann áhuga sem almennt er á Íslandi meðal erlendra ferðamanna.

Skýrsla unglínganefndar

Frá áramótum voru reglulegar æfingar hjá Óla í golfhöllinni. Krakkarnir voru einnig duglegir að æfa sig sjálf og taka þátt í þáttmótum klúbbsins og suma daga var höllin okkar hin finasta félagsmiðstöð. Einnig voru æfingar í Boganum þar sem hægt var að æfa lengri högg og vipp.

Skipulagsfundur með hinum klúbbum á Norðurlandi var haldinn í febrúar þar sem farið var yfir tilhögun Norðurlandsmótaraðar barna- og unglínga á Norðurlandi.

Þáskamót með þrautum og leikjum var haldið í Boganum, við góðar undirtektir barna, unglínga og foreldra.

Árlegt kaffihlaðborð unglíngaráðs var svo haldið á sumardaginn fyrsta. Í tengslum við kaffihlaðborðið var

einnig haldið golfmót fyrir klúbbfélaga.

Eftir mikla vinnu við ýmsar fjáraflanir hélt svo hópur unglínga ásamt þjálfara og nokkrum foreldrum til Spánar til Costa Ballena, í æfingaferð í apríl.

Þrátt fyrir frekar mikinn kulda miðað við Spán á þessum árstíma tókst þessi ferð í alla staði með ágætum og krakkarnir okkar voru klúbbum okkar til mikils sóma. Þrír af unglíngahópnum sem ekki komust með í þessa ferð fóru nokkrum dögum síðar með GHD á sama stað.

19. maí var svo fyrsta mótið í Arionbankamótaröðinni haldið á Garðavelli á Akranesi. Við fórum í hópferð á þetta mót og krakkarnir stóðu sig gríðarvel og þetta var góð leið til að hrista saman hópinn. Önnur hópferð var farin á Íslandsmótið í högggleik 20. júlí

Völlurinn okkar kom frábærlega undan vetri og var í afar góðu standi í allt sumar og nutu unglíngarnir okkar þess og vörðu miklum tíma á vellinum.

Mörg af okkar krökkum tóku þátt í stórum hluta af mótunum á Arionbankamótaröðinni og stóðu sig afar vel. Má þar nefna að Kristján Benedikt Sveinsson varð í 3. sæti 14 ára og yngri drengja - Evarr Freyr Birgisson varð í 6. sæti 15 – 16 ára drengja og Stefanía Elsa Jónsdóttir varð í 10. sæti 15 – 16 ára stúlkna.

Norðurlandmótaröðin var á sínum stað og krakkarnir okkar stóðu sig einnig mjög vel þar og röðuðu sér í efstu sæti í flestum flokkum.

Við tókum svo þátt í sveitakeppni unglínga og þar stóðu drengirnir okkar sig frábærlega vel. 15 – 18 ára drengir kepptu á Hellishólum og enduðu í 3. sæti eftir harða baráttu og 15 ára og yngri drengir kepptu á vellinum okkar. Þeir spiluðu til úrslita á móti A sveit Keilis en urðu að lúta í lægra haldi fyrir þeim og fengu silfrið. Frábær árangur hjá þessum flottu framtíðarkylfingum okkar. Þess má geta að margir komu til okkar og þökkkuðu fyrir frábært utanumhald á þessu móti sem hefði verið klúbbum okkar til sóma.

Æfingum lauk svo í september og þá héldum við einnig uppskeruhátíð okkar þar sem þjálfari setti upp smákeppni og veitti viðurkenningar til nokkurra sem þóttu skara fram úr eftir þetta ár. Inniafingar hefjast svo í Golfhöllinni og í Boganum í nóvember.

Skýrsla Nýliðanefndar

Nýliðanefnd ásamt stjórn klúbbsins fór í sérstakt átak til að fjölga félögum í klúbbum. Markmiðin eru stór og metnaðarfull. Til að kynna klúbbin / félagstarfið, inniaðstöðuna og námskeiðahald fengum við N4 í lið með okkur ásamt því að bjóða upp á tvo opna daga í inniaðstöðu okkar Golfhöllinni.

Vinur á vin er átak sem nýliðanefnd setti saman og kynnti fyrir stjórn og var það síðan auglýst meðal félaganna og gekk þetta átak í alla staði mjög vel. GA félagar finna einhvern vin, vinnufélaga eða skyldmenni sem ekki



eru í GA og hefur áhuga á að kynna sér golf. GA félaginn tekur svo þennan einstakling í „fóstur“ með því að kynna fyrir honum það sem GA hefur upp á að bjóða, svo sem námskeið, inniaðstöðuna, helstu golfreglur, golfvöllin og að sjálfsögðu spilið með viðkomandi. Í þenna leik okkar skiluðu sér 26 nýliðar. Sérstök verðlaun voru svo veitt fyrir til þeirra GA félaga sem fengu inn nýja félaga í klúbbinn.

Dregið var úr pottinum á opnum félagsfundinum núna 6. okt sl.

Haldin voru 4 nýliða kvöld í byrjum sumars óvanur / vanur.

Í heildina á þessum kvöldum komu um 150 spilarar, sem er frábær mæting.

Í lok sumars stóð nýliðanefndin fyrir móti óvanur / vanur og mættu 40 manns í mótið þar sem allir fengu verðlaun í lok móts

Nýliðanefnd vill þakka öllum vönum kylfingum sem komu og studdu okkur vegna nýliðakvölda.

Skýrsla kvennanefndar

Starf ársins hófst með matarfundi í golfskalanum 2.mars. Á þessum vörfundum er skipað í kvennanefnd starfsársins, nefndina skipa þær Jónasína Arnbjörnsdóttir, María Pétursdóttir, Unnur Guðmundsdóttir, Ellen Guðmundsdóttir og Kolbrún Ólafsdóttir.

Helgina 2.- 3.júní fóru konurnar í sína árlegu vörferð að þessu sinni til Húsavíkur, gístum þar á Fosshótel og spiluðum golf á Katlavelli. Í ferðina fóru 36 konur.

Eins og venjulega vorum við með Vön og óvön á miðvikudögum, 5 skipti í sumar. Fór þátttaka dálítið eftir veðri, en að öllu jöfnu góð. Þetta starf mælist mjög vel fyrir hjá þeim konum sem eru að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni og má segja að sé liður í nýliðastarfi klúbbsins.

Hið árlega Hatta og Pilsamót var svo á sínum stað, spilaðar 9 holur og síðan matur hjá Vídalín. Alltaf mjög góð þátttaka í þessu móti og mikil stemming.

Síðasti viðburður sumarsins var svo súpukvöldið, haldið 30.ágúst, spilaðar 9 holur og á eftir súpa hjá Vídalín.

Viljum við þakka Höllu framkvæmdastjóra og starfsfólki skrifstofu fyrir aðstoðina og Vídalín veitingum fyrir góðar veitingar.

Skýrsla öldunganefndar

Ákveðið var að hafa inni æfingar í vetur einu sinni í viku fyrir þá sem voru með ca. 10 og undir í forgjöf hjá körlum og 24 hjá konum.



Eftir að völlurinn opnaði í vor var ákveðið að halda 6 mót til viðmiðunar í val sveitar. Eftir að búið var að velja í sveitir voru sett upp æfinga mót sem skipulögð voru

af Ólafi Gylfasyni kennara, Birni Axelssyni og Þórunni Haraldsdóttur. Sveitakeppni eldri kylfinga var haldin á Flúðum í ágúst. Karla sveitin sigraði GR í úrslitum og urðu íslandsmeistarar, kvenna sveitin hafnaði í 6 sæti sem dugði til að halda sér í 1. deild að ári.

Sigursveit karlanna skipuðu þeir, Björgvin Þorsteinsson, liðstjóri, Bjarni Ásmundsson Hafberg Svansson, Haraldur Júlíusson, Sigurður H. Ringsted, Viðar Þorsteinsson, Þórhallur Pálsson og Þórir V. Þórisson.

Skýrsla Afreksnefndar

Talsverðar mannabreytingar urðu í afreksnefnd klúbbsins að loknu golftímabilinu 2011. Halla Berglind, Jón Steindór og Örn Viðar hættu öll í nefndinni og í stað þeirra tóku til starfa Finnur Bessi Sigurðsson, Jóhann Heiðar Jónsson og Heimir Árnason. Ingi Torfi Sverrisson hélt áfram í nefndinni. Heimir Árnason hætti svo sökum anna.

Eftir mikla fundarsetu var ákveðið að breyta afreksstefnu klúbbsins. Sumarið 2011 stóð ekki undir væntingum og ljóst að nokkuð hafði fjarað undan afrekshópi klúbbsins og lítill metnaður virtist vera hjá hluta kylfinga. Ákveðið var að setja allt þúður nefndar í það að vinna með ungu kylfingum klúbbsins. Skipta sér lítið sem ekkert af þeim sem misst hafa áhuga og lítið sinnt golfinu undanfarin 2 ár.

Nefndarmenn höfðu tekið eftir gríðarlegum áhuga yngri kylfinga sumarið á undan og var ástundun þeirra og árangur til fyrirmyndar. Með því að sinna þessum hópi betur taldi nefndin að draga mætti úr líkum á brottfalli og auka lýkur á því að kylfingar GA sköruðu framúr á komandi árum. Líklegt þótti að árangur gæti þó látið á sér standa fyrst um sinn en til lengri tíma lítið væri þetta skref í rétta átt. Ljóst var að þessar breytingar fælu í sér aukna ábyrgð golfkennara. Golfkennara var falið að skipa svokallaðan afrekshóp. Afreksnefnd fundaði með kylfingum og sagði þeim frá áherslubreytingum.

Afreksnefnd útbjó markmiðablöð fyrir hópinn sem og greiningu á veikleikum og styrkleikum. Haldinn var fyrirlestur þar sem Bjarni Fritzson fræddi kylfinga um hugarfar afreksíþróttafólks.

Afreksnefnd endurnýjaði samning við Átak um sanngjarnt gjald fyrir árskort kylfinga. Fáir nýttu sér þau kort. Afreksnefnd boðaði til fjáröflunar þar sem kylfingum gafst færi á að vinna sér inn styrk til fatakaupa. Auk þess útvegaði afreksnefnd styrki til kaupanna. Keyptar voru peysur og bolir sem klúbburinn niðurgreiddi að hluta. Afreksnefnd sá um að útvega kylfingum og þjálfara bíl og aðstöðu í sveitakeppni GSÍ í Borgarnesi. Sú keppni gekk ekki vel og féll sveit GA niður í 3. deild. Í kjölfar sveitakeppni var Jón Viðar Þorvaldsson tekinn inni afreksnefnd og ákveðið að hans hlutverk yrði að vera liðsstjóri sumarið 2013 og vinna markvist að því að bæta umgjörð í kringum þessa keppni og annast æfingar sem snúa að holukeppnisfyrirkomulagi. Ákveðið hefur verið að Árni Jónsson golfkennari gangi til liðs við afreksnefnd fyrir komandi átök.



Stofnað 1935

Golfklúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2013

Stjórn starfsárið 2012-2013

Aðalstjórn

Sigmundur Ófeigsson, formaður, eitt ár
Jón Steindór Árnason, varaformaður, fyrra ár
Ingi Torfi Sverrisson, ritari, fyrra ár
Guðlaug M. Óskarsdóttir, gjaldkeri, fyrra ár
Örn Viðar Arnarson, meðstjórnandi, fyrra ár

Varamenn í stjórn

Gunnar Vigfússon, seinna ár
Halla Berglind Arnarsd, fyrra ár

Skýrsla formanns

Góðir félagar, ég býð ykkur öll velkomin hingað að Jaðri á aðalfund GA. 2013

Áður en fundur hefst formlega langar mig að biðja GA félaga að rísa úr sætum og minnast látins félaga okkar Þórunnar Bergsdóttur sem lést 11. maí.

Kæru GA félagar, ég vil byrja á því að þakka samstarfsfólki, stjórn, nefndarmönnum, starfsmönnum sem og öðrum GA félögum gott og árangursríkt samstarf síðastliðið starfsár. Sérstaklega vil ég þakka Höllu Sif framkvæmdastjóra GA fyrir hennar störf fyrir klúbbinn, en hún lætur nú af störfum sem framkvæmdastjóri eftir áralangt farsælt starf fyrir klúbbinn. Mig langar um leið að bjóða nýjan framkvæmdastjóra GA, Ágúst Jensson, velkominn til starfa.

Síðastliðinn vetur 2012-2013 var erfiður með tilliti til veðráttu þar sem miklir umhleyplingar ollu mikilli klakamyndun sem hafði í för með sér mikið kal, sérstaklega á flötum. Þrátt fyrir mikla vinnu og aðgerðir allan veturinn til að kljást við kalíð og reyna að opna jarðveginn kom völlurinn illa kalinn undan vetrinum sem var einn sá lengsti sem elstu menn muna. Vorið lét á sér standa og má segja að varla hafi vorað heldur kom sumarið með látum en þó ekki fyrr en um miðjan júní eða rétt um tveim mánuðum seinna en árið áður. Okkar starfsfólk var í startholunum með vorverkin og má segja að tekist hafi á ótrúlega skömmum tíma að klára vorverk og koma vellinum í leikhæft ástand. Umhirða, umgengni og aðbúnaður vallar var okkur til sóma. Þetta hefði ekki áunnist nema með miklu og óeigingjörnu sjálfbóðaliðastarfi, öflugum fólki í nefndum sem og góðu starfsfólki að ógleymdum jákvæðum GA félögum.

Þessi langi vetur sýndi okkur það svart á hvítu hve mikilvæg inniaðstaða er fyrir okkar félagsmenn. Þegar tíðin er svona erfið og vetur langir eru mikilvægt að hafa aðgang að góðri inniaðstöðu. Á haustmánuðum fór einvala lið sjálfbóðaliða á fullt með að klára inniaðstöðuna okkar í Golfhöllinni og er sú aðstaða nú fullkláruð með tveim

rýmum fyrir kennslu og golfherma. Ég held að við GA félagar getum nú státað okkur af einni bestu inniaðstöðu á landinu. Þar er öll aðstaða hin besta og ætti að vera auðvelt fyrir kylfinga að æfa og bæta golfið í vetur svo næsta vor lækki forgjöfin strax er á völlinn er komið.

Í upphafi síðastliðins starfsárs rann út samningur við golfkennara og tók stjórn GA þá ákvörðun að auglýsa eftir kennara til að sjá hvernig landið lægi. Það er skemmst frá því að segja að enginn íslenskur kennari sóttist eftir starfinu en á annan tug erlendra umsókna barst. Niðurstaða þess ferlis var svo sú að Brian Højgaard Jensen, danskur PGA kennari var ráðinn til starfsins. Um mitt síðastliðið sumar sagði Halla Sif, framkvæmdastjóri GA upp störfum. Stjórn auglýsti eftir nýjum framkvæmdastjóra og bárust margar góðar umsóknir. Niðurstaða þess ferlis var ráðning Ágústs Jenssonar.

Nú er þeim framkvæmdum sem lagt var af stað með árið 2007 á vellinum sjálfum að ljúka. Þeim verður lokað í vor með nýrri flöt á 10. braut og breytingu á brautinni sjálfri. Þessu tengt þarf að breyta teigunum á 11. braut einnig. Er þessum verkefnum lýkur er hringnum á vellinum lokað.

Fjármunir þeir skilgreindir voru til heildarverksins eru uppnir en all mörg verkefni eru þó ekki enn komin í ferli og þar er helst að telja, nýtt æfingasvæði og nýr þar 3 holu æfingavöllur. Samningurinn hefur eðlilega tekið breytingum á tímabilinu enda hrun íslenska efnahagskerfisins haft áhrif á framgang mála þar sem annarstaðar. Nú verður það verkefni nýrrar stjórnar að ganga til samninga við bæjaryfirvöld um framhaldið. En þar verður að finna leið til að koma upp „þar 3“ æfinga og byrjendavelli sem og að klára æfingasvæði með skýli eða básum til að slá í, en þetta eru verkefni sem verða að fá forgang til að auka gæði þeirrar aðstöðu sem byggð hefur verið upp á Jaðri.

GA félagar eru heldur færri nú en í fyrra. Helstu ástæður fækkun félaga eru margar. Nýliðun í klúbbinn var mjög góð á nýliðagjaldi sem boðið var upp á aftur eftir nokkurra ára hlé.

Þátttaka í mótum var mjög góð og gestakoma mikil.

Unglingar okkar voru mjög duglegir að keppa í sumar á mótum GSÍ og unnu marga sigra, getum við verið mjög stolt af þeim. Í skýrslu stjórnar/unglingaráðs má finna upplýsingar um helstu afrek okkar unglinga.

Akureyrarmótið var að vanda hápunktur mótahalds og var mjög góð þátttaka. Akureyrarmeistarar voru þau Örvar Samúelsson og Stefanía Kristín Valgeirsdóttir.

Að lokum vil ég endurtaka þakkir mínar til allra GA félaga sem og starfsmanna klúbbsins.

Takk fyrir

Sigmundur Einar Ófeigsson

Skýrsla Vallarnefndar

Aftur varð vetur konungur okkur erfiður og voru flatirnar mjög illa farnar þetta vorið. En með mikilli vinnu og þolinmæði náðum við að opna inn á sumarflatir þann 22. júní.

Gott veðurfar í júní og seinkun á opnun flata gerði gæfumuninn fyrir endurræktun. Spilað var til 21. október.

Vinnudagur var haldinn 25. maí þar sem mörg verk voru unnin og mæting mjög góð.

Framkvæmdir voru að venju miklar, allt kapp var lagt á að klára 2. flöt fyrir Arctic Open.

Mikil vinna var unnin við tjarnir á 12. og 13. braut. Einnig voru endurnýjaðir teigar á 3,6,10 og 11. Byrjað verður svo á nýrri 10. flöt í vetur og verður hún tyrfd næsta vor.

Ræktun á svæði nýrra brauta 5 og 6 gengur mjög vel og er enn stefnt að taka þessar brautir í notkun 2015. Lagðir voru nýjir stígar í gegnum fyrri níu og norðursvæðið sem gagnast bæði golfurum og almenningi.

Vallarnefnd og vallarstjóri vill þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg fyrir vel unnin störf og vonandi sjáumst við sem flest að ári.

Skýrsla kappleikjanefndar

Eins og fram kemur í skýrslu vallarnefndar þá byrjaði sumarið seint. Fyrsta mót sumarsins var Pengs Open haldið 22. júní eða mánuði seinna en opnunarmót klúbbsins 2012.

Síðasta mót sumarsins var svo haldið sunnudaginn 29. september, þá lokuðum við mótaskránni með Sumargleðinni. Má því segja að mótasumarið 2013 hafi verið fremur stutt en mjög gott. Tekjur af mótum voru 7.2 millj.

Einungis var hægt að halda eitt mót í júní utan Arctic Open vegna þess hversu seint völlurinn var til vegna óhagstæðrar veðráttu.

Akureyrarmótið var haldið 8. – 13. júlí þátttakendur voru 170 keppt var í 13 flokkum fullorðinna og 3 flokkum unglinga. Akureyrarmeistarar voru þau Örvar Samúelsson og Stefanía Kristín Valgeirsdóttir.

Mót í Unglingamótaröð GSÍ var haldið hér í júlí, keppendur voru um 150 allstaðar að af landinu og léku þeir afburðagott golf í blíðskaparveðri.

Í júlí voru bæði haldin kvennamót Volare og Herramót Rub23, mikil og góð stemming er alltaf í báðum þessum mótum.

Ágúst mánuður var með hefðbundnu sniði en það er okkar stæðsti mótamánuður, þar eru nokkur stórmót sem haldin eru á hverju ári, Verslunarmannahelgarbomban,

Hjóna- og parakeppnin vinsæla, VW Open (áður Mitsubishi Open) og Bautamótið. Einnig var haldin hér sveitakeppni eldri kylfinga 1. deild og lenti karlasveitin okkar í 2. sæti en kvennasveitin féll niður í 2. deild.

September var með sín föstu mót, firmakeppni og bændaglímu, liðakeppnin AM AM, Greifamótið loka-mótið í unglingamótaröð norðurlands og Byko Open.

Auk þeirra móta sem eru upp talin í þessari samantekt þá var haldin hér fjöldi fyrirtækjamóta bæði stór og smá.

Holukeppnin var spiluð í allt sumar og eins og fyrri ár var mikil og góð stemming í þeirri keppni. Sigurvegari í ár var Stefán Einar Sigmundsson.



Anna Freyja, Guðrún og Pat á góðri stund



Bændurnir Þórunn og Guðlaug

Reynt er að stilla mótum þannig upp að þau hafi sem minnst áhrif á almennt spil GA félaga og gesta, ræst út að morgni dags, nokkur mót eru þó það stór að loka þarf velli á meðan á móti stendur.

Vill stjórn klúbbsins þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum, sjálfboðaliðum og starfsfólki sem komu að mótahaldi sumarsins á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra störf.

Úrslit allra móta GA er að finna á www.golf.is og www.gagolf.is undir fréttir.

Skýrsla Arctic open nefndar

Arctic Open mótið var haldið dagana 28. – 30. júní.

Að venju hófst undirbúningur strax að loknu mótinu 2012 en aðal vinna við skipulag og sölu á mótið fór fram frá ársbyrjun og fram í maí. Gengið var frá samningum við helstu samstarfsaðila en þeir voru Ícelandair og Flugfélag Íslands eins og mörg undanfarin ár. Einnig náðust samningar við Sun Mountain í Bandaríkjunum um hagstætt verð á golffatnað í teiggjöf.

Þetta er annað árið í röð sem Sun Mountain er samstarfsaðili okkar og væntum við mikils af því samstarfi. Fatnaðurinn frá þeim hefur mælst sérstaklega vel fyrir hjá keppendum og almenn ánægja með samstarfið.

Þátttakendur á mótinu voru 140 þar af um 20 útlendingar. Arctic open nefndin er nokkuð sátt við þessa þátttöku en stefnan er sett á 170 – 180 keppendur á næsta ári. Vonandi verða erlendir þátttakendur fleiri þá en mjög mikið er nú spurt um mótið, bæði hér hjá klúbbum og hjá söluaðilum.

Eins og svo oft áður þurfti að leggja nótt við dag síðustu daga fyrir mót til að tryggja að allir hlutir væru í fullkomnu lagi. Fjölmargir GA félagar hjálpuðu til við undir-

búning og framkvæmd mótsins og er þeim þakkað kærlega fyrir þá framgöngu. Framkvæmd mótsins tókst í alla staði vel og var klúbbum til mikils sóma. Veður var heldur kalt báða keppnisdaga en að venju létu keppendur það ekki á sig fá. Miðnætursólin skartaði sínu fegursta fyrri keppnisdaginn.

Á mótinu var efnt til söfnunar til styrktar góðu málefni. Að þessu sinni var ákveðið að styrkja Barnadeild Sjúkrahússins á Akureyri. Söfnuðumst fimm hundruð og fimmtíu þúsund krónur meðal þátttakanda á mótinu og fyrirtækja á Akureyri. Þessi fjáröflunarleikur hefur mælst vel fyrir og voru þátttakendur ánægðir með að geta látið gott af sér leiða með þessum hætti. Einnig styrkir hann ímynd golfsins og Golfklúbbsins.

Tekjur af mótinu voru tæpar fjórar milljónir en gjöld tæpar 2,6 milljónir. Tekjur jukust um 15% milli ára en gjöldin stóðu í stað. Hagnaður af mótinu nam 1.200 þúsund krónum.

Það er mat Arctic Open nefndarinnar að bjartir tímar séu framundan og að allar aðstæður séu til staðar til að efla mótið á næstu árum. Það er nauðsynlegt að vinna markvisst að kynningu á mótinu, ekki síst erlendis, og nýta þannig þann áhuga sem almennt er á Íslandi meðal erlendra ferðamanna.

Skýrsla unglínganefndar

Í febrúar kom Brian þjálfari til okkar og fljótlega hófust æfingar bæði í Boganum og Höllinni. Börn og unglingar voru dugleg að æfa sig sjálf og taka þátt í þúttmótum klúbbsins fyrstu 2 mánuði ársins og suma daga var höllin okkar hin finasta félagsmiðstöð.

Unglingarnir stóðu fyrir þúttmótaröð sem vel var sótt og einnig héldum við páskapúttmót. Árlegt kaffihlaðborð unglingaráðs var svo haldið á sumardaginn fyrsta.

Í maí var haldið í æfingaferð með unglingahópinn ásamt keppnishópi fullorðinna. Farið var í Borgarnes, gíst þar og spilað auk þess sem flestir tóku þátt í golfmóti á Akranesi.

Helgina eftir æfingaferðina var svo fyrsta mótið í Íslandsbankamótaröðinni haldið í Þorlákshöfn. Við förum í hópferð á þetta mót og krakkarnir stóðu sig gríðarvel og þetta var góð leið til að hrista saman hópinn. Önnur hópferð var farin á Íslandsmótið í höGGLEIK í júlí.

Mörg af okkar krökkum tóku þátt í stórum hluta af mótunum í Íslandsbankamótaröðinni og stóðu sig afar vel. Má þar nefna að Tumi Hrafn Kúld varð í 7. sæti 15-16 ára kk - Ævarr Freyr Birgisson varð í 9. sæti 17-18 ára kk og Stefanía Elsa Jónsdóttir varð í 10. sæti 17-18 ára kvk.

Nokkrir krakkar voru dugleg að sækja áskorendamótaröðina og þar má nefna að Lárus Ingi Antonsson og Andrea Ýr Ásmundsdóttir urðu bæði í 3ja sæti í flokki 14 ára og yngri.

Norðurlandsmótaröðin var á sínum stað og krakkarnir okkar stóðu sig einnig mjög vel þar og röðuðu sér í efstu sæti í mörgum flokkum.

Við tókum svo þátt í sveitakeppni unglinga og þar stóðu drengirnir okkar sig með ágætum. 15 – 18 ára drengir kepptu á Hellu og enduðu í 6. sæti eftir harða baráttu og 15 ára og yngri drengir kepptu á Hellishólum. Sveit 1 lenti í 10. sæti og sveit 2 í 18. sæti. Veðrið á sunn-



anlandinu var vægast sagt skelfilegt hávaðarok og úrhellisrigning og við komum með allt blautt heim.

Ævarr Freyr Birgisson og Tumi Hrafn Kúld tóku þátt í sigursveit fullorðinna sem keppti í 3. deild á Neskaupsstað.

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Silfurnesvelli, Golfklúbbs Hornafjarðar. Í mótinu voru tveir kylfingar frá Golfklúbb Akureyrar, en það voru þeir Fannar Már Jóhannsson og Aðalsteinn Leifsson, og kepptu þeir í flokki 14-15 ára. Aðalsteinn varð í 2. sæti og Fannar í 3. sæti.

Útiæfingum lauk svo í október og inniæfingar tóku fljótt við. 20. október hélt unglingaráð ásamt Brian kynningarfund á vetrarstarfinu. Mikil og góð mæting var á þann fund.

Í sumar hafa verið rétt um 100 börn og unglingar 18 ára og yngri að æfa. Þátttaka í Golfskóla GA var mjög góð, þar héldum við 3 námskeið.

Uppskeruhátíð unglinga var svo haldin 22. nóvember. Þar voru veittar viðurkenningar fyrir góða ástundun, framfarir og árangur sumarsins. Mikil gleði ríkti meðal unglinganna í hinum ýmsu keppnum og þrautum sem kennari og unglingaráð settu upp. Var svo öllum boðið í pizzuveislu.

Skýrsla Nýliðanefndar

Markmið nýliðanefndar eru aðallega tvö, taka á móti nýjum félagsmönnum og stuðla að fjölgun félagsmanna 18 ára og eldri.

Fjölgun félagsmanna er samvinna á milli stjórnar GA, þjálfara, nýliðanefndar og allra kylfinga GA. Vetrarstarfið var með rólegasta móti síðastliðinn vetur vegna framkvæmda í golfhöllinni og þjálfara skipta. Öll aðstaðan í golfhöllinni er nú orðin mjög góð og mun það verða mikil lyftistöng fyrir allt nýliðastarf. Nokkur nýliðanámskeið voru á síðasta starfsári, var þátttaka í þeim góð.

Reynt var að höfða til félagsmanna GA með átakanu vinur á vin.

Eitt af markmiðum nýliðanefndar er á taka á móti nýliðum sem eru að stíga sín fyrstu skref í golfi, það er gert með reglunámskeiði á vorin og nýliðakvöldum þar sem vanir kylfingar spila með óvönum kylfingum. Með þessu fyrirkomulagi ná nýliðar að kynna golfþróttinni og öðrum kylfingum betur og hraðar. Það á að vera markmið allra kylfinga í GA að stuðla að fjölgun félagsmanna og sýna nýjum kylfingum þolinmæði og stuðning. Sameiginlegt markmið okkar allra er að nýliðar upplifi þá tilfinningu að þeir séu velkomnir í GA. Nauðsynlegt er

að útbúa svæði innan vallar þar sem nýliðar geta spilað 6-9 (stuttar) holur. Meðan það svæði er ekki til þá er oft erfitt að fá óvana fullorðna einstaklinga til að ganga í klúbbinn.

Nýliðakvöld voru 4 á þessu ári en byrjuðu óvenju seint. 25. júní var fyrsta kvöldið og 23. júlí var síðasta kvöldið. Mæting var yfirleitt ágæt en samtals 28 óvanir mættu á þessi 4 mót. Sumir mættu einu sinni en aðrir oft. Vanir spilarar voru líka duglegir að mæta og þökkum við þeim kærlega fyrir. Samtals tóku um 50 manns þátt í þessum nýliðakvöldum og spiluðu 90 hringi.

10. september var svo loka nýliðamótið og mættu samtals 36 einstaklingar – vanir og óvanir. Spilaðar voru 9 holur og fengu allir viðurkenningar fyrir þátttökuna.

Fjöldi fyrirtækja gaf okkur gjafir í þessu skyni og þökkum við kærlega fyrir það.

Dregið var úr félagaleiknum „Vinur á Vin“

Á árinu hefur verið í gangi átakið «vinur á vin» sem hófst í fyrra. Það felst í því að allir félagar sem hafa boðið vini að ganga í klúbbinn fóru í pott sem dregið var úr í lok mótsins.

- 25.000 kr. afslátt af árgjaldi 2013 hlaut Jón Viðar Þorvaldsson
- Miða á Arctic Open 2013 hlutu þau Kristjana Skúladóttir og Ægir Jóhannsson
- Þátttökugjald í Akureyarmót árið 2013 hlutu þeir Eiður Stefánsson og Ólafur Ágústsson

Nýliðanefndin þakkar GA félögum, stjórn GA og starfsfólk GA fyrir samvinnuna.

Skýrsla kvennanefndar

Kvennanefnd boðaði til vorfundar að Jaðri þann 1. mars. og var góð mæting að vanda. Ný kvennanefnd tók til starfa. Á vorfundi eru línur lagðar fyrir sumarið, - ákveðið var að spila 9 holu golf. 5 sinnum á miðvikudagskvöldum og taka þá með óvanar konur, þessir tímar voru vel sóttir.

Vorferðin okkar var að þessu sinni farin til Stykkishólms, 18 konur lögðu af stað að morgni föstud. 31. maí og aftur heim síðdegis á sunnudag.

Hótel og matur var með ágætum og völlurinn skemmtilegur sem er reyndar aðeins 9 holur. Veðrið var nokkuð gott en náttúrufegurð þess meiri.

Árlegt Hatta-og-pilsamót var svo haldið 2. ágúst mjög góð þátttaka að vanda og í alla staði hið skemmtilegasta.

Súpukvöldið var svo 12. sept. þar sem spilaðar eru 9 holur er þetta lokin á sumarstarfi kvennanna. Þetta er svona það helsta á þessu stutta en frábæra sumri.

Nefndin þakkar framkvæmdastjóra svo og öllu starfsfólki Golfklúbbsins og Víðalín veitingum fyrir veitta aðstoð.

Skýrsla öldunganefndar

Starf eldri kyflinga var með hefðbundnu sniði, það er að undirbúa þátttöku í sveitakeppni. Í ár var keppnin hér á heimavelli. Karlasveitin stóð sig vel og hafnaði í 2. sæti en kvennasveitin féll niður í 2.deild.

Karlasveitina skipuðu þeir, Birgir Ingvason, Björgvin Þorsteinsson, Hafberg Svansson, Haraldur Júlíusson,

Sigurður H. Ringsted, Viðar Þorsteinsson, Vigfús Ingi Hauksson og Þórhallur Pálsson. Liðstjóri Björn Axelsson.

Kvennasveitina skipuðu Aðalheiður Guðmundsdóttir, Anna Freyja Edvardsdóttir, Guðný Óskarsdóttir, Halla Sif Svavarsdóttir, Jakobína Reynisdóttir og Þórunn Anna Haraldsdóttir liðstjóri.

Skýrsla afreksnefndar

Afreksnefndin kom saman á haustmánuðum þar sem farið var yfir sumarið og það sem betur mætti fara. Ákveðið var að leggja þyrfti meira þúður í sveitakeppni og alla umgjörð tengda henni. Úr því var ákveðið að Jón Viðar Þorvaldsson myndi annast sveitakeppni klúbbsins sumarið 2013. Setja upp kerfi hvað liðsval varðar og sameiginlegt spil. Áfram var rætt að leggja mesta áherslu á það að vinna með ungu kyflingana og hvernig fjölga mætti stúlkum í klúbbnum.

Golfklúbburinn gerði samning við Friðrik Gunnarsson þar sem hann mun sinna kennslu samhliða PGA kennaranámi og var nefndin afar ánægð með þann gjörning og metur það sem afar jákvætt skref í afreks og uppbyggingarstarfi.

Afreksnefnd skipulagði sem áður tvær fjáraflanir þar sem farið var í vörutalningu í Bónus. Gekk vel að manna það verk. Formaður afreksnefndar tók þátt í úrvinnslu umsókna golfkennara og að lokum ráðningu. Brian Jensen var ráðinn til starfsins. Við komu golfkennara átta hluti afreksnefndar fundi með golfkennara og farið var yfir áherslur og komandi tímabil. Á vordögum var farið í æfingaferð í Borgarnes þar sem þátttaka var góð. Unglingaráð og kennari gerðu vel í skipulagningu ferðarinnar. Völlurinn kom illa undan vetri og setti það mark sitt á æfingar og þjálfun fyrstu vikunnar. Kennsla var með hefðbundnum hætti og sáu Brian Jensson og Friðrik Gunnarsson aðstoðarkennari um hana.

Karlasveit klúbbsins stóð sig vel og hafði sigur í 3. deild sem fram fór á Norðfirði. Kvennasveit klúbbsins var hársbreidd frá því að fara upp um deild en endaði sveitin í 3. sæti.

Á haustmánuðum var haldinn fyrirlestur þar sem golfkennari kynnti vetrarstarfið 2013-2014 sem og framtíðarsýn. Mjög góð mæting var á kynninguna.

Nefndin vill lýsa mikilli ánægju við þá uppbyggingu á allri aðstöðu sem hefur átt sér stað innan klúbbsins og þá sérstaklega inniaðstöðunni við Skólastíg og teljum við að hún sé lykillinn að bjartri framtíð klúbbsins. Kaup á trackman og uppfærsla á hermi eru einnig lykilatriði í frekari þróun afrekskyflinga. Nefndin bindur einnig miklar vonir við að framtíðarskipulag æfingasvæðis að Jaðri gangi eftir og mögulegt verði að byggja upp lokaða bása.





Stofnað 1995

KKA akstursíþróttafélag Ársskýrsla 2012

Árið 2012 var stjórn félagsins skipuð með eftirfarandi hætti:

Þorsteinn Hjaltason, formaður.
Guðmundur Hannesson
Gunnar Hákonarson
Stefán Þór Jónsson,
Sigurður Sigþórsson
Fjalar Úlfarsson
Varamenn
Sigurður Bjarnason
Unnar Helgason



Félagsheimili KKA

Mikil vinna fer fram í nefndum og ráðum félagsins, sem eru margar.

Vetraríþróttahátíðin Eljagangur var haldin í febrúar og sá KKA um nokkra viðburði á hátíðinni. Föstudaginn 10. febrúar hélt KKA snjósleðaspyrnu í Hlíðarfjalli og var flugeldasýning í boði KKA og EY-LÍV að henni lokinni. Daginn eftir hélt svo KKA íslandsmeistaramót í íscrossi á Leirutjörn. Að venju hafði KKA borið bréf í öll hús í innbænum til að segja frá þessum viðburði og vara við hávaða á þessum tíma.

Peningafundur KKA eða framhaldsaðalfundur var svo haldinn 3. mars. Þar var fjallað um fjármál félagsins útkomu 2011 og svo áætlanir fyrir 2012. Ætíð hefur þess verið gætt að halda fjárhagsstöðu félagsins sterkri þ.e. eyða ekki um efni fram og stofna ekki til skulda. Staðan var kynnt félagsmönnum og var hún í þessum skilningi sterk að vanda. Félagið hefur eignast töluvert af eignum í gegnum árin og þarf því að gæta enn meiri varúðar í rekstrin-



Bjarki Sigurðsson

um því það getur verið dýrt að reka eignir og félagið þarf ætíð að eiga haldbært fé til að mæta óvæntum kostnaði. Félagið hefur tekjur af mótahaldi, auglýsingasölu, sölu á kortum í brautir félagsins og félagsgjöldum. Akureyrarbær gerði rekstrarsamning við félagið og fær félagið fé frá bænum skv. honum. Samherji styrkti KKA aftur á þessu ári og skiptir styrkurinn félagið verulega máli. Tekjurnar gera félaginu kleift að halda úti góðri þjónustu fyrir félagsmenn og halda við motocrosssvæðinu, endursvæðinu, tækjum og byggingum.

Vorið var kalt og snjór var lengi að fara svo svæðið kom seint undan snjó. Almennur félagsfundur var haldinn 16. maí þar sem farið var yfir sumarstarfið og fyrirkomulagið á KKA svæðinu.

Í byrjun júní lét KKA gamlan draum rætast og keypti sexhjól til að létta vinnu við undirbúning keppna og ýmis- konar viðhald í brautum félagsins. Hjólið kom sér vel við undirbúning 3. og 4. umferðar Íslandsmótsins í enduro sem KKA hélt á endurosvæði sínu 16. júní. Fjölmarginir keppendur voru skráðir til leiks að venju, veðrið var frá-



Ungdómurinn æfir sig



KKA svæðið



Einar Sigurðsson

bært og mótið tókst með miklum ágætum í endurolandi félagsins í Torfdal. Þann 11. ágúst hélt KKA Íslandsmót í motocrossi í blíðskaparveðri og tókst mótið gríðarlega vel í alla staði enda er braut KKA orðin á heimsmælikvarða. Keppendur KKA stóðu sig vel á mótum ársins sem voru fjölmörg bæði á Akureyri og annars staðar á landinu.

Aðalfundur KKA var haldinn í október. Bjarki Sigurðsson var kjörinn íþróttamaður KKA. Þetta er í

fjórða sinn sem Bjarki fær titilinn, en áður hefur hann haft hann 2008, 2009 og 2010. Bjarki náði frábærum árangri á árinu þrátt fyrir að hann gat ekki verið með í síðustu umferðum Íslandsmóta í enduro og motocrossi vegna meiðsla.

Akureyri 1. mars 2014

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA



Stofnað 1995

KKA akstursíþróttafélag Ársskýrsla 2013

Árið 2013 var stjórn félagsins skipuð með eftirfarandi hætti:

Þorsteinn Hjaltason, formaður.
Guðmundur Hannesson
Jóhann Hansen
Sigurður Rúnar Sigþórsson
Fjalar Úlfarsson
Baldvin Þór Gunnarsson
Gunnar Valur Eypórsson
Sigurður Bjarnason



Dvergarnir sjö

Mikil vinna fer fram í nefndum og ráðum félagsins, sem eru margar.

Vetrariþróttahátíðin Éljagangur var haldin í febrúar og sá KKA um nokkra viðburði á hátíðinni að venju eins og t.d. íslandsmót í íscrossi og ýmsa viðburði á snjósleðum.

Þann 22. febrúar sótti KKA um að Akureyrarbær úthlutaði félaginu varanlega landi undir endurostarfssemi félagsins. KKA hafði verið úthlutað til bráðabirgða landi til 2015. Þann 15. maí samþykkti skipulagsnefnd að mæla með að KKA yrði veitt land til umráða upp að fjallskilagirðingu, þ.e. landið sem félagið hefur nú til bráðabirgða, en félagið hafði sótt um land upp að gamla Hlíðarfjallsveginum. Málið er því komið í skipulagsferli þ.e. gera þarf breytingar á skipulagi bæjarins til að koma þessu endanlega í gegn, sem getur tekið langan tíma.

Á peningafundi KKA eða framhaldsaðalfundi var að venju fjallað um fjármál félagsins, afkomu á síðasta ári og áætlanir fyrir það næsta. Samherji styrkti KKA aftur á þessu ári. Styrkurinn skiptir félagið verulega máli og hjálpar því við að veita þjónustu á svæðinu, heimamönnum sem og fjölmörgum ferðamönnum til ómældrar skemmtunar.

Félagið stóð fyrir fjölskyldudegi í Víkurskarði þann 30. mars þar sem fjölmargir komu saman og skemmtu sér á snjósleðum, snjóþotum, skíðum og fjölmörgu öðru sem rennur og gæddu sér á kaffi, kakó og köldum kóttelettum.

Undanfarin ár hefur svæðið komið seint undan snjó en

2013 voru öll gömul met slegin í því sambandi. Ekki var hægt að halda Enduromótið í júní vegna snjóá og bleytu og var ákveðið að fresta því fram í september. Almennur félagsfundur var haldinn í maí þar sem farið var yfir sumarstarfið og fyrirkomulagið á KKA svæðinu.

Formaður KKA hélt fyrirlestur þann 4. júní á formannafundi ÍBA um bætur til tjónþola vegna íþróttaslysa.



Ekki allir gamlir



Árleg áramótaferð

KKA keypti hús og kom því fyrir við púkabraut sína. Bætir þetta mjög aðstöðuna, sérlega eru foreldrar ánægðir með skjólið á köldum æfingakvöldum. Þó engum sé kalt á motocrosshjóli þá hefur foreldrum oft kólnað verulega en þeir eru með börnum sínum á æfingum tilbúnir að hjálpa þeim og hvetja. Margir mættu á ungdómskvöld KKA þann 30. júlí. Farið var yfir æfingar sumarsins og fleira skemmtilegt. Gosið var sopið og pylsum gerð góð skil og sýndi ungdómurinn góða takta í motocrossbrautum félagsins foreldrum til skemmtunar.

Þann 10. ágúst hélt KKA Íslandsmót í motocrossi í blíðskaparveðri og tókst mótið gríðarlega vel í alla



Sexhjóla KKA



staði enda er braut KKA orðin á heimsmælikvarða. KKA sá um síðustu umferðir Íslandsmótsins í þolakstri (enduro) þann 14. september. Fjölmargir keppendur voru skráðir til leiks að venju, veðrið var frábært og mótið tókst með miklum ágætum í endurolandi félagsins í Torfdal. Keppendur KKA stóðu sig vel á mótum ársins sem voru fjölmörg bæði á Akureyri og annars staðar á landinu.

Aðalfundur KKA var haldinn í október. Einar Sigurðsson var kjörinn íþróttamaður KKA 2013 en Einar náði frábærum árangri á árinu.

Akureyri 1. mars 2014

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA



Stofnað 2005

Hamrarnir Ársskýrsla 2012

Starfsskýrsla fyrir árið 2012

Á aðalfundi félagsins var stjórn félagsins kosin og var hún skipuð eftirfarandi:

Þorgeir Rúnar Finnsson – formaður
Stefán Guðnason – varaformaður
Gunnar Þórir Björnsson – gjaldkeri
Arnór Sigmarsson – meðstjórnandi
Sindri Kristjánsson – meðstjórnandi

Starfsemi félagsins var fremur lítil árið 2012. Félagið sendi lið til þátttöku í Utandeild HSÍ í handknattleik vet-

urinn 2011-2012 en í upphafi árs 2012 dróg liðið sig úr keppni vegna manneklu, æfingatímaleysis og áhugaleysis andstæðinga á því að mæta norður í leiki. Var þetta leiðinlegt, sérstaklega í ljósi þess að liðið átti titil að verja. Sökum þessa var ákveðið að sleppa því að skrá lið í keppni veturinn 2012-2013.

Félagið sendi lið til þátttöku í bikarkeppni KSÍ í knattspyrnu vorið 2012 en féll úr leik í forkeppni eftir 0-1 tap gegn Kormáki. Þá tók liðið þátt í Utandeild KDN um sumarið og gekk ágætlega, en liðið stóð uppi sem bikarmeistari og hafnaði í 5. sæti deildarkeppninnar.



Lið Hamranna eftir leik liðsins gegn Kormáki í bikarkeppni KSÍ 1. maí 2012



Stofnað 2005

Hamrarnir Ársskýrsla 2013

Starfsskýrsla fyrir árið 2013

Á aðalfundi félagsins var stjórn félagsins kosin og var hún skipuð eftirfarandi:

Þorgeir Rúnar Finnsson – formaður
Stefán Guðnason – varaformaður
Gunnar Þórir Björnsson – gjaldkeri
Arnór Sigmarsson – meðstjórnandi
Sindri Kristjánsson – meðstjórnandi

Eftir litla starfsemi á árinu 2012 má segja að Hamrarnir hafi gengið í gegnum endurnýjum lífdaga á árinu 2013. Kom það einna helst til með stofnun formlegrar handknattleiksdeildar innan félagsins sem hefur hleypt miklu lífi í starfsemina. Stjórn handknattleiksdeildarinnar, sem stofnuð var á haustdögum, er skipuð eftirfarandi:

Hjalti Þór Hreinsson – formaður
Siguróli Sigurðsson – framkvæmdastjóri
Guðmundur Freyr Hermannsson – gjaldkeri
Valdimar Þengilsson – meðstjórnandi
Þorsteinn Gunnar Jónsson – meðstjórnandi

Félagið sendi lið til þátttöku í 1. deild karla í handknattleik veturinn 2013-2014. Þrátt fyrir brösugt gengi hefur liðið sýnt góða takta og vakið mikla athygli. Til að mynda má geta þess að á leik Hamranna og KR þann 7. desember mættu tæplega 500 manns og iðulega mæta á bilinu 200-300 manns á heimaleiki liðsins.

Félagið sendi lið til þátttöku í bikarkeppni KSÍ vorið 2013 en féll úr keppni eftir 0-6 tap gegn Dalvík/Reyni.



Heiðar Þór Aðalsteinsson, íþróttamaður Hamranna 2013,
í leik með liðinu.

Á árshátíð félagsins sem haldin var þann 28. desember var Heiðar Þór Aðalsteinsson, handknattleiksmaður, valinn íþróttamaður Hamranna 2013.



Stofnað 1928

Knattspyrnufélag Akureyrar ***Ársskýrsla 2012-2013***

Á aðalfundi 27. mars 2012 var Hrefna G. Torfadóttir endurkjörin formaður KA en auk hennar voru kjörin í stjórn:

Sigurbjörn Sveinsson sem varð varaformaður
Sigriður Jóhannsdóttir sem varð gjaldkeri
Sigurður Kjartan Harðarson sem varð ritari
Þorbjörn Guðrúnarson sem varð meðstjórnandi
Þá var varamaður kjörin Ragnheiður Júlíusdóttir

Auk kjörinna stjórnarmanna áttu sæti í stjórn KA, sem formenn deilda:

Gunnar Garðarsson, fyrir blakdeild
Erlingur Kristjánsson, fyrir handknattleiksdeild
Jón Óðinn Waage, fyrir júdódeild fram til vors
Gunnar Nielsson, fyrir knattspyrnudeild
Snæfríð Egilsson fyrir tennis- og badmintondeild
(Guðmundur Haukur Sigurðarson tók síðan við formennsku þar í nóvember).

Aðalstjórn hélt 14 bókaða fundi á starfsárinu með hefðbundnu hléi í júní og júlí.

Auk þess voru aukafundir sem ekki eru inni í þessari tölu.

Í janúar 2012 var að venju haldið upp á afmæli félagsins, sem þá varð 84ra ára.

Mikið fjölmenni var í veislunni og margt til gamans gert. Annálar voru fluttir, minnst var látinna félaga, ávörp flutt, úthlutað úr Jakobssjóði, landsliðsfólki og íþróttamönnum deildanna veittar viðurkenningar. Íþróttamenn deilda árið 2011 voru þessi:

Frá blakdeild: Filip Pawel Szewczyk

Frá handknattleiksdeild: Martha Hermannsdóttir

Frá júdódeild: Helga Hansdóttir

Frá knattspyrnudeild: Haukur Heiðar Hauksson

Síðan val kjöri Íþróttamanns KA 2011 lýst og hlaut Helga Hansdóttir þann heiður.

Í lok samkomunnar var gestum boðið upp á veisluhlaðborð, sem gerð voru góð skil.

Konukvöld KA var haldið í ársbyrjun 2012 og karla- og kvöld skömmu síðar.

Báðir þessir viðburðir voru fjölsóttir og tókust með afbrigðum vel.

Sumarið 2012 var leikjaskóli KA starfræktur eins og undanfarin ár. Hann var með sama sniði og áður, einungis var boðið upp á skólann hálfan daginn. Umsjónarmaður hans var Jón Óðinn Waage og tókst skólastarfið tókst mjög vel undir hans dyggu umsjón.

Haldið var áfram þeirri hefð sem skapaðist haustið



2010 að halda tvisvar á ári fundi með stjórnnum, ráðum og þjálfurum deilda.

Fundir þessir eru bæði skemmtilegir og nauðsynlegir og eru vel sóttir. Formenn deilda og ráða segja frá starfi deilda-anna og fundarmenn ræða einnig saman um ýmis málefni félagsins.

Þá er alltaf boðið upp á eitthvað gott í gogginn t.d. grill eða súpu.

Eldri iðkendur júdódeilda ákváðu á aðalfundi júdódeilda í mars 2012 að stofna nýtt júdófélag undir merkjum Draupnis en þeir töldu sínum hag betur borgið í sérstöku félagi, bæði hvað varðar mannafla til sjálfbodastarfa og til fjáraflana og einnig töldu þeir aðstöðu í íþróttahúsi KA ófullnægjandi.

Boðað var til félagsfundar þann 30. 2012 um málefni júdódeilda, þar sem stjórn KA og forsvarsmenn júdódeilda reifuðu málið og skýrðu þessa ákvörðun fyrir félagsmönnum.

Aðalstjórn þakkar Jóni Óðni Waage fyrir frábært starf fyrir júdódeild KA og óskar honum og öðrum júdó-iðkendum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Júdódeild Draupnis fékk æfingaaðstöðu í íþróttahúsi KA á haustmánuðum 2012 en fékk svo aðstöðu í Íþróttahöllinni. Þegar dýnur og fjaðragólf voru tekin af gólfi júdósalarins komu í ljós talsverðar skemmdir á gólfi og veggjum. Fasteignir Akureyrar létu fara fram viðgerð á gólfi og veggjum og í janúar 2013 verður hægt að halda áfram annarri þeirri starfsemi sem þar var áður fyrir, þ.e. á vegum Lundarskóla, Lundarsels, dansdeilda Akurs ofl..

Ungmennaráð það er stofnað var 2011 hefur sannað mikilvægi sitt þó rólega hafi gengið að finna rými fyrir starfsemi þess í KA heimilinu. Nú er mikið líf í sal ráðsins, þar sem er borðtennisborð, billiardborð, pílukast ofl. og þá er þar sjónvarpsskjár þar sem leikir eru sýndir.

Á aðalfundi í apríl 2012 var ákveðið að stofna nýja deild innan KA, tennis- og badmintondeild með því að Tennis- og badmintonfélag Akureyrar rynni inn í þá deild.

Vegna óhagstæðra veðurskilyrða myndaðist mikill klaki og kalhætta á knattspyrnuvöllum vorið 2012 þannig að

grípa þurfti til þess að fá vinnuvélar í snjósmokstur og til að rífa upp klakann.

Þá var allt svæðið sandað og vatni dælt af Akureyrarvelli með haugsugu.

Þrátt fyrir og sennilega vegna þessa komu knattspyrnuvelli félagsins nokkuð vel undan vetri en ljóst var að svæðið þoldi samt illa það mikla álag sem á því er. Því var það mikið gleðiefni þegar skrifað var loks undir uppbyggingarsamning um KA svæðið þann 9. nóvember 2012 en í þeim samningi er kveðið á um gervigrasvöll á KA-svæðinu, sem framkvæmdir munu hefjast við í janúar 2013 og verða tilbúinn sama sumar. Lagning þessa vallar markar tímamót í sögu félagsins. Hann verður mikil lyftistöng fyrir félagið og mun gjörbreyta allri aðstöðu þess til knattspyrnuíðkunnar.

700 sæti voru sett í stúku Akureyrarvallar vorið 2012 til að uppfylla kröfur leyfiskerfis KSÍ um bæði 1. deild og efstu deild karla í knattspyrnu. Þá var þekulagður blettur sunnan vallarins. Verk þessi voru unnið af sjálfboðaliðum KA og eiga þeir miklar þakkir skyldar.

Í október 2012 var að venju opið hús í KA heimilinu. Deildir rukkuðu inn æfingagjöld og skráðu nýja iðkendur, krakkar fengu að leika sér að vild niðri í íþróttasal undir dyggri handleiðslu Einvarðs Jóhannssonar, þjálfara og íþróttakennara, og aðstoðarfólks hans.

Í sal KA heimilis var boðið upp á mjólkurgraut, slátur, soðibrauð, kaffi og kleinur.

Fjöldi manns sótti þetta opna hús og gerði því góð skil sem á boðstólum var.

Enn sem áður veitti Samherji veglega styrki til unglingastarfs og svæðinu og kom rausnarlegur skerfur í hlut KA.

KA færir forsvarsmönnum Samherja miklar þakkir fyrir höfðingsskapinn.

Með þessum styrkjum er hægt að halda æfingakostnaði unglinga í lágmarki og hafa þeir því gríðarlegt samfélagslegt gildi.

Félags- og tómstundastarf innan KA skiptir gríðarlega miklu máli og hefur markvisst verið unnið að því að efla það og styrkja. Að því hafa ýmsir komið, sem og að hinu almenna starfi deilda og ráða. Mest allt er það unnið í sjálfboðavinnu og af stakri ósérhlífni. Því góða fólki, sem og öllu starfsfólki félagsins, flytur aðalstjórn KA miklar þakkir. Án ykkar væri starfið óvinnandi.

Skýrslur hverrar deildar KA fylgja hér með og er starf þeirra því ekki sérstaklega tíundað hér.

*Fyrir hönd aðalstjórnar KA
Sigurður K. Harðarson, ritari.*

Ársskýrsla blakdeildar KA 2012-2013

Starfsemi blakdeildar var með hefðbundnu sniði þetta tímabil

Fyrir tímabilið 2012 til 2013 var farið að stað með afar ung lið og þá sér í lagi hjá m.fl. kvenna en uppistaðan var úr 2. og 3. flokki.

Þá var karlaliðið að uppistöðu leikmenn í 3. flokks en þeir nutu þess umfram konurnar að hafa tvo góða og öflugan eldri spilara.

Þjálfarar voru þeir Pjotr Kempisty og Filip Pawel Szewczyk.

Rekstur deildarinnar var þungur þó hann væri réttu megin við núllið og lögðu sumir félagsmenn hennar á sig talsverða vinnu við fjóröflun s.s. sölustörf og vörutalningar fyrir verslanir.

Þá skipti rausnarlegt framlag Samherja verulegu máli fyrir yngri flokkastarf deildarinnar.

Þennan vetur urður karlarnir í fjórða sæti í deildinni, öðru sæti til Íslandmeistaratitils en vörðu bikarmeistartitil sinn. Filip Szewczyk var kosinn uppspilari ársins auk þess að vera valinn besti leikmaður tímabilsins. Piotr Kempisty var stigahæsti leikmaður Íslandsmótsins.

KA átti þrjá leikmenn í A-landsliði Íslands, níu leikmenn í undir 17 ára og átta leikmenn í undir 19 ára landsliðum Íslands.

Kvinnalið félagsins sem var skipað afar ungum leikmönnum eins og áður segir, náði sér ekki á strik og hafnaði í neðsta sæti í deildinni og komst ekki bikarúrslit.

Íþróttamaður blakdeildar KA fyrir árið 2011 var tilnefndur Filip Pawel Szewczyk en tilkynnt var formlega um kjörið á afmælishátíð KA í janúar 2012.

Formaður blakdeildar er Gunnar Garðarsson

*Gunnar Garðarsson
Formaður.*

Ársskýrsla Handknattleiksdeildar KA 2012-2013

Innan handknattleiksdeildar eru starfandi 2 ráð eins og áður, þ.e. kvennaráð sem rekur meistaraflokk kvenna og 3.fl.kvenna og síðan er Unglingaráð sem sér um aðra yngri flokka, bæði stráka og stelpna. Allir kvennaflokkarnir í handbolta keppa undir merkjum KA og Þórs.

Í stjórn Kvennaráðs eru Árni Grétar Árnason, Erlingur Kristjánsson, Jóhannes Bjarnason. Stjórnin hélt um 20 bókaða fundi á árinu og voru þeir vikulega á tímabili þegar keppnistímabil er að hefjast en lítið fundað yfir hásumarið.

Guðlaugur Arnarsson þjálfaði lið meistaraflokks kvenna tímabilið 2011-2012 og varð liðið í 7.sæti í N1 deildinni og rétt missti af sæti í úrslitakeppninni. Við settum okkur háleit markmið fyrir liðið á þessum vetri þar sem við fengum tvær rúmenskar stúlkur til að leika með okkur og réðum Jóhannes Bjarnason sem þjálfara en hættum á síðustu stundu við að senda liðið í efstu deild og sendum útlendingana heima. Ástæða þessa voru meiðsli og barneignir lykilleikmanna.

Þegar þetta var ljóst hætti Jóhannes að þjálfliðið og Katrín Vilhjálmisdóttir tók við þjálfuninni.

Liðið hefur tekið þátt í 2.deild og hefur gengið vel, og þegar þetta er ritað hefur það tryggt sér sigur í deildinni en tapað úrslitaleiknum í úrslitakeppninni.

Starf stjórnar Unglingaráðs Handknattleiksdeildar hefur verið með hefðbundnu sniði, í stjórn unglingaráðs



voru Jón Árelíus Þorvaldsson formaður, Sigríður Jóhannsdóttir gjaldkeri, Halldór Karlsson ritari, Hannes Pétursson, Sigurður Baldursson, og Sigurður Tryggvason. Haustið 2013 bættust svo í unglingaráðið þau Viggó Maríasson, Heimir Haraldsson, Anna Hildur Guðmundsdóttir og Áslaug Magnúsdóttir.

Fundir hafa verið haldnir nokkuð reglulega í vetur á um þriggja vikna fresti. Í byrjun hausts voru haldnir fundir með foreldrum yngstu flokkanna og farið yfir verkefni vetrarins og sent út fréttabréf með dagskrá vetrarins og helstu upplýsingum.

Gengið var frá ráðningu þjálfara fyrir haustið og komu inn nokkrir nýir þjálfara þar sem nokkrir af okkar reyndustu þjálfurum gáfu ekki kost á sér af ýmsum ástæðum. Þá voru gerðir skriflegir ráðningarsamningar við hvern og einn þjálfara og eins fengu þeir allir starfslýsingu og markmið fyrir sinn flokk. Fyrir utan hefðbundnar handboltaæfingar eru í vetur reglulegar styrktaræfingar fyrir 3. og 4. flokk og einnig markmannsæfingar.

Keyptir voru nýir búningar á alla kvennaflokkana í haust en við fengum styrk til þess síðastliðið sumar frá Norðurorku.

Kvennabúningarnir eru ekki hefðbundnir gulir og bláir KA búningar, heldur var farið í dökkbláa boli m/gulgrænum (limegrænum) kraga og stuttbuxur í sama lit. Bolirnir eru merktir með sameiginlegu merki KA og Þórs og hafa þessir búningar slegið í gegn hjá stelpunum.

Þá voru einnig voru endurnýjaðir búningar á 3. flokk karla og 5.og 6 flokk karla en þeir spila í hefðbundnum gulum og bláum KA búningum.

Keypt var vídeóupptökuvel fyrir þjálfarana, fyrir styrk frá Höldi og að síðustu voru settir upp fleiri skápar undir bolta og þess háttar og hafa nú allir þjálfarar skáp fyrir sinn flokk og eru með sína bolta og vesti. Við fengum góðan styrk fyrir efni í skápana frá Byko og aðalstjórn, og Haddur þjálfari sá um smíðavinnuna og á hann bestu þakkir skilið fyrir það.

Þá hefur heimasíðan verið tekin föstum tókum og reynt að koma þar inn reglulega upplýsingum um leiki og úrslit leikja.

Sl.vor var haldið mót í 5.fl.karla og kvenna með rúmlega 500 þátttakendum og 90 þjálfurum/fararstjórum og einnig héldum við mót í byrjun október fyrir 6 fl.karla og kvenna með u.þ.b. 390 þátttakendum og 70 þjálfurum/fararstjórum.

Þessi mót héldum við með Þór og hefur samstarfið við Þór verið mjög gott.

Vorið 2012 stóð unglingaráðið fyrir A-stigs dómarnámskeið, þar sem fjöldi ungra og uppnennandi dómara mættu. Dómgæslumálin hafa verið í góðu lagi hjá okkur í vetur en þeim málum þarf að sinna vel og eiga þeir fjölmörgu sem gefa kost á sér í dómgæslu þakkir skilið enda væru engir kappleikir án þeirra.

Hjá öllum flokkum var árangur viðunnandi síðastliðinn vetur, engir titlar



komu í hús en 4.fl. kvenna lék til úrslita í bikarkeppninni og töpuðu þeim leik. Þá voru nokkrir krakkar valdir í landsliðshópa.

Stefán Guðnason og Kolbrún Gígja þjálfuðu liðið.

Iðkendur Handknattleiksdeildar eru um 280 talsins í dag sem er svipaður fjöldi og á undanförunum árum.

Rekstur deildarinnar hefur gengið ágætlega og þó tölurnar sýni mínus um áramót þá er reksturinn í góðu lagi og allt réttum megin nú í lok handboltatímabilsins. Margir hafa stutt vel við bakið á okkur og ber að þakka fyrirtækjum á Akureyri þann stuðning. Nauðsynlegt að nefna Samherja sérstaklega í þessu sambandi sem styrkir okkur dyggilega eins og svo mörg önnur íþróttafélög hér á svæðinu.

Áður hefur verið rætt um handbók fyrir deildina til að starfa eftir og er það starf er nú komið af stað og vonandi sér fyrir endan á því með vorinu enda nauðsynlegt fyrir deild í Fyrirmyndafélagi ÍSÍ að hafa svona handbók.

Erlingur Kristjánsson formaður

Ársskýrsla knattspyrnudeildar 2012-2013

Ólíkt fyrra ári komu knattspyrnuvællir vel undan vetri og gátu því æfingar hafist á þeim í apríl. Ljóst er hins vegar að þeir þola ekki vel hið mikla æfinga- og keppnisáleg, sem á þeim er.

Gengi meistaraflokks karla undir stjórn nýs þjálfara, Bjarna Jóhannssonar, hefur verið upp og ofan. Liðið hóf keppni rólega vorið 2012 en vann sig þó hægt og rólega inn í mótið aftur og átti vissulega möguleika á að fara upp um deild, en tap á heimavelli gegn Víkingi Ólafsvík í næst síðustu umferð gerði þá von að engu.

Niðurstaðan fjórða sæti á markahlutfalli og 33 stig eða 9 stigum minna en lið Víkings frá Ólafsvík sem vann sér keppnisrétt í Pespideild.

KA lék þegar liða tók á mótið oft mjög vel. Í Borgunarbikar KSÍ komst liðið í 32ja liða úrslit en féll úr leik eftir hörkuleik gegn Grindavík á Akureyrarvelli.

Meiðsli settu vissulega strik í reikninginn og má nefna að á skömmum tíma fengu fjórir leikmenn heilahristing og voru fyrir vikið lengi frá. Önnur meiðsli s.s. krossbandaslit og slæmar tognanir herjuðu líka á hópinn.

Sandor Matus lék á sl. ári sinn 200. meistaraflokksleik fyrir KA og fékk hann úr að gjöf frá knattspyrnudeild.

Ánægjulegt var að 2. fl. kk hélt sér uppi í B-deildinni, enda framtíðin í flokknum björt og trúilega aldrei í sögu KA verið jafn margir piltar í 2. flokki við æfingar hjá félaginu og einmitt veturinn 2012.

KA átti á sl. ári fimm fulltrúa í yngri landsliðum Íslands, þau Fannar Hafsteinsson, Ævar Inga Jóhannesson, Gauta Gautason, Lára Einarsdóttir og Helenu Jónsdóttur.



Sem fyrr er N1-mótið stærsta verkefni knattspyrnu-
deildar. Sem fyrr er ávallt markmiðið að gera betur á næsta
móti en því síðasta. Með það að leiðarljósi er unnt að
halda mótinu á því háa plani, sem það hefur verið á.

Síðastliðið haust lét Gunnlaugur Jónsson af störfum,
sem aðalþjálfari meistaraflokks og Ingvar Már einnig af
störfum sem aðstoðarþjálfari. Þeim félögum er innilega
þakkað gott starf fyrir KA.

Bjarna Jóhannsson var ráðinn í starf þjálfara og síðar
honum til aðstoðar Srdjan Tufegdzic.

Slobodan Milisic og Steingrímur Eiðsson sáu um þjálf-
un 2. flokks.

Óskar Þór Halldórsson, framkvæmdastjóri knatt-
spyrnudeildar, sagði upp starfi sínu í desember. Er honum
þakkað af heilum hug mikið og gott starf fyrir KA.

Við starfi framkvæmdastjóra af honum tók Gunnar
„Gassi“ Gunnarsson

Ljóst er að gervigrasvöllurinn væntanlegi mun efla
starfið í KA. Þegar þessi völlur verður tilbúinn mun starf á
svæðinu breytast mjög. Loksins mun knattspyrnufólk geta
nýtt félagsheimilið og aðstöðuna þar lengur en sem nemur
venjulegri sumarnotkun.

Það eru spennandi tímar framundan.

Að endingu vil ég færa öllum þeim þakkir, sem komu á
liðnu starfsári að starfi knattspyrnudeildar KA, öllum
sjálfboðaliðum, þjálfurum, starfsfólki KA-svæðisins og
Akureyrarvallar, dómurum sem dæma fyrir félagið, for-
manni KA og framkvæmdastjóra aðalstjórnar.

Meðstjórnendum mínum þakka ég líka fyrir ánægjulegt
samstarf í hvívetna.

Áfram KA.

Gunnar Nielsson, formaður knattspyrnudeildar KA

Ársskýrsla tennis- og badmintondeildar 2012-2013

Veturinn 2012/2013

Stjórn kosin á aðalfundi 14. febrúar 2012:

Snæfríð Egilsson, formaður

Hulda Björg Kristjánsdóttir, ritari

Helga Þyri Bragadóttir, gjaldkeri

Guðmundur Haukur Sigurðarson

Kristín Pálsdóttir, meðstjórnandi



Tennis- og badminton-
deild KA tók til starfa
haustið 2012 og var þá öll
starfsemi TBA færð yfir til
TB-KA. Rainer Jessen tók
við sem þjálfari eldri hópa
U11-U19.

Sonja
Magnúsdóttir hélt áfram
sem þjálfari yngstu barna
en undanfarin ár hefur
verið boðið upp á svokall-
að miniton fyrir börn yngri
en 9 ára á sunnudögum í
Höllinni. Boðið var upp á
námskeið þar sem
Ástvaldur Heiðarsson

þjálfari úr Reykjavík kom norður og fór í gegnum ýmis
tækniatrið eins og forhandarhögg, smass, bakhönd, blekk-
ingar og undirbúning fyrir keppni.

Þátttaka á mótum:

Íslandsmót unglunga 15.-17. mars

Norðurlandsmótið 20. apríl á Siglufirði

Akureyrarmótið 11. maí í Höllinni



Stofnað 1928

Knattspyrnufélag Akureyrar Ársskýrsla 2012-2013

Starfsárið 2013 -2014 (frá aðalfundi 2013 til aðalfundar í apríl 2014) sátu í stjórn:

Hrefna Gunnhildur Torfadóttir, formaður
Sigurbjörn Sveinsson, varaformaður
Sigríður Jóhannsdóttir, gjaldkeri
Sigurður Kjartan Harðarson, ritari
Jóhannes Árnason, meðstjórnandi
Ragnheiður Júlíusdóttir, varamaður

Formenn deilda félagsins sitja einnig fundi aðalstjórnar en þeir eru:

Siguróli M. Sigurðsson frá handknattleiksdeild
Ósk Jörunn Árnadóttir frá blakdeild
Guðmundur Sigurðsson frá tennis- og badmintondeild
Gunnar Nielsson frá knattspyrnudeild

Stjórn KA hélt 14 bókaða fundi árið 2013 auk nokkurra, sem skráðir eru aukafundir.

Meginmarkmið KA er að sjá til þess að hjá félaginu séu skapaðar aðstæður þannig að einstaklingar geti eftt þroska sinn og fengið tækifæri til iðkunar þeirra íþrótta sem hjá félaginu eru stundaðar.

Helstu markmið félagsins snúa að þátttöku barna og unglinga sem og keppnis- og afreksfólks

Eitt af meginmarkmiðum Knattspyrnufélags Akureyrar er að stuðla að iðkun íþrótta fyrir keppnis- og afreksfólk. Knattspyrnufélag Akureyrar stefnir að því að skapa iðkendum íþrótta góðar aðstæður til íþróttaiðkunar og keppni. Í þjálfun og kennslu er leitast við að taka tillit til getu, þroska og aldurs iðkenda. Þjálfarar og stjórnarmenn starfa eftir stefnu og markmiðum félagsins

Þann 8. janúar 2013 varð Knattspyrnufélag Akureyrar 85 ára.

Haldið var upp á afmælið laugardaginn 12. janúar 2013 með því að boðið var upp á mjólkurgraut og slátur í hádeginu og svo kaffi og skúffukökur á eftir.

Kl. 14 var svo fyrsta skóflustungan tekin að langþráðum gervigrasvelli.

Það gerðu tveir mætir KA menn, Siguróli M. Sigurðsson og Þormóður Einarsson.

Formaður KA, Hrefna G. Torfadóttir, afhenti bæjarstjóranum á Akureyri, Eiríki Birni Björgvinssyni, fótbolta við þetta tækifæri sem hún bað hann um að varðveita og afhenda henni síðan aftur þegar völlurinn yrði vígður í komandi júnímánuði. Um kvöldið var svo glæsilegt hóf í íþróttasal þar sem saman komu um 300 KA félagar og skemmtu sér hið besta fram á nótt. Í afmælishófinu voru m.a. veittar viðurkenningar til ýmissa aðila sem unnið

hafa mikið og vel fyrir félagið og eða styrkt það á ýmsan máta og einnig tilkynnt um hverjir hefðu orðið íþrótta- menn deilda árið 2012 svo og hver hlyti titilinn Íþrótta- maður KA árið 2012.

Íþróttamenn deilda árið 2012 voru þessi:

Blakdeild: Alda Ólína Arnarsdóttir

Handknattleiksdeild: Daniel Matthíasson

Júðódeild: Helga Hansdóttir

Knattspyrnudeild: Gunnar Valur Gunnarsson.

Sá heiður að vera útnefndur Íþróttamaður KA árið 2012 féll í skaut Öldu Ólínú Arnarsdóttur.

Það er gleðiefni að segja frá því að hinna nýju deild félagsins, tennis- og badmintondeild, hefur vaxið fiskur um hrygg við komuna í KA og hefur iðkendafjöldi aukist til muna. Aðrar deildir félagsins blómstra einnig.

19. júní 2013 var stór gleðidagur í sögu félagsins.

Þann 19. júní var afhendingar- og vígsluhátíð nýju mann- virkjanna, gervigrasvallar og nýrrar verandar. Formaður KA, Hrefna G. Torfadóttir, setti hátíðina og svo tók Oddur Helgi Halldórsson, formaður stjórnar Fasteigna Akureyrar, til máls.

Oddur rakti ferlið vegna byggingu vallarins og sagði m.a. að framkvæmdin væri innan kostaðaráætlunnar. Oddur afhenti síðan formanni Íþróttaráðs, Tryggva Gunnarssyni, mannvirkin. Tryggvi sagði nokkur orð og afhenti síðan formanni KA mannvirkin.

Hrefna sagði m.a. við þetta tækifæri: „Ég sagði hér fyrr að ég fyndi til mikillar gleði stóls og þakklætis í dag. Ég er þakklát Akureyrarbæ fyrir að hafa látið þennan draum okkar um gervigrasvöll rætast. Það er ekki endilega sjálf- sagt að bæjarfélag leggi út í svona framkvæmd eins og þessa. Kærar þakkir fyrir það.

Ég finn til gleði þegar ég lít þennan fallega völl og ver- öndina hér, yfir þessi glæsilegu mannvirki. Þessi völlur er gríðarleg lyftistöng fyrir allt starf hjá okkur og gjörbreytir aðstöðu okkar. Þetta verður ekki bara lyftistöng íþrótta- lega heldur félagslega líka. Ég sé fyrir mér að hér á ver- öndinni muni foreldrar og aðrir sitja og fylgjast með börn- um og unglingum við knattspyrnuíðkun og tenging við félagsheimilið okkar inni muni líka aukast.

Ég finn líka til mikils stóls þegar ég lít yfir aðstöðu okkar til íþróttaiðkunnar bæði úti og inni hér á KA svæði, aðstöðu sem ég segi að sé til fyrirmyndar.

Mig langar að biðja Eirík Björn Björgvinsson að koma hér og vonandi er hann með bolta sem hann var beðinn um að geyma og skila mér í dag. Eiríkur fékk þennan bolta til varðveislu þegar við tókum fyrstu skóflustunguna

hér 12. janúar sl. Þessi bolti er táknrænn fyrir 85 ára sögu félagsins því þeir ungu framsýnu menn sem stofnuðu KA þann 8. janúar 1928 gerðu það meðal annars vegna þess að þá vantaði bolta til að geta leikið knattspyrnu en fram að því þurftu þeir alltaf að fá hann lánaðan.“ Eiríkur Björn kom með son sinn, Birni Eiðar, sem afhenti formanni KA boltann.

Að þessu loknu fóru fram tveir vígsluleikir á nýja vellinum en það voru 5. flokkur kvenna A og B sem kepptu við 5 flokk kvenna hjá Völsungi. Báðir leikir voru leiknir í einu þvert á vellinum. Fyrir leikinn afhentu Völsungsstúlkur formanni KA fallegan áritaða platta í tilefni vígslunnar. KA færir þeim þakkir fyrir þetta vinarbragð.

Upphafsspyrnunar í leikjunum tóku þeir heiðursmenn Siguróli M. Sigurðsson og Þormóður Einarsson en þeir tóku einmitt fyrstu skóflustunguna að vellinum þann 12. janúar sl.

Þrátt fyrir hrakspár mjög margra tókst að ljúka við völlinn í tíma og hann hefur verið nánast í stöðugri notkun síðan. Völlurinn er mikil lyftistöng fyrir alla starfsemi félagsins. Skemmst er frá því að segja að á N1 mótinu, þar sem þátt taka fleiri hundruð iðkendur, höfðu margir þjálfarar og aðstandendur orð á því hve aðstaðan til knattspyrnuíðkunar hjá félaginu væri orðin góð. Okkur til mikillar ánægju hefur gestum í húsinu fjölgað mjög við tilkomu gevigrasvallarins, foreldrar, ömmur og afar, systkini og aðrir aðstendur koma gjarnan og horfa á æfingar og leiki og vil ég hvetja fólk til að nýta sér aðstöðuna hér til þess og fá sér gjarnan kaffibolla í leiðinni.

Fundur aðalstjórnar með stjórnnum, ráðum og þjálfurum deilda.

Eins og undanfarin ár var haldinn fundur aðalstjórnar í vor og einnig í haust með stjórnnum, ráðum og þjálfurum deilda. Boðið er upp á kjötsúpu að hausti og grímat að vori. Þessir fundir eru afar gagnlegir og skemmtilegir í leiðinni. Þarna segja forsvarsmenn deilda frá starfsemi sinnar deilda, menn skiptast á skoðunum og hin ýmsu málefni eru rædd fram og aftur.

KA dagur að hausti.

KA dagurinn var haldinn í byrjun október. Þá er innheimta æfingagjalda hjá öllum flokkum. Þar er boðið upp á hin hefðubundna KA mjólkurgraut með slátri. Það hefur vakið mikla ánægju að koma í hádeginu á laugardegi og fá sér mjólkurgraut og fá svo tækifæri til að hitta fulltrúa úr stjórnnum deilda um leið og fólk hefur gengið frá æfingjöldum sinna barna. Sá þáttur mun reyndar breytast með tilkomu rafrænnar skráningar og greiðslu sem Akureyrarbær er að koma upp en engu að síður munum við halda KA dag.

Að lokum

Tveir þættir í aðbúnaði iðkenda, nýtt gólf sem sett var á íþróttahúsið og tekið í notkun haustið 2011 og gervigrasvöllurinn sem tekin var í notkun þann 19. júní eins og áður segir. KA vill ítreka þakklæti sitt til Akureyrarbæjar fyrir þá framsýni og þann metnað sem þeir sýna með byggingu vandaðra íþróttamannvirkja. Félagið horfir nú til þess



þegar byggð verður upp íþróttastaða í Naustahverfi að geta sinnt iðkendum sínum sem þar búa í þeirra heima- hverfi. Uppeldis-, forvarnar- og félagslegt gildi íþróttaiðkunnar verður aldrei ofmetið né fullþakkað.

*Hrefna G. Torfadóttir
Formaður KA*

Ársskýrsla Blakdeildar KA 2013-2014

Hjá Blakdeildinni starfa stjórn og yngriflokkaráð mikið saman og kemur það m.a. til vegna þess að stór hluti leikmanna í meistaraflokkunum eru jafnframt yngriflokkaleikmenn.

Frá aðalfundi 2013 er stjórnin þannig skipuð:

Formaður: Ósk Jörunn Árnadóttir,
Varaformaður: Karl Matthías Valtýsson,
Gjaldkeri: Gunnar Garðarsson,
Ritari: Harpa Ævarrsdóttir,
Meðstjórnandi: Hanna Dóra Hermannsdóttir.

Í yngriflokkaráði sitja:

Formaður: Ásbjörn Gíslason,
Varaformaður: Friðrika Marteinsdóttir,
Meðstjórnendur: Margrét K. Jónsdóttir, Sigtryggur Sigtryggsson og Viðar Sigurjónsson.

Stjórn og yngriflokkaráð funduðu 20 sinnum á starfsárinu og voru fastir fundatímar 1. og 3. þriðjudag í hverjum mánuði að undanskildum einhverjum dögum yfir sumartímann. Undantekningalítið fundar þessi hópur saman.

Dagana 20.-21. apríl 2013 héldum við seinni hluta Íslandsmóts BLÍ fyrir 2. og 4. flokk og gekk það mót ljómandi vel. Þar mættu 36 lið víðsvegar af landinu.

Árangur meistaraflokksliðanna á síðasta tímabili var eftirfarandi: Meistaraflokkur karla náði 3. sæti í deildarkeppninni og komst þar með í úrslitakeppnina um Íslandsmeistaratitil þar sem þeir spiluðu fyrst 3 leiki á móti Stjórninni í undanúrslitum og unnu seinni tvo leikina, sem dugði til að komast í sjálfúrslitin. Þar spiluðu þeir 5 hörkuspennandi leiki á



móti HK en leikirnir unnust alltaf á heimavelli og HK landaði sigri í þeim fimmta og síðasta í Fagralundi.

Í bikarkeppni BLÍ komust strákarnir í undanúrslit en töpuðu þeim leik fyrir HK.



Stelpurnar enduðu í 7. sæti í deildarkeppninni og komust ekki áfram í bikarnum.

Á Íslandsmóti BLÍ fyrir yngriflokka í 2. flokki enduðu bæði strákarnir og stelpurnar í 2. sæti. Þriðji flokkur karla náði 2.sæti en stúlkurnar náðu ekki á verðlaunapall.

Á seinni hluta Íslandsmótsins, sem við höldum hér á Akureyri, náðu stelpurnar í 4. flokki að vinna alla sína leiki, bæði A og B lið en þar sem að þær tóku ekki þátt í móti sem haldið var á Ísafirði þá áttu þær ekki möguleika á Íslandsmeistaratitlum.

Strákarnir urðu bikarmeistarar í 2. og 3. flokki og stelpurnar í 2. flokki kræktu í silfur en 3. flokks liðið endaði í 5. sæti af 7 liðum sem verður að teljast góður árangur þar sem þær voru flestar á eldra ári í 4. flokki og margir nýliðar.

Á árs- og uppskeruhátíð BLÍ lok apríl var Piotr Kempisty valinn besti leikmaðurinn í Mikasadeild karla og Ævarr Freyr Birgisson efnilegastur. Piotr var jafnframt stigahæstur samtals og vann einnig sóknina og uppgjöfina. Filip var besti uppspilarinn. Filip spilaði jafnframt með landsliði Íslands á Smáþjóðaleikunum í Lúxemborg í lok maí.

Á haustdögum voru 7 drengir og 5 stúlkur kölluð á landsliðsæfingar fyrir U-17 og U-19 landsliðin. Drengirnir gáfu allir kost á sér í U-17 og allir nema einn gáfu kost á sér í U-19 landsliðið og fóru með sínum liðum út. Hjá stúlkunum komst önnur þeirra sem fór á æfingar með U-17 í landsliðið og tvær þeirra sem valdar voru í U-19 en ein gaf ekki kost á sér. U-17 liðin fóru til Englands og U-19 liðin til Danmerkur.

S.l. haust fórum leituðu forsvarsmenn Magna á Grenivík til okkar varðandi þjálfara fyrir krakka þar. Niðurstaðan var sú að Filip keyrði til Grenivíkur 1x í viku og með honum fóru 2 strákar frá okkur. Þetta lagðist af um áramót þar sem að krakkarnir á Grenivík voru ekki nógu mörg.

Í lok september fóru 2 lið frá KA á Haustmót BLÍ í Mosfellsbæ. Þetta mót var fyrir 3.og 5.flokk og frá okkur fór blandað lið í 5.fl. og stúlknalið í 3.fl. A-liða.

Í nóvember höldum við haustmót BLÍ fyrir 2. og 4. flokk, til leiks mættu 46 lið víðsvegar af landinu. Mótshaldið gekk vel og náðu krakkarnir okkar 1. sæti í 4.fl. „blandaður“ en þar spiluðu 2 drengir úr 4. flokki og 3 einstaklingar úr 5. flokki. Í 2. flokki náðu piltarnir 2. sæti en stúlkurnar 4. sæti.

Ævarr Freyr Birgisson var valinn blakmaður KA 2013 og var þar með okkar fulltrúi til kjörs íþróttamanns KA 2013.

Í janúar var komið að öðrum hluta Bikarkeppni BLÍ sem við höfðum umsjón með.

Karlalið KA tryggði sér rétt í undanúrslit sem fram fara í Laugardalshöllinni 15.mars n.k.

Eins og staðan er í dag eru meistaraflokkur karla kominn í úrslitakeppnina sem hefst 24.mars og því næg verk efni framundan hjá þeim.

Í lok febrúar fóru leikmenn í 4. og 5. flokki í æfinga- og skemmtiferð til Siglufjarðar. Þau spiluðu æfingaleiki við krakkana í Glóa og á heimleiðinni var stoppað til að fara í sund og borða pizzu.

Blakdeild KA heldur dagana 1.-3. maí n.k. 39. öldungamót BLÍ 2014 sem hlotið hefur nafnið KALEIKUR. Sótt var um mótið í byrjun apríl 2013 og allt frá þeim tíma hefur fólk starfað að undirbúningi sem vex með degi hverjum og er hvergi nærri lokið. Öldungalið KA leggja fram mikla vinnu fyrir þetta mót og eigum við von á u.þ.b. 150 blakliðum í bæinn.

Rekstur deildarinnar hefur gengið ágætlega og ber að þakka öllum þeim sem lagt hafa fram ómælda sjálfböðavinnu í kringum mótshald og fleira. Samherji og fleiri fyrirtæki hafa einnig stutt okkur vel og færum við þeim bestu þakkir.

Megin markmið okkar í blakdeildinni er að fjölga yngri iðkendum og byggja hér upp öflug blaklið í sem flestum flokkum bæði drengja og stúlkna.

*Ósk Jörunn Árnadóttir
Formaður blakdeildar KA*

Ársskýrsla handknattleiksdeildar KA 2013-2014

Starf handknattleiksdeildar K.A. var afar blómlegt á árinu 2013. Hálf skrítið er að tala um annál þar sem árið 2013 spannar tvö hálf keppnistímabil í handbolta, eða



seinni helming af tímabilinu 2012-2013 og fyrri helming af tímabilinu 2013-2014.

Í kvennaráði, sem sér um meistaraflokk KA/Þór sitja Siguróli Sigurðsson, Gígja Vilhjámsdóttir og Erlingur Kristjánsson en í unglingaráði sitja þau Jón Árelíus Þorvaldsson, Áslaug Magnúsdóttir, Anna Hildur Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Viggó Mariasson og Heimir Haraldsson.

Handknattleiksdeild K.A. skiptist upp í kvennaråd sem rekur meistaraflokk KA/Þór sem tekur þátt í Olís-deild kvenna á nýjan leik eftir eins árs fjarveru, og unglingaráð sem sér um rekstur yngri flokka.

Þálfari meistaraflokks KA/Þór er Einvarður Jóhannsson og sér hann einnig um þjálfun yngstu stúlknanna í 8. flokki. Einvarði til aðstoðar, ásamt því að þjálfa 3. flokk kvenna er Gunnar Ernir Birgisson.

Meistaraflokkurinn hefur staðið sig vonum framar í vetur og er liðið búið að krækja í fleiri stig en nokkur þorði að vona fyrir tímabil. Liðið er skipað skemmtilegri blöndu af yngri og eldri leikmönnum og leika margar ungar stúlkur stórt hlutverk og öðlast mikilvæga reynslu. Vert er að nefna að Birta Fönn Sveinsdóttir hefur leikið afar vel og hefur verið valin í unglingalandslið HSÍ og hefur Sunna Pétursdóttir, 15 ára gömul stúlka, varið mark liðsins af mikilli festu.

Liðið hefur þó orðið fyrir töluverðum áföllum það sem af er vetri en ristarbrot, ökklabrot og erfið meiðsl á öxl hafa sett strik í reikninginn hjá þremur leikmönnum þess, en hópurinn er nokkuð þunnskipaður. Síðari hluti tímabilsins er nú að fara af stað og er stefna liðsins enn að ná í 8. sæti deildarinnar, sem gefur keppnisrétt í úrslita-keppninni sjálfri.

Gríðarlega gaman hefur verið að sjá áhorfendafjöldan á leikjum liðsins en aldrei hafa þeir farið undir 300 talsins, sem telst afar gott og skákar flestum öðrum liðum landsins.

Síðan er það unglingaráðið, sem rekur alla yngri flokka KA og KA/Þór en kvennaflokkarnir keppa undir sameiginlegum merkjum KA/Þórs.

Um 300 iðkendur eru á skrá handknattleiksdeildar og oft mikið fjör þegar tekist er á á gulum og bláum fjöllum KA-heimilisins. Handknattleiksdeildin er gríðarlega stolt af þjálfarateyminu en veturinn 2013-2014 en sjaldan hafa verið reynslumiklir þjálfarar hjá félaginu. Má nefna í því samhengi að þjálfarar 8. flokks karla eru engir aðrir en þjálfarar Akureyri handboltafélags þeir Bjarni Fritzson og Heimir Árnason. Þá eru gullaldarþjálfararnir Jóhannes Bjarnason, Sævar Árnason og Jóhann G. Jóhannsson komnir að yngriflokkastarfinu á nýjan leik en þessir þjálfarar hafa skilað gullpeningum í tugatali ásamt fjöldanum öllum af landsliðsmönnum í gegnum tíðina.

Uppskeyra tímabilsins 2012-2013, sem kláraðist á vordögum 2013, var margt um ágæt en hvorki Íslands- né bikarmeistaratitill leit dagsins ljós í yngri flokkunum. Nokkuð var þó um deildarmeistaratitla en 4. fl kvenna ynga ár, 3. flokkur karla og meistaraflokkur kvenna urðu deildarmeistarar í sínum deildum. Meistaraflokkur kvenna tók þátt í utandeild kvenna en tapaði liðið naumlega úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn. Þá voru einnig



nokkrir iðkendur KA og KA/Þórs valdir í yngri landslið Íslands. Þar ber helst að nefna Birtu Fönn Sveinsdóttur sem lék fyrir U-19 ára landslið Íslands og Benedikt Línberg Kristjánsson sem fer utan í apríl til þess að leika með U-18 ára landsliðinu.

Á vordögum 2013 náði 4. flokkur kvenna glæsilegum árangri þegar þær fóru með tvö lið í bikarúrslit, bæði yngra og eldra árs. Því miður töpuðust báðir leikirnir en þó engu að síður frábær árangur. Stefán Guðnason og Arna Valgerður Erlingsdóttir þjálfa liðin.

Í haust gaf handknattleiksdeild síðan út námskrá KA í handbolta, sem unnin var af Sævari Árnasyni og er mikill hornsteinn í starf deildarinnar. Námskráin er aðgengileg á vef félagsins og geta foreldrar, ásamt iðkendum, kíkt í hana og séð markmið hkd. KA, starfslýsingar þjálfara, stefnu deildarinnar í forvarnarmálum, hugmyndafræði hvers flokks fyrir sig ásamt mörgu öðru.

*Siguróli Magni Sigurðsson
Formaður*

Ársskýrsla knattspyrnudeildar KA 2013-2014

Stjórn knattspyrnudeildar KA árið 2013 er þannig skipuð

Gunnar Nielsson, formaður
Hjörvar Marnosson, varaformaður
Halldór Aðalsteinsson, ritari
Jóhann Sigurðsson, gjaldkeri
Páll Sigurðsson, meðstjórnandi
Sævar Helgason, meðstjórnandi
Eggert Sigmundsson, meðstjórnandi

Árið 2013 var tímamótaár hjá knattspyrnudeild og félaginu öllu í raun þegar við í upphafi þess tókum fyrstu skóflustunguna fyrir gervigrasvelli.

Það voru þeir Þormóður Einarsson og Siguróli Sigurðsson sem tóku fyrstu skóflustungurnar. Framkæmdum var lokið um miðjan júní og má segja að völlum hafi verið í notkun 24 tíma á dag alla daga eftir að framkvæmdum lauk.

Óskar Þór Halldórsson lét af starfi, sem framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar mánaðamót feb.-mars og við af honum tók Gunnar Gunnarsson.



Nýir þjálfarar tóku við stjórnar-
taumum hjá meist-
araflokki, þeir Bjarni
Jóhannsson og
Srdjan Tufegdzic
(Tufa).

Farið var í
Íslandsmótið af
nokkurri bjartsýni
m.a. spáðu fjölmiðl-
ar okkur góðu gengi
en því miður gekk
það ekki eftir nema
á köflum og endaði
liðið í sjötta sæti.
Annar flokkur tefldi
fram í fyrsta skipti í

sögu félagsins tveimur liðum í Íslandsmótinu og er það
stórt gleðiefni hve mikil fjöldi æfir með þeim flokki.

Arsenalskóli yngri flokkaáðs fór fram á KA svæðinu
sl. sumar líkt og endranær. Fullskipað var og 250 krakkar
nutu kennslu í fótbolta við nokkuð góðar aðstæður.

N1 mótið er eins og áður okkar mikilvægasti þáttur
þegar kemur að rekstri knattspyrnudeildar og gekk mótið
vel þökk sé miklum fjölda KA fólks, sem skilar mikilli
vinnu til félagsins svo mótið geti farið eins vel fram og
raun ber vitni. „N1 mótið er móðir allra móta hér á landi“
segir íþróttafréttamaður Stöðvar 2 reglulega og við viljum
trúa að hann fari með rétt mál.

Starf yngriflokkaáðs var með miklum blóma. Aukning
er meðal iðkenda og er það vel. Aldrei í sögu knattspyrnu-
deildar KA hafa jafn margir verið valdir til æfinga og leika
með yngri landsliðum og sýnir það okkur hefur vel gengið
og vandað er til vals á þjálfurum.

Á lokahófi mfl. í
september sl. völdu leik-
menn mfl. Hallgrím
Mar Steingrímsson
besta leikmanninn úr
sínun röðum og einnig
kusu „Vinir Móða“
Hallgrím besta leik-
mann mfl.

Fannar Hafsteinsson
var svo kjörinn efnileg-
asti leikmaður mfl.

Ekki er hægt að skila
skýrslu um starf knatt-
spyrnudeildar án þess
að þakka innilega þeim
styrktaraðilum sem með okkur standa þéttast og best, N1,
Goða og Samherja svo einhverjir séu nefndir ásamt fjölda
af góðu fólki, sem stendur með okkur og gerir okkur kleift
að halda uppi kraftmiklu starfi.



Ársskýrsla tennis- og badmintondeildar KA 2013-2014

Stjórn TBKA, kosin á aðalfundi 3. apríl 2013 er þessi:

Guðmundur Haukur Sigurðarson: formaður

Helga Þyri Bragadóttir: gjaldkeri

Finnur Friðriksson: ritari

Rainer Jessen ákvað að hætta sem þjálfari eldri hópa og



hófst mikil leit að nýjum þjálfara og stundum falla hlutirn-
ir með mönnum og í þetta skipti gerðist það.

Högni Harðarson fyrrum iðkandi og þjálfari hjá TBA
flutti sig norður yfir heiðar aftur og tók við þjálfun eldri
hópa. Sonja Magnúsdóttir hélt áfram með miniton og
voru æfingar fluttar úr Höllinni í KA-húsið.

Byrjað var að huga að uppbyggingu fyrir tennis á svæði
KA og var formlegt erindi aðalstjórnar, þar sem gert er
ráð fyrir 2 tennisvöllum á svæði KA, tekin fyrir á fundi
ÍRA í desember 2013. Gert er ráð fyrir að á árinu 2014
verði fjárfest í búnaði þannig að hægt verði að stunda
tennis á vegum KA.

Þátttaka á mótum:

Þórsmótið í Þorlákshöfn 8. febrúar

Norðurlandsmótið 29. mars á Siglufirði

Akureyrarmótið 6. maí í Höllinni

Guðmundur Haukur Sigurðarson
Formaður tennis- og badmintondeildar KA

Gunnar Nielsson
Formaður knattspyrnudeildar KA



Léttir hestamannafélag Ársskýrsla 2012

Stofnað 1928

Skýrsla stjórnar 2012

Starfsárið byrjaði í þetta sinn á Reiðmanninum sem kennt er hér á Akureyri í samvinnu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Námið er skemmtilegt og vel sótt.

Fyrsta mótið var haldið 14. janúar og var það nýárstölt Léttis. Mikið var að gera í mótahaldi hjá félaginu, móta-nefnd hélt 10 mót, æskulýðsnefnd hélt 2 mót og svo var haldin firmakeppni og kvennatölt. Mikið álag var á móta-nefndinni og er það eitthvað sem þarf að skoða á nýju ári. KEA mótariðin gekk rosalega vel sem og önnur mót. Prófuðum við að setja á mót á í lok ágúst og tókst það mót mjög vel og sýnir það okkur að þrátt fyrir öll mót sumarsins er alltaf hægt að bæta við einu móti. Við munum reyna að halda því móti inni á mótaskrá fyrir næsta ár. Öll mótin stóðu undir kostnaði og er vert að þakka fyrir það. Mikið þarf að sjálfbæðiliðum til að halda öll þessi mót og þakkar stjórn öllum þeim sem komu að mótahaldinu sérstaklega fyrir.



Stjórnutöltiltið var haldið í Skautahöllinni þrátt fyrir misjafnar skoðanir á því hvort halda eigi þetta mót í Skautahöllinni eða flytja það í Top Reiter höllina. Stjórnutöltiltið skilaði félaginu góðum pening og þökkum við fyrir það.

Stórsýningin Fákar og fjör var haldin 14. apríl og lukkaðist mjög vel að vanda. Sýningin er búin að festa sig í sessi sem mikil og góð fjölskylduskemmtun og kemur fólk víða að til að horfa. Það að hafa 2 hlé virðist vera að virka vel og mikil sala var á súpunni.

Æskulýðsstarfið gekk mjög vel og góð aðsókn var á öll námskeið hjá okkur í vetur. Kennð voru Knapamerki 1-5 ásamt almennum reiðnámskeiðum. Samherji styrkti Léttir um 600,000 kr. í ár og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir. Eins og áður sagði stóð Æskulýðsnefnd fyrir 2 mótum ásamt nokkrum æfingamótum. Æskan og hesturinn var haldin hér í byrjun maí og tókst sýningin mjög vel og var vel sótt af áhorfendum. Öllum krökkunum var svo boðið uppá hamborgara og gos eftir sýninguna. Heimir



Gunnarsson gaf Létti námskeið fyrir börn, unglinga og ungmenni og var það námskeið vel sótt og mjög vel lukkað. Kunnum við Heimi miklar þakkir fyrir.

FEIF youth cup var haldinn í Verden í Þýskalandi í júlí og átti Léttir hvorki meira né minna en 3 fulltrúa þar, þær Ágústu Baldvinsdóttur, Katrínu Birnu Vignisdóttur og Þóru Höskuldsdóttir. Stelpurnar stóðu sig mjög vel og voru félagi sínu og þjóð til mikils sóma. Ég fór sjálf sem fararstjóri í þessa ferð og gæti ég ekki verið stoltari af stelpunum okkar sem sýndu okkur hvað við eigum frábæra krakka í félaginu. Þær voru duglegar, námsfúsar, samviskusamar og félagslyndar. Um var talað af þjálfurum hvað íslensku krakkarnir komu vel fyrir og voru fljót að tileinka sér nýja hluti og hvað þau hugsuðu vel um hesta sína á staðnum.

Þorbjörn Hreinn og Linnea Brofeldt þjálfuðu krakkana fyrir Landsmót ásamt fleiri þjálfurum og fóru krakkarnir okkar vel undirbúin á Landsmót í Reykjavík. Árangurinn lét ekki á sér standa. Léttir sendi stóran hóp knapa á Landsmótið í Reykjavík. Óhætt er að segja að Léttisfélagar létu til sín taka í keppnisbrautinni og var ekkert gefið eftir. Í milliriðlum áttum við í:

barnaflakki voru þær Sýlvía Sól og Freyja Vignisdóttir unglingaflokki, Ólafur Göran, Ágústa Baldvinsdóttir, ungmennaflokki Fanndís Viðarsdóttir og Björgvin Helgason.

Á flokki gæðinga Höskuldur Jónsson og Þorvar Þorsteinsson og í úrslitum áttum við A úrslit í barnaflokki Sýlvía Sól í 8 sæti, B úrslit í A flokki Þorri 8 sæti.

Á tjaldsvæðinu í Víðidal var reist tjald á vegum Léttis og þar hittust Léttisfélagar og grilluðu saman og fóru í leiki. Var þetta vel til fundið og um vert að skoða það að hafa þetta með svipuðu móti á komandi mótum.

Ferðanefndin skellti sér á Sörlastaði og var ferðin vel sótt og mikil gleði ríkti á Sörlastöðum þessa helgi sem og aðrar helgar.

Á Sörlastöðum var búið til lítið hólf inni stóra hólfinu fyrir þá ferðamenn sem eru með fáa hesta. Klósettið var einangrað eftir mikið tuð formanns og einnig var sett ný




girðing á milli hliðanna inní Timburvalladal ásamt almennum þrífum. Gamla girðingin var rifin.

Reiðveganefnd hefur ekki setið auðum höndum og hefur átt marga fundi með Skipulagsnefnd Akureyrarbæjar og erum við farin að sjá fyrir endann á þeirra vinnu. Loksins verða reiðvegir í landi Akureyrarbæjar færðir inn á aðalskipulag bæjarins. Verið er að gera reiðveg frá Laugalandi niður á bakka Eyjafjarðará sem mun búa til góðan hring. Reiðveganefnd hefur unnið í fullu í samstarfi við stjórn.

Á Kaupvangsbökkum var farið í þá framkvæmd að grafa uppúr Fiskilæknum til að minnka vatn í hólfunum okkar. Gekk aðgerðin það vel að vatnslaust var á Kaupvangsbökkum stóran hluta sumars. Miklir þurrkar voru í sumar sem útskýra einnig vatnsleysið. Við þorðum ekki að fara í frekari aðgerðir fyrr en við sjáum hvað gerist í eðlilegu árferði. Staðan verður tekin næsta sumar.

Mikið er búið að ganga á í reiðhöllinni á þessu ári og hefur Kjartan Helgason dregið vagninn þar.. mjög hratt og örugglega. Léttir réði til sín nýjan starfsmann á árinu hann Ragnar Ingólfsson og eru því nú 2 starfsmenn í 100% starfi. á vormánuðum réðum við til okkar smið sem heitir Sævar og var hann ráðinn í samvinnu við vinnumálastofnun og verkefnið „allir vinna“ greiddi Léttir hluta launa hans en vinnumálastofnun hluta.

Búið er að smíða snyrtingar og hnakkageymslu austur í



salnum og mun anddyrið vera meira og minna lokað á daginn og fólki bent á að nota snyrtingarnar frami. Við það ætti tíminn í þríf í anddyrinu að minnka töluvert.

Á efri hæðinni er búið að reisa vegg, gipsklæða alla félagsaðstöðuna í hól og gólf, setja í eldvarnarglugga, mála, leggja rafmagn, ljós og fl.

Það sem eftir er af stórum hlutum er að fjármagna og leggja parket og flisar, standsetja snyrtingar, smíða bar og gangsetja eldhúsið. Svo eitthvað sé nefnt.

Akureyrarbær varð 150 ára á árinu og blés til veislu. Bærinn óskaði eftir þátttöku allra íþróttafélaganna á svæðinu og lét Léttir ekki sitt eftir liggja. Skipuð var nefnd vaskra manna og kvenna sem tóku verkefnið að sér. Haldnar voru 2 æfingasýningar á flötinni og svo ein heljarinnar sýning 29. ágúst á flötinni og var það álit bæjarbúa að sýningin hafi verið fróðleg og mjög skemmtileg. Við notuðum tækifærið og sæmdum Hermann Sigtryggsson gullmerki Léttis fyrir öll hans frábæru störf í okkar þágu í gegnum tíðna. Einnig gáfum við Akureyrarbæ afmælisgjöf með ósk um gæfurika framtíð. Við opnun hátíðarinnar voru nokkrir Léttisfélagar í fánareid og eftir það var brunað uppá Hlíð og gamlafólkið heimsótt. Verður það að segjast að gamla fólkið var mjög þakklátt og var þessi heimsókn okkar margrædd á Hlíð næstu vikur á eftir. Ætti félagið að hugsa um það að gera þetta að árlegum viðburði.



Ekki er búið að tilnefna knapa ársins hjá Létti en uppskeruhátíð æskulýðsnefndar verður föstudaginn 30 nóvember en búið er að fresta uppskeruhátíð Léttis til febrúar og á að freista þess að halda hana í nýrri félagsaðstöðu okkar í reiðhöllinni.

3 manna nefnd hefur starfað á árinu í viðræðum við Funa út af Melgerðismelum. Skemmst er frá því að segja að lítið miðast í þeim viðræðum en eru þó allir komnir inná þær brautir að Melgerðismela þarf að reka eins og hvert annað sameignarfélag og þurfum við að fara að rukka fyrir hagabeit og fleira á svæðinu. Búið er að gera drög að samstarfssamningi sem þarf að vinna áfram og ljúka.

Stjórn Léttis vill þakka öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum sem starfa í nefndum fyrir félagið og öllum þeim fjölmörgu sem koma að starfinu í hvað mynd sem það er fyrir frábært starf og það er sjálfboðastarfið sem heldur félaginu á floti og án ykkar gætum við lítið gert. Takk kærlega fyrir hjálpinu.

Við óskum ykkur góðs og hestvæns vetrar.

Stjórn Léttis.



Stofnað 1928

Léttir hestamannafélag Ársskýrsla 2013

Skýrsla stjórnar 2013

Mikið hefur gengið á í vetur eins og svo oft áður hjá okkar öfluga félagi.

Starfið byrjaði strax í janúar með Nýárstöltinu og voru mótin haldin hvert á fætur öðru fram á sumar. Við brydduðum uppá nýjungum í mótahaldi með mótarið á útivelli og var keppt í einni grein á viku og lukkaðist það mjög vel og mikil ánægja var með mótin. Við höldum glæsilegt Íslandsmót barna, unglinga og ungmennta í sum- ar og áttum við keppendur í flest öllum úrslitum og einn Íslandsmeistara, hann Egil Má Þórsson. Léttiskrakkarnir gerðu frábæra ferð á Fjórðungsmót á Hornafirði þar sem okkar krakkar röðuðu sér í verðlaunasæti og sigraði Berglind Pétursdóttir unglingsflokkinn á því móti.

Framkvæmdir voru einnig miklar á árinu og skemmst er frá því að segja að unnið var dag og nótt við að klára félagsheimilið okkar fyrir vígsluna sem var 2. mars. Slóum við til mikillar veislu og skemmtu allir sér frábærlega vel.

Fákar og fjör var haldin í apríl og lukkaðist sýningin mjög vel og fengum við frábær atriði héðan úr héraði sem og góða gesti.

Æskulýðsstarfið gekk vel og voru haldin námskeið og mót fyrir krakkana sem voru nokkuð vel sótt en þó er nýliðun nokkuð áhyggjuefni og þurfum við að fara að skoða þau mál alvarlega.

Kolbrún Malmquist fór fyrir hönd Léttis á FEIF Youth camp sem haldin var Stall Kjersem í Noregi.

Karla og kvennakvöld voru haldin með miklli gleði sem og farin var Króksstaðarreið.

Félagsferð var farin á Grenivík en þátttakan var dræm.

Samningur var undirritaður við Funa um notkunarskiptingu á Melgerðismelum.

Á Sörlostöðum var haldið áfram með að skipta út girðingum, mála og ditta að hinu og þessu.

Áningahólfanevnd var sett á lagginar og hefur fundað nokkrum sinnum með hestamannafélögum hér í kring. Þeir munu funda áfram og kynna sína vinnu síðar.

85 ára afmæli Léttis var haldið með glæsibrag á árinu, bæði með áður taldri mótarið, en einnig með uppskeru og afmælisfagnaði bæði fyrir börn og unglinga sem og fullorðna. Barna og unglingshátíðin lukkaðist ljómandi vel. Arnar Bjarki Sigurðsson, tengdasonur Léttis var með sýnikennslu og svo með ávarp og fræðslu. Einnig gaf hann krökkunum tækifæri á að spjalla við hann eftir matinn og nýttu krakkarnir sér það vel. Á laugardeginum opnuðum við höllina fyrir gesti og gangandi. Myndaalbúm og kvikmyndir lágu opin fyrir alla að glugga í og er skemmst frá því að segja að þetta hefur vakið mikla athygli innan

íþróttahreyfingarinnar og næsta víst að önnur hestamannafélag muni taka þetta upp eftir okkur. Fákasport kom með útibú frá verslun sinni og gerðu margir góð kaup þar. Teymt var undir börnum á brúnskjóttum gæðingum frá Gunna Mall. Um kvöldið var svo mikil hátíð með heiðrunum og öllu tilheyrandi. Skemmtum við okkur öll mjög vel sem þar vorum.

Á afmælisdaginn 5. nóvember var afhjúpaður glæsilegur minnisvarði um hið magnaða hús Caroline Rest. Það voru þeir Sigfús Helgason og Hólmgeir Valdimarsson sem stóðu fyrir söfnun fyrir minnisvaraðnum og sáu alfarið um alla framkvæmd á því verki. Aldís Björnsdóttir, heiðursfélagi Léttis afhjúpaði minnisvarðann á afmælisdaginn.

Stærsta málið í ár er samningaleysið við Akureyrarbæ. Það gengur ekkert né rekur í að ná samningum. Við erum búin að eiga nokkuð marga fundi með íþróttaráði og bænum en ekkert gengur. Þeir eru búnir að vera með samninginn hjá sér núna í tæpa 2 mánuði og úr þeirri vinnu kemur sami samningur og við vísuðum á bug í ágúst. Ljóst er að Léttir á mjög erfitt með að sækja fram í þeirri stöðu sem við erum í núna. En við erum þó enn bjartsýn og erum að brýna klærnar.

Ástkær félagi og vinur okkar Hugi Kristinsson lést þann 5. nóvember. Mig langar að biðja félagsmenn að risa úr sætum og minnast Huga með stundar þögn. Takk fyrir.

Að lokum vil ég þakka þeim Sigmundi Sigurjónssyni og Ragnari Ingólfssyni fyrir vel unnin störf á árinu sem og öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum er lögðu hönd á plóg.





Stofnað 2008

Karatefélag Akureyrar Ársskýrsla 2012

Aðalfundur Karatefélag Akureyrar var haldinn að Löngumýri 30 á Akureyri apríl 2012. Kosið var í stjórn félagsins fyrir árið 2012. Dagleg umsjón og rekstur hvílir áfram á yfirþjálfara og gjaldkera félagsins.

Stjórn Karatefélags Akureyrar 2012:

Magnús Sigþórsson, formaður
Jóhannes Sigmundsson, varaformaður
Rut Guðbrandsdóttir, gjaldkeri
Hrannar Már Sigurðsson Hafberg, ritari
Alfreð Birgisson, meðstjórnandi

Á Vorönn 2012 voru ekki miklar breytingar á starfi félagsins. Kennt í 3 hópum og aðstaða barnastarfs í Oddeyrarskóla og full-orðnir í Oddeyrarskóla og Laugargötu. Um sumarið var ákveðið að leigja Óseyri 1 sem var lagerhúsnæði og umbreyta því í æfingahúsnæði. Mikil vinna fór í að standsetja húsnæðið. Útkoman varð vonum framar og félagið komið með mjög fína og snyrtilega aðstöðu með mikla möguleika fyrir félagið. Allt var þetta gert á kostnað félagsins og í sjálfboða vinnu og vill félagið þakka öllum sjálfboðaliðum fyrir þá vinnu. Félagið fékk styrk frá Norðurorku og KEA upp í kaup á dýnum á gólfið og því kominn langþráður keppnisvöllur fyrir yðkendur. Ekki var hægt að vera með



barnahópna í Óseyri á haustönn 2012 vegna þess að ekki var leyfi frá heilbrigðis- eftirliti komið í höfn en fullorðnir byrjuðu æfingar þar. Unnið var í að fá leyfið og stefnt að vera með barnahópna um leið og það fengist. Félagið var með í tenglum við afhendingu gráðanna, eins og fyrri ár með uppákomur fyrir börn og foreldra þeirra og afhentar gjafir til barnana og var hún haldin um haustið að Óseyri 1 og fengum við mjög góð viðbrögð frá iðkendum og foreldrum við nýja húsnæðinu.



Árið 2012 störfuðu eftirtaldir þjálfarar hjá félaginu

Yfirþjálfari:

Magnús Sigþórsson

Aðstoðarþjálfari:

Rut Guðbrandsdóttir

Aðstoðarþjálfarar barna:

Randver G. Ólafsson.

Markmið félagsins eins og fyrri ár er að bjóða upp á bestu karatekennslu sem völ er á.

Að lokum vill stjórn Karatefélags Akureyrar þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins árið 2012.

Magnús Sigþórsson

Formaður Karatefélags Akureyrar



Karatefélag Akureyrar Ársskýrsla 2013

Aðalfundur Karatefélag Akureyrar var haldinn að Löngumýri 30 á Akureyri september 2013. Kosið var í stjórn félagsins fyrir árið 2013. Dagleg umsjón og rekstur hvílir áfram á yfirþjálfara og gjaldkera félagsins.

Stjórn Karatefélags Akureyrar 2013:

Magnús Sigþórsson, formaður
Jóhannes Sigmundsson, varaformaður
Rut Guðbrandsdóttir, gjaldkeri
Hrannar Már Sigurðsson Hafberg, ritari
Randver Ólafsson, meðstjórnandi

Á vorönn 2013 byrjaði félagið með alla starfsemi að Óseyri 1. Allir æfingahópar æfa nú á einum stað sem gerir starfið mun auðveldara fyrir alla iðkendur ekki síst þjálfara. Mikil ánægja er með æfingaraðstöðuna og stendur hún fyllilega undir væntingum. Haldið var fyrsta innanfélags kumitemót Karatefélags Akureyrar sem gekk vonum frammar. Félagið getur nú haldið keppnir og kennt iðkend-



um á keppnisvöll með tilkomu nýs húsnæðis. Mikil ánægja var með mótið og verðlaun voru veitt og ýmsar aðrar viðukenningar sem kvattning fyrir iðkendur. Félagið var með í tenglum við afhendingu gráðanna, eins og fyrri ár uppákomur fyrir börn og foreldra þeirra og afhentar gjafir til barnanna. Félagið hefur unnið ötulum höndum við að betrubæta æfingaraðstöðu félagsins og komið sér upp ýmsum tækjum til styrktarþjálfunar. Fengin voru að láni gömul æfingatæki frá Kraftlyftingafélagi Akureyrar, þau uppgerð og gerir það félaginu kleift að bjóða upp á fjölbreittari þjálfun.



Árið 2013 störfuðu eftirtaldir þjálfarar hjá félaginu

Yfirþjálfari:

Magnús Sigþórsson

Aðstoðarþjálfari:

Rut Guðbrandsdóttir

Aðstoðarþjálfarar barna:

Sigþór Veigar Magnússon og Randver Ólafsson

Markmið félagsins eins og fyrri ár er að bjóða upp á bestu karatekennslu sem völ er á.

Að lokum vill stjórn Karatefélags Akureyrar þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins árið 2013.

*Magnús Sigþórsson
Formaður Karatefélags Akureyrar*



Stofnað 2010

Kraftlyftingafélag Akureyrar

Ársskýrslur 2012-2013

Ársskýrsla

Kraftlyftingafélag Akureyrar, KFA var stofnað 7. janúar 1975 og voru stofnfélagar tæplega 30. Tilgangur félagsins er að efla stálíþróttir á Akureyri og nágrenni, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífni. Í dag eru 290 skráðir félagsmenn og þar af um 180 iðkendur.

Aðalstjórn 2012

Grétar Skúli Gunnarsson, formaður
Einar Már Ríkarðsson, varaformaður
Sveinn Þorkelsson, gjaldkeri
Kristján H. Buch, ritari
Bjarki Garðarsson, meðstj.

Varmenn: Erlendur H. Jóhannesson, Viktor Samúelsson (ÁH), Örvar Samúelsson og Inga Björk Harðardóttir

Aðalstjórn 2013

Grétar Skúli Gunnarsson, formaður
Erlendur H. Jóhannesson, varaformaður
Sveinn Þorkelsson, gjaldkeri
Hulda B. Waage, ritari
Kristján H. Buch, meðstj.
Viktor Samúelsson, meðstj.

Varamenn: Bjarki Garðarsson, Einar Már Ríkarðsson, Alexandra Guðlaugsdóttir (ÁH), og Guðfinna Árnadóttir

Þjálfararáð KFA

Grétar Skúli Gunnarsson
Tryggvi J. Heimisson
Kristján H. Buch
Bjarki Garðarsson
Viktor Samúelsson
Gisli Sigurðsson
Alexandra Guðlaugsdóttir
Hulda B. Waage
Einar Már Ríkarðsson

Mótanefnd KFA

Grétar Skúli Gunnarsson
Erlendur H. Jóhannesson
Þorbergur Guðmundsson
Einar Már Ríkarðsson
Sólveig I. Skúladóttir
Kristján H. Buch

Aganefnd KFA

Einar Már Ríkarðsson
Grétar Skúli Gunnarsson
tveir aðrir fulltrúar úr stjórn



Deildarstjórn 2012

Grétar Skúli Gunnarsson (KRA)
Bjarki Garðarsson (OL)

Deildarstjórn 2013

Viktor Samúelsson (KRA)
Grétar Skúli Gunnarsson (OL)
Þorbergur Guðmundsson
(HREY)

Skýrsla stjórnar

Árið 2012 var lögð mikil vinna í undirbúning og stenu-
mótandi vinnu til undirbúnings fyrir uppbyggingu félags-
ins og aukinn umsvif á starfsemi félagsins. Fyrsta verk-
efnið var fyrirmyndarfélags verkefni ÍSÍ – og var þá farið í
algjöra naflaskoðun og tileinkað sér nýjar aðferðir í starfi
félagsins. Nóvember árið 2012 hlaut KFA viðurkenningu
sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Markmið félagsins er að fylgja
öllum þeim liðum sem nauðsynlegt er til að viðhalda þeirri
nafnbót. Þar með talin skipulögð, fagmannleg þjálfun og
uppbygging starfseminnar á þeim forsendum sem Íþróttasambandið fer fram á. Með nýju skipulagi félagsins og skýrari stefnu hvað varðar starfsemi félagsins var haldið áfram á þessari braut og árið 2013 var skilað inn til ÍBA og íþróttayfirvalda ítarlegri framtíðaráætlun.

Skýrsla lyftingadeildar KFA

Á aðalfundi KFA, þann 12. febrúar 2011, var ákveðið að innlimaða starfsemi lyftingamanna á Akureyri inn í starfsemi KFA á ný, með stofnun deildar sem vakir yfir hagsmunum ólympískra lyftingamanna á Akureyri og hefja markvissa uppbyggingu íþróttarinnar. Þeir sem stunduðu ólympískar lyftingar höfðu gert það hver í sínu horni og án nokkurrar markvissarar stefnu, því enginn hagsmunasamtök höfðu verið til staðar fyrir þá frá aldamótum. Því má segja að ekkert sé því að vanbúnaði að hefja stálíþróttir enn frekar til vegs á Akureyri og byrja markvissa uppbyggingu íþróttanna á norðulandi öllu undir merkjum KFA.



Vinna var lögð í að skilgreina (þjálfun, skipulag, og áætlanir) og skrifa handbækur til að koma sterku skilaboði fram á að okkur væri alvara með að endurvekja íþróttina hér fyrir norðan. Fyrsta verkefnið

var að endurnýja æfingarbúnað og keppnisbúnað, það var ljóst að slík endurnýjun væri ekki möguleg með hefðbundnum fjáröflunar aðferðum þannig það var lagt uppúr því í samráði við stjórn lyftingasambands Íslands og stjórn KFA að við fengjum að halda norðurlandamótið í

OL- lyftingum sem ætti að halda hér á Íslandi sumarið 2013. Í janúar 2013 kom til landsins fullur gámur af búnaði sem KFA eignaðist með styrkjum og samningum við framleiðendur úti og fyrirtækji í bænum – ásamt annari hefðbundni fjáröflun (æfingargjöld, annað).

Eftir Norðurlandamótið í lyftingum (helgina 16.-18. ágúst 2013) hlaut Kraftlyftingafélag Akureyrar NTF vottun frá Norðurlandasambandinu – sem þýðir að við getum sótt um stærri mót. Formaður félagsins (Grétar Skúli Gunnarsson) hlaut heiðursviðurkenningu sambandsins fyrir sitt framlag til mótsins og uppbyggingu starfseminnar á Akureyri. Norðurlandamótið var í sjálfsér skipulagt sem undirbúningur fyrir umsókn til að sækja um stærri mót.

Ástundun á lyftingum hefur aukist jafnt og þétt síðan félagið hefur bætt aðstöðu sína og eignast nýjan og glæsilegan keppnis- og æfingarbúnað. Áhersla félagsins á að auka aðgengi og iðkunendum barna og yngri unglunga aldurshópum í lyftingum hefur verið helsta áhersluefni deildarinnar hvað varðar þjálfun. Barnastarfið er ennþá á grunnstigi, en umhverfið hefur verið skilgreint og er góður skilningur á hvað þarf að vera til staðar ef starfsemin á að geta verið til staðar og þróast. Hugmyndin er að byrja með fimleikahóp fyrir yngstu iðkendur 6-10 ára og byggja svo ofan á það grundvöll fyrir lyftingar eftir að börnin hafa gengið í gegnum grunnþjálfun.

Unglingastarfið gengur aftur á mót mjög vel og er alltaf aukning á því að unglingar á öllum aldri taki þátt í lyftingum og kraftlyftingum. Gerð var samantekt á keppendum félagsins á tímabilinu 2008-2013 og er aukning mjög mikil frá ári til árs. Á þessu tímabili hafa yfir 60 unglingar keppt fyrir hönd félagsins á mótum á vegum KRAFT og LSÍ. Má nefna að á þessu tímabili var unglingur frá KFA stigahestur unglunga fjórum sinnum hjá KRAFT og tvisvar hjá LSÍ.

Með auknu framboði á þjónustu og betri gæðastjórnun fyrir aldursflokkana er hægt að bæta þennan lið í þjálfun félagsins og er það von forsvarsmanna KFA að bæta okkur með aukinni menntun og skilningi á uppbyggingu á þessu sviði þjálfunar.

Skýrsla kraftlyftingadeildar KFA

Á aðalfundi félagsins 2012 var samþykkt að byrja með meistaraflokk og þjálfararáð fyrir kraftlyftingar – og síðar aðrar deildir líka - og bæta stöðu félagsins hvað varðar þjálfun og nýliðun. Mikil vinna var lögð á að undirbúa og skilgreina umhverfið og var unnið þjálfunarhandbækur, námskeiðsáætlanir og annað verklag í kringum þjálfunina meðfram fyrirmyndarfélagsverkefninu/handbók félagsins. Eftirfarandi textabrot er úr Handbók félagsins: „Þjálfun á vegum félagsins verður samkvæmt viðurkenndum handbókum og árangursleiðarvísum sem þjálfararáð KFA hefur samþykkt. Markmið þjálfara er fyrst og fremst það að iðkun kraftþjálfunar verði jákvæð og þroskandi jafnt líkamlega, andlega sem og félagslega.“

Haustið 2012 byrjaði síðan félagið að halda regluleg



grunnnámskeið sem heppnuðust vel og bættist kerfisbundið iðkendum við starfið og varð ákveðin vakning hvað varðar möguleika og almennan áhuga á íþróttinni. Þjálfararáð félagsins samþykkti einnig ítarlega ársáætlun meistaraflokks KFA.

Með aukinni

áherslu á skipulag, og skilgreiningu á þjálfun, og starfsemi félagsins fór félagið að starfa betur og voru markmiðin skýrari. Mikil áhersla var lögð á að koma upp öflugara starfi í OL- lyftingum og voru það kraftlyftingamennirnir í klúbbnum sem stóðu sem fastast við bakið við þá uppbyggingu hvað varðar, aðstöðumál, mótahald og aðra þætti sem við komu því starfi.

Ennþá meiri áhersla var lögð á það að koma upp kerfisbundnari aðferðum til að þjálfa, kenna og auka iðkendum í greininni. Skipulag og sérþekking var þar undirstaða og mikil vinna. Við lok árs 2013 voru æfingahópar hjá deildinni 7 talsins og gæði þjálfunar fyrsta flokks. Mikil aukning á þekkingu iðkenda á sinni eigin þjálfun, og með aðstöð þeirri reyndari til að stýra og leiðbeinna skipti sköpum og hefur aldrei verið jafn mikið af iðkendum hjá félaginu frá því það var stofnað.

Kraftlyftingafélag Akureyrar heldur í dag utan um æfingar 6 daga vikunnar fyrir hóp iðkenda sem setur forgang fyrir afrekum og keppni í kraftlyftingum. Núverandi staða hópsins er góð að því leiti að margir iðkendur í þessum hóp eru sjálfstæðir í iðju og hefur áhugi verið mikill fyrir að sækjast eftir lágmörkum og metum. Hefð fyrir keppni og áhugi á afreksmennsku er mikill og er markmiðið að bæta kjör þessara einstaklinga þ.e. bæta fjárhagsstöðu hópsins til að bæta búnað, fatnað, og umgjörð í kringum flokkinn sjálfan.

Aðrir skráðir æfingahópar eru: unglingar, stelpur, fatlaðir, öldungar, grþj og opnir tímar í grunnþjálfun fyrir alla þá sem hafa áhuga á að læra kraftlyftingar meðfram sinni þjálfun en ekki vera bundnir við æfingarahóp – sambærilegt fyrirkomulag er í öðrum deildum.



Fatlaðir og þroskaskertir

Kraftlyftingafélag Akureyrar hefur um árabil staðið fyrir mótahaldi á Hængsmótinu og séð um keppnina þar í kraftlyftingum. Kraftlyftingar eru þess eðlis að auðvelt er að iðka íþróttina þrátt fyrir hamlanir sem gætu haft mjög neikvæð áhrif á iðkun í öðrum krefjandi íþróttum – hreyfingarnar geta verið einfaldar. Alþjóðaiþróttasamband fatlaðra heldur utan um mjög öflugt starf í kraftlyftingum og er samkeppni og keppnisumhverfi hjá fötluðum kraftlyftingamönnum eins og það gerist best – í íþróttahæimi fatlaðra.

Æfingarnar voru skipulagðar fast tvisvar í viku og var möguleiki fyrir þá sem gátu/vildu að taka þátt í samæfingum með einstaklingum sem voru ekki fatlaðir. Skipulagið hentaði mjög vel að vissu marki og sést það aðallega á því að frekar voru þeir sem ekki finna sig inni hefðbundinni íþróttastarfsemi hjá íþróttafélögum fatlaðra á Akureyri sem fögnuðu þessu framtaki og var mætingin mjög góð síðasta sumar (samtsals 20 einstaklingar með fötlun prufuðu og 5-6 sem mættu alltaf).

Sumarið kom vel út og stefnum við á því að gera starfsemi að föstum lið í þjálfunarskipulagi félagsins. Lions klúbburinn Hængur styrkti félagið til kaupa á sérbúnaði fyrir hreyfihamlaða og aðgengi er gott.

Skýrsla hreystideildar KFA

Vorið 2013 flutti félagið í sunnuhlíð 12, þar voru starfandi fyrir rækt, aflraunafélag Akureyrar og fangabragðafélagið FenrirMMA. Þegar ákveðið var að félagið mundi færa sig þangað var strax haft samband við okkur varðandi að innlima starfsemi aflraunafélagsins inni starfsemi KFA. Sumarið 2013 var þá haldinn stofnfundur hreystideildar KFA, en það átti að vera samheiti yfir allar þær jaðaríþróttir sem eru iðkaðar meðfram lyftingum til gamans og keppni en hafa ekki enþá verið stofnuð sársambönd innan ÍSÍ utan um þau – átt við t.d. krossfit, aflraunir, hálандаleika, vaxtarækt, og aðrar sambærilegar íþróttir sem viðkoma kraft og hreysti.

Mikil áhugi er fyrir því að koma þessum íþróttum á betra skrið og kynna þær sem hliðargreinar meðfram hefðbundnum æfingum félagsins – og eru allir iðkendur deildarinnar skráðir í aðrar deildir félagsins. Formaður deildarinnar er Þorbergur Guðmundsson, en hann er

unglinga landsliðsmaður í kraftlyftingum og keppir einnig í aflraunum. Torfi Ólafsson, fyrrv. Kraftlyftingamaður og aflraunagoð gaf félaginu helling af sýningarbúnaði og æfingargræjum til að æfa aflraunir og hálандаleika.

Stefna félagsins er skýr hvað varðar að sameina alla hópa stálíþróttamanna á Akureyri undir eitt merki og nota sameinaða krafta okkur til að upphæfja allar þær íþróttir til fyrri dýrðar.

Mótastarf

Mótastarf á Akureyri hefur lengi verið mjög mikill þáttur í starfinu og skapað menningu sem tíðkast hvergi annarstaðar á Íslandi. Reynslan og þekkingin er til staðar til að halda stórmót og sóknarfærið felst í því að reyna fá þau sem flest hingað á landsbyggðina. M.v. samantekt sem var gerð sumarið 2013 voru haldin hér á Akureyri 56 mót á tímabilinu 2008-2013 þar af 34 sem voru skráð á mótaskrá LSÍ og KRA.



2014 verður Akureyrarmótið í kraftlyftingum 40 ára – og hefur verið haldið óslitið síðan 1974. Árið eftir það verður félagið 40 ára og ætlum við að stefna að því að hala mótastarfi félagsins nær því að halda fleiri stórmót og jafnt og þétt tryggja okkur stöðu og traust að geta haldið hér á Akureyri reglulega stór alþjóðlegmót í öllum greinum.

Dómarar

Dómaramál eru fín, starfandi eru 14 kraftlyftingadómarar og 9 lyftingadómarar í bænum. Mikilvægt er fyrir félagið að vera með vottaða alþjóðadómara í bæði kraftlyftingum og lyftingum svo hægt sé að vera með námskeið og próf fyrir nýja dómara án þess að vera fá kennara frá Reykjavík eða útlöndum.

Aðstöðumál

Félagið tók kipp í umfangi í sumar þegar við byrjuðum með rekstur í gamla KEA kjallaranum í verslunarhúsnæðinu í Sunnuhlíð. Iðkenda fjöldi og aðgengi að íþróttinni jókst stórlega með aukinni þjónustu og betri aðstöðu til þjálfunar fyrir lyftingar og kraftlyftingar.



Reksturinn var sjálfstæður að því leiti að hann var ekki styrktur af íþróttayfirvöldum eða bæjaryfirvöldum. Mjög mikil vinna hefur verið lögð í sjálfböðuvinnu á meðan starfsemin er að taka við sér. Miðað við þá uppbyggingu og fjölgun iðkenda verður hægt og rólega bætt kjör þeirra einstaklinga sem leggja það á sig að halda uppi stálíþróttum hér á Akureyri og nágrenni.



Markmið félagsins í aðstöðumálum er að halda utan um heimsklassa aðstöðu fyrir lyftingar, kraftlyftingar og kraftþjálfun fyrir íbúa á Akureyri og nágrenni í samstarfi við bæjaryfirvöld. Aðstaðan á að getað þjónað sem almenn aðstaða til líkamsræktar ásamt því að vera búin aðskildum sölum til lyftinga, kraftlyftinga og grunnþjálfunar.

Stjórn ÍBA samþykkti í desember s.l. að veita félaginu styrk uppá 100.000kr til að koma til móts við húsaleigu á aðstöðu félagsins.

Keppni og afrekstarf



Viktor Samúelsson hefur verið helsti íþróttamaður félagsins og var valinn bæði 2012 og 2013 lyftingamaður KFA. Viktor er í landsliði og unglingalandsliði Kraftlyftingasambands Íslands. Staða Viktors er góð á heimslista IPF – miðað við 24.10.2013 er hann staddur í öðru sæti 20 ára og yngri. og 46 sæti í opnum flokki í -105 kg. fl.). Viktor er einn efnilegasti og sterkasti unglingur Íslands í

dag og er góð fyrirmynd fyrir alla þá sem hafa áhuga á líkamsrækt og kraftþjálfun. Hann gengst undir lyfjapróf reglulega og sannar með því að góður árangur er vel mögulegur í kraftlyftingum án þess að nota ólögleg lyf og aðferðir. Hans besti árangur er 326kg í hnébeygju, 260kg í bekkpressu og 310kg í réttstöðulyftu – 896kg í samanlögðu.



Landsliðsmenn félagsins (2012-2013) eru:

Kraftlyftingar Hulda B. Waage, Viktor Samúelsson, Alexandra Guðlaugsdóttir, Einar Hannesson, Þorbergur Guðmundsson, Fríða Björk Einarsdóttir og Sigfús Fossdal.

Lyftingar Erlendur H. Jóhannesson, Bjarki Garðarsson, Árni Freyr Stefánsson, og Darri Már Magnússon

Lokaorð formanns KFA

(frá sláttudegi félagsins desember 2013):


„Hrikalega stulur af fólkinu mínu og sjálfum mér. Innilega þakklátur fyrir allan þann stuðning sem fyrirtækji og einstaklingar í samfélaginu hafa sýnt félaginu og þeim verkefnum við höfum tekið að okkur.

Norðurlandamótið heppnaðist ágætlega og fór allt samkvæmt áætlun. Markviss uppbygging félagsins s.l. ár hefur orðið til þess að hópur ungra manna/kvenna sem hafa verið félaginu til taks s.l. ár hefur hér byggt upp góðan grunn á möguleika á heilbrigðri uppbyggingu kraftíþróttar hér á landsbyggðinni um ókomna tíð.

Ég trúi því að með dugmikilli iðju og hugsjónum eru ótrúlegustu hlutir mögulegir og ætlum við hér í KFA að sanna það hversu öflugt einstaklings framtakið er og halda áfram að leiða uppbygginguna og vera áfram fyrirmynd fyrir önnur félög á landinu.

Jarðvegurinn er frjór og lítur framtíðin vel út“





Stofnað 1964

UMF Narfi Ársskýrsla 2012

Árið 2012 var blómlegt í starfi UMF Narfa. Á vorönn voru vikulegar frjálsíþróttæfingar undir stjórn Hörpu Konráðsdóttir. Krökkunum var skipt upp í tvo hópa. Harpa hætti um vorið og hélt utan til náms í haust og hefur vantað þjálfá síðan fyrir frjálsíþróttirnar. En í haust var töluvert gert til að fá þjálfara fyrir frjálsar. Berglind Smárad var með íþróttaskóla fyrir leikskólabörnin á vorönn og gekk það mjög vel. Ingimar Ragnars var með vikulegar fótþáttæfingar fyrir skólakrakkana.

Í sumar var tekin ákvörðun um að halda íþróttanámsskeið fyrir börn í Hrísey. Ráðinn var til þjálfunar Stefán Geir. Hópnum var skipt í þrennt og var æft í klukkutíma fjóra daga vikunar í tvö þriggja vikna tímabil. Námskeiðin voru vel sótt og þótti fyrirkomulagið heppnast vel þó eitt-hvað hafi verið rætt um að breyta skipulagi fyrir leikskólabörnin.

Í haust voru ráðnir þrír þjálfarar til UMF Narfa. Gunnar Páll með einn hópa á vikulegum æfingum í körfubolta. Ingimar með tvo hópa á vikulegum æfingum í fótþátt og Berglind með tvo hópa vikulega í íþróttaskólanum. Námskeiðin hafa verið mjög vel sótt, nánast 100 % þátttaka í alla hópa.

Þjóðhátíðardagurinn 17. Júní var haldinn hátíðlegur með hefðbundnu sniði. Hrund Teitsdóttir og Dána Björg Sveinbjörnsdóttir voru fengnar til að halda utan um hátíðahöldin. Haldið var víðavangshlaup og vöflur seldar ásamt leikjum og andlitsmálningu. Dagurinn var mjög skemmtilegur og vel að honum staðið.

Jólaballið var haldið annan í jólum eins og hefð er fyrir. Þar mættu alvöru Mývetnskir jólasveinar en þeir gera alltaf gríðarlega stemningu. Góð mæting var en veður og færð settu aðeins strik í reikninginn.

Fastur liður í starfi félagsins er útburður á jólapósti um þorpið, sú fjáröflun hefur gefið félaginu ágætist tekjur.

Ráðist var í það að kaupa fjölþjálfunartæki og stigvél í Íþróttamiðstöðina fyrir andvirði gamalla tækja sem seld voru. Tækin eru eign félagsins. Talin var mikil þörf á stykja líkamsræktina og var þetta liður í því. Stigvélin bilaði fljótlega eftir að hún kom og var mjög erfitt að fá varahluti í það.

Útnefndur var Reynir Þrastarson íþróttamaður ársins hjá félaginu. Hann fékk tilnefninguna fyrir ótrúlegan áhuga og kappsemi sem hefur smitandi áhrifa á jafningja hans.

Stjórnin vill þakka þeim fjölmörgu sem komu að undirbúningi og framkvæmd viðburða á vegum félagsins, án ykkar framlags er félagið ekki neitt.

*Með kveðju,
Heimir Áslaugsson formaður
Bára Steinsdóttir gjaldkeri
Pétur Steinþórsson ritari
Narfi Freyr Narfason
Ingimar Ragnarsson*



Stofnað 1964

UMF Narfi Ársskýrsla 2013

Árið 2013 var viðburðaríkt hjá Ungmennafélaginu Narfa. Á vorönn stóð félagið fyrir vikulegum æfingum í körfubolta og knattspyrnu fyrir börn á grunnskólaaldri og íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri. Gunnar Páll Hálfðánarson annaðist þjálfun í körfubolta, Ingimar Ragnarsson þjálfði yngri og eldri í knattspyrnu og Berglind Smáradóttir sá um íþróttaskólann og þar voru einnig tveir hópar, yngri og eldri.

Í sumar var haldið leikjánaðmskeið fyrir 2-5 ára annars vegar og 6-10 ára hins vegar. Sýlvía Sigurðardóttir hafði umsjón með námskeiðinu sem stóð yfir í tvær vikur.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní stóð ungmennafélagið fyrir hátíðarhöldum sem hófust með hinu árlega 17. júní hlaupi fyrir hádegi og var hlaupið var í fjórum aldursflokkum. Dagskráin hélt svo áfram við Sæborg kl. 14 þar sem boðið var upp á andlitsmálningu, farið var í leiki á tjaldsvæðinu, seldar voru vöfflur, kaffi og djús í Sæborg og á eftir var bíó fyrir börnin.

Ungmennafélagið bauð gestum Hríseyjarhátíðarinnar upp á fría hoppukastala við mikla gleði viðstaddra. Í haust styrkti félagið flugeldasýningu á haustfagnaði Hríseyinga sem Ferðamálafélagið stendur fyrir.

Á haustönn var íþróttaskóli fyrir börn á leikskólaaldri, frjálsíþróttæfingar fyrir 5-10 ára og knattspyrnuæfingar fyrir 6-10 ára og 11-15 ára. Ingibjörg Guðmundsdóttir sá um íþróttaskólann, Ólöf Rún Júlíusdóttir þjálfði frjálsar íþróttir og Ingimar Ragnarsson knattspyrnu.

Í nóvember var farið af stað með badmintonæfingar og var þjálfari badmintondeildar KA á Akureyri, Högni Harðarson, fenginn til að koma á tvær fyrstu æfingarnar þar sem hann kenndi grundvallaratriði í badminton.

Æfingar verða svo vikulega fyrir alla 13 ára og eldri. Góð þátttaka var á þessar tvær fyrstu æfingar.

Í vetur tók stjórnin af skarið og lagaði svolítið til í áhaldageymslunni í íþróttamiðstöðinni í Hrísey. Settar voru upp hillur, snagar og festingar. Akureyrarbær styrkti okkur um hilluefnið, en annað keypti félagið.

Til stendur að byggja frísbýgolfvöll í Hrísey og ætlar Ungmennafélagið að hafa umsjón með því verkefni. Félagið sótti um styrk í Íþróttasjóð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins en því miður fengum við ekki úthlutað úr íþróttasjóð að þessu sinni. Á nýju ári verður hafist handa við að safna fleiri styrkjum og teikna upp völinn. Höfum við verið í góðum samskiptum við Íslenska frísbíggólfsambandið sem hefur boðist til að vera okkur innan handar varðandi hönnun á vellinum.

Félagið sá um móttöku, flokkun og útburð á jólapósti um þorpið á þorláksmessu og á annan í jólum var jólaball félagsins haldið í íþróttamiðstöðinni með hefðbundnu sniði.

Á næsta ári verður félagið 50 ára og af því tilefni var gefið út dagatal fyrir árið 2014 með ljósmyndum úr Hrísey. Stefnt er að því að halda afmælishátíð næsta sumar.

Stjórnin vill þakka þeim fjölmörgu sem komu að undirbúningi og framkvæmd viðburða á vegum félagsins, án ykkar framlags er félagið ekki neitt.

*Með kveðju,
Heimir Áslaugsson formaður
Ingólfur Sigfússon gjaldkeri
Sýlvía Sigurðardóttir ritari
Pétur Steinþórsson*



Stofnað 1963

Siglingaklúbburinn Nökkvi Ársskýrsla 2012

Akureyri 7mars 2013.

Starfsárið 2012 hófst með talsverðum fundarhöldum við Akureyrarbæ. Starfshópur um uppbyggingu hjá Nökkva var skipaður og farið yfir fyrri áætlanir og stöðu framkvæmda á Nökkvasvæðinu. Byrjað var á að greiða úr málum varðandi greiðslur fyrir hönnun svæðisins og endanlegar hugmyndir um framtíðarskipulag mótaðar. Lagðar voru fram tillögur um viðbótarhúsnaði á Nökkvasvæðið sem Íþróttaráð samþykkti að veita auka fjárveitingu í og á vordögum var svo sett upp lítið sumarhús á Höpfnarsbryggju. Áður hafði verktaki stækkað og endurbætt uppfyllinguna austur úr Höpfnarsbryggju og tók því nýja húsið ekkert af eldra athafnasvæði og stendur því sem næst á nýrri uppfyllingu. Framkvæmdamiðstöð bæjarins aðstoðaði við undirbúning og lagnir og lagði einnig til og setti upp rammgerða skjólgirðingu á milli húsanna. Er þetta kærkomin viðbót við frekar lítinn húsakost siglingaklúbbsins og nýttist húsið vel þótt ekki tækist að klára það að fullu.



Æfingabúðir Nökkva

Aðalfundur Nökkva var haldinn í febrúar, í stjórn voru kjörnir Rúnar Þór Björnsson formaður, meðstjórnendur Hjalti Jóhannesson, Sigurður Þorláksson, Gauti Elvar



Siglingahópur vinabæjarmótsins um borð í seglskútnni Gógó með skipper Knúti Karlssyni

Arnarson og Gísli A Bjarnason. Í varastjórn Karen Malmquist og María Grenó.

Öryggisbátanámskeið var haldið í maí í samvinnu SÍL, Sæbjargar og Nökkva og voru 11 þáttakendur af norðurlandi, þar af voru 9 út Nökkva. Þrír siglingamenn úr Nökkva tóku svo þátt í viðamiklu 7 daga þjálfaranámskeiði SÍL hjá Ými í Kópavogi, þeir Björn Heiðar, Arnar Freyr og Dagur og eru þeir komnir með mestu siglingaþjálfaramenntun sem hægt er að fá hér á landi. Námskeiðin hófust að venju í júní og reyndist þáttaka ótrúlega góð, ekki spillti fyrir frábært veður viku eftir viku og hélst góða veðrið næstum allt sumarið. Met þáttaka var í námskeiðum klúbbsins sumarið 2012.

Í byrjun sumars gátum við tekið í notkun nýjan seglbát, litla tveggja manna kænu sem sérstaklega ætlaður fötluðum einstaklingum með það í huga að geta gefið fleirum tækifæri á að sigla, sérstaklega þeim sem ekki hafa áður haft tækifæri til þess.

Í júlí tókum við að okkur að sjá um stóran hóp af ungu fólki frá vinabæjum Akureyrar á norðurlöndunum, krakkarnir sigldu alla daga og tóku þátt í starfi klúbbsins þá viku sem reyndist hin besta skemmtun.

Siglingaæfingar hófust í byrjun sumars, fóru rólega af stað en eflust jafnt og þétt þegar leið á sumarið. Kjölbátanámskeið voru haldin í júní og fram í júlí og var þáttaka ágæt, Jón Magnússon sá að venju um kennsluna og hafa siglingatímar Paradísar sjaldan verið fleiri.

Æfingabúðir voru í Stykkishólmi fyrstu viku í júlí sem heppnuðust vel og var góður hópur siglingamanna Nökkva með í þeim.

Í ágúst og fór stór hópur suður á Íslandsmót í hjá siglingafélaginu Brokey í Nauthólmsvík og þrátt fyrir erfiðar aðstæður stóðu Nökkvamenn sig frábærlega og komu heim með 5 Íslandsmeistara titla af 6. Sigurður Orri Hjaltason og Alexander Simm urðu Íslandsmeistarar í Topper Topas flokki, Stefán Ármann Hjaltason Íslandsmeistari í Optimist A flokki og Breki Sigurjónsson fylgdi fast á eftir honum í öðru sæti. Í Laser flokkunum átti Nökkvi alla Íslandsmeistara, Björn Heiðar Rúnarsson í standard flokki, Þorlákur Sigurðarson Laser Radial og bróðir hans Sigurður Sean í Laser 4,7 flokki og Lilja Gísladóttir eina siglingakona okkar Nökkvamanna í öðru sæti.

Akureyrarmótið var svo haldið 25. ágúst í talsverðum strekkingi og heppnaðist vel, þó var ekki hægt að láta yngstu krakkana sigla vegna veðurs og þeim frestað. Akureyrarmeistarar voru þeir Björn Heiðar í Laserflokki og Stefán Ármann í Optimist flokki A.

Nýtt deiliskiplag Nökkvasvæðisins var svo endanlega samþykkt í bæjarstjórn í ágúst og var þar með lokið nokkura ára baráttu við að kom að koma því í geng.



Nýja kænna sérhönnuð

Á uppskeruhátíð SÍL í Reykjavík í október var siglingafólkið okkar, Lilja Gísladóttir og Björn Heiðar Rúnarsson valin siglingamaður og kona ársins, er þetta annað árið í röð sem Nökkvamenn eiga siglingamann ársins en árið 2011 var það Þorlákur Sigurðsson. Á uppskeruhátíð Nökkva í lok desember var svo Björn Heiðar valinn siglingamaður Nökkva 2012 og tilnefndur fyrir hönd klúbbsins til kjörs Íþróttamans Akureyrar 2012.

Áfram var haldið með fundi við bæjarfélagið um fjárveitingar til framkvæmda við nýja svæðið og vorum við opinberlega ekki inni í framkvæmdaáætlunum bæjarins fyrir næstu árin en loforð gefin um að framkvæmdir myndu hefjast á næsta ári, sem er hálfra aldar afmælisár Nökkva, félags siglingamanna Akureyri.

Fh. stjórnar Nökkva þakka ég öllum stjórnarmönnum, félögum í Nökkva og foreldrum fyrir árið 2012, einnig öllum stuðningsaðilum klúbbsins, ÍBA og Akureyrbæ fyrir samstarfið.

*Rúnar Þór Björnsson
formaður Nökkva, félags siglingamann Akureyri*



Öryggisbátanámskeið



Stofnað 1963

Siglingaklúbburinn Nökkvi Ársskýrsla 2013

50 ára afmælisár

Árið byrjaði vel, formaður tók við styrk frá Norðurorku í byrjun janúar og skömmu seinna fengum við góðan styrk frá Samherja en siglingakona Nökkva og SÍL 2012 Lilja Gísladóttir veitti styrknum viðtöku fyrir hönd klúbbsins. Í janúar hófst svo þrekæfingum í samstarfi við SÍL og líkamsræktina Bjarg og mætti formaður SÍL, Úlfur Hróbjartsson og Óla Víði þjálfara og settu æfingarnar í gang. Æft var tvisvar í viku fram í apríl og var árangurinn ágætur og talsverðar framfarir.

Aðalfundur Nökkva var haldinn 7. mars og var stjórnin svo skipuð: Formaður Rúnar Þór, aðalmenn í stjórn voru Sigurður Þorláksson, Gísli A. Bjarnason, Elías B. Gíslason og Hjalti Jóhannesson. Varamenn eru Gauti Elfar Arnarson og Sigurjón Ragnarsson.

Fyrstu framkvæmdir hófust við nýtt athafnasvæði á vordögum og var byrjað á að gera nýju uppþýllinguna sunnan við Nökkva. Fyrsta formlega skóflustungan var svo 10 maí en það voru heiðursfélagar Nökkva, Gunnar Árnason, Hermann Sigtryggsson og Dúi Eðvaldsson sem

munduðu skóflurnar fyrstir, síðan fyrrverandi formenn Nökkva, Gunnar Hallsson, Tryggvi Heimisson og Rúnar Þór núverandi formaður. Að lokum voru það stjórnsmálmennirnir, Tryggvi Gunnarsson formaður íþróttaráðs, Halla Björk frá L-lista, Logi Már frá Samfylkingunni og Ólafur Jónsson frá Sjálfstæðisflokki. Úlfur Hróbjartsson formaður SÍL var við athöfnina og fluttu ávarp. Framkvæmdir héldu svo áfram fram að námskeiðum sem hófust í byrjun júní. Mikil þáttaka var á námskeiðum og urðum við að loka fyrir skráningar vegna mikillar aðsóknar og var þáttaka góð út sumarið.

Æfingabúðir SÍL og Nökkva voru haldnar í byrjun júlí og voru um 40 siglingakonur og menn víðasvegar af landinu saman komin. Alberte Lindberg siglingaþjálfari frá Danmörku var yfirþjálfari Laserhópsins en hún hafði komið til Akureyrar vikur fyrir æfingabúðir til að þjálfa siglingafólk Nökkva. Æfingabúðirnar gengu vel og með góðum styrk frá Kælismiðjunni Frost, Landsbanka, og Norðlenska. Þetta voru mjög vel heppnaðar æfingabúðir og skemmtilegar. Verðlaunaafhending og grillveisla var svo haldin í Kjarnaskógi.



Siglingamenn Nökkva



Heiðursfélagar og stofnendur siglingaklúbbsins (Sjóferðafélags Akureyrar) 1963, Gunnar, Dúi og Hermann taka hér fyrstu skóflustungu að nýju framtíðarsvæði Nökkva.



Framkvæmdir hófust

Siglingamenn Nökkva stóðu sig vel á mótum sumarsins. Á Íslandsmóttinu, sem haldið var í Hafnarfirði, áttum við 3 íslandsmeistara; Björn Heiðar Rúnarsson Íslandsmeistari í opnum flokki, Þorlákur Sigurðsson íslandsmeistari í Laser Radial flokki og Þór Wium íslandsmeistari í Optimist B flokki.

50 ára afmælishátíð var svo haldin á Hótel KEA 8. október en þar var félagið stofnað í upphafi. Fjöldi góðra gesta, félagsmanna og heiðursfélaga mættu á athöfnina og voru klúbbum voru færðar gjafir frá Akureyrarbæ, ÍBA, einstaklingum og siglingafélögum annarstaðar á landinu. Dúi Eðvaldsson var formlega tilnefndur heiðursfélagi

Nökkva en hann var einn af stofnendum Nökkva eða Sjóferðafélags Akureyrar eins og það þá hét. Undirritaður var samningur við Samskip á Akureyri um flutninga á bátum og búnaði næstu 3 árin ásamt einum 40 feta gámi sem þeir gáfu klúbbum. Slippstöðin á Akureyri sá svo um að sandblása og mála gáminn áður en hann var á svæði Nökkva.

Björn Heiðar Rúnarsson var valinn siglingamaður SÍL annað árið á afmælishófi SÍL í Ými í Kópavogi og siglingamaður Nökkva 2013. Hann tekur þátt í alþjóðlegu siglingaverkefni með ISAF, alþjóða siglingasambandinu og SÍL, ásamt Huldu Hannesdóttur frá Brokey í Reykjavík. Þau munu taka þátt í heimsmeistaramóttinu í siglingum í Santander á Spáni í september næstkomandi.

Ung siglingakona úr Nökkva, Lilja Gísladóttir hefur á eigin vegum sótt æfingabúðir á Spáni og Kanarí í okt. og nóv. og tók jafnframt þátt í keppni með danska siglingasambandinu.

Ánægjulegt er að afmælisárið sé upphafsár mikilla framkvæmda sem staðið hafa til all lengi og eru loksins að verða að veruleika, með þrautseigju og dugnaði eru draumarnir að rætast.

Akureyri 24. feb. 2014.

Rúnar Þór Björnsson formaður Nökkva



Rúnar Þór, Dúi Eðvaldsson, Gunnar Árnason, Hermann Sigtryggsson, Tryggvi Gunnarsson, Gunnar Hallson, Tryggvi Jóhann Heimisson ásamt dóttur sinni Ísabellu Sól.



Sundfélagið Óðinn Ársskýrsla 2012

Aðalfundur 2012.

Aðalfundur Óðins var haldinn í sal Brekkuskóla 27. mars 2012.

Börkur Þór Ottósson, formaður
Halla B. Halldórsdóttir, varaformaður
Halla B. Garðarsdóttir, gjaldkeri
Ingibjörg K. Gunnarsd. ritari
Lísa B. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Ómar Kristinsson, meðstjórnandi
Elsa Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Uppskeruhátíð fyrir árið 2012

Uppskeruhátíð Óðins var haldin í sal Brekkuskóla þriðjudaginn 8. jan. 2013. Þar var farið yfir árangur liðsins árs og sundmenn heiðraðir. Góð mæting var á hátíðina og skemmtu allir sér hið besta. Tilkynnt var um val á sundmanni Akureyrar 2012 sem var Birgir Viktor Hannesson.




Birgir Viktor gekk til liðs við Óðinn í ársbyrjun 2012. Hann er nú orðinn handhafi 11 Akureyrarmeta sem hlýtur að teljast frábær árangur á ekki lengri tíma. Hann varð Íslandsmeistari á árinu í 200 m fjórsundi í 25 m laug og Aldursflokka-meistari í 100 m baksundi. Birgir Viktor var valinn í landsliðið í landskeppni Íslands og Færeyja í

október auk þess sem hann keppti á Norðurlandameistaramóti unglunga í Finnlandi í desember sl. Birgir Viktor er sem sundmaður Akureyrar tilnefndur af Óðni fyrir kjör á íþróttamanni Akureyrar 2012 sem lýst verður næstkomandi miðvikudagskvöld þann 16. janúar.

Afreksi viðurkenningar

Í Krókódílahópi, sem er eldri hópur félagsins fyrir börn með sérþarfir, fengu Vilhelm Hafþórsson og Lilja Rún Halldórsdóttir viðurkenningar fyrir stigahæstu sund karla og kvenna. Í afrekshópi fengu viðurkenningu fyrir mestu bætingu á árinu Nanna Björk Barkardóttir og Maron Trausti Halldórsson. Stigahæsta sund karla átti Birgir Viktor Hannesson og stigahæsta sund kvenna sund kvenna Bryndís Bolladóttir.



Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir

Viðurkenningu fyrir ástundun fengu Baldur Logi Gautason í Úrvalshópi, Elísabet Anna Ómarsdóttir í Framtíðarhópi og Breki Arnarsson í Krókódílahópi. Viðurkenningu fyrir framfarir í sundtækni fengu Aþena Arnarsdóttir í Framtíðarhópi, Snævar Atli Halldórsson í Úrvalshópi og Axel Birkir Þórðarson í Krókódílahópi.

Íslandsmeistarar

Þá fengu þeir sem urðu Íslandsmeistarar á árinu 2012 viðurkenningu. Það voru:

Birgir Viktor Hannesson Bryndís Bolladóttir Karen Malmquist

Lilja Rún Halldórsdóttir Nanna Björk Barkardóttir Vilhelm Hafþórsson

Íslandsmet

Okkur er sérstök ánægja að segja frá því að Vilhelm Hafþórsson setti tvö Íslandsmet á árinu.

Það fyrri í apríl í 50 M laug í 50 m flugi (28:38) og það síðara nú í nóvember síðastliðnum á ÍM 25 ÍF í 50 metra skriðsundi (25:51) og hrifsaði þar með titilinn af Jóni Margeiri.

Viðurkenning til Sundfélagsins

Á hátíðinni voru einnig veitt verðlaun til félagsins en það var gæðaviðurkenning frá Íþrótt- og

Olympíusambandi Íslands sem veitir okkur rétt til að kalla okkur Fyrirmyndarfélag ÍSÍ til næstu fjögurra ára. Viðurkenningin var fyrst afhent okkur 3. nóvember 2006.

Almennt um starfið

Árið hefur verið viðburðaríkt eins og oft áður hjá Sundfélaginu.

Sjaldan eða aldrei hefur verið jafnmikið af menntuðum þjálfurum hjá okkur þ.e. höfum verið einstaklega heppin með það að mörg þeirra eru kennaramenntuð og viljum við trúa því að það skili sér í faglegu starfi til barnanna okkar.

Fyrir tveimur vikum síðan var haldið grunnþjálfara-námskeið þar sem fyrrverandi landsliðsþjálfari Brian Marshall heimsótti og okkur og var námskeiðið vel sótt af okkar fólki. Einnig stóð íþróttakennurum á svæðinu til boða að taka þátt og mættu 9 kennarar. Virkilega var vel látið af námskeiðinu og kom strax fram beiðni um það hvort hægt væri að endurtaka þetta námskeið eða eitthvað því sambærilegt haustið 2014.

Draumur okkar um innilaug er enn til staðar þótt ef til vill sé hann orðinn enn fjarlægari en áður. Nú er orðið fokhelt íþróttahús Naustaskóla og eftir því sem ég best veit ekki útlit fyrir að verði klárað á næstu þremur árum. Börn í Naustaskóla eru ekki með íþróttatíma í samræmi við námsskrá.

Við sjáum því fram á að aðstaða okkar komi ekki til með að breytast á næstunni og reynum eins og við getum að aðlaga okkur að því sem í boði er og halda úti okkar fjölbreytta starfi.

Ánægjulegt er frá því að segja að félagið hefur fest kaup á viðbótum í tímatökubúnaði sem krafa er um að hafa við mótahald eins og AMÍ. Þetta hefur staðið lengi til og höfum við um langan tíma reitt okkur á velvilja annarra félaga um að fá lánað það sem upp á vantaði hjá okkur. Nú er svo komið að í flestum tilvikum er búnaður sem þessi eign lauganna en ekki félaganna lengur og um dýran og viðkvæman búnað að ræða og þar sem það er skilyrði fyrir mótahaldi að búnaður sem slíkur væri til staðar er ekki hægt að biða lengur með kaup á þessum búnaði, en AMÍ verður einmitt haldið hér hjá okkur í sumar. Félagið hefur átt í viðræðum við bæinn um kaup á þessum búnaði, en því miður hafa þær viðræður ekki enn skilað árangri. Við munum þó halda áfram að minna á okkur og spurning hvaða möguleikar eru í stöðunni um endurkaup síðar þar sem UMFÍ verður haldið hér 2015.

Félagið átti stórafmæli í september síðastliðnum, nánar tiltekið 50 ára afmæli þann 12 september. Félagið gerði sér dagamun laugardaginn 15 sept. Haldið var sprettsundsmót að deginum auk þess sem góðir gestir heiðruðu okkur á samkomu í Lundi þá um kvöldið. Þar hittust margir fyrrverandi formenn og „eldri félagsmenn“ og áttu saman notalega stund. Ákaflega vel lukkaður dagur og er afmælisnefndinni færðar sérstakar þakkir fyrir vinnu sína í tengslum við tilefnið.

Fjárafilanir

Fjárhagur félagsins er alltaf mikið hagsmunamál og eitt af stærstu verkefnum stjórnar. Reksturinn hefur verið í járn-



um, reyndar afkoman neikvæð um 700þ eins og nánar verður kynnt í reikningum félagsins. Þau ár sem við höfum haldið AMÍ hefur skilað okkur afgangi og tap verið hin árin. Reynt er þó eftir fremsta megni að ganga ekki það nærri eigin fê að ekki sé rekstrarhæft. Nú munum við ganga á allar okkar eigur með tilkomu kaupanna á tækni-búnaðinum og er það því ærið verkefni komandi stjórnar að halda vel á spöðunum svo ekki verði gengið of nærri félaginu. Starf eins og okkar er ávallt háð velvilja okkar styrktaraðila og hefur stjórn séð um að afla auglýsinga á bakka auk ýmissa fjáraflana tengdum mótahaldi okkar. Þar er okkar stærsti fjáröflunarliður Aldursflokkameistaramót Íslands. Hvað varðar fjáröflun vegna þeirra móta sem við sækjum fer hún að mestu leiti fram hjá fjáröflun-arnefndinni auk þess sem við höfum notið velvilja fyrirtækja eins og Samherja, en sá styrkur hefur nýst krökkun-um annaðhvort beint til greiðslu á mót, eða til lækkunar á æfingagjaldi ef viðkomandi einstaklingur hefur ekki sótt mót. Sundfélagið greiðir þó alltaf eitthvað niður hvert einasta mót eins og fjárhagur leyfir.

Eins og flestum er kunnugt um hefur ekki verið tilkynnt um styrk af hálfu Samherja á þessu sundári en lítill fugl hefur hvíslað því að mér að möguleiki sé á fréttum frá þeim allra næstu daga. Nú er það svo að ekki má taka því sem gefnu að styrkur sem þessi sé kominn til að vera en við erum auðvitað ákaflega þakklát fyrir framlag Samherja síðustu þriggja ára.

Á nýafstöðnu þingi Sundsambands Íslands var tíðrætt um fjárhag sambandsins og möguleika þeirra til niðurgreiðslu á landsliðsverkefnum og er skemmst frá því að segja að þar kreppir verulega að og vissulega væri skemmtilegra ef okkar keppnisfólk þyrfti ekki að hafa áhyggjur af fjárhagsmálum í leiðinni því ekki hefur verið hægt að styrkja að fullu kostnað hvers sundmanns sem tekur þátt í slíkum verkefnum. Starf eins og okkar er mikið háð óeigingjörnu vinnuframlagi foreldra og færum við þakkir öllum þeim sem að starfinu hafa komið. Einnig þökkum við okkar ágætum þjálfurum fyrir sitt framlag til starfsins.

Akureyri 27.03.2012

Börkur Þór Ottósson
Formaður



Stofnað 1962

Sundfélagið Óðinn Ársskýrsla 2013

Aðalfundur 2013

Aðalfundur Sundfélagsins Óðins var haldinn í sal Brekkuskóla þann 19. mars 2013.

Ný stjórn var kjörin á fundinum. Formaður var kjörinn Heiðar Ólason og með honum sex aðalmenn í stjórn sem síðan skiptu með sér verkum með eftirfarandi hætti:

Heiðar Ólason, formaður
Börkur Þór Ottósson, varaformaður
Halla Björk Garðarsdóttir, gjaldkeri
Lísa B. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Ómar Kristinnsson, meðstjórnandi/ritari
Ingibjörg Gunnarsdóttir, meðstjórnandi/ritari
Elsa Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Uppskeruhátíð fyrir árið 2013

Uppskeruhátíð félagsins fyrir árið 2013 var haldin í sal Brekkuskóla 11. janúar 2014. Þar voru samkvæmt venju veittar viðurkenningar fyrir árangur ársins.

Í krókódílahópi, sem er eldri hópur félagsins fyrir fatlaða, fengu Lilja Rún Halldórsdóttir og Axel Birkir Þórðarson viðurkenningar fyrir stigahæstu sund karla og kvenna. Í sama hópi fékk Breki Arnarsson viðurkenningu fyrir ástundun og Bergur Unnar Unnsteinsson fyrir framfarir.

Í afrekshópi fengu viðurkenningu fyrir mestu bætingar á árinu Kristín Ása Sverrisdóttir og Baldur Logi Gautason. Stigahæsta sund karla átti Birgir Viktor Hannesson og stigahæsta sund kvenna Bryndís Rún Hansen.

Í yngri hópum fengu viðurkenningu fyrir ástundun María Arnarsdóttir og Guðný Ósk Maríasdóttir og fyrir framfarir þær Svanhildur M. Valdimarsdóttir og Rebekka Sif Ómarsdóttir.

Íslandsmeistarar félagsins á árinu 2013 voru heiðraðir sérstaklega á uppskeruhátíðinni. Alls kræktu 14 sundmenn í Íslandsmeistaratitil á árinu í hinum ýmsu aldursflokkum.

Landsliðsverkefni

Lilja Rún Halldórsdóttir og Vilhelm Hafþórsson voru valin til þátttöku í landsliðæfingum.

Sundmaður Akureyrar

Sundfélagið Óðinn valdi Bryndísi Bolladóttur sundmann Akureyrar 2013. Bryndís náði frábærum árangri á tímabilinu. Þó að hún sé einungis 14 ára er hún ein af þremur bestu sprettsundskonum landsins. Hún synti sig örugglega

inn í unglingalandslið á síðasta tímabili.

Bryndís keppti á Ólympíudögum æskunnar síðast liðið sumar og var það fyrna sterk keppni. Hún stóð sig frábærlega og synti í úrslitum í skriðsundinu. Frábær árangur hjá henni.

Hún setti Íslandsmet unglinga í 50 m flugsundi í tvígang. Vann til verðlauna á meistaramótinu í skriðsundi og flugsundi.

Nú í byrjun desember synti hún á Norðurlandameistaramótinu sem var haldið í Færeyjum og náði þar inn í úrslit í öllum þeim greinum sem hún keppti í. Viku eftir heimkomu synti hún síðan á nýju íslandsmeti í flugsundi eins og fram kom hér áður.

Bryndís er frábær íþróttamanneskja sem æfir vel. Hún gefur alltaf 100% vinnu í allt sem hún gerir.

Hún er til fyrirmyndar bæði við æfingar, nám og félagsmanneskja í sundfélaginu okkar.



Bryndís Bolladóttir

Helstu mót

Bikarkeppni ÍF var haldin á Akureyri í júní. Um 60 keppendur frá fjórum félögum voru skráðir til leiks og tókst mótið vel í alla staði. Ekki skemmdi heldur fyrir góður árangur okkar fólks sem náði 2. sæti í heildarkeppninni.

Sprengimót Óðins var haldið í Sundlaug Akureyrar helgina 21. og 22. september og gekk vel í sannkölluðu blíðuveðri. Keppendur voru um 90 talsins frá 5 félögum, Óðni, ÍA, SH, ÍFR og Rán Flestir voru frá Óðni og Akranesi. Við vorum einstaklega ánægð með gestina okkar.

Annars sótti Óðinn „hefðbundin“ sundmót sunnan heiða á árinu, svo sem meistaramótið og önnur stærri mót. Óðinn hélt Aldursflokkameistaramóti Íslands urðum við í 4. sæti í stigakeppni félaganna. AMÍ fór fram í blíðskaparveðri. Að þessu sinni voru 20 lið sem voru með skráða keppendur. Þar af var eitt lið frá Danmörku swim team Odense.

Almennt um starfið

Eins og rakið hefur verið hér að framan var árið 2013 var gott ár hjá Óðni hvað árangur varðar. Þjálfarar félagsins hafa sinnt starfi sínu vel og tekist að halda stöðugleika meðal iðkenda. Almennt erum við með vel menntaða þjálfara og hefur það skilað sér í góðum árangri á mótum.

Sundmenn á öllum aldri eru í stöðugri sókn og margir

efnilegir sundmenn að vaxa upp hjá félaginu. Metnaður stjórnar Óðins stendur til þess að sundmenn okkar standi jafnfætis keppinautum sínum á Suðurlandinu þrátt fyrir þrengri aðbúnað á sumum sviðum.

Sem fyrr var aðstaða félagsins til sundæfinga rædd og þá sérstaklega í útilaug Akureyrar. Í raun má segja að fyrir liggi að plássleysi í laug er vandamál sem ekki verður leyst nema með byggingu nýrrar æfinga- og keppnislaugar á Akureyri. Stjórn Óðins mun halda áfram að minna á sig og leggja mikinn metnað í að sundmenn geti stundað íþróttina á Akureyri, frá sundskóla til afreksmanna og allt þar á milli. Mikill kurr hefur verið meðal bæjarbúa um fyrirhugaða rennibraut sem mun rísa á sundlaugarsvæði. Þar finnst okkur ekki vera rétt forgangsraðað.

Við megum þó heldur ekki gleyma að leggja rækt við innra starf okkar. Hvað fjölda iðkenda varðar er nokkuð ljóst að við erum löngu komin að efri mörkum miðað við núverandi aðstöðu og tímafjölda og af þeim sökum er afar brýnt að hlúa að þeim sundmönnum sem við eigum. Gæði starfsins eru ekki fyrst og síðast metin í fjölda gullpeninga eða bikara. Þau ráðast af því hvernig okkur tekst að byggja upp og styrkja sundmennina okkar sem einstaklinga til framtíðar. Mörg íþróttafélög horfa með virðingu og aðdáun til þess starfs sem unnið er hjá Óðni við þann þrönga kost sem við búum við. Af því getum við sannarlega verið stolt og það hvetur okkur til að gera enn betur.

Félagið fjárfesti í tímatökubúnaði en það er eitt af skilyrðunum til að geta haldið stórmót. Það er ekki á höndum hvers sundfélags samt að vera eigandi að svona stórum búnaði heldur hefur það verið frekar sundlaugarnar sem eiga þennan búnað. Viðræður við bæjarráðið eru í bígerð varðandi kaup á tímatækjunum.

Fjárafilanir

Fjáröflunarnefnd vann öflugt starf á árinu eins og undanfarin ár. Ljóst er að sundiðkun á Akureyri krefst verulega meiri fjárútláta fyrir sundmenn og fjölskyldur þeirra en hjá félögum á sv-horninu. Fyrir vikið þurfum við að vera enn duglegri í fjáröflunum. Síð batnandi ástandið í þjóðfélaginu almennt hefur leitt til þess að harðnað hefur á dalnum í fjáröflunarstarfi íþróttafélaga. A.m.k. finnum við hjá Óðni verulega fyrir þeim samdrætti. Ein okkar helsta fjáröflun er AMÍ og er það orðið okkar stærsta fjáröflun og við hreinlega stólum á að við séum valin að halda það annað hvert ár. Síðan er það sólarhringsundið, hefur það dregist talsvert saman frá því sem best var. Styrkur



Krókóðilahópur Óðins

Samherja til íþróttafélaga, sem nú var úthlutað í 6. sinn, hefur þó verulega létt róðurinn fyrir heimili sundfólks og verður seint fullpakkaður.

Sú breyting sem við gerðum að færa fjáröflun meira frá sameiginlegum fjáröflunum til þess að hafa þær einstaklingsmerktar hefur komið mjög vel út og virðist vera almenn sátt um þá breytingu.

Áfram eru þó nokkrar sameiginlegar fjárafilanir, enda nauðsynlegt til að standa undir almennum rekstri Óðins. Auglýsingaskiltin á bakkanum er stór þáttur í að fjármagna almennt starf félagsins.

Lokaorð

Heimasíða Óðins www.odinn.is er frétt- og upplýsingamiðill félagsins. Þar er m.a. að finna allar helstu upplýsingar. Allar fréttir um starfið hverju sinni, s.s. mót og aðrar upptakur, eru þar aðgengilegar og ekki má gleyma öllum þeim myndum sem teknar hafa verið á mótum eða viðburðum sem gaman er að skoða aftur og aftur.

Stjórn Óðins þakkar öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt árið 2013 fyrir samvinnuna. Sérstakar þakkir vil ég færa öllum sem sátu í nefndum fyrir félagið, tóku að sér fararstjórn eða sinnu dómgæslu og öðrum störfum. Þátttaka og stuðningur foreldra og velunnara er sem fyrr lykillinn að góðu starfi.

Akureyri 26. febrúar 2014

Heiðar Ólason,
formaður



Stofnað 1937

Skautafélag Akureyrar Ársskýrsla 2012-2013

Starf Skautafélagsins árin 2012 og 2013 hefur verið bæði blómlegt og viðburðaríkt. Í Skautafélaginu eru auk aðalstjórnar þrjár deildarstjórnir yfir krulludeild, listhlaupadeild og hokkídeild. Hver deildarstjórn sér um að sinna málefnum sinnar deildar og aðalstjórn félagsins hefur heildarhagsmunir félagsins að leiðarljósi og hefur m.a. yfirumsjón með rekstri Skautahallarinnar.

Samsetningu aðalstjórnar var breytt á tímabilinu þar sem deildarformenn eru sjálfkjörnir inn í aðalstjórn félagsins og var það gert til að auka skilvirkni og auka flæði upplýsinga og samskipta milli aðalstjórnar og deildarstjórna. Rekstur Skautahallarinnar var þungur á tímabilinu og ljóst var að nauðsynlegt var orðið að gera nýjan rekstrarsamning við Akureyrarbæ enda forsendur breyst mikið í efnahagslífinu síðustu misserin. Segja má að þessar samningaviðræður hafi staðið yfir bæði þessi ár og lauk með nýjum samningi sem tók gildi 1. janúar 2014 og gildir sá samningur í tvö ár. Samhliða samningaviðræðum hefur verið lögð áhersla á að gólfplatan í Skautahöllinni yrði skoðuð en á sínum tíma þegar höllin var reist var hún reist yfir gömlu plötuna sem félagsmenn gerðu árið 1986, þegar Skautafélagið flutti starfsemi sína aftur að Krókeyri og draumurinn um vélfryst skautasvell varð að veruleika. Þessi plata er nú orðin lélegt og orðið tímabært að fara í gagngerar endurbætur á henni, eða öllu heldur endurbyggingu. Það var því loksins ákveðið árið 2013 að í janúar 2014 skyldi hefjast með formlegum hætti undirbúningur við endurbætur með von um framkvæmdir á árinu 2015.

Árið 2012 var deiliskipulag Innbæjarins í endurskoðun og þá kom í ljós sú lóð sem talin var fylgja Skautahöllinni var alls ekki skráð nema rétt undir höllinni sjálfri. Lóðin fékkst lok skilgreind eins og skautafélagsfólk hafði skilgreint hana áður, með Drottningarbraut og Miðhúsabraut sem lóðarmörk að vestan, norðan og austan, og gróðurbeltið að sunnaverðu. Jafnframt var sett inn á lóðina nýr byggingarreitir fyrir framtíðar mannvirki fyrir krullu og jafnvel viðbótar æfingarsvell.

Af öðrum félagsmálum má nefna lengingu tímabils í samræmi við skólaárið og nú eru skipulagðar æfingar í fulla 9 mánuði á ári sem er lenging um einn mánuð frá því sem áður var og vonir standa til þess að fljótlega skapist forsendur til enn lengri tímabils en undanfarin ár hafa deildir leigt Skautahöllina fyrir sína iðkendur í ágúst ár hvert og hluta úr júlí með tilheyrandi kostnaði. Á árinu 2012 fékk Skautafélagið endurnýjun á gæðaviðurkenningu frá Íþrótt og Ólympíusambandi Íslands sem fyrirmyndafélag og erum við afskaplega stolt af því.

Í framtíðarlönum félagsins felst fyrst og fremst bæt

aðstaða fyrir bæði iðkendur og annað félagsfólk sem og gesti Skautahallarinnar. Innanhúss er nauðsynlegt að koma upp upphituðu rými þar sem hægt er fylgjast með því sem fram fer á ísnum og þar sem gestir Skautahallarinnar geta hlýjað sér. Bætt aðstaða fyrir íþróttafólk félagsins fyrir afisæfingar er ekki síður mikilvæg en í dag fara slíkar æfingar fram á göngum, í tröppum og á áhorfendapöllum hallarinnar.

Árinu 2013 lauk með glæsilegum hætti fyrir Skautafélagið þegar Íþróttaráð veitti viðurkenningar sínar fyrir Íslandsmeistararitla og landsliðsfólk en þar átti SA langfesta Íslandsmeistara og langflest landsliðsfólk eða 85 Íslandsmeistara og 36 landsliðsfólk.

Aðalstjórn Skautafélagsins 2012

Sigurður Sveinn Sigurðsson
Dávíðs Valsson
Dröfn Áslaugsdóttir
Helga Margrét Guðjónsdóttir
Hallgrímur Valsson
Ólöf Sigurðardóttir
Reynir Sigurðsson

Aðalstjórn Skautafélagsins 2013

Sigurður Sveinn Sigurðsson
Jón Grétar Rögnvaldsson
Dröfn Áslaugsdóttir
Haraldur Ingólfsson
Halldóra Ósk Arnórsdóttir
Ólöf Sigurðardóttir
Reynir Sigurðsson

Virðingarfyllst

Sigurður Sveinn Sigurðsson – formaður.

Listhlaupadeild Skautafélags Akureyrar, ársskýrsla 2012

Árið 2012 var skemmtilegt og viðburðaríkt hjá listhlaupadeildinni, mikið var um að vera og alltaf gaman að sjá unga skautara vera að spreyta sig á svellinu. Flestir iðkendur deildarinnar eru á aldrinum 4-19 ára.

Iðkendur LSA tóku þátt í fjölda móta, hérlandis og erlendis og einnig voru haldnar sumaræfingarbúðir. Keppendum í listhlaupi er skipt í flokka eftir getu og eru þrír keppnisflokkar A,B og C keppnisflokkar og einnig er aldursskipting innan hvers flokks. C keppendur tóku þátt í fjórum mótum, tvö þeirra voru innanfélagsmót og tvö þar

sem að allir C keppendur landsins tóku þátt. Annað þeirra er Vinamótið og er það LSA sem stendur fyrir því og hitt mótið er haldið í Birninum. Keppendur okkar stóðu sig með þrýði og höfðu gaman af. A og B keppendur tóku þátt í sex mótum, tveimur innanfélagsmótum, fjórum mótum á vegum Skautasambands Íslands (ÍSS). Árangur A og B keppenda var mjög góður á mótum ÍSS og voru það margir verlaunapeningarnir sem að komu hingað norður. Einnig tóku A og eldri B keppendur þátt á Reykjavík International Games (RIG) eins og að vanda skiluðu skautararnir frábærum árnagri.

Einn skautari frá LSA tók þátt í Volvo cup í Riga Lettlandi og 4 skautarar tóku þátt á Malmö International og þar endaði Emilía Rós Ómarsdóttir í 3 sæti.

Tveir skautarar fóru frá LSA með Landsliðinu þær Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir og Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir, þær tóku þátt í ISU Coupe De Printemps í Lúxemborg og ISU Ice Challenge í Graz Austuríki og stóðu þær sig mjög vel. Akureyrarmeistari 2012 var Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir og var þetta annað árið í röð sem að hún náði þessum árangri einnig var Hrafnhildur valin Skautakona LSA árið 2012. Eins og fyrri ár var LSA með tvær sýningar það er Vorsýning og Jólasýning og eins og alltaf voru þessar sýningar hinar glæsilegust.

Grunnprófin eru orðin fastur liður í skautaiðkun og í ár stóðu skautarar frá LSA sem þreyttu prófinn sig með eindæmum vel og geta verið stoltir af árangrinum. Sumarið 2012 var LSA með sínar árlegu sumarþúðir þar sem að fjölbreytt dagskrá sem inniheldur tvær ísæfingar, leikir, teygjur og önnur afþreying.

Yfirþjálfari LSA er Iveta Reitmayeriva og er hún frá Slóvakíu.

Í stjórn LSA árið 2012 sátu
Kristín Þóll Þórsdóttir
Rut Hermannsdóttir
Dröfn Áslaugsdóttir
Steinunn Heba Finnisdóttir
Inga Randversdóttir

Listhlaupadeild Skautafélags Akureyrar, árskýrsla 2013

Árið 2013 var skemmtilegt og viðburðaríkt hjá listhlaupadeildinni eins og undanfarin ár.

Iðkendur LSA tóku þátt í fjölda móta, hérlandis og erlendis og einnig voru haldnar sumaræfingarþúðir. C keppendur tóku þátt í fjórum mótum, tvö þeirra voru innanfélagsmót og tvö þar sem að allir C keppendur landsins tóku þátt. Annað þeirra er Vinamótið og er það LSA sem stendur fyrir því og hitt mótið er haldið í Birninum. A og B keppendur tóku þátt í sex mótum, tveimur innanfélagsmótum, fjórum mótum á vegum Skautasambands Íslands (ÍSS). Árangur A og B keppenda var mjög góður á mótum ÍSS og voru það margir verlaunapeningarnir sem að komu hingað norður og voru nærri allir okkar keppendur í verðlaunasæti. Einnig tóku A og eldri B keppendur þátt á Reykjavík International Games (RIG) eins og að vanda skiluðu skautararnir frábærum árnagri.

LSA átti fjóra skautar sem að voru í Landsliði Íslands.



Marta María Jóhamsdóttir



Ísold Fönn Viljálmsdóttir

Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir og Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir tóku þátt á Norðurlandamótinu. Þá tóku þær einnig þátt á ISU Mladost Trophy sem haldið var í Zagreb í Króatíu og ISU World Development sem var haldið í Cieczyn í Póllandi ásamt Emilíu Rós Ómarsdóttur og Söru Júlíu Balvinsdóttur og stóðu stelpunar sig mjög vel á þessum mótum. Á erlendum mótum komu keppendur okkar heim með 3 silfur og 2 brons

Akureyrarmeistari árið 2013 var Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir og var þetta þriðja árið í röð sem að Hrafnhildur Ósk er Akureyrarmeistari. Skautakona LSA árið 2013 var Emilína Rós Ómarsdóttir.

Árið 2013 var farið í það að ráða til okkar þjálfara sem að sér um uppbyggingu yngri iðkenda með það að markmiði að fjölga krökkum sem að æfa listhlaup og réði LSA Kristínu Helgu Hafþórsdóttur. Kristín æfði skauta hjá LSA á sýnum yngri árum og hefur verið mikil lyftistöng fyrir félagið, hún er mjög góður þjálfari og nær vel til yngir iðkenda. Kristín hefur umsjón með skautum regnbogans sem að er í yfirmsjón Skautasambands Íslands.

Sumarið 2013 vorum við með okkar árlegu sumarþúðir og gengu þær mjög vel eins og undanfarin ár. Þessar þúðir voru undir leiðsögn Ivetu Reitmayerovu sem að er yfirþjálfari LSA. Eins og undanfarin ár voru iðkenndur LSA með vor- og jólasýningu sem að hafa báðar alltaf verið glæsilegar.

Stjórn LSA árið 2013

Halldóra Ósk Arnórsdóttir
Elísabet Kristjánsdóttir
Dröfn Áslaugsdóttir
Kristín Þöll Þórsdóttir
Ingibjörg Þorvaldsdóttir
Rut Hermannsdóttir
Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir

*Fyrir hönd stjórnar LSA
Halldóra Ósk Arnórsdóttir
Formaður LSA*



Krulludeild Skautafélags Akureyrar, ársskýrsla 2012

Starfsemi Krulludeildar Skautafélags
Akureyrar er í nokkuð föstum skorðum

frá ári til árs. Sömu mót eru haldin árlega, en iðkendum hefur smátt og smátt fækkað síðustu árin.

Árið hefst að jafnaði á deildarkeppni Íslandsmótsins. Níu lið tóku þátt í Íslandsmótinu að þessu sinni, öll úr röðum SA. Lið Mammúta varð deildarmeistari, sigraði í sjö viðureignum af átta. Liðið tryggði sér einnig Íslandsmeistaratitilinn í sérstakri úrslitakeppni þar sem Mammútar sigruðu Fífurarnar í úrslitaleik. Fífurarnar hlutu silfrið og Fálkar Bronsið. Liðsmenn Mammúta eru Jens Kristinn Gíslason, Jón Ingi Sigurðsson, Ólafur Freyr Númason, Ragnar Jón Ragnarsson og Sveinn H. Steingrímsson. Með sigrinum tryggði liðið sér rétt til þátttöku fyrir Íslands hönd á Evrópumótinu, C-keppni, sem fram fór í Erzurum í Tyrklandi síðar á árinu.

Vormót Krulludeildar var eins konar tenging frá Íslandsmóti yfir í lokamót tímabilsins. Mótið var spilað sem einstaklingskeppni, en þó dregið í lið fyrir hverja umferð. Sigurvegari varð Kristján Þorkelsson, Hallgrímur Valsson varð í öðru sæti og Haraldur Ingólfsson í þriðja.

Alþjóðlega krullumótið Ice Cup hefur fest sig í sessi og nýtur vinsælda á meðal erlendra iðkenda krullu. Mótið fer fram fyrstu helgina í maí á hverju ári. Að þessu sinni tóku þrjú erlend lið þátt í mótinu og 11 innlend eða með innlendum leikmönnum að hluta eða alveg. Bandarísk lið urðu í fyrsta og öðru sæti, en íslenskt lið styrkt með skoskum leikmanni varð í þriðja sæti. Alls tóku 65 manns þátt í mótinu.



Upphaf keppnis-tímabilsins 2012-2013 var með hefðbundnum hætti. Æfingar hófust í byrjun september og síðan var tekið til við mótahald í lok september. Garpar urðu Akureyrarmeistarar, Team Tårnby í öðru sæti og Bragðarefir í þriðja. Mammútar

unnu Gimli Cup krullumótið, Garpar urðu í öðru sæti og Ice Hunt í því þriðja. Garpar urðu bikarmeistarar eftir sigur á Skyttunum í framlengdum leik.

Lið Mammúta fór sem fulltrúi Íslands til þátttöku í C-keppni Evrópumótsins sem fram fór í Erzurum í Tyrklandi í október. Matareitrun setti strik í reikning liðsins, sem þó náði 5. sætinu í keppninni.

Jens Kristinn Gíslason var valinn krullumaður ársins úr röðum Krulludeildar SA og jafnframt heiðraður af ÍSí sem krullumaður ársins.

Lokapunktur ársins var eins og áður hið svokallaða Áramótamót. Þar koma saman vanir og óvanir leikmenn, dregið er í lið og spilað, að mestu til gamans, en þó keppt til sigurs. Metþátttaka var í mótinu að þessu sinni.

Stjórn Krulludeildar var þannig skipuð: Hallgrímur Valsson formaður, Ólafur Freyr Númason varaformaður, Svanfríður Sigurðardóttir ritari, Davíð Valsson gjaldkeri, Haraldur Ingólfsson meðstjórnandi. Varamenn eru Gísli Kristinsson og Rúnar Steingrímsson.



Krulludeild Skautafélags Akureyrar, ársskýrsla 2013

Starfsemi Krulludeildar Skautafélags
Akureyrar á árinu 2013 var með hefðbundnum hætti. Aðaláherslan var á mótahald og æfingar.

Fyrsta mót ársins var Íslandsmótið, sem hófst í lok janúar. Sjö lið tóku þátt í mótinu. Mammútar urðu deildarmeistarar, en síðan tók við úrslitakeppni fjögurra efstu liða. Þar höfðu Garpar sigurinn, eru Íslandsmeistarar í



krullu 2013 eftir sigur gegn Fífunum. Mammútar hlutu bronsið. Lið Garpa er þannig skipað: Árni Grétar Árnason, Gunnar Haukur Jóhannesson, Hallgrímur Valsson, Kristján Björn Bjarnason og Ólafur Hreinsson. Með sigrinum tryggði lið Garpa sér rétt til þátttöku fyrir Íslands hönd á Evrópumótinu, C-keppni, sem fram fór í Kaupmannahöfn síðar á árinu.

Alþjóðlega krullumótið Ice Cup heppnaðist með ágætum þetta árið eins og endranær. Sextán lið með hátt í sjötíu liðsmenn tóku þátt, þar af sex erlend og tvö sem að mestu voru skipuð leikmönnum sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu. Blandað lið erlendra leikmanna frá Hollandi, Englandi og Danmörku sigraði, sænskt lið varð í öðru sæti og bandarískt í því þriðja. Mótið er í senn hápunktur og uppskeruhátíð á keppnistímabili krullufólks á Akureyri.

Hallgrímur Valsson, sem verið hefur formaður deildarinnar í nokkur ár, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður, en situr áfram í stjórn sem varamaður. Haraldur Ingólfsson var kjörinn formaður í hans stað.

Haustæfingar hefjast að jafnaði í byrjun september og fyrsta mót í lok september. Ljóst varð við upphaf tímabilsins haustið 2013 að iðkendum hafði fækkað frá því árið áður og má segja að sú þróun hafi átt sér stað undanfarin 4-5 ár. Þátttaka í haustmótum Krulludeildar bar merki um þetta því aðeins 5-6 lið tóku þátt í mótunum. Lið Mammúta vann öll þrjú mót haustsins og er liðið því Akureyrarmeistari, vann Gimli Cup og er bikarmeistari Krulludeildar. Ákveðið var að bikarmótið bæri hér eftir heitið Magga Finns Bikarmót Krulludeildar, til minningar um fyrrum liðsmann í krullunni og formann SA, Magnús Einar Finnsson. Keppt er um bikar sem fyrrum liðsfélagar hans í Görpum gáfu til minningar um hann. Mammútar urðu bikarmeistarar eftir sigur á Freyjum í úrslitaleiknum.

Jón Ingi Sigurðsson, fyrirliði liðs Mammúta, var valinn krullumaður ársins úr röðum Krulludeildar SA sem og af krullunefnd ÍSÍ.

Lokahnykkur ársins var hefðbundinn. Áramótamótið var haldið á milli jóla og nýárs og tókst vel eins og oftast áður.

Stjórn Krulludeildar var þannig skipuð: Haraldur Ingólfsson formaður, Ólafur Freyr Númason varaformaður, Rannveig Jóhannsdóttir ritari, Davíð Valsson gjaldkeri og Rúnar Steingrímsson meðstjórnandi. Varamenn eru Hallgrímur Valsson og Sveinn H. Steingrímsson.



Íshökkideild Skautafélags Akureyrar, ársskýrsla 2012

Yngri flokkar

Mikil gróska er hefur verið í barna- og unglingastarfi deildarinnar undanfarin ár undir forystu Söruh Smiley og hefur SA á flestum mótum Íshökkísambandsins teft fram sama fjölda keppenda á barnamótum og sunnanliðin til samans. 5., 6. og 7. flokks mót, voru 4 á tímabilinu. Brynjumótið var endurvakið eftir stutta hvíld sem er afar skemmtilegt og mikilvægt, því Brynjumótið hefur fylgt keppni ungviðisins nánast frá upphafi og er staðsti og langlífasti viðburðurinn sem hefur

fylgt félaginu í gegnum tíðina og þökkum við þeim Brynjuhjónum kærlega fyrir stuðninginn. 4. flokksmót, voru einnig 4 og að venju hefur Bautinn veitt okkur stuðning við mótahald og Bautamótið er orðinn þekktur viðburður hjá 4. flokki og við sendum aðstendendum Bautans okkar bestu þakkir fyrir veittan stuðning. 3. flokkur hefur helst átt erfitt uppdráttar undangengin ár en er hægt og bítandi að rétta úr kútnum og gengið hefur batnað jafn og þétt

Meistaraflokkur kvenna.

Ingvar Þór Jónsson var þjálfari kvennaliðsins fram að vori 2012 og að haustinu tók við Lars Foder. Sem fyrr er Skautafélag Akureyrar Mekka kvennahökkís á Íslandi og tefldi fram tveimur liðum í meistaraflokki kvenna. Ynjur heitir yngra liðið og hafa þær vaxið jafn og þétt að getu og krafti, og þó að Ásynjur hafi með reynslunni og þrautseigjunni náð að halda þeim fyrir aftan sig að stigum, þá hefur oft munað litlu og leikir þeirra oftast verið jafnir og hinir skemmtilegustu á að horfa.

Ásynjur, þær eldri, hafa borið höfuð og herðar yfir keppinauta sína í kvennahökkíinu á landsvísu og héldu uppi heiðri og stolti félagsins þetta árið með Íslandsmeistara titli sínum.

Meistaraflokkur karla.

Josh Gribben var þjálfari karlaliðsins fram að vori 2012 en að haustinu tók við þjálfuninni Ingvar Þór Jónsson. SA tefldi fram tveimur liðum í meistaraflokki karla, Jötunum og Víkingum. Tímabilið var Víkingum frekar erfitt undir stjórn Josh Gribben, en þeir náðu ekki inn í úrslit í fyrsta sinn í sögu félagsins, en að sama skapi var Deildarkeppnin sú jafnasta frá upphafi og ræðst ekki fyrr en í síðustu leikjum liðanna. En um haustið komu þeir tvíefldir inn undir stjórn Ingvars Þórs Jónssonar sem náði að endurvekja áhugann og metnaðinn með liðinu sem skilaði þeim á sigurbraut að nýju. Jötnar stóðu sig vel og voru jákvæð viðbót við deildina.

Innanfélagsmót yngriflokkar,

Markvisst uppbyggingastarf undanfarin ár er farið að skila sér og nú er loks orðinn nægur fjöldi til að hægt sé að vera með keppnir innanfélags og það hefur skilað sér í miklum framförum hjá iðkendum og jafnframt skilað miklum spenningi, gleði og fjöri inn í þessa aldursflokka.

Maí mót blönduð lið

Það hefur lengi verið skoðun margra að æskileg væri að halda úti starfi fyrir börnin út skólatímabilið, en starfi deildarinnar á ís hefur fram til þessa lokið í seinnipart apríl, mis seint þó eftir hvernig hefur staðið á. En nú hefur þessi skoðun hlotið hljómgrunn og í fyrsta sinn var skipulagt starf á svellinu út maí í formi keppni blandaðra liða undir stjórn Söruh Smiley og er það við hæfi að njóta ávaxtanna og enda veturinn með leikjum og spilamennsku eftir þrotlausar æfingar vetrarins. Þetta fyrirkomulag mæltist mjög vel fyrir og skapaði spenning og tilhlökkun til komandi tímabils.



Foreldrastarf,

Var í miklum blóma þökk sé öflugri stjórn foreldrafélags og góðri þáttöku margra foreldra sem hafa af óeigingirni og alúð léð barnastarfinu krafta sína og hafa gert að veruleika þetta blómaskeið í þessu mikilvæga uppbyggingastarfi deildarinnar á tímum þar sem annars hefur þrengrt að á mörgum sviðum og mörg félög og deildir hafa barist í bökkum og dregist saman. Einnig hefur foreldrafélagið með þáttöku margra foreldra haldið orðstýr deildarinnar og félagsins hátt á lofti með góðum móttöku-um á gestum deildarinnar þar sem foreldrakaffið er, og getum við verið stolt af þeim metnaði sem þar er sýndur.

Sarah, yfirumsjón þjálfunar í yngri flokkunum og aðstoðarþjálfara

Sarah var með okkur allt árið og ásamt því að spila með Ásynjum og þjálfra yngri flokka, stjórnaði hún og hafði yfirumsjón með barnastarfinu og aðstoðarþjálfara málum. Hún hefur meðal annarra góðra starfa lagt mikla áherslu og vinnu í að fjölga iðkendum og halda þeim inni sem byrjað hafa hjá okkur og er þar ein af grunnstöðum okkar í afar góðum höndum.

Íshökkídeild Skautafélags Akureyrar, ársskýrsla 2013

Yngri flokkar

5., 6. og 7. flokks mót, voru 4 venju, tvö í vor og tvö í haust. Tvö mót fara fram á Akureyri og eitt hjá hvoru félagi í Reykjavík. 4.flokksmót, voru einnig 4 og eins og undanfarin ár hefur Bautinn stutt dyggilega við þennan aldurshóp og mótahald þeirra. Þessi flokkur hefur verið sigursæll þetta árið bæði í A og B-liði og lofar góðu um

framtíðina. 3.flokkur hefur eflst talsvert og leikir voru fleiri þ.e. mótum var fjölgað úr 4 í sex.

Meistaraflokkur kvenna.

Fram að vori 2013 var Lars Foder þjálfari kvennaliðanna og Ásynjur urðu Íslandsmeistarar að. Bæði lið SA höfðu mikla yfirburði á Íslandsmótinu og einu leikirnir sem urðu spennandi voru innafélagsleikir Ynja og Ásynja. Að hausti 2013 tók við þjálfunni Ben Dimarco og leiddi liðið inn í Íslandsmót með nýju fyrirkomulagi. Að þessi sinni var SA aðeins með eitt lið en landsliðsleikmenn æfðu og kepptu sem sérstakur hópur. Akureyska kvennahökkíðið hefur líkt og undanfarin ár leitt á landsvísu og fyrirsjáanlegt að breyting verði þar á.

Meistaraflokkur karla.

Fram að vori 2013 var Ingvar Þór Jónsson þjálfari og gerði SA-Víkinn að Íslandsmeisturum í 5 leikja úrslitarimmu við Björninn fyrir fullri höll á heimavelli. Fyrri hluti tímabilsins var erfiður og m.a. þurfti að senda tvo erlenda leikmenn félagsins heim á miðju tímabili. Liðið virtist styrkjast við móteflið endurheimti Íslandsmeistara titilinn. Þess má geta að Ingvar var í lok ársins valinn Íshökkímaður ársins af Íshökkísambandinu, Íþróttamaður Skautafélags Akureyrar og þriðji í valinni um Íþróttamann Akureyrar. Jötnar stóðu sig vel fyrrihluta árs og voru stigi á eftir Húnum í deildinni en fengu ekki að reyna við Íslandsmeistaratiltílinn því sú keppni var felld niður og Húnar þess í stað tilnefndir.

Að hausti 2013 tó við þjálfun liðsins Richard Tahtinen en nokkrar breytingar urðu á liðinu í haust. Aðalmakvörður liðsins, Ómar Smári Skúlason fór af landi brott og í hans stað kom Rett Vossler frá Bandaríkjunum og með



honum kom sóknarmaðurinn Ben Dimarco. Báðir hafa þessir leikmenn tekið að sér þjálfun hjá félaginu og staðið sig vel. Lars Foder yfírgaf félagið og gerðist leikmaður og þjálfari Bjarnarins.

Allt annað starf deildarinnar hefur gengið vel, starfsemin hélt áfram út maí með maí-móti með blönduðum liðum. Foreldrastarfið var að vanda öflugt og enn sem fyrr eru allar móttökur mótsgesta og annara til mikillar fyrirmyndar og mikill metnaður var í rekstri m.a. sjoppu sem félagið tók að sér. Foreldrafélagið sá að vanda um allt utanumhald mótsferða 3.fl. og yngri og hefur með fjáröflunum ýmsum náð að styðja þar við af talsverðum myndarskap.

Sarah Smiley var ekki með okkur allt árið það sem hún fór í barneignarfrí undir lokin en stjórnaði að venju barnastarfinu en nú með aðstoð Elise Marie Valjots og fleirri góðra einstaklinga sem hlupu undir bagga.

Stjórn íshökkídeildar skipa:

Ólöf Björk Sigurðardóttir
 María Stefánsdóttir
 Ari Gunnar Óskarsson
 Elísabet Ásgrímsdóttir
 Garðar Jóhannesson
 Reynir Sigurðsson
 Sæmundur Leifsson



SKÍÐAFÉLAG
AKUREYRAR
Stofnað 1938

Skíðafélag Akureyrar Ársskýrsla 2012-2013

1. Stjórn SKA og nefndir

Stjórn SKA

Stjórn SKA starfsárið 2011-2012:

Hildigunnur Svavarsdóttir (formaður), Gunnar Reynisson (varaformaður), Guðríður Jónasdóttir (gjaldkeri), Eyþór Ólafur Bergmannsson (ritari), Erlingur Guðmundsson (meðstjórnandi), Kristinn Hreinsson (meðstjórnandi), Guðjón Marteinsson (meðstjórnandi).

Stjórn SKA starfsárið 2012 – 2013

Erlingur Guðmundsson (formaður), Guðjón Marteinsson (varaformaður), Eyrún Björg Þorfinnsdóttir (ritari), Kristinn Hreinsson (gjaldkeri), Martha Óskarsdóttir (meðstjórnandi), Friðbjörn Benediktsson (meðstjórnandi), Aðalbjörg Steinarsdóttir (meðstjórnandi).

Stjórn SKA starfsárið 2013-2014

Erlingur Guðmundsson (formaður), Guðjón Marteinsson (varaformaður), Eyrún Björg Þorfinnsdóttir (ritari), Ólafur Óskarsson (gjaldkeri), Martha Óskarsdóttir (meðstjórnandi), Friðbjörn Benediktsson (meðstjórnandi), Aðalbjörg Steinarsdóttir (meðstjórnandi).

Auk stjórnar starfa þrjár sérgreinanefndir innan félagsins, þ.e. alpagreinanefnd, skíðagöngunefnd og brettanefnd. Þá eru einnig starfræktar starfsnefndir innan þessara sérgreinanefnda.

Alpagreinanefnd

Í alpagreinanefnd 2012-2013 sátu Dagbjartur Halldórsson, Hrefna Magnúsdóttir, Arnar Bragason, Sverrir Rúnarsson og Martha Óskarsdóttir.

Í alpagreinanefnd 2013-2014 sitja Dagbjartur Halldórsson,



son, Hrefna Magnúsdóttir, Tryggvi Heimisson, Sverrir Rúnarsson og Martha Óskarsdóttir.

Starfssvið alpagreinanefndar er í stórum dráttum tvíþætt, annars vegar að efla þátttöku og getu iðkenda í alpagreinum og hins vegar að efla þátttöku almennings í alpagreinum.

Skíðagöngunefnd

Markmið nefndarinnar er að hlúa að skíðagönguþróttinni og kynna hana sem best.

Skíðagöngunefnd 2012-2013 og 2013-2014

Eyþór Ólafur Bergmannsson (formaður), Kári Jóhannesson, Sigurgeir Svavarsson, Jóhannes Kárasen, Kristinn Hreinsson og Ólafur Björnsson.

Brettanefnd:

Brettanefnd 2012-2013 og 2013 - 2014

Friðbjörn Benediktsson (formaður), Aðalbjörg Steinarsdóttir, Finnur Aðalbjörnsson, Magnús Sæmundsson, Markús Gústafsson og Ágúst Axelsson (þjálfari).

Fjárhagsnefnd

Fjárhagsnefnd var ekki starfrækt veturinn 2012-2013

Fjárhagsnefnd 2013-2014

Páll Steingrímsson, Gestur Geirsson, Magnús Sæmundsson og Helgi Jóhannesson.

Fatanefnd

Hjördís Stefánsdóttir, Friða Stefánsdóttir og Thelma Baldursdóttir.

Mótanefnd

Meginhlutverk mótanefndar er skipulag og ábyrgð á



mótahaldi SKA og öll umsjón með mótum sem haldin eru á vegum félagsins.

Mótanefnd alpagreina 2012-2013

Dan Brynjarsson (formaður), Alma Ágústsdóttir, Guðjón Marteinsson, Guðmundur Hólm Guðmundsson, Gunnar Gunnarsson, Ögmundur Knútsson, Ingólfur Jónsson og Alma Rún Ólafsdóttir.

Mótanefnd alpagreina 2013-2014

Dan Brynjarsson (formaður), Guðmundur Hólm Guðmundsson, Guðjón Marteinsson, Ögmundur Knútsson, Alma Ólafsdóttir, Ingólfur Jónsson, Gunnar Gunnarsson, Almar Ögmundsson, Gréta Huld, Sigurgeir Svavars-son og Kristinn Hreinsson.

Vefnefnd

Magnea G. Karlsdóttir (vefstjóri), Benedikt Sigurgeirsson (tæknimál) og Alma Ágústsdóttir (tæknimál).

Húsnefnd Strýtu

Catharina Gros, Ólafur Svansson, Martha Óskarsdóttir, Ragnar Kristjánsson, Herdís Anna Friðfinnsdóttir og Jóhann Oddgeirsson.

Andrésarnefnd

Andrésarnefnd 2012 – 2013 og 2013-2014:

Ingólfur Gíslason (formaður), Aðalgeir Hallgrímsson, Gísli Einar Árnason, Gunnar Reynisson, Jóhannes Kára-son, Oddgeir Sigurjónsson, Sigurgeir Svavarsson, Smári Kristinsson og Þóra Leifsdóttir.

Barna- og unglinganefnd alpagreina

Barna- og unglinganefnd 2012-2013

Sólrun Tryggvadóttir formaður, Erlingur Guðmunds-son, Martha Óskarsdóttir, Lena Sif Björgólfsdóttir, Alma Ólafsdóttir, Sigurlína Dögg Sigurðardóttir og Friða Stefánsdóttir.

Barna- og unglinganefnd 2013-2014:

Sólrun Tryggvadóttir (formaður), Erlingur Guðmunds-son, Friða Stefánsdóttir, Lena Sif Björgólfsdóttir og Alma Ólafsdóttir.

Ferðanefnd alpagreina

Ferðanefnd alpagreina 2012-2013

Björk Guðmundsdóttir, Eyrún Björg Þorfinnsdóttir, Svala Reynisdóttir og Þórunn Sif Harðardóttir.

Ferðanefnd alpagreina 2013-2014

Björk Guðmundsdóttir (formaður), Eyrún Björg Þorfinnsdóttir, Svala Reynisdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir og María Magnúsdóttir.

Ferða- og fjáröflunarnefnd brettadeildar 2013-2014

Berglind Aradóttir, Ólafur Jónsson, Thelma Baldurs-dóttir, Arnar Friðriksson og Elva Sigurðardóttir.

2. Yfirlit yfir starfssemi félagsins árin 2012 – 2013 og 2013 - 2014

Iðkendur

Nú eru 155 iðkendur voru skráðir í Skíðafélag Akureyrar og hefur sá fjöldi haldist óbreyttur á starfsárunum 2012 – 2013 og 2013 – 2014.

Þjálfarar

Þjálfarar hjá SKA 2012-2013

Þjálfarar í alpagreinum hjá 15 ára og eldri voru Ágúst Dansson og Jón Viðar Þorvaldsson. Þjálfarar 12-15 ára iðkenda voru Helgi Steinar Andrénsson og Sigmar Hilmars-son og þjálfari 10-11 ára iðkenda var Stefán Geir Andrénsson. Kristinn Magnússon, Þóra Ýr Sveinsdóttir og Karen Sigurbjörnsdóttir þjálfuðu iðkendur 8 ára og yngri. Karen Sigurbjörnsdóttir hafði umsjón með Andrésar andar skólanum.

Þjálfarar í skíðagöngu voru Ólafur Björnsson og Veronika Lagun með iðkendur 12 ára og yngri en um iðk- endur 13 ára og eldri sá Vadím Gusev.

Þjálfarar snjóbreitta voru Leifur Sigurðsson, Baldur Smári Friðbjörnsson, Hreiðar Hreiðarsson, Alexander Gunnarsson, Bergsveinn Friðbjörnsson og Viðar Stefáns-son.

Þjálfarar hjá SKA 2013-2014:

Þjálfarar í alpagreinum hjá 16 ára og eldri eru Kári Ellertsson og Stefán Geir Andrénsson. Þjálfarar 12-15 ára iðkenda var Helgi Steinar Andrénsson og Sigmar Hilmars-son og þjálfarar 9-11 ára iðkenda eru Kristinn Magnússon og Inga Rakel Ísaksdóttir. Þóra Ýr Sveinsdóttir, Hrefna Dagbjartsdóttir og Eva Ólafsdóttir þjálfu iðkendur 8 ára og yngri. Inga Rakel Ísaksdóttir hefur yfirumsjón með Andrésarskólanum.

Þjálfarar í skíðagöngu eru Ólafur Björnsson og Veronika Lagun með iðkendur 12 ára og yngri en um iðk- endur 13 ára og eldri sá Vadím Gusev.

Þjálfarar snjóbreitta eru Ágúst Axelsson, Leifur Sigurðs-son, Baldur Smári Friðbjörnsson, Hreiðar Hreiðarsson, Alexander Gunnarsson, Bergsveinn Friðbjörnsson og Viðar Stefáns-son.

Mót

Skíðafélag Akureyrar stendur fyrir fjölmörgum mótum á hverju ári. Meðal þeirra eru FIS-mót fullorðinna, s.s. Dagnýjarmót, Hermannsmót og Icelandair cup.

Í febrúar 2013 var haldið bikarmót hjá 14-15 ára sem var fært til Dalvíkur á síðustu stundu vegna veðurs. Í mars 2013 var haldið annað bikarmót í flokki 14-15 ára í Hlíðarfjalli og var það mót upphaflega áætlað í Reykjavík en var flutt til Akureyrar vegna aðstæðna í Bláfjöllum.

Skíðafélagið heldur árlega mót fyrir iðkendur; s.s. TePe mót, Hilmarsmót og Akureyrarmót. Hápunktur vetrarins hjá skíðaiðkendunum eru síðan að venju Andrésarandar leikarnir sem Skíðafélag Akureyrar heldur í kringum sumardaginn fyrsta. Fjölmargir skíðaiðkendur á landinu öllu sækja Andrésarleikana, þar sem keppt er í skíða- göngu, alpagreinum og snjóbreittum.



Skíðagöngunefnd stendur fyrir nokkrum mótum ár hvert. Auk hefðbundinna Akureyrarmóta heldur nefndin Kvinnaskíðagönguna „Í spor Þórunnar Hyrnu“ og Hermannsgönguna.

3. Merkustu viðburðir og árangur iðkenda SKA á síðustu tveimur starfsárum

SKA hefur í starfi sínu lagt áherslu á að kynna og efla skíðaiðkun barna á Akureyri. Félagið stóð fyrir, í samstarfi við Hlíðarfjall og Hópfarðabíla Akureyar, skíðadögum barna í 4. bekk grunnskólanna á Akureyri í Hlíðarfjall sem nú hefur komið til framkvæmdar í tvö skipti. Hlíðarfjall lánaði þeim krökkum búnað sem ekki áttu hann. Skíða- og brettakennarar komu frá Skíðafélaginu og Hlíðarfjalli, auk þess sem foreldrar úr Skíðafélaginu mættu til að leiðbeina. Að heimsókn lokinni fengu allir krakkarnir með sér heim opinn eins dags lyftupassa veturinn 2012/2013 og fjögurra daga passa veturinn 2013/2014. Einnig fengu nemendur kynningarefni frá Skíðafélaginu og Hlíðarfjalli. Það er samdóma álit allra sem komu að þessu fyrir hönd SKA að einstaklega vel hafi tekist til, eins höfum við fengið afar góða umsögn frá skólunum.

Á tímabilinu var byrjað að bjóða upp á að nýir iðkendur, 11 ára og yngri, greiddu aðeins hálft æfingagjald. Fyrirkomulag Andrésarskólans var með breyttu sniði og miðað við að krakkar sem hann sóttu væru krakkar sem hygðust stunda æfingar í framhaldi af námskeiðum skólans.

Nú er þriðja starfsári brettadeildar að ljúka. Starfsemi brettadeildar hefur gengið vel og er í stöðugri þróun. Þessi starfsemi er virkilega ánægjuleg viðbót við starfsemi félagsins og hefur hún fært okkur nýja iðkendur.

Ljóst er að iðkendum í alpagreinum og göngu hefur



fækkað á Íslandi á undanförunum árum og þar með talið hjá SKA. Mikilvægt er því að halda áfram því starfi að efla og kynna skíðaiþróttina, sérstaklega fyrir grunnskóla-krökkum á Akureyri.

Skíðafélag Akureyar annast rekstur veitingasölu í Strýtuhúsi og hefur rekstur hennar gengið vel. Foreldrar iðkenda sjá um að manna vaktir þar. Allir styrkir eru félaginu mikilvægir og er framlag Samherja ómetanlegt.

Alpagreinaneftnd SKA var drifjöður í SKINOR, sem er samstarfsverkefni skíðafélaganna frá Tindastóli að Mývatnssveit. Þetta verkefni hefur tekist afar vel og var megin tilgangurinn að efla félagslega þáttinn í skíðamennskunni hjá aldrinum 10 - 13 ára ásamt því að bjóða upp á góðar sameiginlegar æfingar.

Í röðum SKA eru margir skíðamenn í fremstu röð sem hafa æft og keppt talsvert á erlendri grundu.

Árangur iðkenda alpagreina hjá SKA og þátttaka á mótum erlendis árið 2012:

- Innan raða félagsins voru fjórir í landsliði og tveir í unglingalandsliði.
- Fimm iðkendur úr röðum SKA unnu árið 2012 sjö Íslandsmeistaratitla.
- Þrír Andrésarmeistarar
- SKA átti fjóra þátttakendur í HM unglinga á Ítalíu.
- SKA átti tvo fulltrúa á Toppolíno leikunum á Ítalíu.

Árangur iðkenda alpagreina hjá SKA og þátttaka á mótum erlendis árið 2013:

- SKA átti 5 fulltrúa af 14 í landsliðum Íslands í alpagreinum, þau Maríu Guðmundsdóttur, Einar Kristinn Kristgeirsson, Sigurgeir Halldórsson, Magnús Finnsson og Arnar Geir Ísaksson sem öll stóðu sig vel á tímabilinu.
- Þrír iðkendur úr röðum alpagreina SKA unnu árið 2012 tólf Íslandsmeistaratitla.
- Þrír iðkendur úr röðum SKA unnu sjö unglingameistaratitla.
- Amk. tíu Andrésarmeistarar
- SKA átti þrjá þátttakendur í HM unglinga í Kanada.
- SKA átti þrjá þátttakendur í HM fullorðinna í Austurríki.
- SKA átti einn fulltrúa á Toppolíno leikunum á Ítalíu.

Árangur iðkenda í skíðagöngu árið 2013:


- Brynjar Leó Kristinsson varð Íslandsmeistari í lengri vegalengdum 2013 og einnig með frjálsri aðferð auk þess að verða Íslandsmeistari í tvíkeppni.
- Ragnar Gamaliel Sigurgeirsson varð Íslandsmeistari í 17-19 flokki 2013, bæði með frjálsri og hefðbundinni aðferð auk þess að sigra tvíkeppnina
- Hjörvar Sigurgeirsson, Sindri Kristinsson og Vadim Gusev urðu bikarmeistarar í sínum flokkum 2013 og A sveit SKA varð Íslandsmeistari í boðgöngu en sveitina skipuðu þeir Brynjar Leó Kristinsson, Vadim Gusev og Gísli Einar Árnason.
- Þá náði Gísli Einar þeim frábæra árángri að vera fyrstur Íslendinga í 50 km í Fossavatnsgöngunni á Ísafirði í byrjun maí 2013

Brynjar Leó hefur verið við æfingar í Svíþjóð síðustu tvo vetur og verður áfram nú í sumar og næsta vetur, stefnir á þátttöku á heimsmeistaramóti í norrænum greinum í Falun í Svíþjóð í febrúar 2015.

4. Stefna og markmið SKA

Skíðafélag Akureyrar, SKA, er sér-greinasamband innan ÍBA. Tilgangur þess er að efla skíðaiþróttina, hreyfingu og heilbriggt líferni jafnt meðal keppnismanna sem almennings. Félagið stendur fyrir æfingum fyrir börn, unglinga og fullorðna og á að jafnaði keppendur á öllum helstu skíðamótum innanlands sem utan. Félagið er einnig mikilvægur og jákvæður félagslegur vettvangur iðkenda og aðstandenda þeirra. Hjá SKA starfa vel menntaðir og reyndir þjálfarar.

Í félaginu eru starfandi fagnefndir fyrir alpagreinar, skíðagöngugreinar og frá hausti 2011 einnig fyrir brettagreinar. Samkvæmt lögum félagsins er tilgangur þess að efla iðkun skíðaiþróttarinnar, bæði meðal keppnismanna og almennings og auka áhuga á gildi íþróttarinnar. Íþróttafélagið stendur fyrir þjálfun í íþróttinni. Því er mikilvægt að samvinna og samheldni ríki meðal félagsmanna og stjórnenda deilda auk þess sem þeir kappkosti að vinna að framgangi félagsins og markmiðum. Stjórnarmenn og þjálfarar í félaginu eru hvattir til að hafa frumkvæði og stuðla að virkri og árangursríkri samvinnu.



Hér er um margþætta samvinnu að ræða sem nær ekki aðeins til allra þeirra sem annast stjórnslu hjá félaginu, heldur einnig til iðkenda og starfsmanna. Þá nær samvinnan einnig út fyrir raðir félagsins, eins og til foreldra, skóla, ÍBA, Íþrótt- og tómstundaráðs Akureyrar, Skíðasambands Íslands og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Stefnt er að samstarfi við önnur íþróttafélög og grunn-skóla þannig að börnum og unglingum verði sköpuð tækifæri til íþróttaiðkunar á breiðum grunni. Fjölhæf kunnátta og leikni barna í mörgum íþróttagreinum á unga aldri skilar sér í öflugum keppnis- og afreksmönnum framtíðar. Eitt af meginmarkmiðum félagsins er að stuðla að iðkun íþróttar fyrir almenning sem og keppnis- og afreksfólk.

Skotfélag Akureyrar Ársskýrsla 2012

Stjórn SA 2012

Björn Snær Guðbrandsson, formaður
Finnur Steingrímsson, varaformaður
Sigurður Áki Sigurðsson, gjaldkeri
Gyða Árnadóttir, ritari
Guðlaugur Bragi Magnússon, meðstjórnandi

Rekstur Skotfélags Akureyrar gekk vel á árinu 2012 og skilaði félagið rekstrarafgangi eins og undanfarin ár.

Við héldum 31 mót í 14 mismunandi greinum. Þar af voru tíu mót í haglagreinum og 21 í kúlugreinum. Mótin voru því heldur fleiri en árið á undan en þá voru þau 23. Mikil gróska hefur verið í öllum keppnisgreinum og hefur keppendum fjölgað verulega og þá ekki síst í kúlugreinum. Af mótum sumarsins bar hæst Íslandsmótið í Skeet. Á því móti voru 32 keppendur og þar af voru 7 konur. Við gerðum breytingar á fyrirkomulagi mótsins á þann veg að þótt konurnar skytu bara þrjá hringi í keppninni og luku við þá á laugardeginum þá skutu þær finalin á sunnudeginum næst á undan karla finalinum. Þetta var gert til að skapa meiri stemmingu á mótinu. Þessi breyting mæltist misvel fyrir í aðdraganda móts en að móti loknu virtust keppendur almennt vera mjög ánægðir með þessa breytingu.

Skotfélag Akureyrar átti keppendur á mótum víðsvegar um landið og stóðu þeir sig með sóma. Bestum árangri á STI mótum á síðasta keppnisári náði Guðlaugur Bragi Magnússon en hann var reglulega á meðal sex efstu manna (final) á mótum sumarsins. Hann varð annar á Norðurlandsmeistaramótinu og þriðji á STI móti í Hafnarfirði. Í vetur hafa svo okkar menn náð góðum árangri í Staðlaðri skammbyssu og Sport skammbyssu. Þórður Ívarsson varð



Keppnisveit Skotfélags Akureyrar í skeet



Keppendur á Íslandsmótinu 2013 - skammbyssugreinar

þriðji á móti í byrjun desember í Staðlaðri skammbyssu. Grétar Mar varð þriðji á móti í sömu grein í janúar og Þorbjörg Ólafsdóttir varð efst kvenna. Á móti í Sport skammbyssu í janúar varð Grétar Mar í öðru sæti. Það er því mikil gróska í skammbyssugreinunum og líklegt að hún muni aukast til muna með tilkomu inni aðstöðunnar.

Skotmaður ársins 2012 hjá Skotfélagi Akureyrar er Grétar Mar Axelsson. Grétar er góður alhliða skotmaður og keppir bæði í hagla- og kúlugreinum. Grétar er mjög virkur skotmaður og var í toppbaráttunni á flestum mótum sem haldin voru á vegum félagsins.

Grétar var ósigrandi í skammbyssugreinunum og varð Akureyrarmeistari bæði í Staðlaðri- og Grófri skammbyssu. Hann varð einnig Akureyrarmeistari í Skeet. Hann náði enn fremur öðru sætinu á Akureyrarmeistaramótum í Silhouette og Sporting.

Grétar keppti enn fremur í Skeet á landsmótum og var þar oft á meðal efstu manna. Á Íslandsmótinu í Skeet varð hann í 5. sæti af heildinni og varð jafnframt Íslandsmeistari í 2. flokki.

Nú er malarnámi nánast lokið á svæði félagsins og eftir situr ný ríffilbraut. Það á þó eftir að ganga frá henni og væntum við þess að farið verði í það verk í vor en það er Akureyrarbær sem hefur umsjón með verkinu. Þetta var reyndar von okkar líka á síðasta ári en þá gerðist lítið. Við höfum verið í viðræðum við Akureyrarbæ í vetur og erum bjartsýn á það verði gengið frá brautinni í vor.

Mikil vinna og fjármunir hafa farið í að byggja upp inniaðstöðu félagsins í kjallara íþróttahallarinnar og er þeirri vinnu nánast lokið. Lögreglan hefur tekið svæðið út og telur það fullnægja öllum þörfum. Það vantar í raun

bara tvennt til þess að fá starfsleyfi. Annars vegar á eftir að ganga frá brunahurð inn í aðstöðuna sem Fasteignir Akureyrarbæjar sjá um og hins vegar á eftir að ljúka við frágang á rafmagnsmálum og skila inn teikningum af rafmagnslögnunum. Við eigum hins vegar eftir að vinna töluvert í aðstöðunni ennþá. Það á eftir að mála veggina og bæta hljóðdempun í salnum.

Árið 2013:

Framundan er viðburðarríkt ár. Mótaskráin er orðin klár og má finna hana á heimasíðu félagsins. Samkvæmt henni verða 28 mót á árinu sem eru heldur færri mót en á síðasta ári. Mótaskráin er í sjálfu sér ekki heilagt plagg og því ekki ólíklegt að einhver mót bætist við. Við höfum þó ákveðið

að ekki verði hægt að færa til tímasetningar á mótum með minna en tveggja vikna fyrirvara.

Af verkefnum sumarsins má helst nefna vinnu við að gera nýju riffilbrautina klára, viðhald á núverandi riffilbraut og töluvert viðhald á eldri skeetvellingum.

Svæðið verður opið svipað og í fyrra og við höfum þegar ráðið starfsmann fyrir sumarið.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum þeim sem veittu félaginu lið á síðasta ári og vonum að það verði jafn margir og helst fleiri tilbúnir að leggja okkur lið við verkefni ársins.

Akureyri 27. mars 2013

*Björn Snær Guðbrandsson
Formaður Skotfélags Akureyrar*



Skotfélag Akureyrar Ársskýrsla 2013

Stjórn SA 2013

Björn Snær Guðbrandsson, formaður
Finnur Steingrímsson, varaformaður
Sigurður Áki Sigurðsson, gjaldkeri
Gyða Árnadóttir, ritari
Guðlaugur Bragi Magnússon, meðstjórnandi

Rekstur Skotfélags Akureyrar gekk vel á árinu 2013 og skilaði félagið rekstrarafgangi eins og undanfarin ár.

Við höldum 27 mót í 13 mismunandi greinum. Þar af voru tíu mót í haglagreinum og 17 í kúlugreinum. Mótin voru því heldur færri en árið á undan en þá voru þau 31. Mikil gróska hefur verið í öllum keppnisgreinum og hefur keppendum fjölgað verulega og þá ekki síst í kúlugreinum.



Skotmenn í sparibúningnum

Af mótum sumarsins báru hæst Íslandsmótin í Grófri skammbyssu og Sport skammbyssu. Í Grófri skammbyssu náðu okkar menn góðum árangri og voru SA menn í öðru og þriðja sæti. Í Sport skammbyssunni náði Grétar Mar frábæru skori og sigraði með yfirburðum og varð íslandsmeistari í greininni. Mótin

tókust mjög vel og liggur nú fyrir að við höldum Íslandsmót í þessum greinum í sumar.

Fjórir aðilar hirtu alla Akureyrarmeistaratitlana að þessu sinni. Guðlaugur Bragi varð Akureyrarmeistari í Trap. Sigurður Áki varð Akureyrarmeistari í Skeet. Finnur Steingrímsson varð Akureyrarmeistari í Sporting, Silhouette og Benchrest. Grétar Mar varð Akureyrarmeistari í Staðlaðri- og Grófri skammbyssu.

Skotfélag Akureyrar átti keppendur á mótum víðsvegar um landið og stóðu þeir sig með sóma. Bestum árangri í haglagreinum á síðasta keppnisári náði Guðlaugur Bragi en hann varð Bikarmeistari í Skeet. Í kúlugreinunum bar árangur Grétars Mars hæst en hann varð Íslandsmeistari í Sport skammbyssu og í öðru sæti á Íslandsmótinu í Grófri skammbyssu.

Skotmaður ársins 2013 var Guðlaugur Bragi Magnússon. Hann hefur stundað markvissar æfingar undanfarin ár og keppt mikið bæði á innanfélagsmótum og landsmótum. Honum hefur farið stöðugt fram og er að uppskera eftir því. Í ár varð hann Akureyrarmeistari í Trapskotfimi og bikarmeistari í Skeet en þann titil hlýtur sá sem nær jafnbestum árangri yfir keppnistímabilið á landsmótum STÍ (Skotíþróttasamband Íslands). Guðlaugur Bragi vann fjögur landsmót í sumar, lenti tvisvar sinnum í öðru sæti og einu sinni í því þriðja. Þessi árangur setur Guðlaug



*Guðlaugur Bragi Magnússon
Bikarmeistari í skeet árið 2013*



Grétar Mar Axelsson – Íslandsmeistari í Sport skammbýssu árið 2013

Braga sem einn af fremstu haglabýssuskotmönnum landsins. Guðlaugur Bragi fékk styrk úr Afrekssjóði Akureyrar vegna þessa árangurs.

Lokahófið var haldið 21. september og tókst vel. Veðurguðirnir voru okkur hliðhollir og félagsmenn skemmtu sér vel. Mætingin hefði mátt vera betri en þó voru 14 keppendur og þar af 8 í haglagreinunum. Þetta hefur verið eina



Vorstemming á riffilvælinum

hátíðin sem félagið heldur og því mættu félagsmenn vera duglegri að mæta.

Lítið þokaðist í frágangi á nýju riffilbrautinni á árinu sem eru mikil vonbrigði þar sem við vonuðumst til þess að geta vígt brautina á árinu. Málið strandar hjá bænum og ástæðan er að það skortir fjármagn í verkið. Við vonum að úr rætist á þessu ári.

Inniaðstaðan er nánast frágengin en dregist hefur að taka hana út þar sem Fasteignir Akureyrar hafa ekki náð að ganga frá því sem þeirra er. Á síðasta ári vantaði aura en nú hafa iðnaðarmennirnir ekki verið að standa sig.

Árið 2014:

Árið fer vel af stað. Okkar menn fjölmenntu á mót í Sport skammbýssu þar sem Grétar Mar stóð upp sem sigurvegari með 544 stig og skaut sig þar með upp í 1. flokk.

Þrír félagsmenn fóru á þjálfaranámskeið fyrir haglabýssubþjálfara og er það vel að félagið hafi á sýnum snærum aðila sem lært hafa eitthvað í þjálfarafræðum og vonandi verður það til þess að félagið muni eignast enn betri skyttur í framtíðinni.

Opnunartími skotsvæðisins verður með sama fyrirkomulagi og síðustu ár og hefur verið gengið frá ráðningu starfsmanns.

Helstu framkvæmdir ársins verða annars vegar viðhaldsvinna á gamla skeetvælinum þar sem turninn verður stækkaður, hellur á skothringnum fjarlægðar og malbik sett í staðinn. Hins vegar verða gerðar nokkrar breytingar á riffilhúsi, þar sem skotlúgur verða þrengdar og hurð út á svæði færð til. Ennfremur verða gerðar lagfæringar á brautinni sjálfri.

Akureyri 26. mars 2014

*Björn Snær Guðbrandsson
Formaður Skotfélags Akureyrar*



Skeet

Fimleikafélag Akureyrar Ársskýrsla 2012

Margt hefur drifið á daga Fimleikafélags Akureyrar árið 2012. Til að byrja með er vert að nefna að í lok árs 2011 var stjórn Fimleikafélagsins boðið til samkomu í KA húsinu í boði Samherja. Þar endurtók Samherji þá styrkveitingu sem þeir höfðu haft síðustu ár. Í fjarveru Birnu Ágústsdóttir formanns tók Inga Stella Pétursdóttir varaformaður við styrk að upphæð 5 milljónum. Stjórn félagsins ákvað að niðurgreiða æfingagjöld vorannar eingöngu með þessum styrk og við það jöfnuðust út æfingagjöld haust og vorannar þó vorönn væri mánuði lengri. Stjórn ákvað einnig að nota hluta af þessum styrk til að greiða fyrir dómara og þjálfara á mót sem haldin eru að heiman svo sá kostnaður yfirfærðist ekki á keppendum.

Í janúarbyrjun var Jón Smári Hansson valinn Íþróttamaður Fimleikafélagsins árið 2011 og fór hann fyrir hönd félagsins í valið um Íþróttamann Akureyrar sem haldið var í Janúar. Jón Smári æfir áhaldafimleika. Hann er kröftugur strákur og á að baki glæstan feril en því miður hefur hann átti við erfið meiðsl síðan síðasta sumar.

Iðkendafjöldi fimleikafélagsins var á bilinum 700 – 800 sem skiptast í 45 hópa og þjálfarar félagsins telja 50-60. Kynjahlutfallið var stúlkum í hag þar sem u.þ.b 70% iðkenda voru stúlkur. Aldursbilið var frá 3 ára til 50 ára.

Fimleikafélag Akureyrar er orðið annað stærsta fimleikafélag landsins á eftir Gerplu og annað stærsta íþróttfélagið á Akureyri og því var orðið tímabært að gengið yrði frá ráðningu framkvæmdastjóra til félagsins. Í Janúar var Erla Ormarsdóttir ráðin framkvæmdastjóri félagsins og hóf hún störf í mars. Þar á undan hafði stjórn Fimleikafélagsins séð um allan rekstur félagsins ásamt Guðný sem sat skrifstofuvaktina. Erla hefur viðskiptamenntun frá HA ásamt því að vera alin iðkandi hjá félaginu til margra ára. Hún var því mjög ákjósanlegur kostur og hefur staðið sig vel í starfi.

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. mars í Giljaskóla. Hann sóttu rúmlega 20 manns fyrir utan þjálfara og starfsfólk. Fundastjóri var Unnsteinn Jónsson og fundaritari Guðný Andradóttir. Á aðalfundi hætti Birna Ágústsdóttir sem formaður félagsins en hún hafði verið formaður í 2 ár. Framboð til formanns var aðeins eitt og var Inga Stella Pétursdóttir kjörin formaður félagsins til eins árs. Guðrún Vaka og Friðbjörn Möller áttu ár eftir af sinni stjórnarsetu, Hans Rúnar gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu ásamt tveim úr sal þeim Öglu Egilson og Sævari Kristjánssyni og því var kosið milli þeirra. Kosning endaði þannig að Hans Rúnar og Agla voru kosin í stjórn. Til varamanns buðu 4 sig fram, þau Matthea Sigurðardóttir, Sævar Kristjánsson, Rut Jónsdóttir og Freydis Heiðars-

dóttir. Sævar og Matthea voru kosnir varamenn á fundinum. Seinnipart sumars óskaði Hans Rúnar eftir lausn frá stjórnarsetu og inn kom fyrsti varamaður Sævar Kristjánsson og Rut Jónsdóttir kom inn sem varamaður í hans stað. Á aðalfundi fóru fram almenn aðalfundastörf ásamt því að nýr framkvæmdastjóri var kynntur.

Sí- og endurmenntun

er félaginu mikilvægt og því stóð Fimleikafélagið fyrir námskeiðum og fræðslu árið 2012 bæði

fyrir foreldra, iðkendur og starfsfólk. Í mars var haldinn fyrirlestur um næringu íþróttafólks og var foreldrum og keppendum hjá félaginu ásamt þjálfurum boðið að koma á fyrirlesturinn. Í mars var einnig haldið skyndihjálparnámskeið. Námskeiðið var sérsniðið fyrir okkar þjálfara og sóttu allflestir þjálfarar námskeiðið. Í september gafst kostur á að senda fólk á farastjóranámskeið á vegum ÍBA og það sótti mótanefnd FIMAK. Í nóvember var haldið þjálfaranámskeið í sérgreinahluta 1A á vegum FSÍ og var það mjög vel sótt. Í Nóvember sóttu 3 þjálfarar námsekiðið „Verndum þau“ sem UMSE fékk norður. Fyrirlesari þar var starfsmaður Barnahúss. Nokkrir þjálfarar sóttu dómarnámskeið í Team Gym reglum í hóp fimleikum, það námskeið var haldið fyrir sunnan. Væntaleg námskeið í næsta misseri er sérgreinahluti 1b og dómarnámskeið í áhaldafimleikum kvenna.

Mót og viðburðir

Mót og viðburðir sem haldnir voru árið 2012 voru Akureyrarfjör, Vorsýning, fimleikasýning GYS87 og Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum. 23. -25. mars fór fram Akureyrarfjör þar sem öllum iðkendum félagsins 6 ára og eldri gafst kostur að þátttöku. Ekki voru veitt verðlaun hjá iðkendur yngri en 9 ára, heldur fengu allir þátttökuverðlaun. Krýndir voru Akureyrarmeistarar í öllum flokkum og þrepum jafnt í hóp fimleikum og áhaldafimleikum. Aldursbil þátttakenda á mótinu var 6 -50 ára.

Vorsýningin var hin glæsilegasta þar sem þemað var



Auður Anna Jónsdóttir
íþróttamaður ársins 2012



Deildar- og bikarmeistar í 3. og 5. flokki í landsreglum í hópímleikum.

teiknimyndir. Sýningarnar voru 4 talsins. Í fyrsta skipti gat félagið boðið aðstandendum að kaupa upptöku af sýningunum þar sem upptökumenn frá N4 komu og tóku sýningarnar upp.

Í júlí kom hingað danskur öldungahópur sem kallar sig GYS87 og var með sýningu í aðstöðu FIMAK. Flottur hópur sem gaman var að fylgjast með.

Haustmót FSÍ var haldið hér fyrir norðan um miðjan nóvember eftir að hafa verið frestað vegna veðurs.

Fímleikafélagið sendi keppnishópana sína á flest FSÍ mót sem haldin voru. Áhaldafímleikakrakkarnir sem Florin, Mirela, Clara og Aðalgeir þjálfá sóttu þrepamót, Bikarmót, Íslandsmót og Haustmót. Á Íslandsmótinu átti félagið 8 keppendur, 4 stelpur og 4 stráka, en þangað komast aðeins þeir sem efstir eru í stigum hvers þreps eftir FSÍ mót vetrarins. Hópímleikakrakkarnir undir leiðsögn Birgis, Huldu, Emmu, Þórdísar, Ólafar, Lóu og Erlu áttu góðu gengi að fagna þar sem þeir höfðu bæði Íslandsmeistaratitli í febrúar og deildarmeistaratitli í maí, í bæði 3. flokk og 5. flokki í landsreglum. Frábær árangur það.

Á þeim tveim mótum sem borgarbörnin þurftu að sækja utan höfuðborgarhornsins spiluðu veðurguðirnir stórt hlutverk þar sem fresta þurfti öðru mótinu og allir sátu fastir á hinu. Um miðjan maí á Vormóti FSÍ í hópímleikum á Egilsstöðum gerði stórrhrið og allir keppendur á mótinu urðu veðurteptir þar í sólarhring. Í október þegar Haustmót FSÍ í áhaldafímleikum átti að fara fram hér fyrir norðan var spáin svo slæm að FSÍ sá sig knúið vegna þrýstings félaga af höfuðborgarsvæðinu að fresta mótinu. Mótið fór svo fram um miðjan nóvember eins og segir að ofan.

Eftir að kennslu lauk á vorönn stóð fímleikafélagið fyrir stuttum sumarnámskeiðum þar sem krökkum gafst kostur á að sækja námskeið sem stóðu yfir viku í senn. Í boði voru námskeið í hópímleikum, áhaldafímleikum, almennum fímleikum, trampólíni og Parkour. Námskeiðin voru vel sótt og var uppselt á öll trampólín og parkour námskeiðin.

Í júní hélt stór hópur frá Fímleikafélaginu til Ítalíu í

æfingabúðir. Þarna voru á ferðinni keppniskrakkar sem náð höfðu 12 ára aldri. Undirbúningur hafði staðið staðið yfir í rúmt ár og mikil tillhlökkun var meðal iðkenda. Ferðin lukkaðist vel í alla staði.

Stjórnsýsla

Það er mörgum kunnugt að félagið vantar sárlega fastráðinn þjálfara í hópímleika og hefur stjórn í samstarfi við framkvæmdastjóra og yfirþjálfara leitað að þjálfara í fullt starf en hefur sú leit ekki skilað árangri. Nýráðinn framkvæmdastjóri sótti um styrk til Norðurorku til að geta fengið norður þjálfara fyrir hópímleika og fékk félagið styrk upp á 150.000 kr. Styrkurinn var notaður til að fá hingað danskan danskennara sem kom hingað milli jóla og nýárs og kenndi hópímleikakrökkunum nýjan keppnisdans.

Lög félagsins voru orðin gömul og engan vegin viðunandi fyrir eins stórt félag og FIMAK er orðið. Því var ákveðið að koma með tillögu að lagabreytingu á aðalfundi. Undir lok ársins 2012 hófst sú vinna og stóð fram í mars 2013. Fékk félagið til liðs við sig tvo lögræðinga til að fara yfir lagabreytingatillöguna frá stjórn. Birna Ágústsdóttir fyrrverandi formaður félagsins og Ólafur Rúnar Ólafsson hdl lögræðingur veittu góða aðstoð við þá vinnu.

Árið 2012 fór fram vinna við að finna nýjan félagsfatnað. Í lok árs var þeirri vinnu lokið og allir keppnishópar komnir með nýjan keppnisfatnað ásamt því að nýr félagsgalli var valinn. Á meðan reglur FSÍ haldast óbreyttar varðandi keppnisgalla er ekki nauðsynlegt að eignast nýja félagsgallan fyrir mót þar sem gamli gallinn er fullgildur ennþá. Reglur FSÍ kveða einungis á um að allir þurfi að vera í fatnaði merktum því félagi sem það keppir fyrir. Vegna þess hve erfitt er að nálgast fímleikafatnaði hér í bæ ákvað stjórn Fímleikafélagsins að bjóða upp á sölu á fatnaði í litum félagsins eins og t.d. æfingabol, æfingabuxur o.fl ásamt því að hannaður var parkourgalli sem er einnig til sölu hjá félaginu.

Inga Stella Pétursdóttir, formaður FIMAK

Fimleikafélag Akureyrar Ársskýrsla 2013

Starfið hjá Fimleikafélagi Akureyrar gekk vel árið 2013 eins og undangengin ár. Í upphafi árs var Auður Anna Jónasdóttir krýnd íþróttamaður ársins fyrir árið 2012 og fór hún sem fulltrúi FIMAK í valið um íþróttamann Akureyrar sem haldið var í janúar. Auður Anna æfir hóp fimleika og var í liði félagsins í þriðja flokki á síðasta keppnistímabili. Liðið varð bæði Íslands og deildarmeistari í sínum flokki í landsreglum



Bjarney Sara Bjarnadóttir
íþróttamaður ársins 2013

sem er frábær árangur. Auður Anna átti fast sæti í liðinu og keppti á öllum áhöldum. Hún er mjög samviskusöm og mætingin til fyrirmyndar. Hún er mjög jákvæð og drifandi stelpa sem tók miklum framförum. Hún er mjög góð fyrirmynd fyrir aðra fimleikaiðkendur. Aðrir íþróttamenn voru valin þau Embla Dögg Sævarsdóttir í hóp fimleikum, Bjarney Sara Bjarnadóttir í áhaldafimleikum kvenna og Birgir Valur Ágústsson í áhaldafimleikum karla.

Iðkendafjöldi fimleikafélagsins var um 800 sem skiptast í um 40 hópa og þjálfarar félagsins telja 50-60. Kynjahlutfallið var stúlkum í hag þar sem u.þ.b 70% iðkenda voru stúlkur. Aldursbilið var frá 3 ára til 50 ára. Fullt er í flesta hópa og biðlistar í suma hópa.

Miðvikudaginn 27. mars var stjórn og framkvæmdastjóra FIMAK boðið til samkomu í boði Samherja. Tilfnið var að veita styrki til samfélagsverkefna á Eyjafjarðarsvæðinu. FIMAK fékk 5 milljónir í styrk sem notaðar voru til lækkunar á æfingagjöldum haustannar og niðurgreiðslu vegna móta. Kunnum við þeim miklar þakkir fyrir. Með okkur á samkomuna fóru formaður FSÍ Þorgerður Diðriksdóttir og varaformaður FSÍ Arnar Ólafsson sem voru stödd fyrir norðan í tilefni fundar með stjórn FIMAK.

Aðalfundur félagsins var haldinn 17. apríl í Giljaskóla. Hann sóttu í kringum 10 manns fyrir utan þjálfara, stjórn og starfsfólk. Fundastjóri var Unnsteinn Jónsson og fundaritari Guðný Andradóttir. Á fundinum fóru fram almenn aðalfundarstörf ásamt því að bornar voru upp lagabreytingar sem samþykktar voru með öllum greiddum atkvæðum. Með lagabreytingunum varð sú breyting að

stjórnarmönnum var fjölgað úr 5 í 7 manns. Framboð til formanns var aðeins eitt og því situr Inga Stella Pétursdóttir áfram sem formaður til eins árs. Á aðalfundi hætti Friðbjörn Möller sem setið hafði í 4 ár í stjórn félagsins. Agla átti eftir eitt ár af sinni stjórnarsetu og því var kosið um 5 sæti. Til tveggja ára gáfu Guðrún Vaka og Sævar Kristjánsson áfram kost á sér og halda þau því áfram stjórnarsetu ásamt þeim Rut Jónsdótti og Hermann Herbertssyni sem einnig gáfu kost á sér til tveggja ára. Kosið var um eitt sæti til eins árs og gaf Eva Dögg Björgvinsdóttir ein kost á sér í það sæti. Til varamanns buðu sig fram þeir Friðbjörn Möller og Einar Þorsteinn Pálsson og voru þeir sjálfkjörnir.

Mót og viðburðir

Mót og viðburðir sem haldnir voru á árinu 2013 voru Akureyrarfjör, Vorsýning, Cirkus flik flak og Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum bæði hluti I og hluti II. 6.-8. apríl fór fram Akureyrarfjör þar sem öllum iðkendum félagsins 6 ára og eldri gafst kostur að þátttöku. Ekki voru veitt verðlaun hjá iðkendum yngri en 9 ára, heldur fengu allir þátttökuverðlaun. Krýndir voru Akureyrarmeistarar í öllum flokkum og þrepum jafnt í hóp fimleikum og áhaldafimleikum. Aldursbil þátttakenda á mótinu var 6 -50 ára.

Vorsýningin var hin glæsilegasta þar sem þemað var söngleikir. Sýningarnar voru 4 talsins og gleði skein úr hverju andliti. Á vorsýningunni gátu aðstandendur keypt ljósmyndir af hópunum og einnig upptöku af sýningunni.

4. og 5. júlí kom danskur hópur sem nefnir sig Cirkus Flik Flak og sýndu listir sýnar, hópurinn samanstendur af börnum og unglingum. Hópurinn hefur komið tvisvar áður til Íslands með sýningar við góðan orðstír.

Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum í öllum keppnishópum var svo haldið hér fyrir norðan. Fyrri hluti fór fram 26. og 27. október þar sem keppt var í 3.-5. þrepi íslenska fimleikastigans og 9. nóvember fór fram síðari hluti þar sem keppt var í frjálsum æfingum, 1. og 2. þrepi íslenska fimleikastigans. Í seinni hlutanum keppti allt fremsta fimleikafólk landsins í áhaldafimleikum og var mikill áhugi iðkenda FIMAK að horfa á mótið og sátu sumir hverjir agndofa yfir þeim æfingum sem framkvæmdar voru.

Fimleikafélagið sendi keppnishópana sína á flest mót sem haldin voru á vegum FSÍ. Áhaldafimleikakrakkarnir sem Florin, Mirela, Clara, Mihaela og Jan þjálfá sóttu þrepamót, Bikarmót, Íslandsmót og Haustmót. Á Íslandsmótinu átti félagið 12 keppendur, 9 stelpur og 3 stráka, en þangað komast aðeins þeir sem náð hafa lágmarkseinkunn hvers þreps eftir FSÍ mót vetrarins. Bjarney Sara Bjarna-



Keppendur í áhaldafimleikum kvenna og karla

dóttir lenti í 2. sæti í fjölþraut í 4. þrepi í sínum aldursflokk sem er besti árangur FIMAK til þessa í áhaldafimleikum kvenna.

Veturinn var nokkuð strembinn í hóp fimleikunum. Keppnisreglunum var kollvarpað sumarið 2012 þar sem ákveðið var að afnema keppni í landsreglum og var aðlögunar tíminn mjög stuttur. Framvegis þurfa allir að keppa í Team Gym reglum sem fela í sér erfiðari æfingar. Þrátt fyrir þessar miklu og strembnu breytingar þó stóðu keppendur FIMAK sig mjög vel undir leiðsögn Huldu, Emmu, Þórdísar, Stefáns og Erlu. Í febrúar sendi FIMAK 5 lið í hóp fimleikum á MT mót sem Höttur á Egilsstöðum hélt og keppt var eftir gömlu landsreglunum. Þar var gengið frábært þar sem FIMAK lenti í 1. sæti í 1. og 2. flokk og 3. sæti í 3. flokk og opnum flokk.

FSÍ ákvað í haust að stofna til móts í stökkfimi þar sem fram fer einstaklingskeppni á áhöldum hóp fimleika. Þetta hentar þeim félögum þar sem ekki næst lágmarks fjöldi í lið. Á þetta mót sendi fimleikafélagi 5 drengi sem stóðu sig allir frábærlega vel og varð Gunnar Skírnir Brynjólfsson íslandsmeistari í sínum flokki.

Eftir að kennslu lauk á vorönn stóð fimleikafélagið fyrir stuttum sumarnámskeiðum þar sem krökkum gafst kostur á að sækja námskeið sem stóðu yfir viku í senn. Í boði voru námskeið í hóp fimleikum, áhaldafimleikum, almennum fimleikum og trampólíni. Námskeiðin voru vel sótt.

Ákveðið var að fara með stóran hóp krakka á Eurogym í Helsingborg í Svíþjóð 2014 og hefur undirbúningur fyrir það verið í fullum gangi allt árið og mikil spenna hjá krökkunum.

Sí- og endurmenntun er félaginu mikilvægt og stefna félagsins að halda eitt sérgreina námskeið á hverju ári að lágmarki. Í nóvember var haldið þjálfaranámskeið í sér-

greinahluta 1B á vegum FSÍ og var það mjög vel sótt. Erfitt hefur reynst að fá sérgreinanámskeið hingað norður eins og til stóð og biðum við eftir að geta haldið dómarnámskeið í áhaldafimleikum kvenna. Nokkrir þjálfarar kláruðu 1. stig þjálfunar ÍSÍ.

Stjórnsýsla

Eins og fram kom í ársskýrslu 2012 þá er Fimleikafélag Akureyrar er orðið annað stærsta fimleikafélag landsins á eftir Gerplu og eitt af þrem stærstu íþróttafélögum á Akureyri. Rekstur félagsins er höndum framkvæmdastjóra sem ráðin var til starfa árið 2012 ásamt því að stjórn FIMAK tekur mikinn þátt í rekstri í félagsins. Sótt var um styrk til KEA í haust og samþykkti stjórn KEA að veita FIMAK 300.000 kr. styrk til reksturs félagsins. Einnig sótti Eurogym 2014 nefndin um styrk til KEA sem samþykkti að styrkja verkefnið um 200.000 kr.

Undanfarin ár hefur félaginu sárlega vantað fastráðna þjálfara. Þörfin er mest í hóp fimleikum. Stjórn hefur í samstarfi við framkvæmdastjóra og yfirþjálfara leitað að þjálfara í fullt starf fyrir hóp fimleikana en hefur sú leit ekki enn skilað árangri. Hins vegar fékk FIMAK til liðs við sig tvo nýja þjálfara í áhaldafimleika sem hófu störf um haustið. Þjálfararnir koma frá Rúmeníu og eru þau Jan Nell Bogodoi og Mihaela Bogodoi. Jan tók að mestu við þjálfun í áhaldafimleikum drengja og Mihaela kom inn í þjálfun hjá yngri flokkum kvenna í áhaldafimleikum. Það reyndist okkur mikið happ að fá þau hingað til liðs við okkur þar sem okkar reyndustu þjálfarar forfölluðust til skamms tíma og því hafa bæði Jan og Mihaela komið að þjálfun okkar fremstu hópa í vetur ásamt þeim hópum sem þau tóku í upphafi.

Ný lög félagsins voru samþykkt á aðalfundi og með

þeim varð breyting á stjórn úr 5 manns í 7. Við gerð nýrra laga nutum við aðstoðar tveggja lögfræðinga úr foreldrahópi félagsins þeirra Birnu Ágústsdóttir fyrrverandi formanns og Ólafs Rúnars Ólafssonar og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir. Eftir lagabreytingarnar tóku önnur verkefni við sem stjórn FIMAK vann að á árinu. Meðal verkefna sem unnið var að voru nýjar reglur félagsins, starfslýsingar kláraðar, nýtt skipurit og fleira.

Í byrjun árs 2013 var nýr félagsfatnaður tekinn í notkun og sölu á þeim gamla hætt. Allir keppnishópar fengu nýjan keppnisfatnað ásamt því að skipt var um félagsgalla. Á meðan reglur FSÍ haldast óbreyttar varðandi utanyfirgalla er ekki nauðsynlegt að eignast nýja félagsgallann fyrir mót þar sem gamli gallinn er fullgildur ennþá. Reglur FSÍ kveða einungis á um að allir þurfi að vera í fatnaði merktum því félagi sem það keppir fyrir. Nýji félagsgallinn hefur hins vegar rokið út og þykir mjög vinsæll. Vegna þess hve erfitt er að nálgast fimleikafatnaði hér í bæ ákvað stjórn FIMAK að bjóða upp á sölu á fatnaði í litum félagsins eins og t.d. æfingabol, æfingabuxur o.fl ásamt því að hannaður var parkourgalli sem er einnig til sölu hjá félaginu.

Í byrjun árs 2014 voru krýndir íþróttamenn fimleikafé-

lagsins árið 2013. Íþróttamaður FIMAK árið 2013 var valin Bjarney Sara Bjarnadóttir. Bjarney Sara var árið 2013 kjörin íþróttakona í áhaldafimleikum kvenna. Bjarney Söru gekk mjög vel á árinu 2013. Um vorið keppti hún í 4. þrepi íslenska fimleikastigans og náði hún því lágmarki að taka þátt á Íslandsmóti. Á Íslandsmótinu hafnaði hún í 2. sæti í fjölþraut sem er besti árangur sem fimleikastúlka frá FIMAK hefur ná á Íslandsmóti í áhaldafimleikum. Jafnframt var Bjarney Sara í bikarliði FIMAK sem lenti í 4. sæti sem er næst besti árangur bikarliðs frá FIMAK í áhaldafimleikum. Í haust keppti Bjarney Sara í 3. þrepi íslenska fimleikastigans og bætti hún sig mjög mikið. Hún hefur náð tókum á öllum skylduæfingum í þrepinu og vinnur að því að auka enn á erfiðleikagildin. Hún er mjög samviskusöm og ástundun til fyrirmyndar. Bjarney Sara er frábær fyrirmynd enda jákvæð, dugleg og glaðvær stelpa. Aðrir íþróttamenn sem fengu verðlaun fyrir árið 2013 voru Selma Hörn Vatnsdal í hóp fimleikum, Birgir Valur Ágústsson í áhaldafimleikum karla, Þórey Edda Þórleifsdóttir í áhaldafimleikum kvenna og Gunnar Skírnis Brynjólfsson í stökkfimi.

Inga Stella Pétursdóttir, formaður FIMAK



Stofnað 2008

Íþróttafélagið Draupnir Ársskýrsla 2012

Stjórnarstörf:

Aðalfundur Draupnis var haldinn 22. apríl. Í stjórn voru kosnir:

Stefán Heiðar Bjarnason, formaður
Vihelm Þorri Vilhelmsson, varaformaður
Inga Björk Harðardóttir, ritari
Hans Rúnar Snorrason, gjaldkeri
Elín Jóhanna Bjarnadóttir, meðstjórnandi
Skoðunarmaður reikninga var kosinn Viðir Guðmundsson.

Á þessum fundi var ákveðið að félagið myndi taka upp júdó sem aðalíþrótt félagsins. Félagið hafði áður haft knattspyrnu sem megin áherslu en sú iðkun hafði lagst af sumarið 2011. Þann 30. maí var svo samþykkt á félagsfundinum júdódeildar KA að Draupnir myndi taka yfir alla júdóstarfsemi á Akureyri frá og með haustinu og gekk það eftir og var júdódeild KA slitið í kjölfarið.

Þann 2. september var haldinn almennur fundur með félagsmönnum og aðstandendum þeirra. Fín mæting var á fundinn. Á honum voru þær Jórunn Bjarnadóttir og Aldis Einarsdóttir kosnar sem foreldrafulltrúar.

Aðstaða:

Allt fram til 19. nóvember fóru æfingar fram í júdósalnum í KA-heimilinu en þá fluttist starfsemin niður í Skólástíg 4, í húsnæði Átaks. Á fundi Íþróttaráðs þann 15. nóvember var eftirfarandi bókun gerð:

2012110061 - Æfingaraðstaða Íþróttafélagsins Draupnis:



Gunnar Örn á móti Þorvaldi Blöndal á Vormóti JSÍ 2013

Erindi dags. 2. nóvember 2012 frá Íþróttabandalagi Akureyrar varðandi æfingaraðstöðu Íþróttafélagsins Draupnis. Jón Óðinn Waage og Inga Björk Harðardóttir frá Draupni, Sævar Pétursson frá KA og Haukur Valtýsson frá ÍBA sátu fundinn undir þessum lið.

Íþróttaráð veitir Íþróttafélaginu Draupni heimild til að flytja og nota júdódýnur og fjarðurgólf sem nú er í júdósal KA heimilisins í bráðabirgðaraðstöðu við Skólástíg 4, 600 Akureyri. Íþróttaráð vekur athygli á því að sá búnaður sem verður færður úr júdósal KA heimilisins er og verður áfram eign Akureyrarbæjar og í umsjón íþróttaráðs þegar leigutíma er lokið í bráðabirgðaraðstöðunni.

Að flutningnum kom mikill fjöldi iðkenda og aðstandenda þeirra og var virkilega ánægjulegt að sjá hversu vel alir stóðu saman við þessa framkvæmd.

Mikil ánægja er með nýju aðstöðuna þó svo að hún sé of lítil og búninga- og sturtuadstöðu þurfi að sækja í næsta hún, í Íþróttahöllina. Öllum er samt ljóst að þessi aðstaða er til bráðabirgða svo að vonir um betri aðstöðu spila mikið inn í ánægjuna. En alveg niður í yngstu iðkendur má sjá ánægju með að þetta sé okkar aðstaða.

Keppni:

Fyrsta mótið sem júdómenn fóru á undir merkjum Draupnis var Afmælisnót vina okkar í JR. Það mót fór fram laugardaginn 20. október. Við sendum 36 krakka a mótið á aldrinum 8-14 ára. Krakkarnir stóðu sig frábærlega unnu til 10 gullverðlauna, 12 silfurverðlauna og 7 bronsverðlauna. Þessi verðlaunafjöldi setti Draupni í 1. sæti í keppni á milli liða. Árangur einstakra keppenda varð eftirfarandi:

Stúlkur 9 ára:

Jóhanna Hlynisdóttir, silfur
Sigurrós Birta Jóhannsdóttir, brons

Strákar 9 ára:

Kári Þór Barry, silfur
Adam Snær Kristjánsson brons
Hreinn Orri Óðinsson, gull
Lárus Stefánsson, silfur
Hannes Snævar Sigmundsson, brons
Alexander Orri Sveinbjörnsson, brons
Ágúst Már Ægisson, gull
Atli Þór Sigtryggsson, silfur

Stúlkur 10 ára:

Álfheiður Björk Hannesdóttir, gull
Elisabeth Anna Gunnarsdóttir, silfur

Drengir 10 ára:

Baldur Vilhelmsson, gull
Matthías Sveinn Einarsson, silfur
Ágúst Davíðsson, gull
Eggert Snær Jóhannsson, silfur

Drengir 11-12 ára:

Alexander Heiðarsson, gull
Hinrik Guðjónsson, silfur
Birgir Arngrímsson, gull
Kristófer Breki Snæbjörnsson, silfur
Nikulás Þór Þorsteinsson, silfur
Ragnar Auðun Vilbergsson, brons
Hörður Gauti Viggósson, silfur
Davíð Matthíasson, gull
Jóel Örn Óskarsson, brons

Drengir 13-14 ára:

Baldur Bergsveinsson, silfur
Skafti Þór Hannesson, gull
Hilmar Örn Jórunnarson, gull

Kyumót JSÍ fór fram á Selfossi 1. desember. Draupnir sendi 6 keppendur á mótið og varð árangur eftirfarandi:

Drengir 11-12 ára:

Alexander Heiðarsson, gull
Birgir Arngrímsson, gull

Piltar 13-14 ára:

Skafti Þór Hannesson, brons

Drengir 15-16 ára:

Sigurður Orri Sigurðsson, brons
Arnar Þór Björnsson, gull

Konur:

Elín Jóhanna Bjarnadóttir, gull

22. desember héldum við svo okkar Jólamót sem er inn-anfélagsmót, fin þátttaka var, 48 keppendur og fin stemming.



Bronssveit Draupnis 2013

Gráðanir:

JSÍ hélt 2 gráðanir á Akureyri á árinu og voru margir gráðaðir. Einn Draupnismaður tók svart belt á árinu, Breki Bernharðsson. Hann varð þar með 23. svartbeltishafi Draupnis.

Annað:

Draupnir hóf innflutning á júdógöllum fyrir félagsmenn og tókst það vel.

Um margra ára skeið höfum við júdómenn á Akureyri notið gestrisni vina okkar hjá JR, ávallt þegar við förum suður þá leyfa þeir okkur að gista í aðstöðu sinni án endurgjalds. Það er ómetanlegt að eiga svona góða vini að og verður þeim þetta seint fullþakkað.



Íþróttafélagið Draupnir

Ársskýrsla 2013

Stjórnarstörf:

Aðalfundur Draupnis var haldinn 10. apríl. Í stjórn voru kosnir:

Stefán Heiðar Bjarnason, formaður

Víhlm Þorri Vilhelmsson, varaformaður

Inga Björk Harðardóttir, ritari

Hans Rúnar Snorrason, gjaldkeri

Elín Jóhanna Bjarnadóttir, meðstjórnandi

Skoðunarmaður reikninga var kosinn Víðir Guðmundsson.

Foreldrafulltrúar voru kjörnar þær Jórunn Bjarnadóttir og Aldís Einarsdóttir.

Aðstaða:

Allar æfingar hafa farið fram í júdósalnum sem við innréttuðum árið 2012 í húsnæði Átaks við Skólástíg. Mikil ánægja er með nýju aðstöðuna þó svo að hún sé of lítil og búninga-og sturtuadstöðu þurfi að sækja í næsta hús, í Íþróttahöllina. Öll samskipti við starfsfólk Átaks hafa verið mjög góð og engan skugga borið þar á. Einnig hafa starfsmenn Íþróttahallarinnar verið sérstaklega liðlegir.

Talsvert hefur verið um að yngri iðkendur hafi nýtt sér félagsaðstöðuna til að spjalla og leika sér í tölvuleikjum meðan að aðrir eru á æfingum og er það frábært.

Ljóst er að þessi aðstaða er þó til bráðabirgða. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar en ekkert er þó enn fast í hendi.

Keppni innanlands:

Draupnir tók þátt í mörgum mótum á árinu. Hér á eftir er umfjöllun um hvert og eitt þeirra.



Draupnir flytur

Afmælimót JSÍ.

Fullorðinsflokkur:

Arnar Már Viðarsson, 2. sæti +100 kg.

Ingbór Örn Valdimarsson, 3. -100 kg.

Gunnar Örn Arnórsson, 3. sæti -90 kg.

Arnar Þór Björnsson, 3. sæti -66 kg.

Elín Jóhanna Bjarnadóttir, 3. sæti -63 kg.

20 ára og yngri:

Dofri Vikar Bragason, 2. sæti -55 kg.

Arnar Þór Björnsson, 1. sæti -60 kg.

Baldur Bergsveinsson, 2. sæti -60 kg.

Skafti Þór Hannesson, 2. sæti -66 kg.

Þorgeir Hávarsson, 3. sæti -66 kg.

Breki Bernharðsson, 1. sæti -73 kg.

Vormót JSÍ.

11-12 ára:

Mikael Matthisasson, 2. sæti í -38 kg.

13-14 ára:

Alexander Heiðarsson, 1. sæti -38 kg.

Hinrik Guðjónsson, 2. sæti í -38 kg.

Birgir Arnrimsson, 1. sæti í -46 kg.

15-17 ára:

Dofri Vikar Bragason, 1. sæti í -60 kg.

Baldur Bergsveinsson, 3. sæti í -60 kg.

Arnar Þór Björnsson, 1. sæti í -66 kg.

Sigurður Orri Sigurðsson, 1. sæti í -73 kg.

18-20 ára:

Dofri Vikar Bragason, 2. sæti í -66 kg.

Baldur Bergsveinsson, 3. sæti í -66 kg.

Arnar Þór Björnsson, 1. sæti í -66 kg.

Sigurður Orri Sigurðsson, 3. sæti í -73 kg.

Breki Bernharðsson, 1. sæti í -73 kg.

Karl Stefánsson, 1. sæti í +100 kg.

Fullorðnir:

Elín Jóhanna Bjarnadóttir, 4. sæti í -63 kg.

Dofri Vikar Bragason, 3. sæti í -60 kg.

Baldur Bergsveinsson, 2. sæti í -60 kg.

Breki Bernharðsson, 3. sæti í -73 kg.

Gunnar Örn Arnórsson, 3. sæti í -90 kg.

Valbjörn Helgi Viðarsson, 3. sæti í -100 kg.

Arnar Már Viðarsson, 3. sæti í +100 kg.

Karl Stefánsson, 2. sæti í +100 kg.

Íslandsmót.

Fullorðinsflokkur:

Fiona Ýr Sigurðardóttir, 2. sæti bæði í -70 kg og opnum flokki.

Arnar Þór Björnsson, 3. sæti í -60 kg.

Þorgeir Atli Hávarsson, 3. sæti í -66 kg.

Jón Kristinn Sigurðsson, 3. sæti í -90 kg.

Valbjörn Helgi Viðarsson, 3. sæti í -100 kg.

Arnar Már Viðarsson, 3. sæti í +100 kg og opnum flokki.

Yngri en 21 árs:

Þorgeir Atli Hávarsson, 1. sæti í -66 kg.

Baldur Bergsveinsson, 2. sæti í -66 kg.

Karl Stefánsson, 2. sæti í +100 kg.

Breki Bernharðsson, 2. sæti í -73 kg.

Dofri Vikar Bragason, 3. sæti í -66 kg.

Yngri en 18 ára:

Dofri Vikar Bragason, 2. sæti í -55 kg.

Þorgeir Atli Hávarsson, 2. sæti í -66 kg.

Sigurður Orri Sigurðsson, 2. sæti í -73 kg.

Skafti Þór Hannesson, 3. sæti í -73 kg.

13-14 ára:

Alexander Heiðarsson, 1. sæti í -38 kg.

Birgir Arngrímsson, 1. sæti í -50 kg.

Hinrik Guðjónsson, 2. sæti í -38 kg.

Jón Smári Hansson, 2. sæti í -46 kg.

Davíð Matthíasson, 2. sæti í -81 kg.

Jóel Örn Óskarsson, 3. sæti í -81 kg.

11-12 ára:

Mikael Matthíasson, 1. sæti í -38 kg.

Smári Freyr Kristjánsson, 1. sæti í -55 kg.

Eyþór Ernir Pálsson, 2. sæti í -42 kg.

Berenika Bernat, 2. sæti í -50 kg.

Álfheiður Björk Hannesdóttir, 3. sæti í -42 kg.

Kristófer Breki Snæbjörnsson, 3. sæti í -55 kg.

Sveitakeppni:

11-12 ára:

1. sæti. Sveitina skipuðu: Emil Örn Birnisson, Mikael Matthíasson, Eyþór Ernir Pálsson, Smári Freyr Kristjánsson og Kristófer Breki Snæbjörnsson.

13-14 ára:

1. sæti. Sveitina skipuðu: Alexander Heiðarsson, Jón Smári Hansson, Birgir Arngrímsson, Davíð Matthíasson, Hinrik Guðjónsson og Jóel Örn Óskarsson.

15-17 ára:

2. sæti. Sveitina skipuðu: Dofri Vikar Bragason, Baldur Bergsveinsson, Þorgeir Atli Hávarsson, Skafti Þór Hannesson og Sigurður Orri Sigurðsson.

20 ára og yngri:

1. sæti. Sveitina skipuðu: Dofri Vikar Bragason, Baldur Bergsveinsson, Þorgeir Atli Hávarsson, Breki Bernharðsson, Skafti Þór Hannesson, Karl Stefánsson og Sigurður Orri Sigurðsson.

Fullorðnir:

3. sæti. Sveitina skipuðu: Arnar Þór Björnsson, Breki Bernharðsson, Hans Rúnar Snorrason og Karl Stefánsson.

Krónumót Ármanns:

8-10 ára:

Hreinn Orri Óðinsson, 1. sæti -30 kg.

Hannes Snævar Sigmundsson, 1. sæti -33 kg.

Dagur Máni Guðmundsson, 1. sæti -35 kg.

Gylfi Rúnar Jónsson, 1. sæti -37 kg.

Lárus Stefánsson, 1. sæti -37 kg.

Árni Jóhann Arnarson, 2. sæti -33 kg.

Vífill Valgeirsson, 2. sæti -38 kg.

Alexander Brimar Snæbjörnsson, 2. sæti -40 kg.

Ágúst Már Ægisson, 3. sæti -60 kg.

Viktor Viðar Valdemarsson, 4. sæti -30 kg.

Björn Matthías Jóhannsson, 4. sæti -37 kg.

Hreiðar Garðarsson, 4. sæti -38 kg.

Atli Þór Jóhannsson, 4. sæti -40 kg.

Alexander Orri, 4. sæti -42 kg.

Atli Þór Sigtryggsson, 4. sæti -50 kg.

Haustmót JSÍ:

11-14 ára:

Baldur Vilhelmsson, 1. sæti í -46 kg.

15-20 ára:

Dofri Vikar Bragason 1. sæti í -60 kg.

Breki Bernharðsson 1. sæti í -73 kg.

Arnar Þór Björnsson 2. sæti í -66 kg.

Baldur Bersteinsson 3. sæti í -66 kg.

Fullorðinsflokkur:

Breki Bernharðsson 1. sæti í -73 kg.

Valbjörn Viðarsson 1. sæti í -100 kg.

Karl Stefánsson 2. sæti í +100 kg.

Arnar Þór Björnsson 3. sæti í -66 kg.

Heiðar Þór Lárusson 3. sæti í -100 kg.

Keppni erlendis:

Draupnir tók þátt í 2 mótum á erlendri grundu á árinu.

Dagana 8.-12. maí fóru 7 strákar úr Draupni til Lundar í Svíþjóð og tóku þar þátt í geysisterku júdómóti og síðan æfingabúðum í 3 daga. Keppendur voru rúmlega 500 frá 9 þjóðum. Frá Draupni fóru Alexander Heiðarsson, Birgir Arngrímsson, Dofri Vikar Bragason, Arnar Þór Björnsson, Breki Bernharðsson, Skafti Hannesson og Karl Stefánsson. Bestum árangri náði Karl Stefánsson en hann vann silfurverðlaun í +100 kg. flokki 20 ára og yngri. Aðrir keppendur komust ekki á pall en stóðu sig þó mjög vel en fyrir þá alla var þessi ferð fyrst og fremst hugsuð sem innlagn í reynslubankann.

Í desember fór Breki Bernharðsson og keppti á alþjóðlegu móti í Hilleröd í Danmörku. Uppskeran var brons í -73 kg. flokki 20 ára og yngri.

Þjálfarar:

Aðalþjálfarar hafa verið þeir Adam Brands Þórarinnsson Jón Óðinn Waage. Einnig hafa þeir Gunnar Örn Arnórs-son og Breki Bernharðsson komið að þjálfun.

Nokkir gestaðalþjálfarar heimsóttu okkur á árinu. Þeir eru Anna Soffía Víkingsdóttir, Maya Staub. Sævar Sigursteinsson, Víkingur Víkingsson og hjónin Simon Koch og Margrét Bjarnadóttir. Mikill fengur var af þessum heim- sóknum.

Ekki síðra var að fá Guðmund Gunnarsson júðþjálfara í Reykjanesbæ í heimsókn, en hann kom með hóp af öflugum krökkum með sér.

Gráðanir:

JSÍ hélt 2 gráðanir á Akureyri á árinu og voru margir gráðaðir. Tveir Draupnismenn tóku svart belti á árinu, þeir Karl Stefánsson og Arnar Már Viðarsson. Þá var formaður Draupnis, Stefán Þór Bjarnason, heiðursgráðaður verðskuldað upp í svart belti. Svartabeltishafar Draupnis eru þá orðnir 26 talsins.

Afmæli Draupnis:

Draupnir hélt upp á 5 ára afmæli sitt á árinu. Þann 3. nóvember var haldin afmælisveisla af því tilefni í kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Fjöldi manns mætti, foreldrar lögðu til veitingar og var veislan mjög ánægjuleg.

Heiðursfélagar Draupnis:

Á 5 ára afmæli Draupnis voru þeir Freyr Gauti Sigmondsson og Vernharð Þorleifsson útnefndir heiðursfélagar Draupnis. Báðir eiga þeir að baki ævintýranlega feril.

Gauti varð fyrri til enda ári eldri. Hann ákvað 14 ára gamall að hann ætlaði að keppa á Olympíuleikunum í Barcelona árið 1992. Í sex ár stefndi hann markvisst að þessu takmarki sínu, á þeirri leið vann hann til margra verðlauna á alþjóðlegum mótum og náði einnig að verða í 9. sæti á Evrópumóti yngri og 21 árs og einnig 9. sæti á Heimsmeistaramóti yngri en 21 árs. Þá varð hann einnig Norðurlandameistari og sigraði á þrennum Olympíuleikum smáþjóða í röð. Stærsta afrekið var þó er hann náði takmarki sínu að vinna sér þátttökurétt á Olympíuleikunum í Barcelona 1992. Til þess varð hann að vera annar tveggja bestu á Norðurlöndum og það tókst honum. Hann féll út í fyrstu umferð en bara það að vinna sér þátttökurétt er gríðarlegur árangur. Eftir Olympíuleikana breytti Gauti um áherslur, hann hafði frestað öllu námi til að einbeita sér að júdó. Hann hægði nú á júðokeppni en tók til við námsbækurnar af sama krafti. Það skilaði sér, hann er núna bæklunarskurðlæknir í Svíþjóð.

Þegar Vernharð sá hvað Gauti gat gert taldi hann ekki ástæðu til að vera minni maður. Hann setti stefnuna á Olympíuleikana í Atlanta 1996. En nú var búið að herða þátttökuskilyrðin inn á Olympíuleikan, til að komast inn varð Vernharð að vera meðal 8 efstu í sínum þyngdarflokki á styrkleikalista Evrópu. Þegar Gauti fór til Barcelona þurfti hann að vera meðal tveggja bestu á Norðurlöndum í sínum þyngdarflokki og það var nú nógu erfitt. Til að ná þessu varð Vernharð að vinna til verðlaun á minnst tveimur Heimsbikarmótum sem eru í raun sterkustu mótin sem haldin eru í heiminum. Það tókst honum

og til Atlanta fór hann. Þar var hann hársbreidd frá því að komast í aðra umferð. Þessu til viðbótar hefur Vernharð mörgum sinnum orðið Norðurlandameistari, unnið fjölda-mörg alþjóðleg mót og síðast en ekki síst náði hann 7. sæti á Heimsmeistaramótinu 2001. Eftir að Vernharð hætti keppni í júdó hefur hann skapað sér mikla frægð sem Venni Páver í óborganlegum þáttum sem að hann skrifaði sjálfur.

Að ná að taka þátt í Olympíuleikum í júdó er gríðarlega erfitt. Í fáum greinum eru skilyrðin jafn ströng. Ástæðan er einfaldlega sú að júdó er ein stærsta íþróttin í heiminum þegar kemur að keppendum. Öll lönd í heiminum sem á annað borð hafa íbúa iðka júdó. Íslendingar og þá líka Akureyringar átta sig ekki á því hversu gríðarlega góður árangur það er að vinna sér þátttökurétt í júdó á Olympíuleikum. Erlendis þykir það hins vegar stórmerki-legt að litlu samfélagi á norðurhvara veraldar hafi tekist það, ekki einu sinni heldur tvisvar.

Við júðófolk á Akureyri erum hins vegar gríðarlega stolt af okkar Olympíuförum.

Heiðursfyrirmynd Draupnis:

Við júðómenn á Akureyri höfum lengi horft mikið upp til glímumannsins Jóhannes Jósefssonar. Ævisaga hans hefur gengið okkar í milli og er óhætt að segja að sumir kunni hana utan bókar. Jóhannes fæddist á Akureyri 28. júlí 1883 og lést 5. október 1968. Hann var gríðarlega öflugur fangbragðamaður, íslensk glíma var hans grunnur en hann kunni skil á mörgum öðrum fangbrögðum líka. Hann ferðaðist árum saman um heiminn og sýndi listir sínar í fjölleikahúsum, margir þekktir fangbragðamenn skorðu á Jóhannes, en hann lagði þá alla, einnig nokkra júðómenn.

Þegar að hann kom heim byggði hann Hótel Borg og var upp frá því kenndur við þann stað og nefnur Jóhannes á Borg.

Við Draupnismenn ákváðum að gera Jóhannes að okkar heiðursfyrirmynd og hangir nú mynd af honum í júðósalnum honum til heiðurs.

Annað

Draupnir hefur allt árið verið með innflutning á júðógöllum fyrir félagsmenn og gengur það vel. Einnig létum við gera hettupeysur merktar Draupni og voru þær mjög vinsælar.

Um margra ára skeið höfum við júðómenn á Akureyri notið gestrisni vina okkar hjá JR, ávallt þegar við förum suður þá leyfa þeir okkur að gista í aðstöðu sinni án endurgjalds. Það er ómetanlegt að eiga svona góða vini að og verður þeim þetta seint fullþakkað.



Stofnað 1937

Svifflugfélag Akureyrar

Ársskýrsla 2012

Stjórn félagsins 2012:

Formaður: Sigtryggur Sigtryggsson

Varaformaður: Jónas Hallgrímsson

Gjaldkeri: Einar Björnsson

Ritari: Jón Magnússon

Meðstjórnandi: Sindri Ólafsson

Varamenn: Haukur Jónsson og Eiríkur Jónsson

Flugkennarar: Sigtryggur Sigtryggsson, Einar Björnsson

Skoðunarstjóri: Jónas Hallgrímsson

Árið 2012 – umbreytingin mikla

Árið 2012 var eitt mesta umbreytingarár í gervallri 75 ára sögu Svifflugvélags Akureyrar. Haustið áður hafði hágæða sviffluga félagsins skemmst mikið í lendingu. Ekki var hægt að gera við hana hér á landi, þ.a. tryggingarféð var greitt út. Þessi hágæða sviffluga hafði verið keypt fyrir lánsfé í bjartsýnskasti 2007 og höfðu bólgin lán næstum því gert félagið gjaldþrota. Ákveðið var að rífa seglin og kaupa ódýrari svifflugugögn fyrir tryggingarféð.

Hágæðasvifflugan sem brotlenti var með inndraganlegum „utanborðsmótor“, en slíkar svifflugur hafa fulla svifeiginleika þegar búið var að draga inn mótorinn og hlerar lokaðir. Indráttarbúnaður er talsvert dýr og viðhaldsfrekur og gerir kröfur til flugmannsins um þjálfun og reynslu.

Eftir miklar vangaveltur og skoðanaskipti, var það ákvörðun meirihluta félagsmanna að taka alveg nýja stefnu, og kaupa sérstaka gerð af vélsvifflugugögn sem er blendingur milli svifflugugögn og flugvélar, en slík flugtæki

hafa rutt sér til rúms á undanförunum árum. Flug á slíkum blendingssvifflugum er skref í átt að vélflugi, og þannig afturhvarf frá hreinræktuðu svifflugi í sinni tærustu mynd. Slíkum svifflugvélum er flogið í loftið einsog mótorflugvél, en hægt er að drepa á mótor og þverstillast loftskrúfunu, en ekki er hægt að draga mótorinn inn. Slíkar vélsvifflugur hafa viðunandi svifeiginleika þannig að hægt er með góðum vilja að fljúga svifflug ef uppstreymi er kröftugt. Þverstilling skrúfu er einföld aðgerð og gerir miklu minni kröfur til flugmanns heldur en inndraganlegur mótor.

Eftir að þessi stefnubreyting varð ofaná var lagst yfir auglýsingar á netinu. Færstu menn fundu hentuga notaða vél í Hollandi. Var hún keypt og var komin á flug vorið 2012. Er skemmst frá því að segja að hún hefur reynst hið mesta happafley, einföld í viðhaldi og auðvelt að fljúga henni.

Hægt er að fljúga þessari nýju vélsvifflugugögn hvort sem er með svifflugmanns réttindum eða vélflugmanns réttindum. Allnokkrir vélflugmenn hafa gengið í félagið og er það kærkominn viðbót, því félagsmönnum hefur fækkað undanengin ár. Öll skoðunar- og pappírsvinna hefur aukist gífurlega, en aukin þátttaka reyntra vélflugmanna í starfi svifflugfélagsins hjálpar mikið til í öllum pappír- og viðhaldsmálum.

Félagið getur ekki dreift kröftum sínum, allur tími og peningar fóru í nýju vélsviffluguna og langmest var henni flogið frá Akureyrarflugvelli. Ekki var hægt að fljúga neinum eldri svifflugum eða nota togvindu félagsins við spilstart á Melgerðismelum, þannig að umskiptin árið 2012 voru mjög mikil.

Þessar miklu umbreytingar í starfsemi félagsins voru ekki með öllu sárindalausar. Nokkrir svifflugmenn, einkum þeir elstu, horfa með eftirsjá til hópastarfs og útivistar á Melgerðismelum með hljóðlausu, hreinræktuðu svifflugi. Það er hinsvegar óumdeilt að þessi umskipti hafa verið félaginu langþráð vítamínsprautu. Fjárhagsstaða félagsins hefur gerbreyst til hins betra, félagsfjöldi hefur aukist, flug og félagsstarf blómgastr. Þannig að vel er hugsanlegt að svifflugfélagið muni innan fárra ára bjóða aftur uppá



Hágæða sviffluga félagsins sem keypt var með lánum 2007 en eyðilagðist í lendingu 2011. Á myndinni er hjálparmótorinn útdreginn og í gangi. Þegar dregið er á mótormum og hann innfellur í skrokkinn þá er svifflugan með fulla svifeiginleika einsog hreinræktuð mótorlaus sviffluga.



Hér er vélsvifflugan sem keypt var vorið 2012. Þessi vélsviffluga er blendingur milli flugvélar og svifflugugögn, einföld í allri meðhöndlun og viðhaldi. Á myndinni sést að búið er að drepa á mótor og þversetja skrúfublöðin, sem gefur henni dálitla svifeiginleika en talsvert vantar uppá að hún svifi jafn vel og „alvöru“ svifflugur.

hefðbundið svifflug samhliða vélsvifflugi og gætu þá hinir einlægu og „hreintrúðu“ svifflugmenn tekið gleði sína á ný.

Fyrri hluta sumarsins 2012 voru félagsmenn að þjálfa sig á vélina og „taka tékk“, en síðan var tekið til við kennslu ungra flugnema. Flugkennsla undangenginna áratuga á Melgerðismelum hefur verið ódýr en tímafrek og mannaflsfrek. Með tilkomu vélsvifflugunnar verður mikil breyting á þessu. Nú geta nemandi og kennari sammælt um flug þegar þeir hafa lausan tíma, því ekki þarf neina aðstoðarmenn einsog áður. Hinsvegar er flugtíminn miklu dýrari á vélsviffluguna sem getur verið ungum nemendum mikill þröskuldur. Félagið hefur reynt að afla styrkja til að létta undir með ungum flugnumum.

Veður var fremur hagstætt til flugs sumarið 2012. Vélsvifflugan er gerð út frá Akureyrarflugvelli, en reynt var

að stunda flug frá Melgerðismelum um helgar, til að halda í hefðir og huga að rótum félagsins. Á Melgerðismelum starfa auk svifflugfélagsins, vélflugfélag og flugmóðelfélag og reka þau saman klúbbhús og hefur starfið gengið vel.

Vélflugmenn halda lendingakeppni á Melgerðismelum á hverju sumri. Það bar nú til tíðinda að Svifflugfélagið tók nú í fyrsta sinn þátt, þar sem hin nýja vélsviffluga félagsins stendur það nærri flugvélum hvað aðflug og landingu snertir að hún getur keppt á jafnréttisgrundvelli í vélfluglendingakeppni.

Það kvað við nýjan og bjartsýnan tón hjá félaginu að afloknu sumri 2012. Löngu tímabær endurnýjun varð á stjórn félagsins á aðalfundi um veturinn er nýir menn tóku sæti í stjórn.



Stofnað 1937

Svifflugfélag Akureyrar

Ársskýrsla 2013

Stjórn félagsins 2013:

Formaður: Sigtryggur Sigtryggsson

Varaformaður: Jónas Hallgrímsson

Gjaldkeri: Baldur Þorsteinsson

Ritari: Birkir Baldvinsson

Meðstjórnandi: Sindri Ólafsson

Varamenn: Haukur Jónsson og Eiríkur Jónsson

Flugkennarar: Sigtryggur Sigtryggsson, Bragi Snædal,
Baldur Þorsteinsson

Skoðunarstjóri: Jónas Hallgrímsson

Árið 2013 – Vélsvifflugan tekin til kostanna

Árið 2013 einkenndist af því að nú voru flugmenn félagsins búnir að venjast nýju vélsvifflugunni sem keypt var sumarið áður. Það var hugur í mönnum, nú skyldi aldeilis flogið herra og lengra.

Byrjað var að fljúga mun fyrr en venjan er. Áður en snjóá leysti var vélsvifflugan komin í fulla notkun. Vélsvifflugan er einsog áður segir blendingur milli flugvélar og svifflugunar og hefur gerbreytt starfi félagsins. Áður var svifflugið tímafrekt hópverkefni þar sem menn þurftu að vera helst heilan dag inni á Melgerðismelum. Frá árinu 2012 er fer allt flug félagsins fram á nýju vélsvifflugavélinni, og nú geta einstakir flugmenn farið inná Akureyrarflugvöll og farið að fljúga einir síns liðs þegar þeim hentar, og boðið kunningja með því vélin er tveggja manna og öll hin þægilegasta. Þetta fyrirkomulag hentar betur tíðarandanum, þar sem allir eru ótrúlega uppteknir og fráteknir. Félagsmenn sætta sig við að kostnaður við flugið hefur aukist mikið.

Sumarið 2013 viðraði yfirleitt vel til flugs. Þeir einkaflugmenn sem gengið hafa í félagið byrjuðu að fíkra sig

áfram með að drepa á vélinni og láta hana svífa og kynnast þannig svifflugíþróttinni. Gamalgrónir svifflugmenn fóru á hinn bóginn að njóta vélflugs samhliða svifflugi, því nú var hægt að „skreppa í flugtúr“ og bjóða jafnvel frúnni með og skreppa í kaffi í Mývatnssveit.

Einstaka svifflugmenn söknuðu „gamla góða“ svifflugsins, þegar svifið er um tímunum saman á svifflugun með góða svifeiginleika. Var nú farið að prófa með markvissum hætti að fljúga nýju vélsvifflugunni á svifi og „gefa henni séns“. Með því að fljúga á þekktum uppstreymisstöðum utan í fjallshlíðum í réttum vindáttum var hægt að æfa sig og finnstilla beygjur og hraðabreytingar. Það var síðan 19 júlí á virkum degi rétt eftir hádegisdag, sem einbeittur svifflugmaður, Jón Magnússon, sá að frábær veðurskilyrði voru að myndast og fór rakteitt inná flugvöll og í loftið á vélsvifflugunni. Gerði hann tilraun til að sviffljúga mótorklaust 100 km leið eftir fyrirfram ákveðinni þríhyrningsbraut, og vantaði ekki nema herslumun að það tækist. 100 km þríhyrningsflug er velþekkt alþjóðlegt takmark í svifflugi og verðugt viðfangsefni á hvaða svifflugun sem er. Það voru mikilsverð tíðindi að einhver léti sér detta í hug að reyna við slíkt verkefni á vélsvifflugunni okkar með sína slöku svifeiginleika. En þarna kom í ljós að möguleikinn til að grípa gæsina og fara í loftið tafarlaust án aðstoðarmanna vegur þungt.

Annars gekk flugið 2013 vel, vélsvifflugan tók þátt í lendingakeppni vélflugmanna. Var talsvert flogið á Melgerðismelum og nokkrir duglegir félagsmenn tóku virkan þátt í uppgræðslustarfi og öðrum verkefnum á Melgerðismelum í samstarfi við vélflugmenn og flugmódelmenn.

Það að vera svifflugmaður er ekki bara flug, það er líka félagsskapur og samvera. Hjá hinum eldri eru gamlar frásagnir ómissandi. Flugsögurnar verða gjarnan betur „þroskaðar“ þegar þær eldast. Haustið 2013 var í fyrsta sinn efnt til „sögugöngu“ um Melgerðismela og haft samband við fyrrum félaga í svifflugfélaginu. Margir brottfluttir mættu og það var stór hópur sem gekk um svæðið og skoðaði gamlar og nýjar flugminjar og hlýddu á vel þroskaðar flugsögur úr munni Braga Snædal sagnameistara félagsins.



Vélsviffluga félagsins á Melgerðismelum.



Vélsviffluga félagsins á flugi yfir Egilsstöðum



Stofnað 1974

Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2012



Bogfimi.

Skýrsla Akurs, starfsárið 2012

Íþróttafélagið Akur var stofnað 7. desember 1974 og hét þá Íþróttafélag fatlaðra á Akureyri. Eins og nafnið bar með sér var það vettvangur fyrir fatlaða íþróttamenn á svæðinu. Þeir voru tregir til þátttöku fyrst í stað en voru síðan fljótir að skipa sér í forustu á mótum, bæði innanlands og erlendis.

Í mars 1979 stóð ÍFA fyrir fyrsta Íslandsmótinu í boccia og borðtennis fyrir fatlaða á Íslandi og höfum við átt keppendur á öllum Íslandsmótunum síðan og Íslandsmeistara á hverju ári.

Íþróttafélagið Akur er opið öllum, fötluðum og ófötl-uðum sem vilja stunda þær greinar sem félagið býður uppá sem eru: boccia, bogfimi, borðtennis, dans og frjálssar íþróttir auk vetraríþróttar og eigum við afreksmenn í nær öllum þessum greinum. Félagið tekur þátt í flestum þeim mótum sem í boði eru innanlands, auk þess sem farið er á erlend mót. Á yfirstandandi ári höfum við keppt á: Íslandsmóti í dansi, Íslandsmótum í frjálsum, Íslandsmóti í boccia einstaklings og sveitakeppni, Íslandsmóti ÍF í borðtennis, Íslandsmótum unglinga og fullorðinna í borðtennis og Hængsmóti. Við ætluðum að halda Norður-



landsmót í boccia sunnudaginn 18. nóv. 2012 en því varð að fresta vegna veðurs og ófærðar og dróst það fram yfir áramót.

Eftir aðalfund 4. mars er stjórn Akurs þannig skipuð: Jósep Sigurjónsson formaður, Elvar Thorarensen gjaldkeri, Jón Heiðar Jónsson ritari, Sigríður Þórunn Jósepsdóttir og Jón Heiðar Daðason meðstjórnendur

Borðtennislið Akurs hlaut Íslandsmeistaratitil í annarri deild ófatlaðra í febrúar og keppir því í fyrstu deild í veturinn 2012-2013, keppendurnir voru: Hlynur Sverrisson, Jakob Jörgensen og Markus Meckl.

Eyrún Þórsdóttir og Ólöf Ósk Þorgeirsdóttir urðu tvöfaldir Íslandsmeistarar í dansi á árinu, það er: Ungmennni 16 – 18 ára Latin og Fullorðnir 19 ára+ Latin.

Á Íslandsmóti ÍF í mars hlutum við 3 Íslandsmeistara-titla: Stefán Thorarensen í borðtennis, Karen Alda



Boccia einstaklinga 1. deild.



Mikaelsdóttir 60m hlaup og Guðný Halla Jónsdóttir kúluvarp.

Fjöldi þátttakenda frá okkur er misjafn milli móta en flestir voru þeir á Hængsmótinu eða 44.

Fimm félagar í Akri þau: Guðbjörg Ellý Gústafsdóttir, Kolbeinn Jóhann Pétursson, Sigrún Björk Friðriksdóttir, Sigurrós Ósk Karlsdóttir og Stefán Thorarensen, voru valin til keppni á Norðurlandamót í boccia í maí 2012.

Einn félagi okkar, Jóhann Þór Hólmgrímsson stundar nú skíðaæfingar í Winter Park í USA. Hann eins og fleiri



kynntist svokölluðum Bi- og Mono- skíðum í Hlíðarfjalli fyrir nokkrum árum, þá fékk hann skíðabakteríuna og stefnir nú á Olympíumót fatlaðra í Rússlandi árið 2014.

Félagið tók í notkun nýja æfinga og keppnisbúninga sem voru að hluta fjármagnaðir með auglýsingum á búninga og töskur.

Við sóttum ÍBA þing í apríl, 2 félagar okkar sóttu þjálfaranámskeið ÍSÍ og 2 sóttu fararstjóranámskeið.

Akur notaði að venju opnu sína í Leó, félagsblaði Hængs til kynningar á félaginu.

Á árinu kallaði Samherji okkur enn á sinn fund til að styrkja íþrótt- og æskulýðsstarf á svæðinu. Í okkar hlut kom kr. 600 þúsund sem var ráðstafað líkt og fyrri styrkjum frá Samherja til að greiða niður keppnisferðir og æfingagjöld.

Við höfum einnig átt stuðning ýmissa annarra fyrirtækja og félagasamtaka vísan til að fjármagna starfsemi okkar, auk þess sem íbúar á félagssvæðinu hafa styrkt okkur með kaupum á jólakortum okkar.

Jósep Sigurjónsson, formaður



Stofnað 1974

Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2013



Skýrsla Akurs, starfsárið 2013

Íþróttafélag fatlaðra á Akureyri var stofnað 7. desember 1974, síðar var nafninu breytt í íþróttafélagið Akur. Félagið er opið öllum, fötluðum og ófötluðum sem vilja stunda þær greinar sem félagið býður uppá, sem eru boccia, bogfimi, borðtennis, dans og frjálssar auk vetraríþróttar.

Eftir aðalfund 3. júní er stjórn Akurs þannig skipuð: Jósep Sigurjónsson formaður, Elvar Thorarensen gjaldkeri, Jón Heiðar Jónsson ritari, Sigríður Þórunn Jósepsdóttir og Jón Heiðar Daðason meðstjórnendur.

Félagarnir taka þátt í flestum mótum sem í boði eru innanlands, auk þess sem farið er á erlend mót. Í ár höfum við keppt á: Íslandsmótum í bogfimi, dansi, frjálsum íþróttum, boccia einstaklings og sveitakeppni, Íslandsmótum ÍF og BTÍ í Borðtennis, Hængsmóti, Landsmóti



UMFÍ, Norðurlandsmóti í boccia og Reykjavíkurlíkum auk innanfélagsmóta okkar. Ennfremur hefur einn félagi okkar stundað skíðaæfingar í USA og tekið þátt í ýmsum mótum þar.

Félagar Akurs unnu 5 Íslandsmeistaratitla á árinu 2013: Guðrún Ólafsdóttir boccia, Þorsteinn Hjaltason bogfimi utanhúss, Izaar Arnar Þorsteinsson bogfimi innanhúss, Helgi Þór Gunnarsson og Stefán Thorarensen borðtennis.

Sævör Dagný Erlendsdóttir og Ólöf Ósk Þorgeirsdóttir unnu gullverðlaun á Reykjavíkurlíkunum í dansi 2013, einnig vann félagið Hængsbíkarinn í ár fyrir besta heildarárangur á Hængsmótinu 2013.

Jóhann Þór Hólmgrímsson hefur verið valinn til þátttöku í Alpagreinum á Ólympíumóti fatlaðra í Sochi í Rússlandi 7. – 16. mars 2014. Hann er fyrsti Akureyringurinn til að öðlast keppnisrétt í alpagreinum fatlaðra á Ólympíumóti og stundar nú skíðaæfingar í Winter Park í USA.

Akur á nú eina sveit í 1. deild Borðtennissambandsins og er það eina sveitin utan höfuðborgarsvæðisins.

Flestar æfingar fara nú fram í Íþróttahúsi Glerárskóla, Íþróttahúsi Oddeyrarskóla og KA-heimilinu.

Félagið stendur nú fyrir talsverðri endurnýjun á æfinga og keppnisbúnaði sínum og höfum við hlotið til þess styrki frá KEA og Íþróttasjóði auk þess sem félagið leggur sjálf til talsvert fjármagn af öðrum styrkjum og fjárfölunum.

Þróstur Guðjónsson sem verið hefur hjálpari okkar frá 1975 hefur smám saman verið að draga sig í hlé frá daglegri hjálfun, hann er okkur þó alltaf innan handar með hjálfun og leiðbeiningar auk annarra verkefna sem er mikils virði. Þróstur á miklar þakkir skildar fyrir óeiginjarnt starf í þágu okkar í 39 ár þar sem hann var oft eini hjálpari félagsins og á mestan heiður af því hvað félagið er í dag.

Núverandi hjálparar eru: Sigríður Jósepsdóttir og Egill Sveinsson boccia, Elvar Thorarensen borðtennis og boccia, Rúnar Þór Björnsson bogfimi, Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir dans.

Félagið átti 4 fulltrúa á sambandsþingi ÍF 9. mars 2013. Þar var formaður Akurs, Jósep Sigurjónsson sæmdur gullmerki ÍSÍ fyrir störf sín.

3 félagar sóttu hjálfaranámskeið ÍSÍ á árinu

Akur notaði nú sem áður opnu sína í Leó, félagsblaði Hængs og er það góður vettvangur til kynningar á félaginu.

Að venju gefur félagið út eigin jólakort og selur ásamt korti frá Íþróttasambandi fatlaðra.

Einnig fengum við veglega styrki frá ýmsum velunnurum okkar og ber þar hæst stór styrkur frá Samherja sem styrkti okkur rausnarlega enn einu sinni. Allt er þetta mikil lyftistöng fyrir félagið og heldur æfingagjöldum niðri auk þess að auðvelda rekstur og keppnisferðir. Sendum við hér alúðar kveðjur og þakklæti til allra sem taka vel á móti sölufólki okkar og eða styrkja okkur á annan hátt.



Uppskeruhátíð, Boccia-deild



Stofnað 1988

Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2012

Ungmennafélag Akureyrar, UFA var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu líferni. Í dag eru 505 skráðir félagsmenn og þar af 215 iðkendur í þremur deildum félagsins.

Aðalstjórn

Gunnar Gíslason, formaður
Elfar Eiðsson, varaformaður
Þröstur Már Pálmason, gjaldkeri
Rannveig Oddsdóttir, ritari
Theódóra Kristjánsdóttir, meðstjórnandi
Gyða Árnadóttir, varamaður
Þórólfur Sveinsson, varamaður

Fundahöld

Aðalfundur UFA var haldinn miðvikudaginn 29. febrúar í kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Ríflega 20 manns mættu á fundinn. Fundarstjóri var Gunnar Gíslason formaður. Fundarritari var Rannveig Oddsdóttir. Gestir fundarins voru Jón Pálsson frá UMFÍ og Haukur Valtýsson frá ÍBA. Að þessu sinni gengu fjórir úr stjórn; Fjalar Freyr Einarsson, Helgi Svavarsson, Sigurður Hrafn Þorkelsson og Hulda Ólafsdóttir.

Nýir stjórnarmenn voru kjörnir: Gyða Árnadóttir, Theódóra Kristjánsdóttir, Þórólfur Sveinsson og Þröstur Már Pálmason.

Stjórnarfundir voru 17 á árinu. Þá voru nokkrir fundir stjórnar með stjórn ÍBA þar sem farið var aðstæðumál félagsins og samstarf um aðkomu íþróttafélaga á Akureyri að landsmótum UMFÍ. Formaður of fleiri stjórnarmenn sóttu formannafundi ÍBA. Formaður sótti sambandsráðsfund UMFÍ 12.-13. október sem haldinn var að Kirkjubæjarklaustri. Formaður og gjaldkeri áttu nokkra fundi með starfsmönnum Þórsvallar til að bæta upplýsingaflæði og skilgreina verkefni. Þá voru fundir haldnir með starfsmönnum Þórsvallar fyrir hvert mót. Nokkrir fundir voru haldnir með fulltrúum UMSE vegna sameiginlegra móta sem félögin stóðu að auk þess sem rætt var um meiri samvinnu félaganna í þjálfun og utanumhaldi með frjálsíþróttæfingum í meistarflokki. Formaður átti sat ýmsa fundi vegna samskipta- og aðstöðumála félagsins með ýmsum aðilum Þórs og Akureyrarbæjar.

Starf stjórnar


Starf stjórnar felst að stórum hluta í daglegum rekstri félagsins, s.s. að skipuleggja æfingar, ferðir á mót, mótahald og fjáröflun. Enginn launaður starfsmaður er hjá

félaginu og nær öll störf þess, nema þjálfun, eru unnin í sjálfbodavinnu. Einsýnt þykir að ef efla á félagið enn frekar og stækka þá verður að ráða starfsmann a.m.k. yfir sumartímann. Það myndi draga úr álagi stjórnarmenn og vonandi gæti starfsmaður sinn betur fjáröflun en stjórn hefur tók á. Formaður sendi erindi um nauðsyn þess að fá starfsmann a.m.k. í hlutastarf yfir sumarið til ÍBA árið 2011 sem kom erindinu til ÍRA. Málið er enn í vinnslu.

Til þess að mæta mikilli vinnu lagði stjórnin áherslu á að halda áfram með þá vinnu að dreifa vinnuálagi með því að virkja sem best mótanefnd, foreldraráð yngri flokka og meistaraflokksráð. Foreldraráð yngri flokka hefur verið virkt undnafarin ár og vinnur mikið og þarft verk. Hefur ráðið séð að mestu um skipulag og utanumhald á ferðum á mót fyrir yngri flokkana og Gautaborgarferðina sem stefnt er að því að fara annað hvert ár. Hefur þetta létt mjög á starfi stjórnar. Þá hefur mótanefnd verið virk á s.l. ári og komið að undirbúningi mótahalds félagsins með stjórninni og létt þannig mikið undir við undirbúning. Meistaraflokksráð hefur komið sterkt inn á þessu starfsári og er með stór plön í burðarlíðnum. Áfram þarf að ræða skipulag félagsins og slípa starfsmenn sem best, því margar hendur vinna létt verk þegar rétt er að verki staðið.

Meistaraflokksráð

Ráðið var skipað á aðalfundi félagsins fyrir ári síðan og er því enn að móta sitt starfssvið. Ráðið hefur haldið 3 formlega fundi en spjallað og hist í hverri viku. Einn fundur var haldinn með meistarflokknum þar sem ráð var kynnt og Rúnar ljósmyndari kom og tók slatta af myndum sem hafa nýst vel. Ráðið hefur aðstoðað eistaklinga við samningagerð við fyrir-



Rannveig Oddsdóttir í Berlínarmarathoninu 2012. Íþróttamaður UFA 2012



tæki og umsóknir um styrki til bæjarins og annarra fyrir-
tækja. Þá er ráðið í daglegu sambandi við Gísla þjálfara
og er honum innan handar og tengiliðir milli hans og iðk-
enda ef þarf.

Gerð hafa verið drög að þjálfunar- og keppnissamningi
sem felur í sér réttindi og skyldur félagsins gagnvart
íþróttamanninum og íþróttamannsins gagnvart félaginu
og var hann lagður fyrir stjórnina.

Stefnan er að því að halda vel utanum glæsilegan og öfl-
ugan meistaraflokk á komandi ári.

*F.h. meitaraflokksráðs
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir*

Aðstaða til æfinga og keppni úti

Unnið var að því að nýta þá frábæru frjálsíþróttadstöðu
sem er á Þórsvelli eins vel og kostur var.

Lögð var áhersla á að efla og bæta samstarfið við starfs-
menn vallarins og stjórnendur íþróttafélagsins Þórs. Þessi
áhersla hefur verið að skila árangri og var minna um
árekstra á árinu en stundum áður. Það er meiri vilji til að
láta samstarfið ganga vel og auka samvinnu. Það er þó
ljóst að bæta þarf skilning á þjónustu við frjálsar íþróttir
og þörfum greinarinnar fyrir aðstöðu og aðbúnað.

Á fundi með stjórn ÍBA voru óskir um bættu aðstöðu
ítrekaðar og voru þær sendar áfram til íþróttaráðs Akureyrar-
bæjar (FAK). Þau atriði sem hér um ræðir snúa að kast-
velli og æfingaaðstöðu norðan Skarðshlíðar, kastbúrinu á
aðlervellinum sem nýttist mjög illa til æfinga vegna öryggis-
krafna frá KSÍ, tímátökuaðstöðu við hlaupabrautir sem er
engin eins og er og að félags- og geymsluaðstöðu. Vinna
við að skoða kostnað og og mögulegar lausnir er nú í
höndum forstöðumanns íþróttamála og starfsmanna
FAK.

Aðstaða til æfinga og keppni inni

Undanfarin tvö ár hefur Íþróttaráð óskað eftir viðræðum
við stjórn og þjálfara UFA um breytingar á æfingatímum
og aðstöðu til æfinga. Hefur verið víðrað við félagið að
færa sem mest af starfsemi félagsins í Bogann. Hafa verið
færð rök fyrir því að félaginu sé nausynlegt að hafa aðgengi
að Íþróttahöllinni áfram í einhverjum mæli. Annars hefur
stjórnin verið tilbúin til að skoða allar skynsamlegar tillög-
ur. Í kjölfar hugmyndanna hefur verið kallað eftir lagfær-
ingum á aðstöðu í Boganum og viðbótum sem bæta myndu
aðstöðu til æfinga. Þar eins og með óskir við utanhúsað-
stöðuna er verið að vinna að tillögum og úrbótum í sam-
vinnu við Akureyrarbæ og starfsmenn Bogans. Helstu
óskir UFA snúa að öryggismálum sem eru að klæða
burðarbita meðfram hlaupabrautum og við stangarstökk-
aðstöðu. Þá var óskað eftir því að langstökksgryfja verði
breikkuð, komið verði upp kastneti fyrir kringlukastsæf-
ingar, kúluvarpshring sem auðvelt er að stilla upp til
æfinga verði keyptur og að UFA fái allt að helming
grassvæðisins sem æfingaaðstöðu lágmark tvisvar í viku
yfir vetrartímann.

Fjáröflun

Fjáröflun er mikilvægur þáttur í starfi íþróttafélaga ef
halda á úti öflugum starfi og halda kostnaði iðkenda í lág-
marki. Því miður hefur reynst erfitt að afla styrkja hjá
fyrirtækjum í bænum. Undantekning á þessu er að
Samherji hf styrkti félagið með myndarlegu og ómetanlegu
framlagi eða einni milljón króna. Þetta framlag var notað
til að halda æfingagjöldum óbreyttum, greiða ferðakostn-
að 14 ára og yngri á mót og til að styðja við fjölskyldur
sem ekki hafa getað greitt æfingagjöld.

Ein öflugasta fjáröflunarleið félagsins undanfarin ár
hefur verið útgáfa kosningablaðs. Fyrir forsetakosningar í
ár var gefið blað og unnu stjórnarmenn hörðum höndum að
þeirri útgáfu. Blaðið var mjög vel unnið en því miður skilaði
það ekki tilætluðum árangri í fjáröflun, því afgangurinn
varð aðeins á annað hundrað þúsund króna, var áætlaður
um ein og hálf milljón. Ástæðan fyrir þessu er sennilega sú
hve seint farið var af stað við öflun auglýsinga.

Mótahald er önnur helsta fjáröflunarleið félagsins.
Félagið heldur ár hvert fjögur til fimm frjálsíþróttamót og
nokkur almenningshlaup sem oft hafa gefið ágætlega af
sér. Tekjur af þessum mótum hafa hins vegar verið að
minnka, þar sem kostnaður hefur aukist en tekjur hafa
staðið í stað að mestu. Leita verður leiða til að auka þátt-
töku í mótum sem UFA stendur fyrir til að auka tekjur.

Sjálfbóðaliðar

Til þess að geta haldið mót eins og þau sem nefnd hafa
verið hér að framan er hverju félagi nauðsynlegt að eiga
stóran hóp áhugasamra sjálfbóðaliða. Það hefur komið í
ljós á undanförunum tveimur starfsárum að félagið á stóran
og öflugan stuðningshóp sjálfbóðaliða sem hafa sýnt færni
sína og dugnað í mótahaldi sem hefur tekist mjög vel,
þrátt fyrir flókið skipulag og mikla vinnu eins og í
Meistara- og Bikarmótum sem haldin hafa verið hér. Það
er þó svo að þessi hópur hefur verið að minnka og er mikið
um sama fólkið sem vinnur á mörgum ef ekki öllum mót-
unum. Því hefur komið upp sú hugmynd að taka reglu
Íringa upp hjá UFA, sem er að hverjum iðkanda fylgi
minnst einn sjálfbóðaliði. Með fjölgun sjálfbóðaliða ætti
að vera hægt að bjóða þeim upp á að skrá sig til vinnu á
mót með löngum fyrirvara og dreifa þannig álagi og
minnka vinnu við að útvega starfsmenn á mót.

UMSE - samstarf

UFA og UMSE hafa lengi átt gott samstarf um ýmsa hluti
s.s. framkvæmd móta og um ferðir á mót í Reykjavík, sér-
staklega með yngri flokkana. Á árinu óskaði UMSE eftir
viðræðum við UFA um þjálfun meistaraflokks þeirra í
frjálsum íþróttum. Var undirritað samkomulag um þetta
samstarf sl sumar sem við vonum að muni reynast
árangursríkt og gefandi fyrir iðkendur félaganna.

Unglingalandsmót UMFÍ 2015 – umsókn

Á aðalfundi félagsins 2012 var samþykkt að reynt yrði enn
og aftur að sækja um að halda unglingalandsmót UMFÍ
2015 á Akureyri. Þetta var gert og fóru formaður UFA og

bæjarstjóri Akureyrarbæjar Eiríkur Björn Björgvinsson á fund stjórnar UMFÍ til þess að fylgja umsókninni eftir. Stjórn UMFÍ samþykkti umsókn UFA og var það tilkynnt á setningu Unglingalands-mótsins á Selfossi. Þegar hefur verið fundað með fulltrúum Akureyrarbæjar og stjórn ÍBA vegna þessa og er verið að undirbúa stofnun framkvæmdanefndar sem mun taka til starfa á þessu ári.

Einnig var samþykkt á síðasta aðalfundi að sótt yrði um Landsmót 50+, en að vel athuguðu máli var ákveðið að gera það ekki, heldur láta minni stöðu eftir að halda það mót, þar sem ekki eru gerðar sömu kröfur til aðstöðu eins og gert er til Unglingalandsmótsins.

UMFÍ

Þátttaka félagsins í verkefnum tengdum UMFÍ var nokkur á árinu. Góður hópur sótti Unglingalandsmót UMFÍ 2012 sem nú var haldið á Selfossi. Tókst það í alla staði vel og var góð stemming á tjaldsvæði UFA og ÍBA. Á árinu var keypt samkomutjald sem tjaldað var með samstilltu átaki og nýttist það vel til samkomuhalds og funda.

Skoðaður var möguleiki á því að vera með Frjáls-íþróttaskóla, en það gekk því miður ekki eftir. Þá stóð til



að taka þátt í verkefnum „Göngum á fjallið“ og var búið að ákveða að bjóða upp á göngu á Súlur. Því miður kom gestabókin svo

seint af Vaðlaheiðinni að ekki tókst að koma henni á Súlur í tíma, en það stendur til bóta á næsta ári.

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn dagana 12. – 13. október að Kirkjubæjarklaustri. Formaður sótti þann fund. Þar var m.a. tekin fyrir skýrsla stjórnar UMFÍ og framkvæmda-stjóra um málefni VBS og samskipti UMFÍ við bankann. Þar kemur ýmislegt fram sem skýrir að einhverju leyti hvernig stórir fjármunir UMFÍ töpuðust í bankahruninu 2008. Ekki er séð fyrir endann á þessu máli og má búast við að það verði til umfjöllunar á næsta sambandsþingi UMFÍ, sem haldið verður á þessu ári.

ÍBA

Eins og fram hefur komið hér að ofan voru samskipti UFA og ÍBA mikil og góð á árinu. Eitt til viðbótar er eðlilegt að nefna hér en það er tillaga stjórnar UFA um að ÍBA taki að sér með formlegum hætti að skipuleggja og sjá um undirbúning að ferð unglinga og fjölskyldna á Akureyri á Unglingalandsmót UMFÍ í framtíðinni. Þannig mæti öll íþróttafélögin og UFA einnig undir fána og merkjum ÍBA. Stjórn UFA hefur boðist til að aðstoða við framkvæmd þessa til að byrja með. Stjórn ÍBA tók vel í þessa tillögu og er vonast til að hún geti orðið að veruleika.

FRÍ

Eins og gefur að skilja á stjórn félagsins í ýmsum samskiptum við FRÍ sem snúa þá að mótahaldi, afrekshópi og landsliðshópi.

Á árinu kom fyrirspurn frá formanni FRÍ hvort UFA hefði áhuga á því að sækja um að halda Evrópubíkarkeppnina í fjölþrautum árið 2013. Stjórn ákvað að slá til og var skipuð undirbúningsnefnd sem í sátu formaður félagsins, Haukur Valtýsson og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir. Nefndin vann umsókn í samstarfi við formann FRÍ og var leitað samstarfs við Akureyrarbæ sem var auðsótt mál. Eftir mikla vinnu sem til þurfti var umsókn send út. Ekki var hún samþykkt og ákveðið að mótið yrði haldið í Portugal sem sótti ekki einu sinni um mótið. Þannig fór um sjóferð þá.

Þroskahjálp – íþróttir fatlaðra

Stjórn átti fund með fulltrúum frá Þroskahjálp þar sem ræddur var möguleiki á því að fötluð börn komi á æfingar með ófötluðum börnum. Stjórn UFA tók vel í þessa mála-leitan og er nú beðið eftir frekari viðbrögðum frá foreldrum hlutaðeigandi barna.

Heimasíða UFA

Heimasíða UFA er komin til ára sinna en þjónar mikilvægu hlutverki ef tekið er mið af fjölda heimsóknna á hana á hverjum degi. Gert hefur verið átak í því að virkja hana betur og meira í fréttafloppum af frábærum árangri íþróttamanna og íþróttakvenna félagsins.

Verið er að leita leiða til að uppfæra síðuna og gera hana meira aðlaðandi og auðveldari í vinnslu.

Frjálsíþróttæfingar og þjálfarar

UFA heldur úti frjálsíþróttæfingum fyrir alla aldurshópa allt árið. Yfir vetrartímann eru æfingar í íþróttahúsinu við Laugargötu, Íþróttahöllinni og í Boganum. Á sumrin fara æfingar fram á Þórsvellinum og kastsvæði austan Skarðshlíðar.

Gísli Sigurðsson og Unnar Vilhjálmsson hafa verið aðalþjálfarar félagsins en aðrir þjálfarar á árinu voru þau Ari Jósavínsson, Þórunn Erlingsdóttir og Birgitta Guðjónsdóttir. Allt er þetta fólk með menntun og reynslu og er lögð á það áhersla að vera með vel menntaða þjálfara með reynslu til að tryggja gæði. Auk þeirra sem hér hafa verið nefnd hafa ýmsir iðkendur UFA komið að verkefnum sem aðstoðarmenn þjálfaranna.

Grunnskólamót UFA

Dagana 22. - 25. maí var haldið eitt fjölmennasta frjálsíþróttamót landsins í Boganum við Skarðshlíð á Akureyri þegar ríflega eitt þúsund nemendur í 4. - 7. bekk grunnskólanna á Akureyri tóku þátt í grunnskólamóti UFA í frjálsum íþróttum.

Þetta var í þriðja sinn sem grunnskólamót UFA í frjálsum íþróttum var haldið. Mótið fór fram á fjórum dögum en á hverjum degi kepptu nemendur í sama árgangi. Keppt var í langstökki, 60 og 600 metra hlaupi, boðhlaupi og reiptogi. Nær allir nemendur tóku þátt í einni eða fleiri greinum og þeir sem ekki tóku þátt í keppninni hvöttu sína keppendur dyggilega áfram með hrópum, köllum og veifandi fánum skólanna. Hver skóli fékk úthlutuðum ákveðnum lit svo auðvelt var að sjá úr hvaða skóla nemendur voru.

Um stigakeppni var að ræða og fékk hver skóli tíu stig fyrir að eiga sigurvegara í hverri þraut, níu stig fyrir annað sætið og þannig koll af kolli.

Það er ljóst að grunnskólamót UFA í frjálsum íþróttum er komið til að vera, enda mikill áhugi meðal nemenda og gleðin skein úr hverju andliti.

UFA dagurinn

UFA dagurinn var annars vegar haldinn mánudaginn 11. júní á Þórsvellinum og hins vegar 16. september í Íþróttahöllinni og var það nýjung sem ákveðið var að prófa nú vegna vetraræfinga. Í bæði skiptin var fjölbreytt dagskrá í boði fyrir krakka á meðan foreldrar skráðu börnin til æfinga og gengu frá æfingajöldum.

Íþróttaskóli barna í samstarfi við KA

Vegna lítillar þátttöku í íþróttaskólanum og annarra atriða var ákveðið að hvíla þetta samstarf og skoða aðra möguleika.



Viðurkenningar ÍRA

Í árlegu hófi Íþróttaráðs Akureyrarbæjar þann 27. desember var Íslandsmeisturum UFA árið 2012 veitt viðurkenning í formi viðurkenningarskjals.

Íslandsmeistaratitlarnir hafa aldrei verið fleiri í sögu félagsins en 19 einstaklingar náðu þessum árangri. Þessi fjöldi meistara hjá félaginu hlýtur að bera öflugu starfi vitni sem ber að þakka þjálfurunum. Á meðfylgjandi mynd má sjá þann hluta hópsins sem hafði tók á því að mæta ásamt þjálfurunum Gísla Sigurðssyni og Unnari Vilhjálmssyni þjálfara.

Uppskeruhátíð UFA

Uppskeruhátíð UFA fyrir árið 2012 var haldin 10. janúar 2013. Íþróttamaður ársins var heiðraður og veittar viðurkenningar fyrir afrek, framfarir og ástundun. Margir iðkendur UFA náðu góðum árangri á liðnu ári og til að mynda urðu 19 iðkendur Íslandsmeistarar í einni eða fleiri greinum og í allt unnust 44 Íslandsmeistaratitlar sem verður sennilega seint jafnað.

Íþróttamaður UFA 2012 er Rannveig Oddsdóttir langhlaupari. Rannveig er götuhlaupari ársins á Íslandi í kvennaflokki. Hún hefur bætt árangur sinn jafnt og þétt undanfarin ár. Rannveig náði sínum besta árangri í 10 km hlaupi í sumar en þá hljóp hún á tímanum 37:11 í Akureyrarhlaupinu. Hún tók þátt í Berlínarmaraþoninu í október þar sem hún náði öðrum besta tíma Íslendinga frá

upphafi 2:52,3. Þessi árangur fleytti henni inn í Ólympíuhóp FRÍ 2016.

Hafðís Sigurðardóttir og Kolbeinn Höður Gunnarsson unnu bestu afrekin af íþróttamönnum í UFA á árinu 2012. Hafðís fékk 1058 stig fyrir að hlaupa 400m á 54,16 sek í sumar og Kolbeinn fékk 980 stig fyrir að hlaupa 400m innanhúss á 49,12 sek. Þá er rétt að nefna að Hafðís vann í allt 8 Íslandsmeistaratitla á árinu, var valin sprett-hlaupari ársins af FRÍ og í Ólympíuhóp FRÍ 2016. Kolbeinn vann í allt 5 Íslandsmeistaratitla á árinu.

Í unglingsflokki voru það Gígja Teitsdóttir sem fékk viðurkenningu fyrir góða ástundun og Berglind Björk Guðmundsdóttir sem fékk viðurkenningu fyrir mestu framfarir.

Í meistaraflokki voru það Ásgerður Jana Ágústsdóttir sem fékk viðurkenningu fyrir mestu framfarir og Rakel Ósk Björnsdóttir sem fékk viðurkenningu fyrir góða ástundun.

Íslandsmeistarar UFA 2012

Ásgerður Jana Ágústsdóttir, Sjöþraut, hástökk, kringlukast, spjótkest,

Hafðís Sigurðardóttir, 4x400m, 60m, 200m, 400m, langstökk, 100m, 200m, langstökk,

Rakel Ósk Björnsdóttir, 4x400m,

Agnes Eva Þórarinsdóttir, 4x400m, 400m, 800m, spjótkest Kolbrún Helga Hansen, 800m, 1500m, hástökk,

Heiðrún Dís Stefánsdóttir, 800m, 4x400m,

Sigríður Björk Einarsdóttir, maraþon

Sunna Rós Guðbergisdóttir, langstökk,

Bríet Ósk Ólafsdóttir, 4x200m, 4x100m

Berglind Björk Guðmundsdóttir, 4x200m, 4x100m, 800m

Melkorka Ýrr Yrsudóttir, 4x200m, 4x100m

Rún Árnadóttir, 4x200m

Kolbeinn Höður Gunnarsson, 200m, 60m gr, 4x200m, 100m, 200m,

Eiríkur Árni Árnason, 4x200m

Hermann Kristinn Egilsson, 4x200m,

Stefán Þór Jósefsson, 4x200m, Þristökk

Hilmar Örn Jórunnarson, kúluvarp,

Ragúel Pino, 60m,

Selma Líf Þórólfsdóttir, 4x100

Íslandsmet

Þrír iðkendur UFA settu Íslandsmet í sínum aldursflokkum á árinu. Kolbeinn Höður Gunnarsson, Fríða Björk Einarsdóttir, Stefán Broddi Sigvaldason

Landsliðsmenn UFA

Fjórir iðkendur úr UFA voru valdir í landslið Íslands á árinu. Þetta voru Hafðís Sigurðardóttir í 6 greinum, Bjarki Gíslason í stangarstökki, Kolbeinn Höður Gunnarsson í 2 greinum, Ásgerður Jana Ágústsdóttir í hástökki og Rannveig Oddsdóttir í Maraþoni.

Auk þeirra voru þau Örn Dúi Kristjánsson, Eiríkur Árni Árnason og Heiðrún Dís Stefánsdóttir valin í úrvals-hóp FRÍ.

Aprílmót UFA

Um 148 keppendur tóku þátt í Aprílmóti UFA sem haldið var í Boganum 15. apríl. Keppendur komu frá öllum helstu nágrannafélögum þ.e. frá UMSE, Eik, HSB, USAH, ÚÍÁ, UMSS, Narfa í Hrísey og Glóa á Siglufirði. Skemmtileg og jöfn keppni var í mörgum greinum.

Akureyrarmótið

Akureyrarmót UFA fór fram dagana 21. – 22. júlí á Þórsvellinum. 149 keppendur voru skráðir til leiks og voru skráningar í greinar 673. Þessa daga var einstaklega gott keppnisveður og voru margir að bæta sín persónulegu met. Þetta mót er stærsta og umfangsmesta mót sem UFA heldur á hverju ári og þarf að verða enn stærra. Þetta árið var það hluti af mótarið FRÍ sem er mikil viðurkenning fyrir UFA.

47. Bikarkeppni FRÍ

UFA og UMSE tóku að sér að halda 47. Bikarkeppni FRÍ dagana 24. – 25. ágúst á Þórsvellinum. Til leiks mættu fimm lið og voru keppendur 146, en skráningar í greinar 220. Norðurland varð í þriðja sæti en ÍR vann.

Nóvembermót UFA

Nóvembermót UFA var haldið 11. nóvember í Boganum. Mótið tókst vel og voru 111 keppendur skráðir til leiks frá UFA og átta nágrannafélögum. Fjöldi skráninga í greinar var 399. Mótið tókst í alla staði mjög vel.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið hlaupið á því helsta sem borið hefur við hjá UFA á liðnu ári. Stjórn félagsins hefur lengst af verið störfum hlaðin og ekki komist yfir að gera allt sem hún hefði viljað gera. Þó er það mat hennar að flestir þættir í starfi UFA séu í góðu horfi og fari batnandi.

Miklar framfarir voru hjá mörgum iðkendum á árinu og hafa sjaldan eða aldrei unnist jafn margir Íslandsmeistaratitlar. Er það ekki síst að þakka góðum aðstæðum til æfinga sem félagið hefur í dag og góðum þjálfurum sem hafa verið hjá félaginu nokkuð lengi og staðið vel að málum.

Það eru því spennandi tímar framundan hjá Ungmennafélagi Akureyrar.

Stjórn UFA færir öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt félaginu lið á liðnu ári þakkir sínar. Sérstakar þakkir færur við öllum þeim sem fórnuðu tíma sínum og lögðu á sig ómælda vinnu við undirbúning og framkvæmd móta á vegum félagsins.

Fyrir hönd Ungmennafélags Akureyrar

Gunnar Gíslason formaður

Skýrsla langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA

Starf langhlaupa- og þríþrautardeildar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Deildin kom að undirbúningi og framkvæmt hlaupa á vegum UFA og stóð einnig fyrir tví- og þríþrautarkeppnum. Félagsmenn tóku þátt í fjölda hlaupa og þríþrautarkeppna innanlands og nokkrir lögðu

land undir fót og kepptu erlendis. Rannveig Oddsdóttir náði öðrum besta árangri íslenskrar konu í maraþonhlaupi þegar hún hljóp á 2:52:39 í Berlínarmaraþoni og hljóp sig um leið inn í Ólympíuhóp FRÍ fyrir árið 2016. Merkja má vaxandi áhuga á langhlaupum og þríþraut á félagssæðinu og var þátttaka í hlaupum á vegum UFA góð á árinu.

Stjórn deildarinnar skipa:

Rannveig Oddsdóttir, formaður

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi

Ingibjörg Halldórsdóttir, meðstjórnandi

Elías Gíslason, varamaður

Hlaup og þríþrautarkeppnir á vegum UFA 2012

Vetrarhlaup

Eins og undanfarin ár stóð Langhlaupardeild UFA fyrir vetrarhlaupasyrpu frá október til mars. Haustið 2012 fór tíunda hlaupasyrpan í gang, en hlaupin hafa verið haldin með þessu sniði frá því haustið 2003. Vaxandi þátttaka hefur verið í þessum hlaupum, þátttakendur hafa verið 25-40 í hverju hlaupi undanfarin ár og í heildina hafa yfir 100 manns tekið þátt í síðustu vetrarhlaupasyrpu.

2-þraut

Þríþrautardeildin stóð í samvinnu við Þríþrautarfélag Norðurlands fyrir keppni í tvíþraut í febrúar þar sem keppt var í 400 m sundi og 3 km hlaupi. Keppnin fór fram í Akureyrarsundlaug og Átaki þar sem hlaupið var á brettum. Átján keppendur tóku þátt.

1. maí hlaup

1. maí hlaupið var haldið með sama sniði og árið 2011 þegar smávægilegar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi hlaupsins. Hlaupið var frá Þórsvelli, leikskólabörn hlupu hring á vellinum, grunnskólabörn 2 km hring umhverfis völinn og boðið var upp á 5 km hlaup með tímatöku. Þátttakendur voru um 400 í heildina og þar af tóku 120 þátt í 5 km hlaupinu sem er mikil aukning frá árinu á undan. Keppt var um hlutfallslega bestu þátttökuna í flokki fjölmennra og fámennra skóla, í flokki fjölmennra skóla bar Giljaskóli sigur úr bitum en Hríseyjarskóli í flokki fámennra skóla. Helstu styrktaraðilar hlaupsins voru eins og undanfarin ár Greifinn, stéttarfélagin við Eyjafjörð, Víðfell og Sportver.

Maraþonboðhlaup FRÍ

UFA tók að sér framkvæmd Maraþonboðhlaups FRÍ á Akureyri í byrjun júní. Hlaupið var á nokkrum stöðum á landinu og rann ágóði hlaupsins í sjóð til styrktar Ólympíuförum í frjálsum íþróttum. Keppt var í hálfmaraþoni, þar sem sami 3 km hringur var hlaupinn sjö sinnum og gátu tveir eða fleiri verið saman í liði. Hlaupið tókst vel hér norðan heiða, 12 sveitir tóku þátt og var það meiri þátttaka en í Reykjavík.

Akureyrarhlaup Íslenskra Verðbréfa

Sumarið 2011 var Akureyrarhlaupið í fyrsta skipti haldið á fimmtudagskvöldi um mánaðamót júní/júlí. Það fyrir-

komulag gafst vel og var því ákveðið að halda hlaupið aftur á sama tíma.

Íslensk Verðbréf og Átak voru aðalstyrktaraðilar hlaupsins að þessu sinni, en auk þeirra styrktu fleiri fyrirtæki í bænum hlaupið, s.s. með því að gefa verðlaun og veitingar. Keppt var í þremur vegalengdum 5 km, 10 km og hálfmarafoni og var keppni í 10 km hlaupi meistaramót í þeirri grein. Mikill metnaður var lagður í undirbúning hlaupsins og sterkustu hlauparar landsins sérstaklega hvattir til að mæta og taka þátt í Meistaramóti Íslands í 10 km götuhlaupi. Margir sterkustu hlauparar landsins mættu og náðu góðum árangri. Kári Steinn Karlsson sigraði í karlaflokk og var aðeins nokkrum sekúndum frá Íslandsmeti og Arndís Ýr Hafþórsdóttir sigraði í kvennaflokk á þriðja besta tíma íslenskra kvenna. Í heildina voru hátt í 200 þátttakendur í hlaupinu sem er betri þátttaka en undanfarin ár.

Þríbraut á Hrafnagili

Þríbrautarkeppni var haldin á Hrafnagili laugardaginn 16. september í samvinnu við Þríbrautarfélag Norðurlands. 17 keppendur mættu til leiks 10 karlar og 7 konur. Keppendur syntu 400 m., hjóluðu 10 km. og hlupu síðan 3 km.

Hausthlaup

Í lok september var haldið einfalt 10 km hlaup með tímatöku. Þátttaka var sæmileg, tæplega 30 manns.

Gamlárshlaup

Að venju fór Gamlárshlaup og ganga UFA fram á gamlársgang. Aðstæður voru mjög erfiðar að þessu sinni, snjór, hálka og hríðarveður. Þátttaka var því heldur lakari en undanfarin ár, um 60 manns. Líkt og undanfarin ár var Bjarg aðalstyrktaraðili hlaupsins og RUB23 gaf súpu sem rann ljúflega niður eftir erfitt hlaup.

*F.h. langhlaupa- og þríbrautardeildar
Rannveig Oddsdóttir*



Skýrsla glímudeildar

Starfsemi glímudeildar var ekki umfangsmikil á árinu. Eins og áður aðeins einn akureyrskur iðkandi - Þorlákur Gunnarsson - en hann slasaðist í fyrravetur og gat því lítið tekið þátt í mótum framan af ári. Glímudeildin hefur séð um æfingar fyrir glímumenn úr öðrum héruðum sem stunda hér nám og hefur aðsókn á æfingar í Oddeyrarskóla verið nokkuð góð. Reyðfirðingar sáu um æfingarnar fyrri hluta árs en frá hausti og fram að jólum hafa æfingar verið undir stjórn Einars Eypórssonar Mývetnings og hafa verið vel sóttar.

Þorlákur tók aðeins þátt í tveimur mótum á árinu: Grunnskólamótinu á Ísafirði þar sem hann komst ekki í úrslit og síðan glímdi hann á Unglingalandsmótinu á Selfossi þar sem hann náði 3. Sæti.

Jón Einar Haraldsson Lambi



Stofnað 1938

Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2013

Ungmennafélag Akureyrar, UFA var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífni. Í dag eru um 500 skráðir félagsmenn og þar af 215 iðkendur í þremur deildum félagsins.

Aðalstjórn

Gunnar Gíslason, formaður
Rannveig Oddsdóttir, varaformaður
Þröstur Már Pálmason, gjaldkeri
Gyða Árnadóttir, ritari
Þórólfur Sveinsson, meðstjórnandi
Kolbrún Sveinsdóttir, varamaður
Ólafur Traustason, varamaður

Fundahöld

Aðalfundur UFA var haldinn miðvikudaginn 27. febrúar í Brekkuskóla. Ríflega 30 manns mættu á fundinn. Fundarstjóri var Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri. Fundarritari var Rannveig Oddsdóttir. Gestir fundarins voru Baldur Danielsson frá UMFÍ og Haukur Valtýsson frá ÍBA.

Að þessu sinni gengu tveir úr stjórn; Theodóra Kristjánsdóttir og Elfar Eiðsson.

Nýir stjórnarmenn voru kjörnir: Kolbrún Sveinsdóttir og Ólafur Sveinn Traustason.

Stjórnarfundir voru 14 á árinu. Þá var fundað með stjórn ÍBA og forsvarsmönnum Þórs þar sem farið var yfir aðstöðumál félagsins. Formaður og fleiri stjórnarmenn sóttu formannafundi ÍBA. Haukur Valtýsson var fulltrúi félagsins á Sambandsþingi UMFÍ 11.-12. október sem haldið var í Stykkishólmi. Formaður, gjaldkeri og þjálfarar áttu nokkra fundi með starfsmönnum Þórsvallar til að bæta upplýsingaflæði og skilgreina verkefni. Þá voru fundir haldnir með starfsmönnum Þórsvallar fyrir mót. Formaður sat að auki ýmsa fundi vegna samskipta- og aðstöðumála félagsins með ýmsum aðilum Þórs og Akureyrarbæjar.

Starf stjórnar

Starf stjórnar felst að stórum hluta í daglegum rekstri félagsins, s.s. að skipuleggja æfingar, ferðir á mót, mótahald og fjáröflun. Enginn launaður starfsmaður er hjá félaginu og nær öll störf þess, nema þjálfun, eru unnin í sjálfböðavinnu. Einsýnt þykir að ef efla á félagið enn frekar og stækka þá verður að ráða starfsmann a.m.k. yfir sumartímann. Það myndi draga úr álagi á stjórnarmenn



Hafdis Sigurðardóttir, íþróttamaður UFA 201.
Íþróttamaður Akureyrar 2013.

og vonandi gæti starfsmaður sinnt betur fjáröflun en stjórn hefur tök á. Formaður sendi erindi um nauðsyn þess að fá starfsmann a.m.k. í hlutastarf yfir sumarið til ÍBA árið 2011 sem kom erindinu til ÍRA. Málið er enn í vinnslu.

Til þess að mæta mikilli vinnu lagði stjórnin áherslu á að halda áfram með þá vinnu að dreifa vinnuálagi með því að virkja sem best mótanefnd, foreldraráð yngri flokka og meistaraflokksráð. Foreldraráð yngri flokka hefur verið virkt undnafarin ár og vinnur mikið og þarft verk. Hefur ráðið séð að mestu um skipulag og utanumhald á ferðum á mót fyrir yngri flokkana. Þá var sérstök undirbúningsnefnd sem hélt utan um fjáröflun og skipulag vegna Gautaborgarferðar sem farin var s.l. sumar. Hefur þetta létt mjög á starfi stjórnar. Ekki náðist hins vegar að virkja mótanefnd með sama hætti og árið á undan og var því skipulag móta í höndum stjórnar og þjálfara. Meistaraflokksráð hefur komið sterkt inn á þessu starfsári og er með stór plön í burðarliðnum. Áfram þarf að ræða skipulag félagsins og slípa starfsemi sem best, því margar hendur vinna létt verk, þegar rétt er að verki staðið.

Meistaraflokksráð

Ráðið kom að ýmsum verkefnum á árinu og stóð m.a. fyrir auglýsingaherferð í dagskránum þar sem birtar voru heilsíðu auglýsingar um starf félagsins og árangurinn sem var einstakur. Þá hélt ráðið vel utan um starfsemi meistaraflokksins ásamt þjálfaranum Gísla Sigurðssyni.



Aðstaða til æfinga og keppni úti

Unnið var að því að nýta þá frábæru frjálsíþróttaaðstöðu sem er á Þórsvelli eins vel og kostur var. Lögð var áhersla á að efla og bæta samstarfið við starfsmenn vallarins og stjórnendur íþróttafélagsins Þórs. Þessi áhersla hefur verið að skila árangri. Það er meiri vilji til að láta samstarfið ganga vel og auka samvinnu. Það er þó ljóst að bæta þarf skilning á þjónustu við frjálsar íþróttir og þörfum greinarinnar fyrir aðstöðu og aðbúnað.

Áfram var unnið skipulega að því að bæta aðstöðu til æfinga og keppni á Þórsvelli í samstarfi við Fasteignir Akureyrarbæjar (FAK) og Þór. Reynt hefur verið að koma kastvelli og æfingaaðstöðu norðan Skarðshlíðar inn á langtímaáætlun bæjarins og byggja framkvæmdir á hugmyndum sem unnið hefur verið að síðustu tvö ár. Kastbúrið á aðalvelli var lagfært svo nýta mætti það til æfinga, en það þarf að gera enn betur svo það nýtist sem skyldi. Þá þarf að auka skilning á mikilvægi þess að geta nýtt svæðið til kastæfinga eins og gert er ráð fyrir í samstarfssamningi UFA og Þórs. Tímatökuaðstaða við hlaupabrautir er í raun engin eins og er. Lagt var til að komið yrði fyrir gámum við suðurenda stúkunnar sem nýta mætti sem tímatökuaðstöðu og auka einnig geymslurými félagsins. Sú hugmynd var útfærð en fékkst ekki samþykkt hjá FAK. Leita þarf að annarri lausn en á meðan félagsaðstaða UFA er í áhaldageymslu stúkunnar verður að vera hægt að geyma grindur og fleiri áhöld á öðrum stað við völinn.



Aðstaða til æfinga og keppni inni

Undanfarin tvö ár hefur Íþróttaráð óskað eftir viðræðum við stjórn og þjálfara UFA um breytingar á æfingatímum og aðstöðu til æfinga. Hefur verið víðrað við félagið að færa sem mest af starfsemi félagsins í Bogann. Hafa verið færð rök fyrir því að félaginu sé nausynlegt að hafa aðgengi að Íþróttahöllinni áfram í einhverjum mæli. Annars hefur stjórnin verið tilbúin til að skoða allar skynsamlegar tillögur. Í kjölfar hugmyndanna hefur verið kallað eftir lagfæringum á aðstöðu í Boganum og viðbótum sem bæta myndu aðstöðu til æfinga. Þar eins og með óskir við utanhúsaðstöðuna er verið að vinna að tillögum og úrbótum í samvinnu við Akureyrarbæ og starfsmenn Bogans. Helstu

óskir UFA snúa að öryggismálum sem eru að klæða burðarbita meðfram hlaupabrautum og við stangarstökkstöðu. Þá var óskað eftir því að langstökksgryfja verði breikkuð, komið verði upp kastneti fyrir kringlukastsæfingar, kúluvarpshring sem auðvelt er að stilla upp til æfinga verði keyptur og að UFA fái allt að helming grassvæðisins sem æfingaaðstöðu lágmark tvisvar í viku yfir vetrartímann. Fæst af þessu hefur gengið eftir, en þó varð sú breyting á s.l. haust að UFA fékk aðgang að hálfum gervigrasvelli tvisvar í viku. Það hefur þó gengið erfiðlega að halda þessum tímum vegna krafna frá knattspyrnunni. Hér þarf að verða mikil bót á málum ef félaginu á að takast að eiga frjálsíþróttafólk í fremstu röð eins og raunin er nú. Það er gríðarlega mikill munur á aðstöðu iðkenda hjá UFA og þeirra sem æfa með félögum á höfuðborgarsvæðinu. Það má gera mikið fyrir lítið en þá þarf að fylgja málum vel eftir og verður ný stjórn að fylgja því verkefni fast eftir.

Félagsaðstaða

Félagsaðstaðan er engin eins og er. Þetta ástand er mjög bagalegt. Rætt hefur verið um að félagið fái inni í Steinnesi þegar það hús losnar. Það mun ekki losna næstu tvö til þrjú árin að því er best er vitað og því er félagsaðstaða ekki í sjónmáli á næstunni. Þetta aðstöðuleysi er farið að há starfsemi félagsins og mikilvægt að finna viðunandi lausn.

Fjáröflun

Fjáröflun er mikilvægur þáttur í starfi íþróttafélaga ef halda á úti öflugum starfi og halda kostnaði iðkenda í lágmarki. Því miður hefur reynst erfitt að afla styrkja hjá fyrirtækjum í bænum. Undantekning á þessu er að Samherji hf styrkti félagið með myndarlegu og ómetanlegu framlagi eða einni milljón króna, eins og undanfarin ár. Þetta framlag var notað til að halda æfingagjöldum óbreyttum, greiða ferðakostnað 14 ára og yngri á mót og til að styðja við fjölskyldur sem ekki hafa getað greitt æfingagjöld. Þetta framlag hefur reynst félaginu ómetanlegt á síðustu árum.

Ein öflugasta fjáröflunarleið félagsins undanfarin ár hefur verið útgáfa kosningablaðs. Fyrir Alþingiskosningar þetta árið var gefið út blað og unnu stjórnarmenn ásamt nokkrum öflugum félagsmönnum hörðum höndum að þeirri útgáfu. Blaðið var mjög vel unnið. Nú tókst mun betur upp en árið áður. Skilaði útgáfa blaðins ríflega einni milljón í tekjur sem kom sér vel eins og sjá má í ársreikningi félagsins.

Mótahald er önnur helsta fjáröflunarleið félagsins. Félagið heldur ár hvert fjögur til fimm frjálsíþróttamót og nokkur almenningshlaup sem oft hafa gefið ágætlega af sér. Tekjur af þessum mótum hafa hins vegar verið að minnka, þar sem kostnaður hefur aukist en tekjur hafa staðið í stað að mestu. Leita verður leiða til að auka þátttöku í mótum sem UFA stendur fyrir til að auka tekjur.

Samþykkt var á aðalfundi félagsins tillaga um að leggja árgjald á félag. Árgjaldið var ákveðið 2.500 kr. á hvern félag og skyldu tekjurnar nýttar til að standa straum af

kostnaði við heimasíðu. Send var út valkrafa í heimabanka allra félagsmanna. Því miður hefur þessi leið ekki skilað tilætluðum árangri.



Sjálfbóðaliðar

Til þess að geta haldið mót eins og þau sem nefnd hafa verið hér að framan er hverju félagi nauðsynlegt að eiga stóran hóp áhugasamra sjálfbóðaliða. Það hefur komið í ljós á undanförunum tveimur starfsárum að félagið á stóran og öflugan stuðningshóp sjálfbóðaliða sem hafa sýnt færni sína og dugnað í mótahaldi sem hefur tekist mjög vel, þrátt fyrir flókið skipulag og mikla vinnu eins og í Meistara- og Bikarmótum sem haldin hafa verið hér. Það er þó svo að þessi hópur hefur verið að minnka og er mikið um sama fólkið sem vinnur á mörgum ef ekki öllum mótunum. Því hefur komið upp sú hugmynd að taka reglu ÍR-inga upp hjá UFA, sem er að hverjum iðkanda fylgi minnst einn sjálfbóðaliði. Með fjölgun sjálfbóðaliða ætti að vera hægt að bjóða þeim upp á að skrá sig til vinnu á mót með löngum fyrirvara og dreifa þannig álagi og minnka vinnu við að útvega starfsmenn á mót. Tillaga um þetta var samþykkt á aðalfundi félagsins. Það hefur þó ekki reynt á þetta enn því ekki hefur verið útfært hvernig standa skuli að framkvæmdinni.


UMSE - samstarf

UFA og UMSE hafa lengi átt gott samstarf um ýmsa hluti s.s. um ferðir á mót í Reykjavík, sérstaklega með yngri flokkana. Einnig var og er gildur samningur milli félagsanna um að UFA sinni þjálfun og umsýslu meistarflokks UMSE í frjálsum íþróttum.

UMFÍ

Landsmót UMFÍ var haldið á Selfossi í byrjun júlí. UFA tók þátt í því móti sem eitt aðildarfélag ÍBA og var það í fyrsta skipti sem svo var. Þátttaka var ágæt en hefði mátt vera miklu betri. Því miður setti veður of sterkan svip á mótshaldið og var tjaldsvæðið nánast alveg autt vegna rigningar og roks. Veðrið hafði einnig áhrif á mótshaldið utan húss, en allir höfðu samt gaman af og náði okkar fólk góðum árangri eins og fyrri daginn þetta árið.

Góður hópur sótti Unglingalandsmót UMFÍ 2013 sem var haldið á Höfn í Hornafirði. Tókst það í alla staði vel og var góð stemmning á tjaldsvæði UFA og ÍBA. Þátttaka var þó minni þetta árið en oft áður og báru margir fyrir sig miklum ferðakostnaði og óvissu veðurútliti.



Til stóð að taka þátt í verkefninu „Göngum á fjallið“ og var búið eftir miklar vangaveltur að ákveða að bjóða upp á göngu á Hamrana í Kjarnaskógi. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur samþykkt ósk um samstarf og verður vonandi búið að merkja skemmtilega leið sumarið 2014.

ÍBA

Samstarf UFA við ÍBA var með venjubundnum hætti á árinu. Þó verður að geta þess að nú sá ÍBA um undirbúning á þátttöku allra félaga á Akureyri í landsmótum UMFÍ. UFA keppti einnig undir merkjum ÍBA í fyrsta skipti á landsmótum.

FRÍ

Eins og gefur að skilja á stjórn félagsins í ýmsum samskiptum við FRÍ sem lúta að mótahaldi, afrekshópi og landsliðshópi.

Þá kom formaður og framkvæmdastjóri FRÍ til Akureyrar og hélt hér fund um miðjan febrúar með forsvarsmönnum og þjálfurum frjálsíþróttafélaganna á Norðurlandi.

Stjórn FRÍ hélt fund á Akureyri í september og mættu fulltrúar úr stjórn UFA á þann fund ásamt þjálfurum og fóru yfir þau mál sem brunnu þá á UFA.

Meistaraflokkur tók að sér að selja happadrættismiða í Hæddadrætti FRÍ. Var reiknað með því að flokkurinn gæti haft af þessu alla nokkrar tekjur.

Heimasíða UFA

Heimasíða UFA var færð í alveg nýjan búning á árinu og vonast stjórnin til að flestum líki vel. Lögð var áhersla á að gera síðuna aðlaðandi og virka. Þannig hefur verið reynt að vera alltaf með nýjar fréttir af árangri á mótum og því sem er að gerast hverju sinni.

Frjálsíþróttæfingar og þjálfarar

UFA heldur úti frjálsíþróttæfingum fyrir alla aldurshópa allt árið. Yfir vetrartímann eru æfingar í íþróttahúsinu við Laugargötu, Íþróttahöllinni og í Boganum. Á sumrin fara æfingar fram á Þórsvellinum og kastsvæði austan Skarðshlíðar.

Gísli Sigurðsson og Unnar Vilhjálmsson hafa verið aðalþjálfarar félagsins en aðrir þjálfarar á árinu voru þau Þórunn Erlingsdóttir, Birgitta Guðjónsdóttir, Guðrún Arngrímsdóttir, Kristján Ingi Rúnarsson, Stefán Þór Jóseppson. Allt er þetta fólk með menntun og reynslu og er lögð á það áhersla að vera með vel menntaða þjálfara með reynslu til að tryggja gæði. Auk þeirra sem hér hafa verið nefnd hafa ýmsir iðkendur UFA komið að verkefninu sem aðstoðarmenn þjálfaranna.

Grunnskólamót UFA

Dagana 14. - 17. maí var haldið eitt fjölmennasta frjálsíþróttamót landsins í Boganum við Skarðshlíð á Akureyri þegar um eitt þúsund nemendur í 4. - 7. bekk grunnskólanna á Akureyri tóku þátt í grunnskólamóti UFA í frjálsum íþróttum.

Þetta var í fjórða sinn sem grunnskólamót UFA í frjálsum íþróttum var haldið. Mótið fór fram á fjórum dögum en á hverjum degi kepptu nemendur í sama árgangi. Keppt var í langstökki, 60 og 600 metra hlaupi, boðhlaupi og reiptogi. Nær allir nemendur tóku þátt í einni eða fleiri greinum og þeir sem ekki tóku þátt í keppninni hvöttu sína keppendur dyggilega áfram með hrópum, köllum og veifandi fánum skólanna. Hver skóli fékk úthlutað ákveðnum lit svo auðvelt var að sjá úr hvaða skóla nemendur voru.

Um stigakeppni var að ræða og fékk hver skóli tíu stig fyrir að eiga sigurvegara í hverri þraut, níu stig fyrir annað sætið og þannig koll af kolli.

Það er ljóst að grunnskólamót UFA í frjálsum íþróttum er komið til að vera, enda mikill áhugi meðal nemenda og gleðin skein úr hverju andliti.

UFA dagurinn

UFA dagurinn var haldinn mánudaginn 3. júní á Þórsvellinum. Þar var að venju farið í leiki og grillað um leið og börn voru skráð til æfinga um sumarið.

Uppskeruhátið UFA

Uppskeruhátið UFA fyrir árið 2013 var haldin 8. október. Veittar voru viðurkenningar fyrir afrek, framfarir og ástundun. Margir iðkendur UFA náðu góðum árangri á liðnu ári og til að mynda urðu 22 iðkendur Íslandsmeistarar í einni eða fleiri greinum og í allt unnust 54 Íslandsmeistararitlar sem verður sennilega seint jafnað, en þetta var einnig sagt á síðasta ári þegar 44 titlar unnust.

Þá eignaðist UFA sína fyrstu Íslandsmethafa í kvenna- og karlaflokki. Hafdís Sigurðardóttir setti Íslandsmet í langstökki úti þegar hún stökk 6,36 metra og einnig setti hún Íslandsmet í 300m hlaupi þegar hún rann skeiðið á 38,59 sek og í 60m hlaupi þegar hún hljóp á 7,68 sek. Kolbeinn Höður Gunnarsson setti Íslandsmet í 400m hlaupi innanhúss þegar hann hljóp á tímanum 48,03.

Íslandsmeistarar UFA 2013 úti

Íslandsmeistarar kvenna

Hafdís Sigurðardóttir 100m – 200m – 400m – langstökk
Rannveig Oddsdóttir Víðavangshlaup – ½ maraþon

Íslandsmeistarar karla

Bjarki Gíslason Þristökk - 4x100
Kolbeinn Höður Gunnarsson 100m – 200m – 400m – 4x100
Þorbergur Ingi Jónsson ½ Maraþon
Stefán Þór Jósefsson Tugþraut
Andri Gíslason 4x100
Þorvaldur Ágúst Jónsson 4x100



Sunna, Sunneva, Selma Líf og Ragúel hlutu viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir.



Fyrstu íslandsmethafar UFA í karl- og kvennaflokki, Hafdís Sigurðardóttir og Kolbeinn Höður Gunnarsson ásamt Aðalbjörgu Hafsteinsdóttur formanni meistara-flokksráðs og Gísla Sigurðssyni þjálfara.

Yngri flokkar

12 ára

Ragúel Pino 60m – 800m – hástökk – langstökk – spjót-kast- 4x100

Kolbeinn Fannar Gíslason 4x100

Gunnar Auðunn Jónsson 4x100

Sigurður Bergmann Sigmarsson 4x100

13 ára

Frosti Brynjólfsson 100m – 800m – langstökk

15 ára

Berglind Björk Guðmundsdóttir 800m – 1500m – 4x100

Fríða Björk Einarsdóttir Sleggjukast

Rún Arnadóttir Stangarstökk – 4x100

Selma Líf Þórólfsdóttir Hástökk – 4x100

Sigþór Gunnar Jónsson Spjót-kast

Melkorka Ýrr Yrsudóttir 4x100m

16-17 ára

Ásgerður Jana Ágústadóttir Sjöþraut, 100m gr., langstökk, Kúluvarp, Spjót-kast

18-19 ára

Kolbeinn Höður Gunnarsson 100m – 200m

20-22 ára

Agnes Eva Þórarinsdóttir Kringlukast

Stefán Þór Jósefsson Stangarstökk, Þristökk

Íslandsmeistarar UFA 2013 inni

Íslandsmeistarar kvenna

Hafdís Sigurðardóttir 200m - Langstökk

Rannveig Oddsdóttir 3000m

Íslandsmeistarar karla

Kolbeinn Höður Gunnarsson 400m

Stefán Þór Jósefsson Þristökk

Yngri flokkar

20-22 ára

Agnes Eva Þórarinsdóttir Þristökk

18-19 ára

Kolbeinn Höður Gunnarsson 60m - 200m - 400m

16-17 ára

Ásgerður Jana Ágústadóttir Langstökk - Kúluvarp - Fimmtaþraut



UFA iðkendur 2013

15 ára

Berglind Björk Guðmundsdóttir 800m

Selma Líf Þórólfsdóttir Hástökk

12 ára

Ragúel Pino 60m - 800m

Íslandsmet 2013

Íslandsmet Karlar

Kolbeinn Höður Gunnarsson 400m - 48,03sek (48,05s Trausti Stefánsson FH 2012)

(Vegna aldurs, einnig met í aldursflokkum Piltar 18-19 ára og 20-22 ára)

Íslandsmet Konur

Hafðís Sigurðardóttir langstökk - 6,36m (6,31m

Sunna Gestsdóttir UMSS 2003) 60m - 7,68sek (7,80sek Sunna Gestsdóttir UMSS 2002)

300m - 38,59sek (38,72sek Sunna Gestsdóttir UMSS 2004)

Aldursflokkamet stúlkur

16-17 ára

Ásgerður Jana Ágústsdóttir, spjótkastr - 45,44

Aldursflokkamet piltar

12 ára

Kolbeinn Fannar Gíslason, langstökk - 5,19m (5,13m Skarphéðinn Ingason HSP 1989)

Ragúel Pino Kringla 600g, 30,80 Sleggja 3 kg 24,98

18-19 ára

Kolbeinn Höður Gunnarsson, 200m - 21,46s/21,38sek (21,44sek Sveinn E Eliasson 2007)

400m - 47,91sek (48,03sek Sveinn E Eliasson 2007)

60m - 7,04sek (7,17sek Arnór Jónsson 2006) Innanhúss

20-22 ára

Kolbeinn Höður Gunnarsson, 200m - 21,38sek (21,44sek Oddur Sigurðsson 1980)

Íþróttamaður UFA 2013

Íþróttamaður UFA var valin Hafðís Sigurðardóttir. Það var í raun aldrei vafi hver yrði fyrir valinu. Það ætti að vera nokkuð ljóst þegar afrekaskráin hér að ofan er skoðuð. Þetta var tilkynnt á Gamlársdag í hófi eftir að Gamlársdagshlaupi UFA var lokið.

Það er svo skemmt frá því að segja að Hafðís var valin íþróttamaður Akureyrar, fyrst íþróttamanna UFA og var þetta mikill heiður fyrir félagið og einnig heiður og viðurkenning fyrir Hafðisi.

Annað

Smáþjóðaleikarnir voru haldnir í Luxemborg og átti UFA þrjá keppendur í landsliðinu sem þangað fóru, þau Hafðisi, Kolbein Höð og Rannveigu.

Ásgerður Jana Ágústsdóttir var valin til að keppa í sjöbraut á HM U17 ára og Kolbeinn Höður keppti á EM U19 ára í 200m hlaupi þar sem hann setti glæsilegt aldursflokkamet 21,38 sek. Bjarki Gíslason, Hafðís, Kolbeinn Höður og Rakel Ósk fóru með landsliðinu í Evrópukeppni landsliða og þá fóru Gísli Sigurðsson einnig með sem þjálfari.

Þá er rétt að segja frá því að 11 keppendur fóru á Gautaborgarleikana í Svíþjóð í sumar og var það hin besta skemmtun og mikil reynsla.

Árið 2013 var afmælisár félagsins en það varð 25 ára. Í tilefni þess var boðið til grillveislu í Hamri á Þórsvellinum að kvöldi 17. ágúst. Þar var vel mætt og héldu nokkrir fyrrum formenn félagsins ræðu ásamt því sem skemmtiatriði voru flutt.

Sigrar á erlendri grundu

Kolbeinn Höður varð Norðurlandameistari unglinga í 200m og 400m á NM U19 ára sem haldið var í Finnlandi. Þá sigraði Hafðís í langstökki og 200m á Grand prix móti í Belgíu.

Mótahald 2013

Aprílmót UFA

Um 26 keppendur tóku þátt í Aprílmóti UFA sem haldið var í Boganum 13. apríl. Keppendur komu frá öllum helstu nágrannafélögum þ.e. frá UMSE, Eik, HSP, USAH, ÚÍA, UMSS, Narfa í Hrísey og Glóa á Siglufirði. Skemmtileg og jöfn keppni var í mörgum greinum.

Akureyrarmótið

Akureyrarmót UFA fór fram dagana 17. - 18. ágúst á Þórsvellinum. 238 keppendur voru skráðir til leiks og voru skráningar í greinar 872. Þetta mót er stærsta og umfangsmesta mót sem UFA heldur á hverju ári og þarf að verða enn stærra. Þetta árið var það hluti af mótarið FRÍ eins og árið áður, sem er mikil viðurkenning fyrir UFA.

87. Meistaramót Íslands 2013

UFA fékk umboð til að halda þetta mót á Þórsvellinum dagana 27. - 28. júlí. Veður var einstaklega gott þessa daga sem kórónaði afar vel heppnað mót. Skipulag var allt gott og fékk UFA afar góða einkunn fyrir alla framkvæmd og umgjörð mótsins. Það má þakka Gísla Sigurðssyni þjálfara sem lagði allt sitt í þessa vinnu ásamt fjölda sjálfboðaliða sem leystu öll sín verk af stakri þrýði.

Nóvembermót UFA

Nóvembermót UFA var haldið 23. nóvember í Boganum. Mótið tókst vel og voru 98 keppendur skráðir til leiks frá UFA og átta nágrannafélögum. Fjöldi skráninga í greinar var 386.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið hlaupið á því helsta sem borið hefur við hjá UFA á liðnu ári. Stjórn félagsins hefur lengst af verið störfum hlaðin og ekki komist yfir að gera allt sem hún hefði viljað gera. Þó er það mat hennar að flestir þættir í starfi UFA séu í góðu horfi og fari batnandi.

Miklar framfarir voru hjá mörgum iðkendum á árinu og hafa sjaldan eða aldrei unnist jafn margir Íslands-meistaratitlar. Er það ekki síst að þakka góðum aðstæðum til æfinga sem félagið hefur í dag og góðum þjálfurum sem hafa verið hjá félaginu nokkuð lengi og staðið vel að málum.

Það eru því spennandi tímar framundan hjá Ungmennafélagi Akureyrar.

Stjórn UFA færir öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt félaginu lið á liðnu ári þakkir sínar. Sérstakar þakkir færur við öllum þeim sem förnuðu tíma sínum og lögðu á sig ómælda vinnu við undirbúning og framkvæmd móta á vegum félagsins.

*Fyrir hönd Ungmennafélags Akureyrar
Gunnar Gíslason formaður*

Skýrsla langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA

Mikil gróska var í starfi langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA á árinu. Á vormánuðum sameinuðust helstu hlaupahópar bæjarins í nýjan hóp á gömlum grunni sem tók sér nafnið UFA Eyrarskókk. Rannveig Oddsdóttir og Þorbergur Ingi Jónsson tóku að sér þjálfun hópsins sem hefur dafnað vel, svo á haustmánuðum var þriðja þjálfaranum bætt við, Arnfríði Kjartansdóttur sem tók að sér umsjón með byrjendum og hófsamari hlaupurum. Deildin stóð fyrir nokkrum fyrirlestrum um hlaup og hlaupaþjálfun á árinu sem voru vel sóttir og líkt og áður kom deildin að undirbúningi og framkvæmd hlaupa á vegum UFA. Hlauparar úr UFA Eyrarskókki voru áberandi í hlaupum á norðurlandi á árinu og er stefnt að því að byggja upp enn öflugri hóp áhugaskokkara og afrekshlaupara á komandi árum.

Stjórn deildarinnar skipa:
Rannveig Oddsdóttir, formaður
Sævar Helgason, meðstjórnandi
Guðrún Arngrímsdóttir, meðstjórnandi
Elías Gíslason, varamaður

Hlaup og þríþrautarkeppnir á vegum UFA 2013

Vetrarhlaup

Vetrarhlaupasyrpa hefur verið fastur liður í starfi langhlaupa- og þríþrautardeildar allt frá stofnun deildarinnar 2003. Hlaupin fara fram einu sinni í mánuði frá október fram í mars og er keppt í stigakeppni einstaklinga og liða. Hlaupin hafa fram til þessa verið haldin á laugardögum en haustið 2013 var ákveðið að prófa þá nýbreytni að færa hlaupin inn í miðja viku og hafa þau farið fram seinni part

fimmtudaga í vetur. Hefur það mælst ágætlega fyrir hjá hlaupurum og þátttaka verið svipuð og undanfarin ár, 30–40 manns í hverju hlaupi.

2-þraut

Langhlaupa og þríþrautardeildin ásamt Þríþrautarfélagi Norðurlands stóð fyrir keppni í tvíþraut 17. mars þar sem keppt var í 400 m sundi og 3 km hlaupi. Keppnin fór fram í Akureyrarsundlaug og Átaki þar sem hlaupið var á brettum. Tólf keppendur tóku þátt.

1. maí hlaup

Um 350 keppendur tóku þátt í 1. maí hlaupi að stærstum hluta skólakrakkar. Eins og áður var keppt um hlutfallslega bestu þátttökuna í flokki fjölmennra og fámennra skóla, í flokki fjölmennra skóla bar Giljaskóli sigur úr bítum en Grunnskólinn í Hrísey í flokki fámennra skóla. Helstu styrktaraðilar hlaupsins voru eins og undanfarin ár Greifinn, stéttarfélagin við Eyjafjörð, Vífilfell og Sportver.

Maráðonboðhlaup FRÍ

Maráðonboðhlaup FRÍ var haldið í annað sinn í sumar. UFA tók að sér framkvæmd hlaupsins á Akureyri. Þátttaka var svipuð og árið á undan – og eins og þá heldur betri hér en annars staðar á landinu. En betur má ef duga skal og að ári er stefnt að því að rífa boðhlaupið enn frekar upp.

Akureyrarhlaup Íslenskra Verðbréfa

Undanfarin tvö ár hefur Akureyrarhlaupið verið haldið á fimmtudagskvöldi í byrjun júlí og reynst vel. Í ár hittist hins vegar svo á að Landsmót UMFÍ var fystu helgina í júlí svo sú tímasetning hentaði ekki, var því ákveðið að færa hlaupið yfir á laugardag og var það haldið 22. júní. Íslensk Verðbréf og Átak voru aðalstyrktaraðilar hlaupsins líkt og undanfarin ár, en auk þeirra styrktu fleiri fyrirtæki í bænum hlaupið, s.s. með því að gefa verðlaun og veitingar. Keppt var í þremur vegalengdum 5 km, 10 km og hálfmaráðon og var keppni í hálfmaráðon meistaramót í þeirri grein. Mikill metnaður var lagður í undirbúning hlaupsins og sterkustu hlauparar landsins sérstaklega hvattir til að mæta og taka þátt í Meistaramóti Íslands í hálfmaráðon. Það skilaði þó takmörkuðum árangri, þátttaka var minni en árið á undan og hafði þar trúlega mest að segja tilfærsla hlaupsins frá fimmtudegi yfir á laugardag. Félagar úr nýstofnuðum hlaupahópi UFA Eyrarskókks voru áberandi í hlaupinu og landaði UFA íslandsmeistaratitlum í hálfmaráðon í bæði karla og kvenna-flokki með sigri Rannveigar og Þorbergs.

Hausthlaup

Rúmlega tuttugu manns tóku þátt í hausthlaupi UFA sem haldið var 18. september. Veður var stillt og gott og náðu margir bætingu á sínum besta tíma í 10 km hlaupi.

Víðavangshlaupa

Á hálstmánuðum stóð Langhlaupa- og þríþrautardeildin fyrir víðavangshlaupasyrpu sem samanstóð af fjórum hlaupum sem hlaupin voru á mismunandi stöðum í bæjar-

landinu. Hlaupin voru stíluð inn á bæði krakka og full-orðna og boðið upp á tvær vegalengdir í hverju hlaupi, stutt hlaup sem var u.þ.b. 1 km og lengra hlaup sem var 5-7 km. Ágæt þátttaka í var í hlaupunum og er stefnt að því að halda aðra og öflugri seríu næsta haust.

Gamlárshlaup

Að venju fór Gamlárshlaup og ganga UFA fram á gamlársgang og voru þátttakendur um 70. Líkt og undanfarin ár var Bjarg aðalstyrktaraðili hlaupsins og RUB23 gaf súpu sem rann ljúflega niður eftir erfitt hlaup.

*F.h. langhlaupa- og þríþrautardeildar
Rannveig Oddsdóttir*

Skýrsla glímudeildar

Starfsemi glímudeildar gekk allvel á fyrrihluta liðins árs. Einar Eyþórsson frá Baldursheimi í Mývatnssveit, margfaldur Íslandsmeistari í barna- og unglingaflokkum sá um þjálfun og voru þátttakendur 4 – 5 á æfingum fyrstu fjóra mánuðina. Meiningin var að Einar sæi um þjálfun eftir sumarfrí en það brást og enginn þjálfari hefur fengist þannig að starfsemin hefur legið niðri í vetur. Einar reiknar þó með að koma aftur í haust og taka til hendinni. Glímumenn deildarinnar tóku ekki þátt í mótum undir nafni félagsins en líkt og fyrri ár hafa glímumenn úr öðrum félögum nýtt sér æfingarnar

Jón Einar Haraldsson Lambi



Íþróttafélagið Þór

Ársskýrsla 2012-2013

Árið 2012

Fyrsti viðburður ársins var Þrettándagleði Þórs sem er í samstarfsverkefni aðalstjórnar Þórs og körfuboltadeildar og Akureyrarstofu. Þessi viðburður fór fram að Réttarhvammi við Hlíðarfjallsveg. Kveikt var í brennu og hefðbundinn skemmtiatriði. Álfakóngur og drottning, púkar, tröll og alls kyns kynjaverur voru á sveimi að jólasveinunum ógleymdum. Heimir Bjarni Ingimarsson mætti á svæðið ásamt barnakór. Framkvæmdin tókst með miklum ágætum og talið er að um eða yfir eitt þúsund manns hafi verið á svæðinu.

Á aðalfundi Þórs þann 31. maí varð mikil endurnýjun í aðalstjórn Þórs þar sem allir fyrrum stjórnarmenn að undanskildum einum fóru úr stjórn. Þessir hættu Sigfús Ólafur Helgason formaður Haraldur Ingólfsson varaformaður, Vigdís Lovísa Rafnsdóttir meðstjórnandi og varamennirnir Núi Björnsson og Halldór Áskelsson. Eftir sat Páll Jóhannesson.

Stjórn Þórs starfsárið 2012-2013 var þannig skipuð.

Árni Óðinsson formaður.
Helgi Ómar Pálsson varaformaður.
Páll Jóhannesson ritari.
Vigdís Lovísa Rafnsdóttir meðstjórnandi.
Sverrir Torfason meðstjórnandi.
Viðar Ólason meðstjórnandi.
Varamenn
Jóhann Rúnar Sigurðsson.
Sigurpáll Árni Aðalsteinsson.

Sumarið 2012 rak Þór íþrótt- og leikjaskóla eins og gert hefur verið til margra ára. Þátttaka var góð og heppnaðist skólinn afar vel. Boðið var upp á fimm tveggja vikna námskeið fyrir og eftir hádegi alla virka daga vikunnar. Það fyrsta snemma í júní og því síðasta lauk um miðjan ágúst.

Í sumarbyrjun sagði framkvæmdastjóri Þórs Sigfús Ólafur Helgason upp störfum og í hans stað var ráðinn Eiður Arnar Pálmason og kom hann til starfa af fullum krafti á haustdögum.

Pollamót Þórs var haldið í 25. sinn daganna 6. og 7. júlí og voru 52 lið skráð til leiks í þremur karladeildum og tveimur deildum kvenna. Mótshaldið gekk allt afar vel og ekki skemmdi gott veður báða daganna. Keppt var í tveimur flokkum kvenna þ.e. Skvísu og Ljónynjudeild og þremur deildum karla þ.e. Polla- Lávarðar- og Öðlingadeild. Í flokki Lávarða stóðu ÍRingar uppi sem sigurvegarar en þeir unnu Þór í vítaspyrnukeppni. Í þriðja sæti varð UMF Ópokki.

Í deild Öðlinga voru það Siglfirðingarnir í KS sem urðu hlutskarpastir en þeir lögðu KR-inga í úrslitaleiknum og í þriðja sæti varð Gróttta og í því fjórða lið Þórs.

Í Skvísudeild urðu Hafnarfjarðarelitán hlutskörpust en þær lögðu lið Magnaða í úrslitaleiknum og í þriðja sæti urðu Draupnisskvísur.

Hjá Ljónynjum urðu KR konur hlutskarpastar en þær lögðu Brynjurnar í úrslitum og í þriðja sæti urðu ÍR Drottningar.

Við Áramót 2012

Lokpunktur ársins hjá Þór er hátíðin Við áramót sem haldin er í lok desember þar sem félagar eru heiðraðir og íþróttafólkinu veittar viðurkenningar og hápunktur dagsins er þegar kjöri á íþróttamanni Þórs er kynnt.

Jóna Lovísa prestur og afrekskona í íþróttum var ræðumaður dagsins og ræddi hún um gildi íþróttar, þau markmið sem menn setja sér og nálgun á viðum grunni. Góður rómur var gerður að ræðu Jónu Lovísu og kunnum við Þórsarar henni bestu þakkir fyrir.

Tónlistarflutningur var í boði þeirra félaga Örn Viðars Birgissonar söngvara og ValmarsVäljaots hljóðfæraleikara en þeir fluttu lagið Í bljúgri bæn og var flutningur þeirra hreint aldeilis frábær.

Landsliðsfólk heiðrað:

Sandra María Jessen, Oddný Karólína Hafsteinsdóttir, Lilly Rut Hlynisdóttir, Lára Einarsdóttir, Katrín Ásbjörnsdóttir, Arna Sif Ásgrímsdóttir og Amanda Mist Pálsdóttir öll í knattspyrnu. Hinrik Þórðarson og Guðrún Þorbjörg Þórðardóttir pilukastarar. Haukur Fannar Möller og Sveinborg Katla Daníelsdóttir Taekwondofólk og handboltamennirnir Geir Guðmundsson og Oddur Grétarsson.

Silfurmerki: Bjarni Gnýr Hjarðar, Guðjón Kristjánsson fyrir störf í þágu körfubolta og Linda Guðmundsdóttir fyrir störf í þágu handbolta.

Gullmerki: Rögnvaldur Jónsson fyrir áratuga langt starf fyrir félagið hann hefur m.a. setið í stjórn handbolta-deild sem keppnismaður í handbolta og fólbolta auk þess að hafa sinnt þjálfun.

Þá veitti aðalstjórn Þórs, Gísla Kristni Lórenzsyni heiðursfélaga Þórs sérstaka viðurkenningu og þakkar fyrir hans óeigingjarna starf alla daga allan ársins hring fyrir félagið.

Félagar í Þór færðu félaginu tvo nýja hátíðarfána að gjöf auk 15 borðfána. Voru það ættingjar Haraldar Helgasonar fyrrum formann Þórs sem gáfu félaginu annan hátíðarfánann en hópur góðra manna gáfu hinn fánann

auk borðfánanna. Ánægjuleg gjöf og færði Árni Óðinsson öllu þessu fólki þakkir fyrir hönd félagsins.

Knattspyrnukonan Arna Sif Ásgrímsdóttir fyrirliði Þór/KA sem var kjörin íþróttamaður Þórs 2012 og er um leið knattspyrnumaður Þórs 2012. Og fór vel á því þar sem ÞórKA varð Íslandsmeistari í knattspyrnu kvenna 2012 í fyrsta sinn í sögunni. Íþróttamenn deilda 2012, Sindri Davíðsson körfuboltamaður Þórs, Hinrik Þórðarson pílu- maður, Guðmundur Konráðsson keilumaður, Haukur Fannar Möller Taekwondomaður og Birkir Guðlaugsson handboltamaður Þórs.

Í fyrsta sinn í sögu félagsins var þessi viðburður sendur út á heimasíðu Þórs www.thorsport.is/tv

Knattspyrnudeild 2012

Það eru bjartir tímar framundan hjá Þórsurum enda árið 2012 eitt sögulegasta og sigursælasta ár í sögu knattspyrnunnar hjá Þór.

Kvennaliðið okkar, ÞÓR/KA, vann Pepsi-deildina með glæsibrag og eru þær krýndar Íslandsmeistarar 2012, þeir fyrstu sem við eignumst í efstu deild. Karlaliðið okkar stóð viðgefin loforð og kom sér aftur upp í Pepsi-deildina með því að safna 50 stigum og vinna 1. deildina með glæsibrag. Það var einnig sögulegur viðburður hjá okkur Þórsurum þegar karlaliðið lék í fyrsta skipti í Evrópukeppni félagsliða og leikirnir urðu margir því liðið gerði sér lítið fyrir og komst í aðra umferð eftir að hafa slegið írska liðið Bohemians út í þeirri fyrstu, en féll síðan úr keppni eftir hetjulega baráttu við tékkneska liðið Mlada Bolislav. Sannkallað ævintýri sem gaman verður að leika eftir síðar.

Það varð hins vegar hlutskipti Íslandsmeistaranna okkar að leika í Evrópukeppni á árinu 2013 og verður það í annað skipti á undanförunum þremur árum sem segir sína sögu um þaðgóða starf sem þar hefur verið unnið. Það er sannarlega mikill uppgangur hjá okkur í félaginu og andinn í Hamri eru góður.

Meistaraflokkur karla

Þórsarar getum verið brattir með gengi okkar sumarið 2012. Flest okkar markmið gengu upp og við erum aftur meirir í Pepsi-deild, deild þeirra bestu.

Töluverðar breytingar varð á leikmannahópi Þórs fyrir sumarið 2012. Fjölmargir lykillleikmenn héldu á önnur mið, meðal annars sjö leikmenn sem höfðu spilað mikið um sumarið. Leikmenn eins og Atli Sigurjóns, Gísli Páll Helgason, Gunnar Már Guðmundsson, Þorsteinn Ingason, Clarke Keltie, Alexander Linta og David Disztl. Þannig að þegar æfingarhófst aftur var eðlilega töluvert breyttur hópur sem átti að taka við keflinu, sem skila átti Þór aftur í deild þeirra bestu.

Undirbúningstímabilið gekk ágætlega, menn voru duglegir að æfa og ljóst var að leikmönnum var full alvara með það að standa við stóru orðin og koma Þór aftur á meðal þeirra bestu.

Ásamt hefðbundnum undirbúningsæfingum spiluðum við í Hleðslumótinu og deildarbikar frá janúar til mars. Fljótlega fór að koma mynd á hópinn og fóru 24 leikmenn í æfingaferð til Spánar í apríl.



Þór deildarmeistari 2012 í fyrstu deild, Sveinn Elías Jónsson lyftir bikarnum.

Skömmu fyrir mót var ljóst að ekki komust allir leikmenn sem höfðu æft um veturinn að, og fór svo að 10 leikmenn voru lánaðir til liða hér í kring sumarið 2012. Nokkrir nýir leikmenn bættust í hópinn í vetur og léku stórt hlutverk í gengi okkar í sumar. Orri Hjaltalín og Andri Alberts komu aftur heim og stóðu svo sannarlega undir væntingum. Eins kom Kristinn Þór Björnsson frá Dalvík og stimplaði sig rækilega inn í sumarið. Þá spilaði Joe Funicello aftur með Þór og var liðinu gríðarlega mikilvægur. Einnig kom til okkar Robin Strömberg og spilaði með okkur fram á mitt sumar og skilaði nokkrum mikilvægum mörkum. Um mitt sumar bættust svo í hópinn tveir Bandaríkjamenn, Joshua Wicks og Chukwudi Chijindu og var innkoma þeirra okkur Þórsurum ómetanleg, sem sýndi sig í því að við unnum síðustu 11 leiki okkar í deildinni! Alls tóku 23 leikmenn Þórs þátt í leikjum sumarsins og margir þeirra að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki.

Niðurstaða í 1. deild karla 2012

22 leikir, 16 sigrar, 2 jafntefli, 4 töp, markatala 40-20, 1. sæti með 50 stig, 57 gul spjöld og 5 rauð spjöld.

Sannarlega glæsilegur sigur í 1. deildinni ásamt því að spila í Evrópu deildinni í fyrsta skipti í sögunni! Strákarnir drógust gegn Bohemians frá Írlandi og stóðu sig frábærlega, slógu þá út og komust í aðra umferð, sem fáir bjuggust við fyrirfram. Mótherjarnir í annarri umferð voru gríðarsterkt lið frá Tekklandi, FK Mlada Boleslav. Tveir frábærir leikir í viðbót, sem reyndar töpuðust báðir, og féllum við því úr leik, en með sæmd, það er á hreinu! Ævintýrið því á enda og fer sú reynsla sem Evrópukeppnin var, inn í bankann sem ógleymanleg stund á ferlinum hjá öllum þeim Þórsurum sem komu þar nærri! Alger gulrót á góðu sumri og eitthvað sem allir fótboltamenn, í það minnsta, vilja upplifa aftur og aftur, en aðeins fáir útvaldir íslenskir knattspyrnumenn komast í.

Leikir/úrslit/mörk Þórs í 1. deild 2012

Þór-Leiknir 2-0 (Sigurður Marinó Kristjánsson og Jóhann Helgi Hannesson)

Þór-Þróttur R. 3-1 (Sveinn Elías Jónsson, Robin Strömberg, Orri Freyr Hjaltalín)

KF-Þór bikarleikur 1-3 (Jóhann Helgi Hannesson og Kristinn Þór Björnsson 2)

Haukar-Þór 1-0

Þór-Víkingur Ó. 2-1 (Orri Freyr Hjaltalín og Jóhann Helgi Hannesson)

Þór-Valur bikarleikur 1-4 (Jóhann Helgi Hannesson)

BÍ/Bolungarvík-Þór 1-2 (Robin Strömberg 2)

Þór-ÍR 2-2 (Sveinn Elías Jónsson, Kristinn Þór Björnsson)

KA-Þór 3-2 (Ármann Pétur Ævarsson og Kristinn Þór Björnsson)

Þór-Víkingur R. 0-2

Bohemians FC-Þór 0-0 Evrópukeppni félagsliða UEFA.

Fjölnir-Þór 0-0

Þór-Bohemians FC. 5-1 Evrópukeppni félagsliða UEFA.
(Sigurður Marinó Kristjánsson 3, Orri Freyr Hjaltalín 1. Sjálfsmark andstæðinga)

FK Mlada Boleslav-Þór 3-0. Evrópukeppni félagsliða UEFA.

Leiknir-Þór 1-5 (Janez Vrenko, Jóhann Helgi Hannesson, Sveinn Elías Jónsson, Ármann Pétur Ævarsson og Halldór Orri Hjaltason)

Þór-FK Mlada Boleslav 0-1. Evrópukeppni félagsliða UEFA.

Þróttur-Þór 1-0

Þór-Haukar 2-1 (Chuckwudi Chijindu, Sigurður Marinó Kristjánsson)

Höttur-Þór 1-2 (Chuckwudi Chijindu og Jóhann Helgi Hannesson)

Víkingur Ó.-Þór 1-2 (Chuckwudi Chijindu 2)

Þór-BÍ/Bolungarvík 3-2 (Chuckwudi Chijindu 1 Ármann Pétur Ævarsson 2)

ÍR-Þór 1-2 (Ármann Pétur Ævarsson 2)

Þór-KA 1-0 (Ármann Pétur Ævarsson)

Þór-Tindastóll 4-0 (Orri Freyr Hjaltalín, Ármann Pétur Ævarsson, Kristinn Þór Björnsson og Jóhann Helgi Hannesson)

Víkingur R.-Þór 1-3 (Sveinn Elías Jónsson, Orri Freyr Hjaltalín, Ármann Pétur Ævarsson)

Þór-Fjölnir 1-0 (Kristinn Þór Björnsson)

Tindastóll-Þór 0-1 (Orri Freyr Hjaltalín)

Þór-Höttur 1-0 (Sigurður Marinó Kristjánsson)

Nú er hafið nýtt undirbúningstímabil og við höfum aðeins bætt í leikmannahópinn! Til okkar eru komnir Mark Túbæk og Edin Besilja ásamt Jóa Þórhalls, sem snýr aftur heim eftir útleigðá Suðurlandinu. Bindum við Þórsarar miklar vonir við þessa leikmenn og vonumst til að þeir falli vel inn í góðmennt og fjallmyndarlegt Þórslíð! Ásamt þessari viðbót eru flestir okkar leikmenn sem spiluðu síðasta sumar með áframhaldandi samning við Þór og erum viðgríðarlega sáttir með það.

Markmiðið er því skýrt: Þór ætlar að mæta með sterkan leikmannahóp í Pepsi næsta sumar, sumarið 2013.

2. flokkur karla 2012

Strákarnir æfðu um fjórum sinnum í viku fram að áramótum en eftir áramót 5-6 sinnum í viku þar sem bættust við styrktaræfingar og leikir. Liðið tók þátt í hleðslumótinu í janúar þar sem þeir töpuðu tveimur leikjum og gerðu eitt jafntefli. Í mars var tekin sú ákvörðun að Þór myndi senda



Úr leik Þórs og KA í öðrum flokki karla á Þórsvelli Róbert Logi Kristinsson leikmaður Þórs með boltann.

tvö lið til keppni í Íslandsmótinu vegna fjölda iðkenda til að allir leikmenn fengju verkefni. B-lið var stofnað og er þetta að ég held í fyrsta skipti sem 2 fl. karla hjá Þór sendir tvö lið í Íslandsmót.

Íslandsmót, A-lið

A-liðið byrjaði sinn fyrsta leik á Íslandsmótinu 16. maí á móti Stjörnunni/Skínanda í Boganum og tapaðist sá leikur 1-3, eftir fylgdu fimm tapleikir og útlitið ekki gott. Eftir níu umferðir vorum við með eitt stig og útlitið þannig að við værum fallnir og sumarið búið en strákarnir sýndu gríðarlegan karakter og seinni umferðin var gjöful og hver sigurleikurinn á fætur öðrum þannig að með sigri í síðasta leik gegn KR á heimavelli hefðum við tryggt okkur veru í A-deild. Leikurinn byrjaði vel því í fyrri hálfleik komumst við yfir en KR jafnar fljótlega í seinni hálfleik og þrátt fyrir góð marktækifæri hjá okkur í seinni hálfleik varð niðurstaðan 1-1. Fall í B-deild var staðreynd og skrefin hjá strákunum þung út af vellinum. Kaflaskiptu, skemmtilegu, lærdómsríku sumri lokið og stefnan að sjálfsögðu sett upp í A-deild næsta sumar.

Í bikarnum fengum við Þrótt/SR í heimsókn og sigruðum við þá 4-2 í framlengdum leik. Næstir voru FH-ingar sem komu í þorpið og sigruðu okkur 2-3 í kaflaskiptum leik.

Úrslit

Þór-Stjarnan/Skínandi 1-3

Mark Þórs: Róbert Logi Kristinsson

ÍA-Þór 4-2

Mark Þórs: Jónas Björgvin Sigurbergsson og Siggi Seán Sigurðsson.

Keflavík-Þór 5-3

Mörk Þórs: Jónas Björgvin Sigurbergsson 2 og Sigmar Bjarni Sigurðsson.

Þór-Fram 1-3

Mark Þórs: Orri Sigurjónsson.

Þór-Breiðablik 1-2

Mark Þórs: Baldvin Rúnarsson.

Fjölnir-Þór 5-1

Mark Þórs: Hákon Guðni Hjartarson.

Þór-Víkingur 0-0

Þór-FH 0-2

Stjarnan/Skinandi-Þór 2-3

Mörk Þórs: Hákon Guðni Hjartarson, Alexander Arnar Þórisson, Baldvin Rúnarsson.

KR-Þór 4-5 (Baldvin 2, Steinar Logi, Sigmar, sjálfsmark)

Þór-Keflavík 1-2

Mark Þórs: Steinar Logi Þórðarson.

Þór-ÍA 2-1 (Baldvin, Hákon)

Fram-Þór 3-0

Breiðablik-Þór 6-2

Mörk Þórs: Róbert Logi Kristinsson Baldvin Rúnarsson.

Þór-Fjölnir 1-0

Mark Þórs: Steinar Logi Þórðarson.

FH-Þór 3-1

Mark Þórs: Ingólfur Árnason.

Víkingur-Þór 0-1

Mark Þórs: Rafnar Smárasón.

Þór-KR 1-1

Mark Þórs: Steinar Marinó Hilmarsson

Bikarkeppni

Þór-Þróttur/SR 4-2

Mörk Þórs: Jónas Björgvin Sigurbergsson, Steinar Logi Þórðarson, Hákon Guðni Hjartarson og Sigmar Bjarni Sigurðsson.

Þór-FH 2-3

Mörk Þórs. Róbert Logi Kristinsson og Hákon Guðni Hjartarson.

B-lið

Tímabilið hjá B-liðinu hófst 26. maí á útivelli á móti Val og lauk 21. september heima á móti KR. Strákarnir spiluðu 16 leiki, 3 sigrar, 3 jafntefli og 10 töp. Þegar liðið er til baka er erfitt að meta árangur vegna fyrirkomulags deildarinnar en í heild ágætis árangur þar sem við spiluðum aðeins á B-liðs mönnum ólíkt öðrum liðum og niðurstaðan 7. sætið í nýu liða deild, þarna voru margir leikmenn sem fengu dýrmæta leikreynslu sem án efa á eftir að skilar sér í framtíðinni.

Úrslit

Valur-Þór 7-0

Þór-Grótta 5-1

Mark Þórs: Arnþór Gylfi Finnsson.

Þór-Fylkir 1-8

Mark Þórs: Elmar Þór Aðalsteinsson.

Fjölnir-Þór 2-2

Mörk Þórs: Tryggvi Unnsteinsson og Númi Kárasón.

Þór-Leiknir 0-0

Þór-FH 2-3

Mörk Þórs: Tryggvi Þór Logason og Elmar Þór Aðalsteinsson.

Afturelding-Þór 2-6

Mörk Þórs: Hafsteinn Gauti Ágústsson 2, Elmar Þór Aðalsteinsson 2 Anton Freyr Jónsson 1 og Halldór Kárasón 1.

KR-Þór 4-4

Mörk Þórs: Árni Gunnar Ellertsson 2, Jóhann Már Leifsson og Alexander Arnar Þórisson.

Þór-Afturelding 3-4

Mörk Þórs: Elmar Þór Aðalsteinsson 2 og Almar Vestmann.

Grótta-Þór 4-7

Mörk Þórs: Elmar Þór Aðalsteinsson 3 og þeir Hafsteinn Gauti Ágústsson, Alexander Arnar Þórisson, Hilmar Músson og Tryggvi Unnsteinsson eitt mark hver.

Fylkir-Þór 2-0

Þór-Fjölnir 2-5

Mörk Þórs: Árni Gunnar Ellertsson og Eyþór Traustason.

FH-Þór 3-2

Mörki Þórs: Steinar Logi Þórðarson og Rafnar Smárasón.

Leiknir-Þór 0-0

Þór-Valur 0-4

Þór-KR 3-2

Mörk Þórs: Steina Logi Þórðarson 2 og Elmar Þór Aðalsteinsson.

Á lokahófi voru kjörnir eftirfarandi leikmenn.

Efnilegastur: Jónas Björgvin Sigurbergsson

Leikmaður leikmanna: Steinar Marinó Hilmarsson

Bestur: Orri Sigurjónsson

Þjálfari 2. flokks karla: Ragnar Hauksson

Meistaraflokkur Þór/KA tímabilið 2012

Undirbúningstímabilið á Íslandi er langt og strangt og fyrir kvinnalið á Norðurlandi er talsverð einhæfni í æfingaleikjum þar sem fá lið halda úti meistaraflokki. Á meðan liðin fyrir sunnan spila í Reykjavíkurmóti eða Faxaflóamóti reyna norðanliðin með sér í æfingaleikjum. Þökkum við Völsungi og Tindastóli mikið vel fyrir allar ferðirnar í Bogann til að búa til leiki.

Hreinsi sá um að stelpurnar blésu út lungun og styrktu sig nægilega vel fyrir átök sumarsins. Lengjubikarinn var nú ekki glæsilegasta mót í sögu Þórs/KA. Skemmst er frá að segja að allir leikir töpuðust og lítil ástæða til að rifja það upp mikið frekar. Þó var hver einasti leikur í því móti gríðarlega drjúgur þáttur í að slípa saman liðið og móta það fyrir Íslandsmótið sjálft. Framfarir á mörgum sviðum í hverjum leik þrátt fyrir leiðinda úrslit.

Talsverðar mannbreytingar urðu á liði Þórs/KA milli ára eins og sjá má hér að neðan:

Ellefu leikmann yfirgáfu liðið Eva Hafðís Ásgrímsdóttir, Rakel Hönnudóttir, Berglind Magnúsdóttir, Kristín Hólm Geirsdóttir, Mateja Zver, Elva Friðjónsdóttir, Manya Makosky, Marisha Schumacher, Maria Peres, Diane Caldwell og Rakel Hinriksdóttir. Og þá skal þess getið að Silvía Rán Sigurðardóttir og Heiða Ragný Viðarsdóttir voru frá allt sumarið vegna meiðsla. Katla Ósk Káradóttir var í barneignarleyfi og Bojana Besic einbeitti sér að þjálfun 2. flokks kvenna hjá Þór/KA.

Liðið fékk til sín sex nýja leikmenn: Þórhildur Ólafsdóttir frá ÍBV, Katrín Ásbjörnsdóttir KR, Hafrún Olgeirsdóttir Völsungi og bandarísku leikmennina Chantel Nocole Jones, Kayla Grimsley og Tahnai Annis.

Nýju leikmennirnir smullu vel inn í hópinn og varla



Þór/KA Íslandsmeistari 2012 Arna Sif Ásgrímsdóttir fyrirliði lyftir bikarnum.

mátti sjá á æfingum hver var uppalinn leikmaður og hver nýkominn til félagsins.

Leiðin að Íslandsmeistaratitli ÞórKA 2012

ÞórKA-Stjarnan 3-1

Mörk ÞórKA Katrín Ásbjörnsdóttir (2) og Söndru Maríu Jessen.

KR-ÞórKA 0-1

Mark ÞórKA Kayla Grimsley

ÞórKA-Valur 1-1

Mark ÞórKA Sandra María Jessen

FH-ÞórKA 1-4

Mörk ÞórKAKatrín Ásbjörnsdóttir, Kayla Grimsley, Lára Einarsdóttir og Sandra María Jessen

ÞórKA-Breiðablik 2-0.

Mörk ÞórKA: Katrín Ásbjörnsdóttir og Sandra María Jessen

Afturelding-ÞórKA 0-4.

Mörk ÞórKA Sandra María Jessen 2, Tahnai Annis og Hafrún Olgeirsdóttir.

ÞórKA-ÍBV 4-0

Mark ÞórKA: Kayla Grimsley

ÞórKA-Keflavík bikarkeppni (1-5)

Mörk ÞórKA: Arna Sif Ásgrímsdóttir 2, Tahnai Annis, Þórhildur Ólafsdóttir og Hafrún Olgeirsdóttir

Selfoss-ÞórKA 2-6

Mörk ÞórKA: Sandra María Jessen 2, Kayla Grimsley, Tahnai Annis og Lillý Rut Hlynisdóttir.

ÞórKA-Fylkir 4-0

Mörk ÞórKA: Sandra María Jessen 2, Katrín Ásbjörnsdóttir og Tahnai Annis.

ÞórKA-Fylkir bikar 2-1

Mörk ÞórKA: Tahnai Annis Sandra María Jessen.

Stjarnan-ÞórKA 1-2

Mörk ÞórKA: Tahnai Annis og Sandra María Jessen.

ÞórKA-KR 2-1

Mörk ÞórKA: Katrín Ásbjörnsdóttir og Sandra María Jessen.

Stjarnan-ÞórKA bikar 2-1

Mark ÞórKA: Sandra María Jessen.

Valur-ÞórKA 2-2

Mörk ÞórKA Katrín Ásbjörnsdóttir og Lillý Rut Hlynisdóttir.

ÞórKA-FH 6-0

Mörk ÞórKA: Arna Sif Ásgrímsdóttir 2, Sandra María Jessen 2 og þær Katrín Ásbjörnsdóttir og Lára Einarsdóttir sitt markið hvor.

Breiðablik-ÞórKA 1-2

Mörk ÞórKA: Rebecca Johnson og Kayla Grimsley

ÞórKA-Afturelding 1-0

Mark ÞórKA: Tahnai Annis.

ÍBV-ÞórKA 1-1

Mark ÞórKA: Katrín Ásbjörnsdóttir.

ÞórKA-Selfoss 9-0

Aðdragandi leiksins var einfaldlega þannig að stelpurnar ætluðu ekki að láta æsa sig það mikið upp að þetta myndi klúðrast. Þær ætluðu að halda haus og klára dæmið með stæl. Allir vissu hvað var í húfi og því var undirliggjandi spennan nánast óbærileg. 1300 manns mættu í stúkuna og stemningin algjörlega ólýsanleg. Þetta þriðjudagskvöld gleymist aldrei, það er klárt. Eftir 30 mínútna leik bresta flóðgáttir þegar Tahnai skorar fyrsta markið. Nú var ekki hægt að stoppa okkar stelpur. Rebecca skorar sem og ein gestanna sem verður fyrir því óláni að stýra aukaspyrnu Kaylu í eigið mark. Sandra og Katrín eru svo með sína þrennuna hvor. Leikurinn flautaður af og Þór/KA Íslandsmeistarar árið 2012! Blys og bikarar á loft og stemning sem lifir í minningunni að eilífu. Engin spurning.

Fylkir-ÞórKA 1-2

Mörk ÞórKA: Sandra María Jessen.

Það má með sanni segja að tímabilið hafi verið mikið ævintýri. Aðeins eitt tap í deild og eitt tap í undanúrslitum bikars (eftir framlengdan leik) er ansi hreint bærilegt fyrir svo ungt lið sem Þór/KA er. Samheldni, samstaða, trúin á eigin getu, agi, vilji og barátta skilaði stelpunum því að standa uppi sem besta liðið á Íslandi 2012. Eiga fimm stelpur í liði ársins (Arna Sif Ásgrímsdóttir, Katrín Ásbjörnsdóttir, Sandra María Jessen, Kayla Grimsley og Chantel Nicole Jones.

Á lokahófi KSÍ var Chantel Nicole Jones valin besti leikmaður Pepsí-deildar kvenna og Jóhann Kristinn Gunnarsson besti þjálfarinn.

2. flokkur kvenna 2012

Undirbúningstímabil liðsins fór mestmegnis fram í Boganum þar sem liðið æfði 3-4 sinnum í viku. Að auki tók liðið þátt í nokkrum styrktaræfingum undir dyggri handleiðslu Hreins Hringssonar. Það er ákveðinn galli að vera með lið sem staðsett er út á landi en vegna staðsetningar okkar gátum við ekki tekið þátt í neinum mótum í vetur eins og liðin fyrir sunnan hafa möguleika á. Í staðinn var tekið á það ráð að spila nokkra æfingaleiki hér heima og var m.a. spilað gegn meistaraflokki Hauka, mfl./2. flokki KR, mfl. Völsungs og mfl. Tindastóls. Einnig lékum við tvo æfingaleiki sunnan heiða þar sem mættum við 2. flokki Breiðabliks og Fylki/ÍR. Nokkrir leikmenn liðsins fengu jafnframt að spreyta sig með meistaraflokki Þórs/



Úr leik ÞórKA gegn Val sumari 2013. Amanda Mist Pálsdóttir leikmaður ÞórKA með boltann.

KA í Lengjubikarnum þar sem þær skiluðu oftast en ekki góðri frammistöðu. Liðið spilaði í A-deild Íslandsmótsins sem og í Bikarkeppni KSÍ og hér aðneðan má sjá árangur liðsins í þeim keppnum.

Íslandsmót A-deild

Úrslit Íslandsmótsins

ÞórKA-KR 4:5 (2:4)

Mörk: Laufey Hlynisdóttir, Amanda Mist Pálsdóttir, Laufey Kristjánsdóttir, Snjólaug Heimisdóttir

ÞórKA-Valur 1:3 (1:0)

Mark: Oddný Karólína Hafsteinsdóttir

ÞórKA-Keflavík 5:1 (2:1)

Mörk: Amanda Pálsdóttir 2, Valdís Vignisdóttir 2, Aldís Marta Sigurðardóttir

ÞórKA-Þróttur/Afturelding 1:0 (0:0)

Mark: Valdís Vignisdóttir

FH-ÞórKA 4:1 (3:1)

Mark: Brynja Dögg Sigurpálsdóttir

Breiðablik-ÞórKA 1:2 (1:1)

Mörk: Sigríður Jóna Pálsdóttir, Amanda Pálsdóttir

KR-ÞórKA 1:2 (0:1)

Mörk: Laufey Hlynisdóttir, Eva Rún Þorsteinsdóttir

Þróttur/Afturelding-ÞórKA 1:3 (0:1)

Mörk: Snjólaug Heimisdóttir, Laufey Hlynisdóttir, Amanda Pálsdóttir

ÞórKA-FH 2:3 (1:1)

Mörk: Laufey Kristjánsdóttir 2

ÞórKA-ÍA 1:3 (1:0)

Mörk: Oddný Hafsteinsdóttir

ÞórKA-Breiðablik 0:7 (0:1)

Valur-ÞórKA 1:1 (0:1)

Mark: Amanda Pálsdóttir

Keflavík-ÞórKA 0:2 (0:1)

Mörk: Laufey Hlynisdóttir 2

ÍA-ÞórKA 5:0 (5:0)

Bikarkeppni KSÍ

Í ár féllum við úr Bikarkeppninni í átta liða úrslitum þar sem við máttum þola tap gegn FH sem unnu einmitt keppnina ári áður.

1. umferð: Völsungur-ÞórKA 1:2 (1:1)

Mörk: Oddný Karólína Hafsteinsdóttir, Sandra María Jessen

16-liða úrslit: ÞórKA-HK/Víkingur 3:2 (3:0)

Mörk: Valdís Vignisdóttir, Lára Einarsdóttir 2

8-liða úrslit: ÞórKA-FH 1:4 (0:1)

Mark: Amanda Mist Pálsdóttir

Þetta var fyrsta tímabil liðsins sem og fyrsta tímabil þjálfarans með 2. flokki og má segja að árið hafi verið lærdómsríkt en ekki síður ánægjulegt þar sem við reyndum að vera félagi okkar sem og Akureyri til sóma. Í liðinu eru margir gríðarlega efnilegir leikmenn sem eiga eftir að láta til sín taka í framtíðinni og því er nokkuð ljóst að framtíð kvennaknattspyrnunnar á Akureyri er afar björt.

Á lokahófi voru eftirfarandi leikmenn kjörnir:

Kjör efnilegasta og besta leikmanns 2. flokks Þórs/KA

Efnilegasti leikmaðurinn: Amanda Mist Pálsdóttir

Leikmaður ársins: Brynja Dögg Sigurpálsdóttir

Leikmaður leikmannanna: Katla Eiríksdóttir

Þjálfari 2. flokk kvenna: Bojana Besic

Yngri flokkar í knattspyrnu 3.-8. flokkur

3. flokkur karla

Hópurinn taldi um 25 stráka sem æfðu og kepptu með 3. flokki karla í vetur og sumar. Liðið tefldi fram tveimur liðum í Íslandsmótinu, einu í keppni A-liða og einu í keppni B-liða.

Í lok vetrar sendum við tvö lið til þátttöku í Fjarðarálmótinu á Reyðarfirði í fyrsta skiptið og heppnaðist sú ferð mjög vel og liðunum gekk alveg ágætlega.

Íslandsmótið

Á Íslandsmótinu spilaði A-liðið í C1 og hafnaði þar í 4. sæti, B-liðið spilaði í B-riðli og hafnaði í 6. sæti. Bæði liðin voru að komast á flug undir lok mótsins og söfnuðu þau flestum sínum stigum þá. Liðið tók einnig þátt í Bikarkeppni NL/AL en féll úr keppni eftir tvær rimmur við KA.

Önnur verkefni

Nokkrir strákarnir úr flokknum spiluðu einnig leiki með 2. flokki Þórs í sumar og fengu þar flott verkefni og tveir úr hópnum voru boðaðir á úrtaksæfingar landsliðsins á Laugarvatni í ágúst. Það voru þeir Aron Ingi Hlynsson og Brynjar Logi Magnússon.

Viðurkenningar

Bestur á eldra ári:

Fjölhæfur strákur sem býr yfir miklum líkamlegum styrk, tæknilega góður og með toppstykkið í lagi: Tryggvi Þór Logason.

Mestu framfarir á eldra ári:

Þessi strákur hefur vaxið mikið á þessu ári og er að verða einn besti leikmaðurinn í sinni stöðu í þessum aldursflokki: Hristo Slavkov.

Bestur á yngra ári:

Efnilegur leikmaður þarna á ferðinni, býr yfir banvæn-

um vinstri fæti, hefur mikinn leikskilning og tæknilega mjög góður: Aron Ingi Hlynsson.

Mestu framfarir á yngri ári:

Flottur strákur sem fær flesta til að brosa, hefur vaxið mikið í sumar og verður gaman að fylgjast með framförum hans á næsta ári: Hilmir Gauti Garðarsson.

Hugarfarsverðlaun flokksins:

Karakter sem flestir þjálfarar vilja hafa í sínu liði, mæting til fyrirmyndar og leggur sig alltaf hundrað prósent fram á æfingum jafnt sem leikjum: Rúnar Unnsteins-son.

3. flokkur kvenna

Hópurinn er óvenju fjölmennur og gríðarlega vel skipaður. Hátt í 40 stelpur æfðu og kepptu með 3. flokki í vetur og sumar. Gott starf í gegnum árin hefur skilað sér í því að við höfum fengið til okkar öfluga liðsmenn úr öðrum félögum, enda eru allir velkomnir í Þór.

Goðamótið

Við sendum fjögur lið á Goðamót Þórs, tvö A-lið og tvö B-lið. Þar vannst sigur í báðum flokkunum.

Fjarðaálsmótið

Í lok vetrar sendum við tvö lið til þátttöku á Fjarðaálsmótinu á Reyðarfirði. Þór 1 vann mótið og Þór 3 varð í þriðja sæti.

Íslandsmótið

Þrjú lið voru skráð til þátttöku í Íslandsmótinu, eitt í A-deild og tvö í B-deild. Stefnan var að sjálfsögðu sett á að fara alla leið með A-liðið, en það markmið náðist ekki alveg. Liðið hafnaði í öðru sæti í A-deildinni, vann 11 leiki en tapaði þremur. Sá árangur tryggði sæti í undanúrslitum Íslandsmótsins, en þar féllum við úr keppni gegn Fjölni eftir framlengdan leik og vítaspyrnukeppni.

Liðin tvö sem kepptu í B-deildinni voru að mestu aldursskipt og voru í mörgum tilvikum að spila við A-lið annarra félaga. Stelpurnar stóðu sig mjög vel í þeirri erfiðu baráttu. Þór 2 endaði í fjórða sæti í B1-deildinni og Þór 3 í sjöunda sæti í B3-deildinni.

Cup Denmark

Hápunktur sumarsins var þegar 33 stelpur, 2 þjálfarar, 4 fararstjórar og 5 foreldrar að auki héldu til Svíþjóðar og Danmerkur í vikuférféð í lok júlí. Farið var í æfingabúðir í Malmö fyrri hluta vikunnar en síðan tókum við þátt í Cup Denmark í Ishøj með tvö aldursskipt lið (1996 og 1997). Skemmt er frá því að segja að yngri árið vann keppnina í sínum aldursflokki og eldri árið var hársbreidd frá því að komast í úrslitaleik, en endaði í 3. sæti.

Bikarkeppni NL/AL

Að venju sendum við lið til þátttöku í Bikarkeppni Norður- og Austurlands og hömpuðum bikar í þeirri keppni eftir 4-0 sigur á Völsungi í úrslitaleik á Þórsvelli 7. september.

Önnur verkefni

Nokkrar úr okkar hópi spiluðu einnig leiki með 2. flokki Þórs/KA í sumar og tvær voru viðloðandi meistaraflokkinn.

Allmargar af stelpunum voru boðaðar á úrtaksæfingu fyrir landsliðsval hér norðanlands, en síðan fóru fimm á úrtaksæfingar landsliðsins á Laugarvatni í ágúst. Tvær af þeim voru valdar í U-17 landsliðið og léku með því í riðla-keppni Evrópumótsins í september.

Frábært sumar hjá frábærum og fjölmönnum hópi þó svo ekki hafi alveg öll markmiðin náðst.

Viðurkenningar

(Þjálfararnir vilja taka það fram að það var gríðarlega erfitt að velja úr þessum hópi, helst vildu þeir velja allar).

Best á eldri ári:

Þessi stelpa hefur flest það sem þrýðir góðan knattspyrnumann, hraða, snerpu, góða tækni og ekki síst mikið markanef. Hún spilaði flesta leiki flokksins, varðmarkahæst í deildinni, spilaði einnig með 2. flokki og kom einnig við sögu í leikjum meistaraflokks Þórs/KA í sumar. Til að kóróna flott sumar var hún valin í íslenska landsliðið U-17 og tók þátt í verkefnum liðsins á Norðurlandamótinu og í milliriðli EM: Oddný Karólína Hafsteinsdóttir.

Mestu framfarir á eldri ári:

Fjölhæfur leikmaður sem getur spilað flestar leikstöður á vellinum. Sterkur karakter með mikla leiðtogaþæfileika sem lék stórt hlutverk í sterku liði: Rut Matthíasdóttir.

Best á yngri ári:

Alhliða leikmaður sem átti eftirminnalegt ár, var lykil-leikmaður í frábæru 3. flokks liði og spilaði einnig stórt hlutverk í 2. flokki og meistaraflokki Þórs/KA. Var valin í U-17 ára lið Íslands og spilaði á Norðurlandamótinu og í milliriðli EM: Lillý Rut Hlynisdóttir.

Mestu framfarir á yngri ári:

Einstaklega áhugaverður leikmaður, spilaði gríðarlega vel í sumar, býr yfir miklum leikskilningi og mikilli tækni. Stelpa sem hefur bætt sig mikið í sumar og verður gaman að fylgjast með í framtíðinni: Sara Skaptadóttir.

Hugarfarsverðlaun:

Hún er mjög jákvæð, hvetjandi fyrir aðra, kurteis, áreiðanleg og einbeitt. Mætir á allar æfingar og keppist við að standa sig vel á æfingum sem og í kappleikjum. Býr yfir hugarfari vel agaðs leikmanns sem lið getur alltaf treyst á, bæði innan sem utan vallar: Sólveig María Þórðardóttir.

4. flokkur karla

Skemmtilegt og krefjandi tímabil hjá 4. flokki karla. Við tókum þátt í fjórum mótum á tímabilinu: Greifamóti KA þar sem bæði A- og B-lið Þórs stóðu uppi sem sigurvegarar án þess að fá á sig mark í mótinu; Fjarðarálsmótinu fyrir austan þar sem A-lið Þórs vann mótið og B-liðið varð í öðru sæti í B-liða keppninni; Coca Cola/Dominos móti Þórs þar sem mættu nokkur af sterkari liðum landsins. Við mættum með þrjú lið til keppni. A-liðið endaði í 4. sæti í A-liða keppninni og B1 og B2 spiluðu um 3. sætið í B-liða keppninni.



Sigurreifir Þórsarar á Coca Cola & Domino's móti Þórs 2013 4. flokkur.

Að sjálfsögðu tókum við svo þátt í Íslandsmótinu þar sem við sendum A- og B-lið til keppni í A-riðli í fyrsta sinn. A-liðið endaði í 9. sæti og hélt sér uppi og B-liðið kláraði tímabilið í 6. sæti.

Einnig sendum við þriðja liðið okkar í Austur/Norðurriðil og enduðum þar í 6. sæti.

Sem sagt mjög ásættanlegur árangur og framtíðin björt hjá þessum ungu drengjum.

Viðurkenningar

Besti leikmaður á eldra ári:

Þessi ungi maður hefur allt til þess að ná mjög langt í knattspyrnuheiminum. Hann hefur yfir að ráða mjög góðri tækni, les leikinn vel, duglegur með eindæmum og mjög kraftmikill. Mikill leiðtogi: Alexander hinn mikli.

Mestu framfarir á eldra ári:

Hann er búinn að bæta sig mikið frá því við byrjuðum í haust. Mikill stígandi hjá honum. Hann getur spilað allar stöður á vellinum, er með góða tækni, fljótur og sterkur leikmaður. Framtíðarleikmaður: Hinn brjálaði Hafsteinn Ísar.

Bestur á yngra ári:

Þessi ungi herraður hefur stöðugt verið að bæta sig frá því í haust. Heyrðist ekki mikið í honum til að byrja með en í dag er hann farinn að stjórna eins og herforingi. Oftar en ekki eins og klettur og verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni: Markmaðurinn ógurlegi Aron Birkir.

Mestu framfarir á yngra ári:

Hann byrjaði í B-liði og vann sig upp og á endanum var hann orðinn fastamaður í A-liðinu. Byr yfir finni tækni og er kraftmikill. Ef hann heldur áfram á sömu braut verður framtíðin björt hjá þessum dreng: Grenvíkingurinn fljúgandi, Guðni Sigþórsson.

Hugarfarsverðlaun:

Þegar kom að því að velja besta hugarfar hjá leikmanni í 4. flokki karla var valið ekki flókið. Hann mætti gríðarlega vel á æfingar, alltaf jákvæður og það skipti eiginlega ekki máli hvað var í gangi hjá okkur hann var alltaf klár. Bætti sig mikið sem leikmaður í sumar. Alvöru drengur, alvöru Þórsari: Brynjar Skjöldal Þorsteinsson.

4. flokkur kvenna

Tímabilið byrjaði á æfingaferð til Hafnafjarðar þar sem stelpurnar stóðu sig mjög vel. Á Íslandsmótinu mættum við til leiks með tvö lið. A-liðið tók þátt í A-deild Íslandsmótsins á meðan B-liðið spilaði í Norðurlandsriðli. Erfiðlega gekk að manna ferðirnar suður og vorum við sjaldan með okkar sterkasta lið sem skilaði sér í fáum stigum. Á heimavelli var allt önnur saga og unnum við alla leiki þar fyrir utan einn. Með sterkum heimavelli náðum við að halda sæti okkar í A-deild. B-liðið okkar stóð sig einnig vel miðað við að vera að spila við nánast eintóm A-lið og náði nokkrum sterkum sigrum.

Einnig tóku stelpurnar þátt í glæsilegu móti sem við Þórsarar höldum í fyrsta skipti. Coca-Cola og Dominos móti. Þar gekk mjög vel og A-liðið náði til að mynda 2. sæti í mótinu.

Viðurkenningar

Besti leikmaður á eldra ári: Andrea Mist Pálsdóttir

Mestu framfarir á eldra ári: Karen Sif Jónsdóttir

Besti leikmaður á yngra ári: Tinna Arnarsdóttir

Mestu framfarir á yngra ári: Emilía Eir Pálsdóttir

Hugafarsverðlaun: Karítas Rún Aðalgeirsdóttir

5. flokkur karla

Sumarið hjá 5. flokki var gott enda æfðu strákarnir vel í sumar og tóku framförum eftir því. Strákarnir tóku þátt í tveimur mótum auk Íslandsmótsins en það voru N1 og Olís-mótið. Bæði þessi mót gengu mjög vel en ber helst að nefna að á N1-mótinu náði C-liðið í úrslitaleik en tapaði honum eftirminnilega á heldur ósamgjarnan hátt. En á lokahófi N1 mótsins var Andri Fannar Brynjarsson valinn besti markmaður C-liða og átti hann þann titil svo sannarlega skilið. Á Olísmótinu náði F-liðið bestum árangri en það endaði í 2. sæti.

Einnig áttum við fimm lið sem tóku þátt í Íslandsmóti og náðu A- og B-liðin að komast áfram í úrslitakeppnina. Þar við sat hjá B-liðinu en A-liðið náði alla leið í undanúrslit og mætti þar liði Breiðabliks og tapaði en þess má geta að Breiðablik endaði sem Íslandsmeistari í þessum flokki. Við eigum því 3.-4. besta lið landsins í þessum flokki og getum við verið stolt af því. Við þjálfararnir erum sáttir með árangurinn í sumar og verður gaman að fylgjast með þessum strákum í framtíðinni enda margir í þessum hóp sem geta náð mjög langt ef hugarfarið heldur áfram að vera jafn gott og það er í dag.

Bestur á eldra ári:

Þessi strákur hefur allt sem góður knattspyrnumaður þarf að hafa, hefur mikla leiðtogahæfileika, spyrnutækni hans er afbragðs góð, hlaupagetan mikil, tækni og sköllum til fyrirmyndar, leikskilningur góður og það mikilvægasta af öllu er að toppstykkið er í lagi og veit ég að þessi strákur ætlar sér langt og það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að það geti orðið. Spilaði megnið af sumrinu með 4. flokki sem sýnir hvers megnugur hann er: Birkir Heimisson.

Bestur á yngra ári:

Fjölhæfur strákur sem býr yfir miklum hraða og góðri spyrnutækni. Hugarfar hans er mjög gott og gefst hann



Sigurðeirfir Þórsarar á Coca Cola & Domino's móti Þór 2013 4. flokkur.

aldrei upp þó oft og tíðum þurfi hann að glíma við stærri og sterkari stráka, algjör varnarjaxl sem hleypir engum fram hjá sér: Bjarki Gíslason.

Mestu framfarir á eldra ári:

Þessi strákur mætir á hverja einustu æfingu og leggur sig alltaf 100% fram, hann hefur sótt aukaæfingar af bestu getu og tekur ábendingum mjög vel, þegar hann dettur í girinn getur enginn skorað hjá honum: Hafþór Ingi Halldórsson.

Mestu framfarir á yngra ári:

Fær strákur sem tekur leiðsögn einstaklega vel og er alltaf jákvæður, hans helstu eiginleikar eru mikill leikskilningur og frábært auga fyrir spili. Ef hann heldur áfram að blómstra líkt og hann gerði í sumar verður hann án efa lykilmáður í A-liði á næsta ári: Steinar Logi Kárasón.

Besta hugarfarið:

Fær strákur sem er mikill leiðtogi og alltaf tilbúinn að hjálpa öðrum sem og að læra eitthvað nýtt sjálfur, gefst aldrei upp og er mjög metnaðarfullur. Gott hugarfar skilar mönnum á toppinn og er ég viss um að þessi strákur muni enda þar: Hermann Helgi Rúnarsson.

5. flokkur kvenna

Um 27 stelpur æfðu og spiluðu með 5. flokki kvenna í sumar og þjálfararnir eru mjög ánægðir með framfarirnar í hópnum. Hver og ein lagði mikið á sig og þær sem komu nýjar inn voru fljótar að bæta sig og bindast hópnum. Auk Íslandsmótsins þar sem við tefldum fram tveimur liðum og bæði liðin komust í undanúrslitariðla, tókum við þátt í Goðamóti Þórs í mars og fyrsta mót sumarsins var Þæjumótið í Vestmannaeyjum og síðan kom Síamótið í Kópavogi. Engir bikarar komu í hús en stelpurnar spiluðu góðan og agaðan fótbolta og skemmtu sér konunglega í öllum þeim mótum sem liðið tók þátt í. Margar af stelpunum spiluðu einnig með 4. flokk félagsins og fengu þar dýrmæta reynslu.

Viðurkenningar:

Besti leikmaður eldra ári: Hulda Björg Hannesdóttir.

Besti leikmaður á yngra ári: Hulda Karen Ingvarsdóttir.

Mestu framfarir á eldra ári:

Heiðbjört Anna Guðmundsdóttir.

Mestu framfarir á yngra ári: Emelíana Hallgrímsdóttir.

Hugarfarsverðlaun: Hulda Karen Ingvarsdóttir.

6. flokkur karla

Strákarnir í 6. flokki karla stóðu sig einstaklega vel í sumar og voru yfirleitt á verðlaunapalli hvar sem þeir komu. Sérlega flottur og fjölmennur árgangur. Árið byrjaði með látum því að á Goðamótinu í Boganum komu strákarnir sáu og sigruðu og unnu gull í þremur flokkum, A, D og E liða og B-liðið spilaði úrslitaleikinn og vann til silfurverðlauna. Ótrúlega flottur árangur.

Næst var flogið með fokka til Eyja á Shellmótið þar sem A-liðið endaði í fimmta sæti af 120 liðum og ógnarsterks B-liðið okkar gerði sér lítið fyrir og vann sig alla leið upp í A-liðakeppnina og endaði þar í 16 sæti, sem er frábært afrek. D-liðið toppaði þetta samt allt og sigraði sína deild og kom með Heimaklettsbikarinn í farteskinu heim í Hamar. Pollamótið er að sjálfsögðu hápunktur sumarsins og mikil skemmtun í alla staði innan vallar sem utan. Nikulásarmót fór vel fram og það gekk vel á Króksmótinu og þar komust flest liðin okkar á verðlaunapalli og B-liðið sigraði í sínum flokki. Bæði A- og B-liðin sigruðu alla sína leiki í úrslitakeppni Íslandsmótsins og eru því Íslandsmeistarar 2012. Alveg einstaklega flottur hópur af hæfileikaríkum og skemmtilegum strákum sem lögðu mikið á sig og spiluðu flottan fótbolta.

6. flokkur kvenna

Sumarið hjá 6. flokki kvenna gekk mjög vel. Stelpurnar voru allar með tölu frábærar og ekki var verra hvað þjálfarinn var meiriháttar og svo bættist enn meiri gleði við þegar myndarlegi aðstoðarþjálfarinn, Sigurður Marinó, mætti á svæðið. Við byrjuðum sumarið á Hnátumótinu sem var hér í Þórssvæðinu. Báðum liðunum gekk vel á því móti og komumst við í úrslitakeppnina sem var í lok ágúst. Landsbankamótið á Sauðarkröki var næsta mót og náðum við þar að þjappa hópnum vel saman. Síamótið í Kópavogi var í júlí og komum heim með einn bikar þaðan. Þæjumótið var í ágúst og að sjálfsögðu fengu stelpurnar háttvísiverðlaunin þar.

7. flokkur karla

Strákarnir í 7. flokki voru mjög flottir og stóðu sig vel. Um 38 strákar æfðu í og markmið okkar var að hafa það skemmtilegt saman, vanda sig við æfingarnar og mæta vel. Það skilaði miklum framförum, sérstaklega hvað varðaði boltatækni og leikskilning.

Flokkurinn tók þátt í nokkrum mótum í sumar, byrjuðum á Norðurálmótinu á Akranesi og var það í annað skipti í sem Þór sendir lið þangað. Allir voru mjög sáttir við það mót og stefnum á að halda okkur við það í framtíðinni. Einnig var farið á Nikulásarmótið í Ólafsfirði þar sem liðið vann bæði mótið og bikarkeppni mótsins,

Króksmótið og Húsavíkurmótið þar sem flokkurinn mætti með heil sex lið. Strákarnir spiluðu marga flotta leiki í sumar en aðalmálið er að hafa gaman af því að keppa við aðra og taka framförum og það gerðu strákarnir svo sannarlega í sumar.

Það er ljóst að ef strákarnir halda áfram að bæta sig líkt og þeir gerðu í sumar verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni!

7. flokkur kvenna

Árið var gott hjá stelpunum í 7. flokki. Í vetur voru um 12 stelpur sem æfðu með 6. flokki, en með sumrinu fjölgaði stelpunum og í lok sumars voru um 20 stelpur að æfa. Í sumar tókum við þátt í Strandarmótinu, Þæjumótinu og Húsavíkurmótinu, vorum með tvö lið á hverju móti og spiluðum vel.

Þetta er hópur af fótboltastelpum sem njóta þess að vera á vellinum, njóta þess að æfa og eru miklar keppnis-manneskjur. Það var mjög skemmtilegt fyrir okkur þjálfarana að vinna með þeim, en það var líka erfitt verkefni að sjá til þess að þær fengju krefjandi æfingar því þær bættu sig hratt og leystu æfingarnar á auðveldan hátt. Vonandi halda þær allar áfram að æfa sig af krafti.

8. flokkur karla og kvenna

Í 8. flokki voru 60 krakkar þegar mest var, 40 strákar og 20 stelpur. Mjög ánægjulegt er hve mikið stelpunum hefur fjölgað, en strákarnir hafa oftast verið í miklum meirihluta. Sumarið var skemmtilegt í alla staði og hér eru miklir orkuboltar á ferð sem eiga svo sannarlega framtíðina fyrir sér á sviði knattspyrnunnar, æfingarnar voru skemmtilegar og harkan og eljan er sko ekki minni hjá þessum krökkum en sjálfum meistaraflokksleikmönnum okkar. Hápunktur sumarsins var að sjálfsögðu Strandarmótið sem haldið var venju samkvæmt á Árskógsströnd. Mikil skemmtun og gleði var á mótinu og keppnissskapið var á sínum stað og fóru allir sáttir heim í leikslok með verðlaunapening og glaðning.

8. flokkur samanstendur af flottum og duglegum krökkum sem öll geta orðið flottir knattspyrnumenn og getum við því litið björtum augum á framtíðina.

Stjórn knattspyrnudeildar 2012

Aðalsteinn I. Pálsson formaður
Edward van der Linden
Hannes Kristjánsson
Haukur Hergeirsson
Heimir Guðlaugsson
Orri Stefánsson
Ragnheiður Jakobsdóttir
Svanberg Snorrason

Unglingaráð

Lára Kristinsdóttir formaður
Axel Aðalgeirsson
Aðalsteinn Helgason



Taekwondo, Sveinborg Katla Danielsdóttir og Haukur Fannar Möller.

Taekwondo deild 2012

Árið gekk vel eða svipað eins og undanfarin ár. Deildin er ekki fjölmenn eða rétt í kringum tuttugu félagar. Deildin skiptist í deildir eftir getu og aldri: Byrjendur yngri, byrjendur eldri og meistaraflokkur.

Tveir þjálfarar hafa verið þetta starfsár, þau Haukur Fannar Möller með byrjendur eldri og meistaraflokk og Sveinborg Katla Danielsdóttir með byrjendur yngri.

Reynt er að brjóta upp starfið með einhverju öðruvísi, til dæmis útivist í Kjarnaskógi með heitt kakó og kringlur, páska- og /eða jólaföndur. Yngri krakkarnir kíkja í heim-sókn til þeirra eldri o.fl.

Þau Haukur og Sveinborg hafa aldrei fengið þjálfara-laun en deildin hefur reynt að styrkja þau til keppnisferða, æfingabúða og á landsliðsæfinga þar sem þau eru bæði í landsliði TKÍ.

Starfið hefur gengið vel þrátt fyrir fáa iðkendur og hafa þau aldrei komið heim af mótum án verðlauna en þá er ég að meina Íslandsmót í sparring (bardagi) og poomse (form) svo og bikarmótin þrjú sem eru haldin ár hvert.

Haukur og Sveinborg fóru til Svíþjóðar með landsliðinu þar sem Sveinborg komst á pall í sinni grein. Sveinborg fór líka til Belgíu en kom tómhent heim en hafði gaman af ferðinni.

Haukur Fannar tók „svartbeltilpróf“ með sóma á þessu ári og er sá fimmti sem hefur þreytt það próf hér á Akureyri frá upphafi. Hann hefur líka farið á dómara-námskeið og er með réttindi til að dæma hér á landi og sem gestadómari á norðurlöndum. Hann hefur dæmt á flest öllum mótum sem hann hefur farið á og hefur hug á að taka alþjóðleg dómara réttindi en það er dýrt.

Í stjórn deildarinnar eru Stefanía Hauksdóttir, gjaldkeri og Þorgerður Guðmundsdóttir formaður og ritari. Okkur vantar fleiri í stjórnina en ekki gengið hingað til.

Árið 2013

Fyrsti viðburður ársins 2013 var Þrettándagleði Þórs sem undanfarin ár hefur verið haldinn í góðu samstarfi við Akureyrarstofu. Sú breyting var gerð á skemmtanahaldinu sem að mestu fór fram með hefðbundnu sniði var að skemmtunin fór fram á planinu við Hamar. Samhliða skemmtuninni var boðið uppá veitingar í Hamri heitt kakó, kaffi, heitar vöflur og er óhætt að segja að gestir hafi tekið því afar vel. Skemmtunin tókst í alla staði frábærlega og riflega eitt þúsund manns mættu á svæðið.

Í janúar var svo knattspyrnukonan Arna Sif Ásgrímsdóttir sem var kjörin íþróttamaður Þórs 2012 valin íþróttamaður Akureyrar 2012 í hófi sem haldið var á Hótel KEA.

Óhætt er að segja að árið hafi byrjað með látum. Nýr rekstarsamningur milli Þórs og Akureyrarbæjar var samþykktur og voru báðir samningsaðilar mjög ánægðir þegar upp var staðið. Á fyrstu dögum nýs árs var ljóst að gríðarlegur klaki sem lá yfir öllum knattspyrnuvöllum félagsins og grípa þurfti til aðgerða til að forða svæðinu frá stór tjóni. Allt að 30 sentímetra klakabrynja lá yfir þar sem mest var. Stórvirkar vinnuvélar og fjöldi manna vann dag og nótt við að bjarga því sem bjargað yrði. Aðgerðirnar urðu mjög kostnaðarsamar og hjuggu stórt skarð í reikning félagsins. Hvergi var fjárstuðning að hafa en verktakinn (Finnur ehf) sem vann verkið sýndi féluginu mikinn skilning og stuðning og á miklar þakkir skildar.

Á aðalfundi Þórs sem haldinn var 31. maí urðu smávægilegar breytingar. Úr stjórn gekk Helgi Ómar Pálsson varaformaður og nýr í stjórn kom Haukur Dór Kjartansson.



Arna Sif Ásgrímsdóttir knattspyrnukona, íþróttamaður Þórs 2012.



Úr íþróttaskóla Þórs í Síðuskóla fyrir börn á leikskólaaldrinum.

Stjórnin Þórs starfsárið 2012-2013 skipuðu:

Árni Óðinsson formaður.
Viðar Ólason varaformaður.
Páll Jóhannesson Ritari.
Arnar Friðriksson gjaldkeri.
Vigdís Lovísa Rafnsdóttir meðstjórnandi.
Sigurpáll Árni Aðalsteinsson meðstjórnandi.
Sverrir Torfason meðstjórnandi.
Varamenn:
Jóhann Rúnar Sigurðsson.
Haukur Dór Kjartansson.

Sumarið 2013 rak Þór íþrótt- og leikjaskóla eins og gert hefur verið til margra ára. Þátttaka var fór fram úr björtustu vonum og var troðfullt á öll námskeiðin. Boðið var upp á námskeiðfyrir og eftir hádegi alla virka daga vikunnar. Samtals fimm tveggja vikna námskeið. Það fyrsta hófst 10. júní og það síðasta 5. ágúst og sumrinu slútað þann 16. ágúst.

Pollamót Þórs og Ícelandair var haldið daganna 5. og 6. júlí og var þetta í 26. sinn sem móti var haldið. Alls tóku 54 lið þátt í þremur deildum karla og tveimur kvenna. Í Polladeild stóð Hvíti Riddarinn uppi sem sigurvegari í öðru sæti var Innri Fegurð og í því þriðja Breiðablik.

Í Lávarðardeild stóð Spyrnir uppi sem sigurvegari í öðru sæti IFC Karl og í þriðja sæti ÍR. Í deild Öðlinga sigraði KS og AC Þór í öðru sæti og KR varð í þriðja.

Hjá konunum sigraði KR í Ljónynjudeild og í öðru sæti BR Reynir og þriðja sæti Dillurnar. Í Skvíudeild sigruðu Magnaðar í öðru sæti Gylfi S og í þriðja sæti Pink Ladies.

Þess má geta að úrslitaleikirnir voru sýndir í beinni útsendingu á heimasíðu Þórs www.thorsport.is/tv.

Félagið fór í miklar framkvæmdir á árinu. Skipst var um þak á Lundgarði sem og miklar endurbætur á húsinu gerðar innan dyra auk þess sem húsið var málað að utan og lagfært. Í sumarbyrjun hófust svo viðamiklar breytingar á Hamri. Anddyri hússins var stækkað og allt aðgengi að Hamri endurbætt. Innan dyra var einnig farið í talsverðar



T.v. Árne Óðinsson formaður Þórs, Edward van der Linden, Eiríkur Sigurðsson, Ágúst Herbert Guðmundsson, Sigfús Ólafur Helgason og Þorvaldur Örn Arnarson.

framkvæmdir þar sem Fasteignir Akureyrarbæjar settu nýtt teppi á anddyri og stiga á neðri hæð Hamar. Nýr dúkur var svo lagður á undirgöngin út í Boga. Með þessum breytingum sem var samstarfsverkefni Þórs og Akureyrarbæjar má segja að Bogninn sé loks komin með alvöru anddyri. Breytingum lauk undir lok árs 2013 og tókstu í alla staði eins og best verður á kosið.

Við áramót 2013

Það var sannkölluð hátíðarstemning í Hamri þegar kjöri á íþróttamanni Þórs 2013 var lýst. Um eitt hundrað manns mættu í Hamar og nutu dagsins enda sannkallaður hátíðisdagur.

Dagskráin hófst á því að Árne Óðinsson formaður félagsins bauð gesti velkomna og kynnti í stuttu máli dagskrá dagsins og ræðumenn dagsins sem auk hans voru Margrét Baldvinsdóttir og Jón Óðinn Waage. Að því búnu fól tók Haraldur Ingólfsson við keflinu og stýrði dagskránni.

Fyrsta atriðið í dagskránni var söngatriði þar sem jólastjarnan Eik Haraldsdóttir söng eins og sannur engill tvö lög fyrir gesti við undirleik systur sinnar Unu. Eik hlotnaðist fyrr í þessum mánuði sá heiður að vera valin jólastjarna á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar. Óhætt er að segja að þær systur hafi brætt hjörtu manna í dag með yndislegum flutningi. Þess má geta að Eik er aðeins 11 ára gömul og systir hennar 14 ára. Flutningur þeirra systra sannkallað eyrnakonfekt.

Silfurmerki: Axel Aðalgeirsson í þágu knattspyrnu og Þorvaldur Örn Arnarson fyrir störf sín í þágu körfubolta.

Gullmerki: Ágúst Herbert Guðmundsson fyrir störf sín í þágu körfubolta og Sigfús Ólafur Helgason fyrrum formaður Þórs fyrir störf sín í Þór.

Heiðursfélagar: Tilkynnt var að aðalstjórn Þórs hafi á fundi þann 19. desember 2013 kjörideinum rómi þá Edvard van der Linden og Eiríkur Sigurðsson heiðursfélaga í Þór. EdvardLinden hefur í áratugi verið virkur í starfi knattspyrnudeildar og setið um langt árabíl í stjórn deildarinnar. Eiríkur Sigurðsson hefur í áratugi verið viðloðinn körfuknattleik hjá Þór. Hann var lengi leikmaður, þjálfari, formaður deildarinnar og hin síðari ár haldið utan styrktarklúbb deildarinnar.



T.h. Íþróttamaður Þórs 2013 Ármann Pétur Ævarsson knattspyrnumaður.

Venjan er í lok hvers árs að heiðra þá íþróttamenn sem taka þátt í landsliðsverkefnum fyrir félagið. Í ár tóku þessir einstaklingar þátt í landsliðsverkefnum fyrir Þór. Arnar Þór Fylkisson (handbolta), Haukur Fannar Möller og Sveinborg Katla Danielsdóttir (Taekwondo), Arnar Oddsson, Bjarni Sigurðsson og Hinrik Þórðarson (pílukast) Andrea Mist Pálsdóttir, Katrín Ásbjörnsdóttir, Lára Einarsdóttir, Lillý Rut Hlynisdóttir, Oddný Karólína Hafsteinsdóttir, Sandra María Jessen og Sara Skaptadóttir öll í knattspyrnu.

Fór svo að Ármann Pétur Ævarsson var hlutskarpastur og er í senn knattspyrnu- og íþróttamaður Þórs 2013.

Körfuboltamaður Þórs er Ólafur Aron Ingvason.

Pílumaður Þórs er Bjarni Sigurðsson.

Keilumaður Þórs er Ingólfur Valdimarsson.

Taekwondamaður Þórs er Haukur Fannar Möller.

Þá var Arnar Þór Fylkisson útnefndur handboltamaður Þórs 2013.

Knattspyrnudeild 2013

Það var mikið lagt undir og væntingar eftir því þegar haldið var af stað inn í sumarið í ár enda mikið í húfi fyrir PEPSI-deildarliðin okkar tvö. Ríkjandi Íslandsmeistararnir okkar í ÞÓR/KA höfðu stóran titil að verja en þrátt fyrir vaska framgöngu liðsins lukkaðist það ekki í þetta skiptið. Dömunar bættu þó enn einni rósinni í hnappgatið með því að leika eftirminnilega til úrslita á laugarðalsvöllinum og hljóta þar silfurverðlaun í bikarkeppni KSÍ. Einstök upplifun fyrir leikmenn og stuðningsmenn sem slógu aðsóknarmet og héldu uppi flottri stemningu í stúkunni. Það var svo í annað skiptið á þremur árum sem liðið lék Evrópukeppni og núna í viðureignum í Moskvu og á Þórsvöllinum við öflugt lið WFC Zorkiyfrá Rússlandi þar sem Rússarnir höfðu betur eftir góða frammistöðu stelpnanna okkar.

Karlaliðið Þórs var skipað öflugum og stórum leikmannahópi þetta sumarið. Menn settu sér markmið og krafan var sú að blása á spár spekinga og halda liðinu í efstu deild.

Unglingastarf Þórs er blómlegt og þar vinna foreldrar, unglingaráð og þjálfarar mikið og gott starf. Um leið og ég

þakka öllum þeim sem koma að starfinu á einn eða annan hátt þá minni ég um leið á hversu mikilvægt það er að geta treyst á áframhaldandi stuðning fyrirtækja, stuðningsmanna og annarra velunnara knattspyrnunnar svo árangur megi nást því, það hallar svo sannarlega á landsbyggðina í þessum efnunum. Íþróttafélögin gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki sem hafa ber í huga.

Meistaraflokkur karla

Leikir/úrslit/mörk Pepsi-deild 2013

Eftir að hafa unnið 1.deildina sannfærandi árið 2012 var mikil eftirvænting fyrir tímabilið 2013 í Pepsi-deild. Liðið náði að halda nánast öllum helstu leikmönnum frá síðasta tímabili ásamt því að fá til sig 3 nýja leikmenn. Edin Beslija, Mark Túbæk og Hlyn Atla Magnússon. Liðið fór góða ferð til Spánar í apríl og æfðum vel við bestu aðstæður í viku.

Gengi Þórs sumarið 2013, 22 leikir, 24 stig, markatala 31/44. Eftir brösugt gengi framan af sumri skilaði góður endaspættur liðinu í 8.sæti í deildinni. Niðurstaða sem kom einhverjum á óvart, einhverjir eru sáttir og einhverjir ósáttir – þannig er það bara!

Breiðablik-Þór 1-0

Mark Þórs: Jóhann Helgi Hannesson.

Þór-FH 0-3

KR-Þór 3-0

Þór-Víkingur Ó. 1-0

Mark Þórs: Chuckwudi Chijindu

Fylkir-Þór 1-4

Mörk Þórs: Edin Beslija, Jóhann Þórhallsson, Chuckwudi Chijindu og Sigurður Marinó Kristjánsson.

Þór-Starnan Bikarleikir 3-3

Mörk Þórs: Jóhann Helgi Hannesson 2 og Jóhann Þórhallsson.

Þór-Valur 3-5

Mörk Þórs: Janes Vrenko, Chuckwudi Chijindu og Sveinn Elías Jónsson.

Fram-Þór 4-1

Mark Þórs: Mark Túbæk.

Þór-Stjarnan 1-1

Mark Þórs: Hlynur Atli Magnússon.

Keflavík-Þór 1-3

Chuckwudi Chijindu, Jóhann Helgi Hannesson og Sveinn Elías Jónsson.

ÍA-Þór 1-2

Mörk Þórs: Chuckwudi Chijindu og Hlynur Atli Magnússon.

Þór-ÍBV 1-3

Mark Þórs: Ármann Pétur Ævarsson.

Þór-Breiðablik 1-2

Mark Þórs: Chuckwudi Chijindu.

FH-Þór 1-0

Þór-KR 1-3

Mark Þórs: Sveinn Elías Jónsson.

Víkingur Ó-Þór 1-1

Mark Þórs: Mark Túbæk.

Þór-Fylkir 2-2

Mörk Þórs: Chuckwudi Chijindu og Mark Túbæk.

Valur-Þór 2-2

Mörk Þórs: Jóhann Helgi Hannesson og Mark Túbæk.

Þór-Fram 1-1

Mark Þórs: Ármann Pétur Ævarsson.

Stjarnan-Þór 3-1

Mark Þórs: Ármann Pétur Ævarsson.

Þór-Keflavík 2-2

Mörk Þórs: Chuckwudi Chijindu og Mark Túbæk.

Þór-ÍA 1-0

Mark Þórs: Chuckwudi Chijindu.

ÍBV-Þór 1-2

Mörk Þórs: Chuckwudi Chijindu og Mark Túbæk.

Á lokahófi var Ármann Pétur Ævarsson valin besti leikmaðurinn ásamt því að vera kosinn leikmaður leikmanna og Jónas Björgvin Sigurbergsson var valin sá efni-legasti. Þá fékk Chuck Mjólnismanna bikarinn sem leikmaður ársins hjá Mjólnismönnum.

Meistaraflokkur kvenna: ÞórKA

Tímabilið hófst með formlegum hætti á Lengjubikarnum. Eftir 3 töp í röð gegn Val, Breiðabliki og Stjörnunni þar sem einungis var eitt 1 mark skorað (Sandra María gegn Breiðabliki úti) tóku við 2 sigrar gegn ÍBV og FH og sæti í undanúrslitum tryggt.

Stelpurnar tóku enn eina ferðina suður og spiluðu við funheitt lið Vals um sæti í úrslitaleiknum. Valur var á miklu skriði og hafði lagt andstæðinga sína nokkuð auðveldlega að velli fram að þessu. Þrátt fyrir nokkur forföll kemur alltaf maður í manns stað og eftir æsisþennandi vítaspyrnukeppni þar sem, fyrirlíðinn Arna Sif þurfti að verja markið, þá féllu Þór/KA stelpur úr leik í bráðabana.

Árlegur leikur um Meistara Meistaranna fór fram í Boganum milli ríkjandi bikarhafa Stjörunnar og Íslandsmeistara Þór/KA þann 1.maí. Spennandi og harður leikur sem hefði getað dottið á hvorn veginn sem var en jafnt eftir 90 mínútur endaði í vítaspyrnukeppni. Reynslunni ríkari og staðráðnar í að klikka ekki aftur voru Þór/KA stelpur einbeittar og uppskáru sigur í þessum fyrsta úrslitaleik sumarsins. Helena Jónsdóttir gerði sér lítið fyrir og varði á magnaðan hátt spyrnur Stjörunnar og m.a. frá fyrrum samherja sínum DönkuPodovac með eftirminnilegum hætti og tryggði liði sínu sigurinn í Meistarakeppni KSÍ 2013.

Meistaraflokkur ÞórKA

Leikir/úrslit/mörk Pepsi-deild kvenna 2013

ÞórKA-FH 1-1.

Mark ÞórKA: Katrín Ásbjörnsdóttir.

ÞórKA-Stjarnan 1-2

Mark ÞórKA: Maetja Zver.

HK/Víkingur-ÞórKA 1-4

Mörk ÞórKA: Lára Einarisdóttir, Mateja Zver, Katrín Ásbjörnsdóttir og Sandra María Jessen.

ÞórKA-Valur 2-2.

Mörk ÞórKA: Katrín Ásbjörnsdóttir og sjálfsmark mótherja.

Þróttur R.-ÞórKA 1-4

Mörk ÞórKA: Mateja Zver, Lillý Rut Hlynsdóttir, Katla Ósk Rakelardóttir og Katrín Ásbjörnsdóttir.

ÞórKA-Selfoss 1-3

Mark ÞórKA: Arna Sif Ásgrímsdóttir.

Afturelding-ÞórKA 0-1

Mark ÞórKA Thanai Annis.

ÞórKA-Breiðablik 1-1

Mark ÞórKA: Arna Sif Ásgrímsdóttir.

ÍBV-ÞórKA 3-2 tap

Mörk ÞórKA: Sandra María Jessen 2.

FH-ÞórKA 2-2

Mörk ÞórKA: Tahnai Annis.

Stjarnan-ÞórKA 3-0

ÞórKA-HK/Víkingur 3-1 sigur.

Mörk ÞórKA: Kayla Grimsley og Sandra María Jessen 2.

Valur-ÞórKA 0-0

ÞórKA-Þróttur R. 5-0

Mörk ÞórKA: Tahnai Annis 2 Katla Ósk Rakelardóttir 2 og Katrín Ásbjörnsdóttir 1.

Selfoss-ÞórKA 1-2

Mörk ÞórKA: Mateja Zver 2.

ÞórKA-Afturelding 1-1.

Mark ÞórKA: Arna Sif Ásgrímsdóttir

Breiðablik-ÞórKA 1-5

Mörk ÞórKA: Sandra María Jessen 2, Arna Sif Ásgrímsdóttir 1, Katrín Ásbjörnsdóttir 1 og Mateja Zver 1.

ÞórKA-ÍBV 3-1 sigur

Mörk ÞórKA Sandra María Jessen 2 og Tahnai Annis 1.

Virkilega góður endir á mótinu en leiðinlega margar spurningar um hví kom þetta eigi fyrir!? En gott að geta klárað með sæmd fyrir framan stuðningsmenn sína.

Bikarkeppni KSÍ

FH-ÞórKA 0-5 16 liða úrslit.

Mörk ÞórKA: Arna Sif Ásgrímsdóttir 2 Katrín Ásbjörnsdóttir 2 og Lillý Rut Hlynsdóttir 1.

ÞórKA-Þróttur R. 6-0. 8-liða úrslit

Mörk ÞórKA: Sandra María Jessen 2, Hafrún Olgeirsdóttir 1, Gígja Valgerður Harðardóttir 1, Kayla Grimsley 1 og Tahnai Annis 1.

Undanúrslit Stjarnan-ÞórKA 0-1

Mark ÞórKA: Sandra María Jessen.

Bikar úrslitaleikur gegn Breiðabliki var mikil upplifun og allt í kringum hann. Áhorfendamet var sett í bikarúrslitaleik kvenna á Íslandi og fjölmargir stuðningsmenn ÞórKA gerðu sér ferð í Laugardalinn til að styðja stelpurnar. Frábær dagur og ber að þakka öllum sem komu að þessum skemmtilega viðburði.

Leikurinn sjálfur fór því miður aldrei almennilega á flug fyrir ÞórKA. Það vantaði neistann í sóknarleik liðsins og klaufagangur varð til þess að liðið fékk á sig 2 mörk. Því miður skoruðum við aðeins eitt, mjög gott mark (frábær flugskalli Katrínar eftir magnaða aukaspyrnu Mateju), í leiknum sem dugði auðvitað ekki til og þar við sat. Silfur í frumraun ÞórKA í bikarúrslitaleik. Það eru



ÞórKA Meistarar Meistaranna 2013.

allir staðráðnir að fall sé fararheill í þessari keppni. 2012 duttum við út í seinni hálfleik framlengingar í undanúrslitum gegn Stjörnunni og í ár töpum viðúrslitaleiknum. Það er bara eitt þrep eftir í þessum tröppugangi.

Meistaradeild Evrópu

Tæpum mánuði eftir að deildin kláraðist tókum við á móti Zorky frá Rússlandi í meistaradeildinni. Þetta var í annað sinn sem ÞórKA spilar í þessari keppni og er það býsna magnað. Sumar stelpurnar voru að taka þátt í sínum þriðja og fjórða leik í CL! Fyrri leikurinn fór fram í norðlenskum kulda og bar því miður keim af sumri ÞórKA. Ágætis spilamennska, færi, tækifæri að skapa sér færi en því miður láta mörkin á sér standa. Hafrún Olgeirsdóttir klóraði í bakkann undir lok leiks en Rússarnir fóru með 1-2 forystu heim fyrir seinni leikinn.

Rússlandsferðin er sér kapituli útaf fyrir sig og mikil upplifun fyrir vestræna frónbúa að koma til Moskvu. Umferðin, broslaysið, maturinn, roturnar, stéttaskiptingin og margt, margt fleira sem fyrir augu bar í þessari stuttu ferð. Leikurinn sjálfur var hinsvegar betri að mörgu leyti en heimaleikurinn en 1-4 niðurstaðan gefur skakka mynd af frammistöðunni að okkar mati. Virkilega gaman að sjá stelpurnar svo fjarri heimahögunum á rennandi blautu gervigrasinu þora að halda boltanum og sækja og sækja. Enn var það markaburrdin sem varð til þess að ró Rússanna varð ekki haggð og þær gengu á lagið. Arna Sif skoraði mark ÞórKA eftir glæsilega aukaspyrnu Mateju Zver.

Tímabilið 2013 mikil rússíbanareið fyrir ÞórKA. Stóðu ekki undir væntingum sem ríkjandi meistarar en spiluðu þó heilsteyptari leiki en árið áður. Fóru nánast alla leið í bikarnum og brutu blað með því að komast í úrslitaleikinn þar sem og að vinna Meistarakeppni KSÍ. Alltaf má gera betur og það vitum við best að stelpurnar eru löngu byrjaðar að vinna í því máli. Árið 2014 verður spennandi ár fyrir ÞórKA.

Á lokahófi knattspyrnudeildar var Tahnai Annis valin besti leikmaður liðsins og Lillý Rut Hlynsdóttir efnilegasti leikmaður meistaraflokks.

2. flokkur karla 2013

Föstudaginn 2 nóvember byrjaði undirbúningstímabilið hjá strákunum, æft var ca. 3-4 sinnum í viku fram að áramótum en þá bættust styrktaræfingar inni prógrammið hjá þeim.

Við tókum þátt í Kjarnafæðismótinu sem fór fram í byrjun Janúar og stóð fram í byrjun febrúar. Spilaðir voru 6 leikir og niðurstaðan 4 töp og 2 jafntefli sem komu gegn 2 fl KA og Dalvík/Reyni. Mikil reynsla sem strákarnir fá út úr því að spila í þessu móti þar sem eingöngu er um að ræða meistaraflokka.

Í maí fóru við í 4 daga æfingafærð suður nánar tiltekið í Hafnarfjörðinn. Æfðum í risanum hjá FH og spiluðum 2 æfingaleiki.

Ólíkt árinu áður þá sendum við bara eitt lið í Íslands-mótið sem hófst laugardaginn 18. maí á útivelli gegn HK/Ýmir og á sunnudeginum var spilað við Selfoss, 4 stig úr þessari ferð.

Niðurstaðan þetta sumarið var 7 sæti með 24 stig þ.e.a.s 7 sigurleikir, 3 jafntefli og 8 töp. Markatalan var 30-34.

Í bikarnum fengum við KF og fórum á Ólafsfjörð þar sem við höfðum betur í framlengdum leik þar sem sigur markið kom á 120 mínútu eftir að hafa lent undir í framlengingunni.

Næst komu skagamenn í heimsókn til okkar í þorpið og sigruðu okkur 0-2.

Úrslit leikja og mörk.

HK/Ýmir-Þór 1-1

Mark Þórs: Aron Ingi Hlynsson

Selfoss/Ægir/Árborg-Þór 1-3

Mörk Þórs: Baldvin Rúnarsson 1 Hákon Guðni Hjartarson 2

Þór-Haukar 2-1

Mörk Þórs: Róbert Logi Kristinsson og Orri Sigurjónsson

Þór-Valur 0-2

Dalvík/Reynir/KF-Þór 1-2 bikarleikur

Mörk Þórs:

Leiknir/KB-Þór 1-2

Mörk Þórs: Bergvin Jóhannsson og Hákon Guðni Hjartarson

ÍBV/KFS/KFR-Þór 1-1

Mark Þórs: Bergvin Jóhannsson

Þór-ÍBV/KFS/KFR 2-1

Mörk Þórs: Baldvin Rúnarsson og Róbert Logi Kristinsson

Þór-ÍA 0-2

Þór-KA 0-2

Þór-HK/Ýmir 5-1

Mörk Þórs: Rafnar Smárasen 2, Baldvin Rúnarsson, Orri Sigurjónsson og Jónas Björgvin Sigurbergsson.

Þór-ÍR/Léttir 3-1

Mörk Þórs: Hákon Guðni Hjartarson, Bergvin Jóhannsson og Baldvin Rúnarsson

Haukar-Þór 4-2

Mörk Þórs: Bergvin Jóhannsson og Árni Gunnar Ellertsson.

Keflavík/Njarðvík-Þór 1-0

Þór-Selfoss/Ægir/Árborg 2-5

Mörk Þórs: Orri Sigurjónsson og Bergvin Jóhannsson.

Þór-Keflavík/Njarðvík 1-1

Mark Þórs: Baldvin Rúnarsson.

Valur-Þór 2-3

Mörk Þórs: Árni Gunnar Ellertsson, Baldvin Rúnarsson og Bergvin Jóhannsson.

ÍR/Léttir-Þór 2-1

Mark Þórs: Róbert Logi Kristinsson

Þór-Leiknir/KB 1-3

Mark Þórs: Hákon Guðni Hjartarson

KA-Þór 4-1

Mark Þórs: Orri Sigurjónsson.

Markahæstur: Bergvin Jóhannsson

Á lokahófi voru eftirtaldir leikmenn kjörnir.

Bestur: Orri Sigurjónsson

Efnilegastur : Tryggvi Þór Logason

Leikmaður leikmanna: Baldvin Rúnarsson

Þjálfari 2. flokks Ragnar Haukur Hauksson.

2. flokkur kvenna 2013

Æfingar byrjuðu í lok september 2012 með um 30 stelpum og þar af var u.þ.b. helmingur nýirleikmenn í flokksnum, bæði stelpur sem gengu upp úr 3. flokk og svo stelpur úr öðrum liðum sem fengu að æfa með okkur.

Stelpurnar sem fyrir voru kunnu á leikskipulagið og komu nýju stelpunum fljótt og örugglega inn taktíkina. Stelpurnar lögðu mikið á sig og voru svo sannarlega tilbúnar í slaginn þegar Íslandsmótið hófst og komu með trukki og dýfu inn mótið.

Niðurstaða tímabilsins var sú að við vorum í toppbaráttu í A deildinni alveg frá byrjun og héldum efsta sætinu alveg fram undir lokin en þá missteig liðið sig á lokakaflianum og enduðum í þriðja sæti. Gríðarlega sárt fyrir stelpurnar en jafnframt getum við verið stolt af stelpunum með þessa frammistöðu.

Stelpurnar spiluðu 14 leiki á Íslandsmótinu, unnu 9, gerðu 2 jafntefli og töpuðu 3 leikjum! Fengum 29 stig og skoruðum 40 mörk og fengum á okkur 23 mörk.

Í bikarkeppninni slógu stelpurnar út Fjarðarbyggð en töpuðu fyrir Breiðablik 1-0 í Reykjavík í undanúrslitum í hörkuleik.

Úrslit leikja og mörk.á Íslandsmótinu A-deild.

Stjarnan/Álftanes-ÞórKA 0-1

Mark ÞórKA: Júlíana Mist Jóhannsdóttir

Breiðablik-ÞórKA 1-2

Mörk ÞórKA: Heiða Ragney Viðarsdóttir og Laufey Kristjánsdóttir

KR-ÞórKA 1-5

Mörk ÞórKA: Snjólaug Heimisdóttir, Ágústa Kristinsdóttir, Júlíana Mist Jóhannsdóttir, Amanda Mist Pálsdóttir og Ragnhildur Inga Baldursdóttir.

ÞórKA-Valur/ÍR 4-1

Mörk ÞórKA: Katla Ósk Rakelardóttir, Sigríður Jóna Pálsdóttir, Ragnhildur Inga Baldursdóttir, Ágústa Kristinsdóttir.

ÞórKA-FH 7-3

Mörk ÞórKA: Katla Ósk Rakelardóttir 2, Ragnhildur Inga Baldursdóttir 3, Laufey Kristjánsdóttir og Ágústa Kristinsdóttir.

ÞórKA-KR 3-1

Mörk ÞórKA: Snjólaug Heimisdóttir, Katla Ósk Káradóttir og Ragnhildur Inga Baldursdóttir.

ÞórKA-ÍA 2-2

Mörk ÞórKA: Heiða Ragney Viðarsdóttir og Snjólaug Heimisdóttir.

FH-ÞórKA 3-1

Mark ÞórKA: Ragnhildur Inga Baldursdóttir

Valur/ÍR-ÞórKA 1-1

Mark ÞórKA: Sandra Dögg Bjarnadóttir.

ÞórKA-Breiðablik 0-1

ÞórKA-ÍBV 3-1

Mörk ÞórKA: Amanda Pálsdóttir 2 og Ágústa Kristinsdóttir 1.

ÍBV-ÞórKA 0-3

Mörk ÞórKA: Sigríður Jóna Pálsdóttir, Andrea Mist Pálsdóttir, Ragnhildur Inga Baldursdóttir.

ÞórKA-Stjarnan/Álftanes 5-2

Mörk ÞórKA: Ragnhildur Inga Baldursdóttir, Katla Ósk Rakelardóttir, Amanda Mist Pálsdóttir og Snjólaug Heimisdóttir 2.

ÍA-ÞórKA 6-3

Mörk ÞórKA: Elva Rún Evertsdóttir og Laufey Kristjánsdóttir.

Á lokahófi var Ágústa Kristinsdóttir valin besti leikmaðurinn og Heiða R Viðarsdóttir valin efnilegasti leikmaðurinn og leikmaður leikmanna var kosin Sigrún Ösp Aðalgeirsdóttir.

Þjálfari 2. flokks kvenna Bojana Besic.

Stjórn knattspyrnudeildar

Aðalsteinn I. Pálsson formaður
Edward van der Linden
Hannes Kristjánsson
Haukur Hergeirsson
Heimir Guðlaugsson
Orri Stefánsson
Ragnheiður Jakobsdóttir
Svanberg Snorrason
John Cariglia

Yngri flokkar í knattspyrnu 2013

8. flokkur karla og kvenna.

Sumarið byrjaði mjög vel, yfir 50 krakkar byrjuðu og þannig var það fyrstu vikurnar. Þegar sumarfrí foreldra byrjuðu þá fækkaði aðeins, fór niður í kringum 30 og þannig hélst það út sumarið.

Krakkarnir tóku þátt í einu móti, Strandarmótinu. Það tókst svona upp og ofan. Fyrir næsta mót þurfa þjálfarar þeirra liða sem taka þátt að ræða saman svo að tryggt sé að liðin séu sem jöfnust. Þátttaka í mótinu var mjög góð, við vorum með 6 lið.

Áherslan í 8. flokki í sumar hefur verið á að krakkarnir

fái tilfinningu fyrir boltanum og að læra að taka tillit til hvors annars. Hvoru tveggja hefur tekist mjög vel og krakkarnir eru búnir að vera frábærir.

7. flokkur karla

Fín þátttaka hefur verið í 7. flokki í sumar, þegar flest hefur verið hefur fjöldinn farið upp í 40 en meðalmæting hefur verið tæplega 30.

7. flokkur keppti mikið í sumar. Byrjað var á Norður-álsmótinu á Akranesi með 2 lið. Síðan var það Nikulásarmótið með 4 lið, Strandarmótið með 4 lið og að lokum Króksmótið með 3 lið.

Árangur í mótunum var mjög góður. Nokkrir bikarar unnust en mestu sigrarnir voru þó persónulegir hjá mjög mörgum sem að þarna voru að öðlast sína fyrstu keppnisreynslu.

Áherslan í 7. flokki hefur verið almennt á tæknilegum atriðum fótboltans, einnig skilningur á hlutverki hvers og eins innan liðsins. Mikil áhersla hefur verið á hegðun, að allir hvetji hvorn annan og sýni hvor öðrum tillitsemi.

Áberandi hefur verið hjá 7. flokki í sumar að þeir sem eru komnir tæknilega lengst eru þeir sömu og skemmt á veg eru komnir með samspil. Mikil vinna hefur farið í það seinni hluta sumars að bæta þetta.

7. flokkur kvenna

7. flokkur kvenna samanstóð af 25 hressum stelpum þegar mest var. Margar voru að stíga sín fyrstu skref á knattspyrnuvellinum á meðan aðrar voru vanari grasinu. Fyrsta mót sumarsins var Strandarmót á Árskógsströnd þar sem flokkurinn mætti með 3 lið til leiks og stóðu öll liðin sig með stakri þryði. Því næst var farið á Þejumót á Siglufirði, fyrir mótið eða í júlí var flokknum þjappað saman og foreldrar kynntust í foreldrafótbolta, grillveislu og myndatöku fyrir myndasamkeppni þejumóts sem við á einhvern óskiljanlegan hátt unnum ekki. En á mótið mættu stelpurnar hressar, einhverjar að gista í fyrsta sinn án foreldra sinna og því mikil spennan í gangi. Á knattspyrnuvellinum stóðu öll 3 liðin sig hrikalega vel og komust tvö þeirra í a-úrslit og eitt í b-úrslit og eitt lið komst alla leið í undanúrslit í bikarkeppninni sem háð var á laugardeginum. Ekki má síðan gleyma að Þór hlaut foreldraveðlaun mótsins sem sýnir það enn frekar hversu flottur hópur er í kringum þessar stelpur. Síðasta mót sumarsins var síðan Kiwanismót á Húsavík þar tóku tvö lið þátt, stelpurnar stóðu sig vel og létu ekki norðankalda á sig fá.

Þetta eru allt flottar knattspyrnustúlkur sem eiga klárlega framtíðina fyrir sér á vellinum, framtíðin er björt og verðum við að halda vel utan um þessar stelpur okkar. Þær leggja sig allar fram á öllum æfingum, hvort sem er í upphitun, tækniæfingum eða spili. Sumum finnst vatnspásurnar jafnvel skemmtilegastar enda eru þær þar í essinu sínu og spjalla.

6. flokkur karla.

Silfur strákarnir okkar á Shellmótinu í Eyjum standa upp úr annars alveg frábæru sumri hjá 6. flokki karla. Hápunkturinn var þegar strákarnir fóru til til Eyja þar

sem þrjú lið af fjórum spiluðu til úrslita í sínum flokki og D-liðið kom heim með Helgafells-bikarinn.

A-liðið gerði sér lítið fyrir og spilaði sjálfan úrslitaleik Shell-mótsins fyrir framan troðfulla stúku og vann til silfur-verðlauna á þessu stærsta móti sumarsins. Frábær árangur hjá okkur Þórsurum.

Strákarnir í 6.flokki tóku líka þátt í Nikulásarmótinu, Króksmótinu og að sjálfsögðu Goðamótinu og þar náðu þeir líka góðum árangri og voru liðin okkar yfirleitt á verðlaunapalli. Á Íslandsmótinu komust A, B og þrjú C lið í úrslit þar sem við sigruðum í A- og C-liðum. Þetta var sannarlega skemmtilegt sumar með skemmtilegum strákum sem lögðu sig alltaf fram tóku miklum framförum í fótboltanum.

6. flokkur kvenna

Stelpurnar tóku þátt í 5 mótum þetta sumarið/veturinn. Mótin sem við spilað var í voru Goðamót, Greifamót, Síamamót, Þejumót og Hnátumót. Gengi sumarsins var mjög gott og spilaði A-liðið úrslita á Goðamóti og varð í 2. sæti, A- og B-lið sigruðu Hnátumót NL/AL með fullt hús stiga auk þess sem C-lið vann sinn riðil í undanúrslitum en ekki var spilað til úrslita í C-liðum. Mjög skemmtilegt var að sjá fjölgunina sem varð í flokknum en hann tvöfaldaðist frá byrjun vetrar og til fyrstu sumaræfingarnar. Á sumaræfingum voru um 30 stelpur að meðaltali á hverri æfingu. Þjálfarinn fékk frábæra aðstoðarmenn yfir sumarið þær Andreu Mist, Karen Sif og Oddnýju Karólínu. Í þessum flokki eru margar ungar og efnilegar knattspyrnukonur sem gæti orðið gaman að fylgjast með í framtíðinni.

5. flokkur karla

Sumarið hjá 5.flokk var gott og æfðu strákarnir af miklum krafti og tóku gríðarlegum framförum. Strákarnir tóku þátt í N1- og Olísmótinu sem og Íslandsmóti sem stóð yfir í allt sumar. Á öllum þessum mótum spiluðu strákarnir hörku leiki og sýndu lipra takta. Á N1-mótinu náði C-liðið lengst allra Þórsliða en þeir enduðu í 4. sæti, á Olísmótinu gerði F-liðið sér lítið fyrir og vann mótið, einnig átti B-liðið gott mót en þeir enduðu í öðru sæti.

Á Íslandsmótinu áttum við fjögur lið og náðu A, B og C liðin öll að komast áfram í úrslitakeppnina en þar við sat.

Viðurkenningar

Bestur á eldra ári:

Strákur sem hefur verið á mikilli uppleið undanfarin ár. Helstu eiginleikar eru frábært auga fyrir spili, mikill leikskilningur og tekur leiðsögn mjög vel. Gaman verður að fylgjast með honum í framtíðinni. Steinar Logi Kárasón.

Bestur á yngra ári:

Kraftmikill strákur sem hefur frábæran fót, getur spilað hvaða stöðu sem er á vellinum og sýnir það mikinn skilning á leiknum, mikill hraði og góð tækni gera hann að góðum leikmanni sem á bara eftir að verða betri! Gaman verður að fylgjast með honum á komandi árum. Aron Máni Sverrisson.

Mestu framfarir á eldra ári:

Fjölhæfur strákur sem býr yfir miklum hraða og góðri spyrnutækni. Getur spilað margar stöður á vellinum og gefst aldrei upp. Framtíð hans er björt ef hann heldur áfram að bæta sig líkt og hann gerði í sumar. Kristján Leó Arnbjörnsson.

Mestu Framfarir á yngra ári:

Fær strákur sem leggur sig allan fram inná vellinum og spilar alltaf með bros á vör, hugarfar hans og dugnaður er til fyrirmyndar og hefur það skilað honum þessum miklum framförum. Ef hann heldur rétt á spilunum verður hann framtíðarleikmaður Þórs. Dagur Snær Heimisson.

Hugarfarsverðlaun:

Hugarfarið í flokknum er einstaklega gott en þó kom aðeins einn til greina, þessi strákur er ótrúlega jákvæður, metnaðarfullur, tekur leiðsögn vel og duglegur aðhvetja sína menn áfram þó móti blási. Flottur strákur sem fær alla í kringum sig til að brosa. Algjör fyrirmynd enda fyrirlíði í A-liðinu. Daniel Orri Bjarkason.

5. flokkur kvenna

Það voru 20-25 stelpur í flokknum í ár og spiluðum við með bæði A- og B-lið í öllum mótum. Fyrsta mót vetrarins var Goðamótið okkar þar sem A-lið náði 3. sæti og B-liðið stóð sig með sóma en komst ekki á verðlaunapall. Yfir sumarið var farið á tvö af stærstu mótum landsins, Þejumót í Vestmanneyjum og Síamamótið í Kópavogi, flestar stelpurnar okkar tóku þátt í þessum mótum. Stelpurnar stóðu sig vel og fengu verðlaun fyrir þrúðasta liðið.

Bæði A- og B-liðunum okkar gekk vel í Íslandsmótinu í sumar. B-liðið var mjög vaxandi í sínum leik og rétt missti af sæti í úrslitakeppninni á meðan A-liðið náði sínu takmarki og komst í úrslitakeppnina annað árið í röð. Í úrslitakeppninni náðum við öðru sæti í okkar riðli og við vorum mjög ánægð með það.

5. flokkur kvenna á margar mjög efnilegar stelpur sem eiga örugglega eftir að ná langt í íþróttinni. Þær gætu jafnvel spilað fyrir meistaraflokk Þór/KA áður en langt um líður ef þær halda áfram að vera duglegar og leggja sig fram.

Viðurkenningar

Yngra ár:

Besti leikmaður: Andrea Ýr Reynisdóttir

Mestu framfarir: Rebekka Unnur Rúnarsdóttir

Eldra ár:

Besti leikmaður: Hulda Karen Ingvarsdóttir

Mestu framfarir: Aldís María Jóhannsdóttir

Hugarfarsverðlaun: Arnheiður Björk Harðardóttir

4. flokkur karla

Tímabilið 2013 er nú á enda hjá 4. flokki karla. Þetta er flottur hópur og samheldnin mikil hjá þessum ungu drengjum. Við tókum þátt í 4 mótum á tímabilinu og árangurinn frábær hjá strákunum.

Fyrst var Greifamót KA þar sem A lið Þórs vann með fullt hús stiga og B liðið endaði í 3 sæti.

Næst kom Fjarðaálsmóti Fjarðabyggðar þar sem við stóðum uppi sem sigurvegarar í bæði A og B liða keppn-

inni. Á Coca Cola / Dominos mót Þórs mættum við með 2 A lið og 1 lið í B keppninni. Þar sigruðum við bæði í keppni A og B liða.

Í Íslandsmótinu vorum við í A riðli. Við unnum riðilinn í A liða keppninni og fórum í úrslit en gekk ekki eins vel þar. B liðið endaði síðan í 5 sæti í B liða keppninni.

Sem sagt flottur árangur hjá strákunum og framtíðin svo sannarlega björt hjá þessum drengjum.

Eftir þetta sumar voru 3 leikmenn Þórs valdir í úrtaksæfingar hjá U-15 ára landsliði Íslands.

Að lokum viljum við þjálfararnir þakka strákunum og foreldrum þeirra fyrir frábært tímabil. Og einnig öllum þeim sem komu að þessu með okkur í sumar.

Viðurkenningar

Besti leikmaður á eldra ári:

Þessi drengur hefur allt til þess að ná langt í knattspyrnuheiminum. Hann hefur bætt sig gríðarlega og er orðinn einn af okkar bestu ef ekki sá besti í sinni stöðu á landsvísi í sínum aldursflokki. Aron Birkir Stefánsson.

Mestu framfarir á eldra ári:

Það er búinn að vera mikill stígandi hjá þessum aðila frá því að við byrjuðum í haust. Stjórnar vörnin vel og les leikinn ágætlega. Bjarki Baldursson.

Besti leikmaður á yngra ári:

Þessi leikmaður hefur allt að bera til þess að verða afburðarleikmaður. Hann er með fina tækni og gott auga fyrir spili. Hann er á yngra ári en er samt að spila sitt annað tímabil sem byrjunarmaður í A liði. Birkir Heimisson.

Mestu framfarir á yngra ári:

Hann byrjaði í B liði og vann sig upp í A liðið og hefur verið fastamaður þar síðan. Kraftmikill leikmaður og ef hann heldur áfram á sömu braut mun ekkert stoppa hann í að verða afburðarleikmaður fyrir Þór þegar fram liða stundir. Hermann Helgi Rúnarsson.

Besta hugarfarið:

Þegar kom að því að velja leikmann með besta hugarfar í 4 flokk karla komu nokkrir til greina. En þessi drengur hefur hugarfar fótboltamanns eins og best verður á kosið. Er duglegur að mæta á æfingar, hlustar og er tilbúinn að læra og bæta sig sem knattspyrnumaður. Nikola Kristinn Stojanovic.

4. flokkur kvenna

Það voru 16-20 stelpur sem æfðu að staðaldri í vetur í 4. flokki kvenna.

Stelpurnar voru duglegar að mæta og leggja sig fram á æfingum í Boganum og tóku framförum jafnt og þétt. Æfingaleikir við KA og æfingaferð til Húsavíkur ásamt undirbúningsmótum í Boganum og í Hafnarfirði toppaði undirbúnings tímabilið og allt klárt fyrir sumarið.

Stelpurnar fóru vel af stað í Íslandsmótinu og voru taplausar eftir þó nokkra leiki. Það sem þjálfurum þótti samt standa uppúr var ákveðinn stígandi í getu og leik liðsins og framfarir sýnilegar hjá leikmönnum.

Eftir nokkra erfiða leiki um miðbik og seinni hluta sumars endaði liðið neðarlega í A-riðli, en þó með nægilega mörg stig til að forðast fallsæti.

Sama var uppá teningnum Á Coca Cola og Dominos móti Þórsara en þá lofaði byrjunin góðu áður en síga fór á ógæfuhliðina.

4. flokkur kvenna hjá Þór var heldur fámennur þetta árið og það er vonandi að sem flestar haldi áfram í boltanum ásamt og með því að fá ný (og gömul) andlit inni hópinn. Það vantar ekki efniviðinn, viljann og metnaðinn í hópinn og því er nauðsynlegt að þær haldi hópinn, styðji hvora aðra og haldi áfram að njóta þess að spila fótbolta.

Best á eldra ári: Guðrún Katrín Gunnarsdóttir

Best á yngra ári: Hulda Björg Hannesdóttir.

Framfarir eldra ár; Emilía Eir Pálsdóttir.

Framfarir yngra ár: Sigrún Kjartansdóttir

Hugarfarsverðlaun: Tinna Arnarsdóttir.

3. flokkur karla

Hópurinn saman stóð af 34 frábærum drengjum sem æfðu og kepptu þetta árið. Teflt var fram tveimur liðum, a- og b-liði í bæði Íslandsmóti og mótum vetrarins.

Vetrarstarfið

Æft var 4-5 sinnum í viku og tekið þátt í 3 mótum yfir vetrinn, farið var á Reykjanesmót, Greifamót og Fjarðarálsmót. Heilt yfir gekk nokkuð vel á þessum mótum og spilamennska liðanna leit alltaf betur og betur út með hverju móti.

Íslandsmótið

A-liðið spilaði í C1 deild þar sem liðið gerði sér lítið fyrir og náði 2. Sæti með 4 sigra, 4 jafntefli og 2 töp og tryggði sér þar með rétt í úrslitum C deildar. Þar unnu þeir undanúrslitaleikinn eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni og tryggði sæti í B deild að ári. Úrslitaleikur fór svo fram tveim dögum síðar og tapaðist hann 1-0. Liðið spilaði einnig í Bikarkeppni AL/NL þar sem þeir komust í úrslitaleikinn en þar biðu þeir lægri hlut.

B-liðið spilaði í C riðli þar sem þeir enduðu um miðja deild með 4 sigra og 4 töp. Liðið spilaði oft á tíðum vel og var mikil bæting á leik liðsins frá því um veturinn. Gaman var að sjá hversu gott hugarfar menn höfðu.

Önnur verkefni

Strákarnir í 3. flokk fóru til Spánar nánar tiltekið til Benedorm og spiluðu þar á Costa BlancaCup. Mótið er mjög sterkt og gríðarlega vinsælt enda verið haldið í mörg ár og lið allstaðar að úr heiminum taka þátt. Ferðin heppnaðist gríðarlega vel og fengu strákarnir að upplifa eitthvað sem þeir gleyma seint. Við spiluðum fótbolta á alvöru keppnisvöllum með stúku allt í kring, spiluðum í flóðljós-um og í þrumum og eldingum meðal annars. Morgunleikirnir voru oft erfiðir enda hitinn vel yfir 30 gráðum. Við fórum með 32 stráka til Spánar og spiluðum með A- og B-lið og komust bæði lið mjög langt í B-úrslitum. Ferðin var auðvitað líka hugsuð sem skemmtiferð og fengu strákarnir að valsa um helstu tívolí, vatnsleikjagarða og Go-kart brautir Spánar og ferðuðust oftast en ekki í limmósíum á milli staða.

Viðurkenningar:

Bestur á eldra ári:

Strákur sem býr yfir miklum líkamlegum styrk og tækni-
lega góður, getur spilað allar sóknarstöður: Aron Ingi
Hlynsson.

Mestu framfarir á eldra ári:

Kraftmikill strákur sem leggur sig alltaf allan fram,
uppsker eins og hann sáir: Jakob Snær Árnason.

Bestur á yngra ári:

Fjölhæfur strákur sem býr yfir miklum leikskilning og
skilar alltaf sínu: Alexander Ívan Bjarnason.

Mestu framfarir á yngra ári:

Þessi strákur býr yfir miklum hraða, góður bæði í vörn
og sókn: Hafsteinn Ísar Júlíusson.

Hugarfarsverðlaun flokksins:

Jákvæður og glaðlyndur strákur sem mætir til fyrir-
myndar á æfingar. Hefur gaman af því sem hann er að
gera og leggur sig alltaf fram: Aron Kristófer Lárusson.

3. flokkur kvenna

Hópurinn taldi um 26 frábærar stelpur og tefldi því flokk-
urinn fram tveimur liðum í Íslandsmótinu í ár. Árið byrj-
aði vel, því í apríl fór flokkurinn austur á Fjarðarálsmótið
með tvo lið og komu heim með gull og silfur. A-liðið tók
síðan þátt í A-riðli Íslandsmótsins og hafnaði í 4 sæti, sem
er góður árangur en aðeins undir væntingum þjálfaranna,
sem ætluðu sér í úrslitaleik með þetta lið. B-liðið tók þátt í
B-liðakeppni Íslandsmótsins og hafnaði þar í öðru sæti,
sem er frábær árangur og heildarárangur beggja liða sýnir
glögg hve öflugur hópur þetta er. Liðið stóð síðan uppi
sem bikarmeistari KSÍ í haust eftir sigur í úrslitaleik á
móti KA.

Fimm stelpur úr hópnum okkar fengu að reyna sig á
úrtaksæfingum fyrir u16 sem endaði með að Sara
Skaptadóttir og Lillý Rut Hlynadóttir fengu að taka þátt í
móti erlendis með u16. Lillý spilaði lítið með flokknum
þetta sumar þar sem hún er nú þegar orðin leikmaður
meistaraflokks kvenna. Henni tókst svo síðar á árinu að
komast í u17 þar sem liðið keppti í undankeppni Evrópu-
mótsins, þar stóð hún sig með þryði og var fyrirliði liðsins í
fyrsta leik. Þannig að augljóslega er fullt af hæfileikarík-
um stelpum í þessum flokki sem verður gaman að fylgjast
með í framtíðinni og verða án efa lykilmenn í meistaraflokk
Þórs/KA innan fárra ára.

Best á eldra ári: Sara Skaptadóttir

Best á yngra ári: Andrea Mist Pálsdóttir

Mestu framfarir á eldra ári: Kolbrún Ýr Jósefsdóttir

Mestu framfarir á yngra ári: Karen Sif Jónsdóttir

Hugarfarsverðlaun 3. flokks kvenna:

Eva Margrét Árnadóttir

Árlega eru veitt sérstök Hugarfarsverðlaun allra yngri
flokka og í ár hlutu þau:

Birta María Aðalsteinsdóttir og Hafþór Ingi Halldórson.

Jósepsbikarinn

Jósepsbikarinn er minningarbikar um Jósep Ólafsson fyrr-
um leikmann í yngri flokkum Þórs. Jósep lést langt fyrir-



Mynd úr leik hjá 4. flokki karla í handbolta í Síðuskóla.



Frá Íslandsmóti í handbolta 5.fl. karla og kvenna.

aldrum fram aðeins 16 ára gamall. Fjölskylda Jóseps gaf
bikarinn og er hann árlega veittur fyrir framúrskarandi
virkni, ástundun og áhuga í 3. flokki karla. Jósep lagði
stund bæði á knattspyrnu og handbolta hjá Þór. Jósep
Ólafsson fæddist 30. júní 1974 og lést 6. janúar 1990.

Jósepsbikarinn 2013 hlýtur:

Halldór Mar Einarsson.

Unglingaráð

Lára Einarsdóttirformaður.

Axel Aðalgeirsson.

Aðalsteinn Helgason.

Handbolti 2012-2013

Handboltadeild Þórs er starfrækt frá ágúst-júní. Því er það
tímabil tekið fyrir hér.

Hjá deildinni eru 6 flokkar, frá 3.-8. flokks.

Æfingagjöldum deildarinnar hefur verið haldið eins
lágum og kostur er síðustu ár til að gera fleirum kleift að
æfa íþróttina. Innifalið í æfingagjöldum eru mismargar
æfingar hjá hverjum flokki fyrir sig í íþróttahúsinu í
Síðuskóla undir leiðsögn þjálfara.

Hjá deildinni starfa 4 þjálfarar ásamt 3 aðstoðarþjálfur-
um.

Kvennaflokkarnir eru sameiginlegir undir merkjum

KA og Þórs. Handboltadeildir KA og Þórs vinna mikið saman. Félögin halda m.a. saman 2 stór handboltamót á ári, eitt í október og annað í apríl.

Í unglíngaráði handboltans eru 6 stjórnarmenn sem vinna fyrir deildina í sjálfboðavinnu. Í hverjum flokk eru síðan starfandi foreldraráð.

Deildin býður upp á systkinaafslátt ásamt því sem deildir innan Þórs bjóða upp á afslátt á milli deilda. Einnig bjóðum við þeim sem byrja að æfa um miðjan vetur að greiða æfingagjald eftir hlutfalli.

4., 5., og 6. flokkar spila eftir árgöngum og eru því 6 árgangar í þessum 3 flokkum.

3. og 4. flokkar spila bæði í íslandsmóti og bikarkeppni. 5. og 6. flokkar sækja 5 mót á hverjum vetri.

Annað hvert ár fer 4. flokkur í handboltaferð til Svíþjóðar á svokallað Patrille cup mót.

Í upphafi hvers árs hefur deildin boðið nýjum iðkendum að koma og æfa frítt í kringumstórmót hjá landsliðinu í handbolta. Þetta hefur komið vel út og hefur verið aukning í janúaráiðkendum ár hvert. Handboltinn fær mikla auglýsingu í upphafi árs og nýtur deildin sér þann meðbyr.

2 drengir frá Þór hafa verið í yngri landsliðum Íslands í handbolta þetta eru þeir Sigtryggur Daði Rúnarsson og Arnar Þór Fylkisson. Einnig hefur ungur og efnilegur drengur verið að æfa með 16 ára landsliðinu, Sigmar Pálsson.

Stjórn handboltadeildar skipa

Sverrir Torfason formaður
Linda Guðmundsdóttir gjaldkeri
Stefán Gunnarsson
Elva Haraldsdóttir
Steinunn Ragnarsdóttir
Brynhildur Pétursdóttir

Körfuknattleiksdeild

Stjórn Körfuknattleiksdeildar

Stefán Vilberg Leifsson formaður
Ómar Aspar gjalkeri
Kári Þorleifsson meðstjórnandi
Marta Krsitín Jónsdóttir meðstjórnandi
Auðunn Danielsson meðstjórnandi

Meistaraflokkar kkd. Þórs fyrir árin 2012 og 2013

Það hefur verið stíganandi í starfi meistaraflokka árin 2012 - 2013.

Meistaraflokkur kvenna

Við sendum aftur til keppni lið í meistaraflokki kvenna fyrir tímabilið 2012-2013 en liðið hafði verið í pásu frá keppnistímabilið áður. Liðið er að mestu skipað ungum og efnilegum leikmönnum en í bland við nokkra eldri reynslubolta.

Bæði tímabilin 2012-2013 og 2013-2014 höfum við verið í neðri hluta fyrstu deildar.

Meistaraflokkur karla

Tímabilið 2012-2013 endaði liðið í fimmta sæti í deild sem



Erna Rún Magnúsdóttir fyrir liði Þórs á fleygi ferð.



Jarrell Crayton leikmaður Þórs leggur boltann í körfuna.

gefur síðasta sæti í umspil um sæti í úrvalsdeild. Við töpuðum síðan í umspili fyrir Val sem endaði á að fara upp í úrvalsdeild.

Tímabilið 2013-2014 tímabilið hefur allt farið mjög vel og höfum við haldið 2. Sætinu sem gefur efsta sæti í umspili um sæti í úrvalsdeild.

Það er margt sem fylgir starfinu og má þar helst nefna fjölmargar fjáraflanir sem við sjáum um. T.d. Árgangamót, Eyjafjarðardeild, þrettándabrenna, pizzusala um versló, tjaldsvæðisvarsla um versló, bón á flugvélum, happdrætti.

Unglingaráð körfuknattleiksdeildar 2012 og 2013

Fjöldi iðkenda hefur vaxið ár frá ári síðustu árin m.a. vegna þess að við höfum getað boðið lág æfingagjöld vegna Samherjastyrksins frábæra. Deildin hefur lagt áherslu á lág æfingagjöld í sókn okkar á nýja iðkendur og hefur það gengið mjög vel.

Haustið 2013 förum við af stað með átak í því að fjölga stúlkum og buðum frí æfingagjöld til áramóta í því augnamiði og hefur það gengið frábærlega undir öruggri stjórn Helga Bragasonar. Þessi aukning er helsta ástæðan fyrir því að nokkuð stökk varð í fjölgun iðkenda haustið 2013. Stefnan er að halda áfram að byggja upp iðkenda fjöldann hægt en örugglega líkt og verið hefur undanfarin ár. Iðkendur að hausti 2013 voru rúmlega 130 og fór fjölgaandi.

Bæði þessi ár vorum við með 5 flokka í Íslandsmóti og hefur gengi þeirra verið upp og ofan en þó erum við að síga upp á við og nálgast okkar markmið sem eru að eiga flokka í b) riðli eða ofar.

Engir titlar hafa komið í hús en næst því var Ágúst Guðmundsson með sína stráka en hann hefur verið með þá í A) riðli undanfarin ár og stefnir ótrauður á Íslandsmeistaratitilinn í vor. Vonandi verður það.

Við höfum lagt á það áherslu að halda a.m.k. eitt fjölgaðamót hér heima í hverjum þeim flokki sem tekur þátt í Íslandsmótinu.

Yfir sumartímann höfum við haldið úti körfubolta-skóla sem hefur verið mjög vel sóttur og stefnan er að halda því áfram.

Á hverju ári höfum við haldið körfuboltabúðir sem er skemmtilegur þriggja tíma skóli um helgi sem við notum í kynningarskyni og höfum fengið til okkar aðila s.s. Sigurð Ingimundarson fyrrverandi landsliðsþjálfara til að heiðra okkur með nærveru sinni.

Kjarnafæðismótið er mót sem við höldum í lok hvers keppnistímabils fyrir lið af norðurlandi. Þetta mót hefur fallið í gríðarlega góðan jarðveg og hafa á annað hundrað iðkendur látið ljós sitt skína á þessum mótum nú nokkur ár í röð og þetta er orðinn fastur punktur í starfinu okkar.

Heilt yfir hefur starfið gengið mjög vel enda starfið vel skipulagt og margir góðir aðilar sem leggja hönd á plóg. Enn er verið að þetta raðirnar því nýlega kom inn aðili til að hrinda af stað og halda utan um foreldraráð og fer sú vinna mjög vel af stað.

Unglingaráð körfuknattleiksdeildar skipa

Þorgils Sævarsson formaður
Ágúst Herbert Guðmundsson
Hrafn Jóhannesson
Einar Örn Aðalsteinsson
Óðinn Ásgeirsson
Þorvaldur Örn Arnarson
Lísbet Vala Snorraddóttir

Píludeild

Starfið árin 2012 og 2013

Píludeild Þórs hefur reynt að vera með fjölbreytta og skemmtilega dagskrá, þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Píludeildin sér um að halda svo kölluð stigamót fyrir Íslenska pílusambandið (ÍPS) og eru þau haldin fyrsta mánudagskvöld mánaðarins, allan ársins hring.

Píludeild Þórs hefur einnig haldi Íslandsmót í 301 síðustu þrjú ár fyrir ÍPS.

Mót á vegum Píludeildar Þórs eru: Meistaramót í krikket, Meistaramót í 501, Akureyri open (501), Fyrirtækjakeppni (501, 301 og Krikket), HÞ Lagnadeild (501, 301 og Krikket), Jólamót (501), Bombumót (501), Lucky draw (501)

Í jóla, bombu og lucky draw mótunum er mikið lagt uppúr því að fá nýliða með og drögum viðsaman vana og óvana spilara þar.

Opið hjá Píludeildinni á mánudags og miðvikudags kvöldum. Allar æfingar Píludeildar eru í Þórsstúkunni sem og flest mót á vegum deildarinnar.

Keppendur frá píludeild Þórs hafa nokkrum sinnum orðið Íslandsmeistara á síðustu árum en reyndar bara einu sinni á þessum síðustu tveim.

301 einmenningur kvenna 2012 María Steinunn Jóhannesdóttir.

Stjórn Píludeildar

Hinrik Þórðarson formaður
Kristján Örn Helgason
Guðrún Þórðardóttir
Jóhanna Bergsdóttir
Arnar Oddsson
Páll Stefánsson



Hallur Guðmundsson
á Akureyri Open 2013.



Frá Íslandsmótinu í 301 sem fram fór í Hamri.

Keiludeild

Keiludeild Þórs 2012 fór mjög vel fram og heldur iðkendum áfram að fjölga hjá báðum kynjum sem er frábært. Æfingar full-orðinna fara fram þrisvar sinnum í viku sækja þær rétt tæplega 40 manns.

Meistaraflokks árangur 2013

Síðasta vor fór 2. deild Þórs í liðakeppni karla upp í meistaradeildina. Þeir enduðu í öðru sæti í sinni deild (munaði aðeins 1 stigi á þeim og fyrsta sæti) sem er frábær árangur og eru þeir því að keppa á meðal þeirra bestu í dag.

Eins bættum við inn nýju liði sem byrjaði að spila í þriðju deild. Útlit er fyrir að þeir komist upp úr sinni deild í vor upp í þá aðra því þeir hafa staðið sig svo vel í vetur.

Stjórn keiludeildar Þórs.

Örvar Freyr Eliasson formaður
Guðmundur Freyr Aðalsteinsson
Nanna Hólm
Ingólfur Valdimarsson
Guðmundur Konráðsson

Taekwondo-deild Þórs 2013

Starfsemi deildarinnar hefur verið með svipuðu snið og undanfarin ár. Deildin skiptist í fjóra flokka, byrjendur yngri, 8-14 ára, byrjendur eldri, 14 ára og eldri, framhaldsflokkur, 8-14 ára og meistaraflokkur 14+. Þjálfarar voru þrír, Haukur Fannar Möller sem sér um þjálfun meistaraflokks og framhaldsflokks, Sveinborg Katla Daniélsdóttir sem sér um að þjálfa byrjendur yngri, 8-14 ára og Pétur Már Kjartansson sem þjálfar byrjendur eldri.



Guðmundur Konráðsson keilumaður.

flokks og framhaldsflokks, Sveinborg Katla Daniélsdóttir sem sér um að þjálfa byrjendur yngri, 8-14 ára og Pétur Már Kjartansson sem þjálfar byrjendur eldri.

Æfingar eru haldnar í Hamri, byrjendur yngri og eldri æfa tvisvar í viku og auk þess fær framhaldsflokkur sér æfingu einu sinni í viku. Meistaraflokkur æfir þrisvar í viku, auk þess eru bardagaæfingar alla virka daga klukkutíma í senn. Haukur Fannar og Sigurður Óli Ragnarsson skipta með sér bardagaæfingunum. Haukur Fannar, Sveinborg Katla og Sigurður Óli eru öll með 1.dan gráðu (svart belti). Haukur Fannar er auk þess meðdómara-réttindi og dæmdi hann á öllum íslenskum mótum á síðasta ári. Á hverju ári eru haldin tvö beltapróf eitt á hausi og annað á vori.

Haukur Fannar og Sveinborg Katla hafa bæði verið valin í Taekwondo Landslið Íslands ípoomse Þau kepptu með landsliðinu á síðasta ári á Evrópumóttinu á Spáni, á Spanish Openog á Norðurlanda móttinu sem haldið var í Finnlandi. Þau stóðu sig bæði mjög vel á þessum mótum og unnu til silfur verðlauna í para poomse á Norðurlandamóttinu.

Á hverjum vetri eru haldin þrjú bikarmót, eitt á hausti og tvö eftir áramót. Íslandsmóttin eru tvö annað í sparring og hitt í poomse. Taekwondo samband Íslands tók í fyrsta skiptið þátt á RIGmóttinu eða Reykjavík International games á síðasta ári.

Árangur á mótum 2013

RIG (Reykjavík International games): Eitt silfur og eitt brons, tveir keppendur.

Bikarmót I 30. nóv.-1. des.: Tvö gull, tveir keppendur.

Bikarmót II 16.-17. febrúar: 4 gull og 3 brons, átta keppendur.

Bikarmót III 4.-5. maí, Norðurlandameistaramót í Finnlandi, 25. maí: Eitt silfur, tveir keppendur.

Landsmót UMFÍ á Selfossi 4.-7. júlí: Eitt silfur og eitt brons, tveir keppendur.

Íslandsmeistaramót í Poomse 3. nóvember: tvö silfur, tveir keppendur.

Fyrir hönd Taekwondo deildar,
Þorgerður Guðmundsdóttir, formaður.

Stjórnina skipa:
Þorgerður Guðmundsdóttir og Stefania Hauksdóttir

Akureyri, mars 2014

Árni Óðinsson

Formaður Íþróttafélagsins Þórs



Taekwondo fólk Þórs á æfingu.



Akureyri handboltafélag

Ársskýrsla 2012-2013

Í lok leiktímabilsins 2011-2012 var ljóst að Atli Hilmarsson myndi ekki halda áfram þjálfun liðsins. Atli hafði komið til starfa hjá félaginu 2010 og því verið þjálfari í tvö ár. Þessi tvö tímabil með Atla eru einhver þau bestu í sögu félagsins og má nefna að undir hans stjórn varð félagið m.a. deildarmeistari 2011. Atla er þakkað frábært starf í þágu félagsins.

Í stað Atla voru Bjarni Fritzson og Heimir Árnason ráðnir þjálfarar. Báðir höfðu þeir verið lykilmenn í liði Akureyrar. Nokkrar breytingar urðu á leikmannahópnum og ljóst að baráttan yrði erfið ásamt því að félagið var sérlega óheppið með meiðsl leikmanna. Oddur Gretarsson sem undanfarin ár hefur verið okkar allra sterkasti leikmaður varð fyrir því óhappi að slíta krossband eftir einungis fjóra leiki og lék þar með ekkert meira með liðinu. Hörður Fannar Sigþórsson sem hafði farið til Færeyja fyrir þetta leiktímabil kom til baka til félagsins í janúar en, eins og Oddur, sleit krossband í fyrsta leik með félaginu og lék ekkert meira. Á endanum lenti liðið í 6. sæti og komst þar með ekki í úrslitakeppni. Félagið komst í undanúrslit í bikarkeppni HSÍ sem leikin var með nýju sniði, final four, en beið þar lægri hlut fyrir Stjórnunni og komst þar með ekki í úrslitaleikinn sem olli miklum vonbrigðum. Svo vitnað sé í viðtal við Heimi Árnason:

„Eftir þessa ömurlegu frammistöðu í undanúrslitum bikarsins eru menn grautfúlir með árangurinn hér fyrir norðan.

Veturinn hefur verið afar erfiður og segja má að meiðslin og lítill árangur hafi orðið að ömurlegri blöndu. Óheppnin hefur elt okkur eins og til dæmis þegar Hörður Fannar Sigþórsson kom til okkar um áramótin og sleit krossband eftir aðeins átta mínútur í fyrsta leik. Hann var einmitt maðurinn sem okkur vantaði. En það er ekkert sem afsakar framgöngu okkar í undanúrslitaleiknum við Stjórnuna í bikarnum. Það var hreint hræðilegur leikur sem ég ætla að reyna að gleyma sem fyrst.“

Í lokahófi félagsins var Bergvin Þór Gíslason valinn besti leikmaður tímabilsins.

Að venju sendi Akureyri handboltafélag tvö lið til keppni í 2. flokki. Við áttum þar lið bæði í 1. deild og 2. deild. Um hörku keppni var að ræða í báðum deildum. Félagið komst í úrslitakeppni 1. deildar eftir að hafa hafnað í fjórða sæti. Því miður datt liðið út strax í fyrsta leik gegn Val. Eins og undanfarin ár æfði fjöld stráka með félaginu og er það vel. Hugað þarf að því að fjölga verkefnum fyrir þessa leikmenn því þeir eru okkar framtíð.

Akureyri handboltafélag þakkar stuðningsmönnum, leikmönnum og öðrum þeim sem koma að stafsemi félagsins. Þetta er mikil og óeigingjörn vinna en margar hendur vinna gott verk.

*F.h. Akureyri handboltafélag
Hannes Karlsson formaður*

This image shows a full page of white paper with horizontal blue or grey ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. In the top left corner, there is a title "Til minnis" written in a bold, black, serif font.

Til minnis






Íþróttabandalag Akureyrar Ársreikningur 2012

Stjórn og gjaldkeri Íþróttabandalags Akureyrar, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með áritun sinni.

Akureyri 30 apríl 2013

Stjórn:


Þróstur Guðjónsson

Haukur Valtýsson

Margrét Ólafsdóttir


Gjaldkeri:


Magnús Gauti Gautason

Við skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2012.

Akureyri 17 apríl 2013


Sveinn Torfi Pálsson


Guðmundur Bjarnar Guðmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2012

Rekstrartekjur	2012	2011
Rekstrarframlag Akureyrarbæjar	9.330.996	9.330.996
Lottó frá ÍSÍ	10.505.243	8.360.373
Framlag frá ÍSÍ	1.601.474	1.175.198
Framlag frá Getraunum	607.435	1.876.949
Framlag frá Samskipum	588.432	0
Framlag frá Ríkissjóði	200.000	0
	<u>22.833.580</u>	<u>20.743.516</u>
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	4.201.078	4.035.027
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	1.010.044	1.036.857
Úthlutun til aðildarféлага vegna lottó og styrkja	11.093.678	9.363.164
Annar rekstrarkostnaður	5.797.932	3.847.134
	<u>22.102.732</u>	<u>18.282.182</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	730.848	2.461.334
Vaxtatekjur	268.816	129.159
Vaxtagjöld	8	1.065
	<u>268.808</u>	<u>128.094</u>
Hagnaður ársins	<u>999.656</u>	<u>2.589.428</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

EIGNIR	2012	2011
Veltufjármunir		
Ýmsar kröfur	0	67.990
Bankainnstæður	5.394.857	4.353.450
Veltufjármunir	<u>5.394.857</u>	<u>4.421.440</u>
Eignir	<u>5.394.857</u>	<u>4.421.440</u>
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	4.320.097	1.730.669
Hagnaður ársins	999.656	2.589.428
Eigið fé	<u>5.319.753</u>	<u>4.320.097</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ýmsar skammtímaskuldir	75.104	101.343
	<u>75.104</u>	<u>101.343</u>
Skuldir	<u>75.104</u>	<u>101.343</u>
Eigið fé og skuldir	<u>5.394.857</u>	<u>4.421.440</u>



Íþróttabandalag Akureyrar Ársreikningur 2013

Stjórn og gjaldkeri Íþróttabandalags Akureyrar, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með áritun sinni.

Akureyri 20 mars 2014

Stjórn:

Pröstur Guðjónsson

Haukur Valtýsson

Margrét Ólafsdóttir

Pröstur Guðjónsson
Haukur Valtýsson
Margrét Ólafsdóttir

Gjaldkeri:

Magnús Gauti Gautason

Magnús Gauti Gautason

Við skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2013

Akureyri 20 mars 2014

Sveinn Torfi Pálsson
Sveinn Torfi Pálsson

Guðmundur Bjarnar Guðmundsson
Guðmundur Bjarnar Guðmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2013

Rekstrartekjur	2013	2012
Rekstrarframlag Akureyrarbæjar	9.330.996	9.330.996
Lottó frá ÍSÍ	11.708.374	10.505.243
Framlag frá ÍSÍ	1.847.366	1.601.474
Framlag frá Getraunum	953.901	607.435
Framlag frá Samskipum	608.173	588.432
Framlag frá Ríkissjóði	0	200.000
	<u>24.448.810</u>	<u>22.833.580</u>
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	4.289.675	4.201.078
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	1.535.809	1.010.044
Úthlutun til aðildarfélaga vegna lottó og styrkja	12.316.553	11.093.678
Annar rekstrarkostnaður	6.017.489	5.797.932
	<u>24.159.526</u>	<u>22.102.732</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	289.284	730.848
Vaxtatekjur	321.214	268.816
Vaxtagjöld	0	8
	<u>321.214</u>	<u>268.808</u>
Hagnaður ársins	<u>610.498</u>	<u>999.656</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	2013	2012
VELTUFJÁRMUNIR		
Bankainnstæður	7.248.238	5.394.857
Veltufjármunir	<u>7.248.238</u>	<u>5.394.857</u>
Eignir	<u>7.248.238</u>	<u>5.394.857</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	5.319.753	4.320.097
Hagnaður ársins	610.498	999.656
Eigið fé	<u>5.930.251</u>	<u>5.319.753</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ógreitt vegna launa	30	0
Ýmsar skammtímaskuldir	94.981	75.104
Aðrar skammtímaskuldir	1.222.976	0
	<u>1.317.987</u>	<u>75.104</u>
Skuldir	<u>1.317.987</u>	<u>75.104</u>
Eigið fé og skuldir	<u>7.248.238</u>	<u>5.394.857</u>

Lög Íþróttabandalags Akureyrar

1 gr.

Íþróttabandalag Akureyrar skammstafað ÍBA er hér-
aðssamband íþróttafélaga á Akureyri. Það starfar sam-
kvæmt lögum ÍSÍ og íþróttalegum nr. 64 frá 1998.

2 gr.

Hlutverk ÍBA er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð er stofnuð eru fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjaryfirvöld.
3. Að varðveita og skipta á milli félaganna því fé sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðsins.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á réttum tíma skal stjórn ÍBA ef þörf krefur boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
8. Að skipa nefnd sem sér um framkvæmd á kosningu á Íþróttamanni Akureyrar.

3 gr.

Öll félög á Akureyri sem hafa íþróttir að megin markmiði eiga rétt á að gerast aðilar að ÍBA, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem á hverjum tíma gilda í lögum ÍBA og ÍSÍ.

4 gr.

Óski félag eftir að gerast aðili að ÍBA, skal það senda stjórn þess umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna.

Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi í ÍBA eftir að aðild þess hefur verið samþykkt af stjórn ÍBA. Ennfremur öðlast félagið keppnisrétt hjá ÍSÍ eftir að sambandið hefur staðfest inntöku í ÍBA. Stofnfund félagsins skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara á sannanlegan hátt. Til þess að öðlast full réttindi sem aðildarfélag í ÍBA þ.m.t. aðgang að íþróttamannvirkjum og styrkjum, sem ÍBA veitir, þarf félagið að senda inn fjárhagsáætlanir og halda aðalfundi í samræmi við lög þess. Aðlögunartími til þess að öðlast slík réttindi skal vera 3 ár.

5 gr.

Aðildarfélög og sérráð skulu senda ársskýrslu til ÍBA fyrir 1. mars og starfsskýrslu til ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Félög og sérráð skulu í ársskýrslu tilgreina aðalstjórn, stjórn deilda og nefnda ásamt sögulegu yfirliti yfir starfið.

6 gr.

Félög og sérráð sem ekki hafa sent tilskilin gögn sbr. 5.gr. eða ekki haldið aðalfundi sína á réttum tíma missa atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBA og missa einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á ÍSÍ þing. Komi til þessa er stjórn ÍBA heimilt að fella niður styrk til viðkomandi aðila. Líði annað ár svo að félag geri ekki skil á skýrslum og reikningum eða ekki haldið aðalfund á réttum tíma skal stjórn ÍBA tilkynna félaginu að því hafi verið vikið úr ÍBA.

7 gr.

Félag getur misst öll réttindi sín innan ÍBA um stundarsakir ef það brýtur landslög um íþróttamál, lög og reglur eða ákvæði ÍBA, lög sambanda sem ÍBA er meðlimur í svo og leikreglur ÍSÍ og öðlast þau ekki aftur fyrr en það hefur fullnægt settum refsíákvæðum.

8 gr.

Leggi félag innan ÍBA niður starfsemi, skulu eigur þess renna til ÍBA (eða bæjarsjóðs Akureyrar hafi félagið hlotið framkvæmdarstyrk frá Akureyrarbæ).

9 gr.

Þing ÍBA skal halda annað hvert ár, eigi síðar en 30. apríl, og fer það með æðstu stjórn ÍBA.

Átta vikum fyrir þing skal stjórn ÍBA tilnefna 3. manna uppstillinganefnd.

Þingboð ásamt tillögu um lagabreytingar ef einhverjar eru skal senda aðildarfélögunum skriflega með 4 vikna fyrirvara.

Þau mál sem aðilar ÍBA óska eftir að verði á dagskrá skulu berast stjórn bandalagsins í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing.

Viku fyrir þing skal aðilum send ársskýrsla, endurskoðaðir reikningar, kjörbréf og skrá yfir fulltrúafjölda þann sem heimilt er að senda á ársþingið. Ennfremur þær tillögur sem ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið.

Ársþing ÍBA er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

10 gr.

Hvert bandalagsfélag hefur rétt á að senda fulltrúa á þing ÍBA. Skal tala fulltrúa miðuð við fjölda félagsmanna skv. síðustu ársskýrslu þannig að félag með:

- 1 – 100 félagsmenn hljóti 2 fulltrúa.
- 101 – 250 félagsmenn hljóti 3 fulltrúa.
- 251 – 400 félagsmenn hljóti 4 fulltrúa.
- 401 – 550 félagsmenn hljóti 5 fulltrúa.

551-700 félagsmenn hljóti 6 fulltrúa.
701 og fleiri
félagsmenn hljóti 7 fulltrúa.

11 gr.

Á þingi ÍBA eiga sæti með atkvæðisrétti fulltrúar þeir sem aðildarfélög ÍBA hafa kjörið til þings skv. 10 gr. sbr þó 6 og 7 gr. svo og tveir fulltrúar frá hverju virku sérráði á bandalagssvæðinu.

Fulltrúar aðildarfélaga og sérráða innan ÍBA hafa einir atkvæðisrétt eða varamenn þeirra. Enginn fulltrúi má fara með meira en eitt atkvæði. Fulltrúi getur því aðeins farið með atkvæði, að hann hafi lagt fram kjörbréf sitt og að það hafi verið staðfest af þinginu.

Rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa auk stjórnar ÍBA, framkvæmdastjórn ÍSI, íþróttafulltrúi ríkisins, íþróttafulltrúi Akureyrarbæjar og fulltrúi frá Vetrar-íþróttamiðstöð Íslands.

12 gr.

Dagskrá þingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning.
3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
4. Kosning þingforseta, þingritara og varamanna þeirra.
5. Ársskýrslur stjórnar og sérráða ræddar svo og reikningar þeirra og atkvæði greidd um þá.
6. Fyrri umræða um lagabreytingum.
7. Ræddar tillögur og mál sem fyrir liggja.
8. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun.
9. Kosið í alsherjarnefnd, fjárhagsnefnd og laganefnd, 3 menn í hverja nefnd.

ÞINGHLÉ.

1. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
2. Kosningar og tilnefningar.
Tilnefningar í sérráð ÍBA.
Kosinn formaður ÍBA.
Kosnir 3 menn í stjórn ÍBA og 3 til vara.
Kosnir 2 skoðunarmenn.
Kosning í nefndir, er þingið ákveður.
Kosning fulltrúa á ÍSI þing.
1. Önnur mál.
2. Þingslit.

Þingið skal standa í einn dag nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nefndir starfi í þinghléi. Allar kosningar skulu vera skriflegar séu fleiri tilnefndir en kjósa skal. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti.

13 gr.

Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur og eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.

Á aukaþingi má ekki gera laga-eða reglnabreytingar og

ekki kjósa stjórn nema bráðbirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um venjulegt ársþing.

14 gr.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í málum sem tilkynnt hafa verið í þingboði, hvort sem er á reglulegu ársþingi eða aukaþingi. Til að taka megí mál sem ekki er getið í fundarboði á dagskrá þingsins þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

15 gr.

1. Stjórn ÍBA skiptir með sér verkum og kýs varaformann, gjaldkera og ritara. Formenn einstakra félaga, sérráða eða sérsambanda má ekki kjósa í stjórn.
2. Starfstími stjórnar ÍBA er 2 ár.
3. Stjórn ÍBA setur sér starfsreglur.
4. Stjórn ÍBA fer með umboð í málefnum ÍBA milli þinga og skal sjá um allar framkvæmdir þess og vinna að málum þess.
5. Stjórninni er heimilt að skipa nefndirinnar eða utan sinna vébanda til að sjá um og framkvæma viss mál ÍBA.
6. Formaður skal boða stjórnarfundir eftir því sem þurfa þykir. Skyld er að halda stjórnarfundir ef einhver stjórnarmaður óskar þess.
7. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði eru jöfn.

16 gr.

1. Halda skal fundir með formönnum aðildarfélaga a.m.k. tvisvar á ári. Á formannafundi gerir stjórn ÍBA grein fyrir starfsemi sinni frá því að síðasti formannafundur var haldinn. Auk þess skal taka fyrir á formannafundi önnur mál, sem stjórnin eða aðildarfélögin telja nauðsynlegt að ræða.
2. Stjórn ÍBA boðar til formannafundar með a.m.k. viku fyrirvara ásamt dagskrá.

17 gr.

Í íþróttagreinum þar sem sérráð eru ekki starfandi, fer stjórn ÍBA með hin sérfræðilegu málefni innan héraðs og getur skipað til þess sérstaka nefnd ef ástæða þykir til.

Sérráð fer með stjórn íþróttalegra sérmála þeirra íþróttagreina sem það varðar, að svo miklu leiti sem það fer ekki inn á svið annarra sérgreina.

18 gr.

Dómstólar ÍSI skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar. Nánar er fjallað um þá í lögum um dómstóla íþrótt- og Olympíusambands Íslands.

Þannig samþykkt á 60. ársþingi ÍBA 25. apríl 2012.

Til minnis



Íþróttamenn Akureyrar 2013.



Heiðursviðurkenningar frá íþróttaráði Akureyrarbæjar 2013: Halldór M Rafnsson, Guðmundur Viðir Gunnlaugsson, Dýrleif Skjöldal Ingimarsdóttir, Bryndís Þorvaldsdóttir og Sigurður Stefánsson.



Íslandsmeistarar 2012.



Nýi gervigrasvöllurinn á svæði KA.



Íþróttamiðstöðin Giljaskóla.